

Fylgiskjal II.

Innleiðing tilskipunar 2013/36/ESB, um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum¹, í íslensk lög.²

<u>I. BÁLKUR: EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR</u>	2
<u>II. BÁLKUR: LÖGBÆR YFIRVÖLD</u>	8
<u>III. BÁLKUR: KRÖFUR UM AÐGANG AÐ STARFSEMI LÁNASTOFNANA</u>	11
1. <i><u>KAFLI: Almennar kröfur um aðgang að starfsemi lánastofnana</u></i>	11
2. <i><u>KAFLI: Virkur eignarhlutur í lánastofnun</u></i>	27
<u>IV. BÁLKUR: STOFNFÉ FJÁRFESTINGARFYRIRTÆKJA</u>	34
<u>V. BÁLKUR: ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU</u>	37
1. <i><u>KAFLI: Almennar meginreglur</u></i>	37
2. <i><u>KAFLI: Staðfesturéttur lánastofnana</u></i>	39
3. <i><u>KAFLI: Nýting frelsis til að veita þjónustu</u></i>	42
4. <i><u>KAFLI: Valdheimildir lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkisins</u></i>	43
<u>VI. BÁLKUR: SAMSKIPTI VIÐ ÞRÍÐJU LÖND</u>	46
<u>VII. BÁLKUR: VARFÆRNISEFTIRLIT</u>	49
1. <i><u>KAFLI: Meginreglur um varfærnisefirlit</u></i>	49
I. <i><u>þáttur: Valdsvið og skyldur heima- og gistiaðildarríkja</u></i>	49
II. <i><u>þáttur: Upplýsingaskipti og þagnarskylda</u></i>	55
III. <i><u>þáttur: Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningskilum</u></i>	64
IV. <i><u>þáttur: Eftirlitsheimildir, heimildir til að beita viðurlögum og réttur til málskots</u></i>	66
2. <i><u>KAFLI: Endurmatsferli</u></i>	78
I. <i><u>þáttur: Innra matsferli fyrir eiginfjárförf</u></i>	78
II. <i><u>þáttur: Fyrirkomulag, ferli og kerfi stofnana</u></i>	79
1. <i><u>undirþáttur: Almennar meginreglur</u></i>	79
2. <i><u>undirþáttur: Tæknilegar viðmiðanir vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu</u></i>	81
3. <i><u>undirþáttur: Stjórnunarhættir</u></i>	94
III. <i><u>þáttur: Eftirlitsúttekt og matsferli</u></i>	112
IV. <i><u>þáttur: Eftirlitsráðstafanir og -heimildir</u></i>	121
V. <i><u>þáttur: Gildissvið</u></i>	132
3. <i><u>KAFLI: Eftirlit á samstæðugrunni</u></i>	134
I. <i><u>þáttur: Meginreglur um framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni</u></i>	134
II. <i><u>þáttur: Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög</u></i>	151
4. <i><u>KAFLI: Eiginfjáraukar</u></i>	157
I. <i><u>þáttur: Eiginfjáraukar</u></i>	157

¹ Með birtum leiðréttingum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, breytingum samkvæmt tilskipun (ESB) [2015/2366](#), um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, tilskipun (ESB) [2018/843](#), um breytingu á tilskipun (ESB) [2015/849](#), um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, og tilskipun (ESB) [2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB, og aðlögunum við einstök ákvæði samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. [79/2019](#) og [383/2021](#). Breytingar á grunngerðinni eru sýndar innan hornklofa. Hér eftir er vísað til tilskipunarinnar með þessum breytingum sem „CRD IV“.

² Fylgiskjalið er aðeins til upplýsingar. Ef munur er á fylgiskjalinu og frumvarpinu gildir frumvarpið.

<i>II. þáttur: Ákvörðun og útreikningur á sveiflujöfnunaraukum</i>	179
<i>III. þáttur: Ráðstafanir til að varðveita eigið fé</i>	187
VIII. BÁLKUR: UPPLÝSINGAGJÖF LÖGBÆRRA YFIRVALDA	202
IX. BÁLKUR: FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR	204
X. BÁLKUR: BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2002/87/EB	206
XI. BÁLKUR: UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI	207
<i>1. KAFLI: Umbreytingarákvæði um eftirlit með stofnunum sem neyta staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu</i>	207
<i>[1. KAFLI A: Transitional provisions on financial holding companies and mixed financial holding companies]</i>	211
<i>2. KAFLI: Umbreytingarákvæði fyrir eiginfjárauka</i>	212
<i>3. KAFLI: Lokaákvæði</i>	213
I. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM ER HÁÐ GAGNKVÆMRI VIÐURKENNINGU ..	217

I. BÁLKUR: EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

TILSKIPUN	INNLEIÐING ³
1. gr. Viðfangsefni	
Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um: <ul style="list-style-type: none"> a) aðgang að starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (sem vísað er til í heild sinni sem „stofnanir“), b) eftirlitsheimildir og tæki til varfærniseftirlits lögbærra yfirvalda með stofnunum, c) varfærniseftirlit lögbærra yfirvalda með stofnunum í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013⁴, d) birtingarkröfur til lögbærra yfirvalda á sviði varfærnisreglna og -eftirlits með stofnunum. 	Krefst ekki innleiðingar (lýsir aðeins efni CRD IV).
2. gr. Gildissvið	
1. Tilskipun þessi gildir um stofnanir.	1. mgr. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (hér eftir „fftl.“): Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélög á fjármálasviði , blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja, eignarhaldsfélaga á fjármálasviði , blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og blandaðra eignarhaldsfélaga hér á landi.
2. Ákvæði 30. gr. gilda um staðbundin fyrirtæki.	Leiðir af 5. mgr. 14. gr. a ffl. sem á að innleiða 30. gr. CRD IV.
3. Ákvæði 31. gr. gilda um fyrirtækin sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 .	Leiðir af 6. og 9. mgr. 14. gr. a ffl. sem eiga að innleiða 31. gr. CRD IV.

³ Allar vísanir í lög eru með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi. Tillögur um breytingar á gildandi lögum sem lagðar eru til í frumvarpi eru auðkenndar með breytingasporum.

⁴ Um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (svonefnd CRR-gerð).

<p>4. Ákvæði 34. gr. og 3. kafla VII. bóls gilda um eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög sem hafa aðalskrifstofur í Sambandinu.</p>	<p>1. mgr. 1. gr. a ffl.: Lög þessi gilda um innlend fjármálafyrirtæki, <u>eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og blönduð eignarhaldsfélög</u> og um starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja, <u>eignarhaldsfélaga á fjármálasviði, blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi og blandaðra eignarhaldsfélaga</u> hér á landi.</p>
<p>Leiðir einnig af 33. gr. a ffl. sem á að innleiða 34. gr. CRD IV og ákvæðum sem innleiða 3. kafla VII. bálk CRD IV.</p>	
<p>5. Þessi tilskipun gildir ekki um eftirfarandi: (1) aðgang að starfsemi verðbréfafyrirtækja að því marki sem hún fellur undir tilskipun [Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB]⁵, (2) seðlabanka,</p>	<p>Lagt er til að fram komi í ákvæðum II. kafla ffl. um starfsleyfi að þau gildi aðeins um lánastofnanir.</p>
<p>(3) pósthólfstofnanir,</p>	<p>1. másl. 2. mgr. 1. gr. a ffl.: <u>Lögin gilda ekki um seðlabanka [...].</u></p>
<p>(4) – (24) [<i>Upptalning á undanþegnum aðilum í einstökum aðildarríkjum</i>]</p>	<p>1. másl. 2. mgr. 1. gr. a ffl.: <u>Lögin gilda ekki um [...] þá aðila sem taldir eru upp í 4.–24. tölu. 5. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.</u></p>
<p>6. Meðhöndla ætti einingarnar, sem um getur í 1. lið og 3. til 2[4]⁶. lið 5. mgr. þessarar greinar, sem fjármálastofnanir að því er varðar 34. gr. og 3. kafla VII. bóls.</p>	<p>2. másl. 2. mgr. 1. gr. a ffl.: <u>Þó skal beita ákvæðum laga þessara um starfsemi þvert á landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins og samstæðueftirlit um pósthólfstofnanir og þá aðila sem taldir eru upp í 4.–24. tölu. 5. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB líkt og þeir væru fjármálastofnanir.</u></p>
<p>3. gr. Skilgreiningar</p>	
<p>1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:</p>	
<p>1) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</p>	<p>2. tölu. 1. mgr. 1. gr. b ffl.: <u>Lánastofnun: Fyrirtæki sem tekur starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning. Fjármálafyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi skv. 1. 3. tölu. 1. mgr. 4. gr. telst vera lánastofnun.</u></p>
<p>2) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</p>	<p>3. tölu. 1. mgr. 1. gr. b ffl.: <u>Verðbréfafyrirtæki: Verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, að frátöldum lánastofnunum, staðbundnum fyrirtækjum og fyrirtækjum skv. 8. mgr. 14. gr. a.</u></p>
<p>3) „stofnun“: stofnun eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</p>	<p>1. tölu. 1. mgr. 1. gr. b ffl.: <u>Fjármálafyrirtæki: Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, Lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., sbr. 4. gr. eða samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.</u></p>
<p>4) „staðbundið fyrirtæki“: staðbundið fyrirtæki eins og það er skilgreint í 4. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,</p>	<p>4. tölu. 1. mgr. 1. gr. ffl.: <u>Staðbundið fyrirtæki: Verðbréfafyrirtæki sem stundar viðskipti fyrir eigin reikning á mörkuðum fyrir staðlaða framvirka samninga, valrétti eða aðrar afleiður og á</u></p>

⁵ Breytt með 1. gr. tilskipunar ([ESB](#)) [2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

⁶ Breytt með 1. gr. tilskipunar ([ESB](#)) [2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

	lausafjármörkuðum, eingöngu í þeim tilgangi að verja stöður á afleiðumörkuðum, eða það stundar viðskipti fyrir reikning annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og þar sem gert er ráð fyrir að uppgjörsaðilar ábyrgist að staðið verði við samninga sem slíkt fyrirtæki gerir.
5) „vátryggingafélag“: vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 5. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	2. mgr. 1. gr. b ffl.: Önnur hugtök hafa í lögum þessum þá merkingu sem í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 greinir.
6) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag eins og það er skilgreint í 6. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
7) „stjórn“: stjórn eða stjórnir stofnunar, tilnefndar í samræmi við landslög, sem hafa vald til að ákvarða áætlun, markmið og heildarstefnu stofnunar, hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar og eru skipaðar aðilunum sem í reynd stýra starfsemi stofnunarinnar,	Svarar til stjórnar og framkvæmdastjóra samkvæmt lögum um hlutafélög, nr. 2/1995 (hér eftir „hfl.“).
8) „stjórn í eftirlitshlutverki sínu“: stjórn sem sinnir hlutverki sínu við umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnar,	Svarar til stjórnar samkvæmt hfl.
9) „framkvæmdastjórn“ ⁷ : þeir einstaklingar sem gegna stjórnunarhlutverki innan stofnunar og eru ábyrgir og svara fyrir daglegan rekstur stofnunarinnar gagnvart stjórn,	Efni skilgreiningarinnar tekið upp í viðkomandi ákvæði.
10) „kerfisáhætta“: hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið,	50. tölul. 1. gr. b ffl.: Kerfisáhætta: Hætta á truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið.
11) „líkansáhætta“: mögulegt tap stofnunar vegna ákvarðana sem kunna einkum að vera teknar á grundvelli niðurstaðna innri líkana, vegna skekkja í þróun, framkvæmd eða beitingu slíkra líkana,	Kemur fram í athugasemdum við ákvæði sem innleiðir 85. gr. CRD IV.
12) „upphafsaðili“: upphafsaðili eins og hann er skilgreindur í 13. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	2. mgr. 1. gr. b ffl.: Önnur hugtök hafa í lögum þessum þá merkingu sem í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 greinir.
13) „umsýsluaðili“: umsýsluaðili eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
14) „móðurfélag“: móðurfélag eins og það er skilgreint í 15. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
15) „dótturfélag“: dótturfélag eins og það er skilgreint í 16. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
16) „útibú“: útibú eins og það er skilgreint í 17. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
17) „félag í hliðarstarfsemi“: félag í hliðarstarfsemi eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---

⁷ „Senior management“ í ensku útgáfu.

18) „eignastýringarfélag“: eignastýringarfélag eins og það er skilgreint í 19. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
19) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: eignarhaldsfélag á fjármálasviði eins og það er skilgreint í 20. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
20) „blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi“: blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eins og það er skilgreint í 21. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
21) „blandað eignarhaldsfélag“: blandað eignarhaldsfélag eins og það er skilgreint í 22. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
22) „fjármálastofnun“: fjármálastofnun eins og hún er skilgreind í 26. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
23) „aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði eins og hann er skilgreindur í 27. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
24) „móðurstofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 28. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
25) „móðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB eins og hún er skilgreind í 29. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
26) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki eins og það er skilgreint í 30. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
27) „móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB“: móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB eins og það er skilgreint í 31. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
28) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki eins og það er skilgreint í 32. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
29) „blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB“: blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eins og það er skilgreint í 33. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
30) „stofnun sem er mikilvæg innan kerfis“: móðurstofnun í ESB, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnun sem myndi valda kerfisáhættu ef hún lenti í greiðsluþroti eða starfaði óeðlilega,	D-liður 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (hér eftir „sel.“): [Verkefni fjármálastöðugleikanefndar eru að:] ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.
31) „miðlægur mótaðili“: miðlægur mótaðili eins og hann er skilgreindur í 34. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	2. mgr. 1. gr. b ffl.: Önnur hugtök hafa í lögum þessum þá merkingu sem í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 greinir.

32) „hlutdeild“: hlutdeild eins og hún er skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
33) „virkur eignarhlutur“: virkur eignarhlutur eins og hann er skilgreindur í 36. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
34) „yfirráð“: yfirráð eins og þau eru skilgreind í 37. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
35) „nám tengsl“: nám tengsl eins og þau eru skilgreind í 38. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
36) „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 40. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
37) „eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli“: eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli eins og hann er skilgreindur í 41. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
38) „starfsleyfi“: starfsleyfi eins og það er skilgreint í 42. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
39) „heimaaðildarríki“: heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í 43. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
40) „gístiaðildarríki“: gístiaðildarríki eins og það er skilgreint í 44. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
41) „seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu“: seðlabankar seðlabankakerfis Evrópu eins og þeir eru skilgreindir í 45. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013	---
42) „seðlabankar“: seðlabankar eins og þeir eru skilgreindir í 46. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
43) „staða samstæðu“: staða samstæðu eins og hún er skilgreind í 47. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
44) „samstæðugrundvöllur“: samstæðugrundvöllur eins og hann er skilgreindur í 48. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
45) „undirsamstæðugrunnur“: undirsamstæðugrunnur eins og hann er skilgreindur í 49. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
46) „fjármálagerningur“: fjármálagerningur eins og hann er skilgreindur í 50. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---

47) „eignfjárgrunnur“: eignfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
48) „rekstraráhætta“: rekstraráhætta eins og hún er skilgreind í 52. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
49) „mildun útlánaáhættu“: mildun útlánaáhættu eins og hún er skilgreind í 57. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
50) „verðbréfun“: verðbréfun eins og hún er skilgreind í 61. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
51) „verðbréfuð staða“: verðbréfuð staða eins og hún er skilgreind í 62. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
52) „sérstakur verðbréfunaraðili“: sérstakur verðbréfunaraðili eins og hann er skilgreindur í 66. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
53) „valkvæður lífeyrir“: valkvæður lífeyrir eins og hann er skilgreindur í 73. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
54) „veltubók“: veltubók eins og hún er skilgreind í 86. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
55) „skipulegur verðbréfamarkaður“: skipulegur verðbréfamarkaður eins og hann er skilgreindur í 92. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
56) „vogun“: vogun eins og hún er skilgreind í 93. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
57) „hætta á of mikilli vogun“: hætta á of mikilli vogun eins og hún er skilgreind í 94. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
58) „utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki“: utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtæki eins og það er skilgreint í 98. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	---
59) „innri aðferðir“: innramatsaðferðin sem um getur í 1. mgr. 143. gr., innralíkansaðferðin sem um getur í 221. gr., eigin matsaðferðin sem um getur í 225. gr., þróðuð mæliaðferðirnar sem um getur í 2. mgr. 312. gr., innralíkansaðferðirnar sem um getur í 283. og 363. gr. og innramatsaðferðin sem um getur í 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ;	49. tölul. 1. mgr. 1. gr. b ffl.: Innramatsaðferðin skv. 1. mgr. 143. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 221. gr., eigin matsaðferðin skv. 225. gr., þróðuð mæliaðferðirnar skv. 2. mgr. 312. gr., eiginlíkansaðferðin skv. 283. og 363. gr. og innri virðingaraðferðin skv. 3. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
[60) „skilavald“: skilavald eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ;	2. mgr. 1. gr. b ffl.: Önnur hugtök hafa í lögum þessum þá merkingu sem í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 greinir.
61) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eins og hún er skilgreind í 133. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ;	---
62) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Evrópska efnahagssvæðisins“: kerfislega	---

mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan ESB (e. non-EU G-SII) eins og hún er skilgreind í 134. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#);

63) „samstæða“: samstæða eins og hún er skilgreind í 138. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#);

64) „samstæða þriðja lands“: samstæða þar sem móðurfyrirtækið er með staðfestu í þriðja landi;

65) „kynhlutlaus starfskjarastefna“: starfskjarastefna sem byggist á sömu launum karla og kvenna fyrir jafngild störf eða jafnverðmæt störf⁸

2. Þegar þessi tilskipun vísar til stjórnarinnar⁹ og stjórnunar- og eftirlitslutverk stjórnarinnar eru, samkvæmt landslögum, falin mismunandi stofnunum¹⁰ eða mismunandi aðilum innan einnar stofnunar skal aðildarríkið tilgreina þær stofnanir¹¹ eða þá stjórnarmenn sem bera ábyrgð í samræmi við landslög þess, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

[3. Til að tryggja að kröfurnar eða eftirlitsheimildirnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 gildi á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni í samræmi við þessa tilskipun og þá reglugerð skulu hugtökin „stofnun“, „móðurstofnun í aðildarríki“, „móðurstofnun í ESB“ og „móðurfyrirtæki“ einnig ná yfir:

- eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem hafa hlotið samþykki í samræmi við 21. gr. a þessarar tilskipunar,
- tilnefndar stofnanir sem eru undir yfirráðum móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB, blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki, ef viðkomandi móðurfélag fellur ekki undir samþykki í samræmi við 4. lið 21. gr. a þessarar tilskipunar og
- eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eða stofnanir sem tilnefndar eru skv. d-lið 6. liðar 21. gr. a þessarar tilskipunar.]¹²

52. tölul. 1. mgr. 1. gr. b ffl.: [Þriðjaríkissamstæða: Samstæða þar sem móðurfélagið er með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

Ákvæði CRD IV þar sem hugtakið kemur fyrir eru talin nægjanlega innleidd með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. [150/2020](#), þannig að ekki þurfi að skilgreina hugtakið í ffl.

Innleitt í ákvæðum þar sem vísað er til „stjórnar“ (e. management body). Hugtakið vísar bæði til stjórnar og framkvæmdastjórnar samkvæmt íslenskum félagarétti.

3. mgr. 1. gr. b ffl.: [Til að tryggja að kröfurnar eða eftirlitsheimildirnar sem mælt er fyrir um í lögum þessum gildi á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni í samræmi við lögin skulu hugtökin fjármálafyrirtæki, móðurstofnun í aðildarríki, móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu og móðurfélag einnig ná yfir:](#)

- [Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem hafa hlotið samþykki í samræmi við B-hluta VI. kafla.](#)
- [Tilnefnd fjármálafyrirtæki sem eru undir yfirráðum móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki, ef viðkomandi móðurfélag þarf ekki starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 49. gr. b.](#)
- [Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eða fjármálafyrirtæki sem bera ábyrgð á því að farið sé að kröfum laga þessara á samstæðugrunni skv. 4. tölul. 3. mgr. 49. gr. g.](#)

II. BÁLKUR: LÖGBÆR YFIRVÖLD

⁸ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun [2013/36/ESB](#).

⁹ „management body“ í ensku útgáfu.

¹⁰ „bodies“ í ensku útgáfu.

¹¹ „bodies“ í ensku útgáfu.

¹² Bætt við með 1. gr. tilskipunar (ESB) [2019/878](#), um breytingu á tilskipun [2013/36/ESB](#).

TILSKIPUN**INNLEIÐING****4. gr. Tilnefning og valdsvið lögbærra yfirvalda**

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem framkvæma hlutverk og skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#). Þau skulu tilkynna

framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þar um og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra ef við á.

1. másl. 1. mgr. 2. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið veitir [lánastofnunum](#) starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

1. másl. 1. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með [framkvæmd laga þessara, þar á meðal](#) starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana [...].

3. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. [87/1998](#) (hér eftir, „loef.“): Fjármálaeftirlitið, sem er hluti af Seðlabanka Íslands, fer með framkvæmd laga þessara.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin fylgist með starfsemi stofnana og, eftir atvikum, eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi, til að meta hvort farið sé að kröfum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

1. másl. 1. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með [framkvæmd laga þessara, þar á meðal](#) starfsemi fjármálafyrirtækja [...].

1. másl. 2. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags og blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi [...].

3. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið, sem er hluti af Seðlabanka Íslands, fer með framkvæmd laga þessara.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að auðvelda lögbæru yfirvöldunum að nálgast nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort stofnanir og, eftir atvikum, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi uppfylli kröfurnar sem um getur í 2. mgr. og til að rannsaka möguleg brot á þessum kröfum.

4. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum slíkra félaga, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

1. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin búi yfir sérfræðipækkingu, tilföngum, rekstrarlegu hæfi, valdsviði og óhæði til að framkvæma verkefnið í tengslum við varfærniseftirlit, rannsóknir og viðurlög sem sett eru fram í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

Loef.

Lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. [99/1999](#).

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir láti lögbærum yfirvöldum í heimaríkjunum í té allar

107. gr. ffl.

<p>nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort farið sé að reglunum sem samþykktar eru í samræmi við þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Aðildarríki skulu einnig tryggja að innri eftirlitskerfi og stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag stofnana sé þannig að sannreyna megi hvenær sem er hvort ávallt sé farið að þessum reglum.</p>	<p>9. gr. loef. 32. gr. sel.</p>
<p>6. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir skrái öll viðskipti sín og skjalfesti kerfi og ferla sem falla undir þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með hætti sem gerir lögbæru yfirvöldunum kleift að sannreyna hvort ávallt sé farið að þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013.</p>	<p>17. gr. c ffl.: Fjármálafyrirtæki skulu skrá öll viðskipti sín og skjalfesta stefnur, kerfi og ferla sem falla undir lög þessi með hætti sem gerir Fjármálaeftirlitinu kleift að sannreyna öllum stundum að farið sé að lögnum.</p>
<p>7. Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsstarfsemi samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og öll önnur starfsemi lögbæru yfirvaldanna sé aðgreind og óháð starfsemi í tengslum við skilameðferð. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þar um og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra ef við á.</p>	<p>2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020: Skilavald skal vera aðgreint frá annarri starfsemi í skipulagi [Seðlabanka Íslands].</p>
<p>8. Aðildarríki skulu sjá til þess þegar önnur yfirvöld en lögbæru yfirvöldin eru með skilameðferðarvaldið, að þessi önnur yfirvöld hafi náð samstarf og samráð við lögbæru yfirvöldin að því er varðar gerð skiláætlaða [og í öllum öðrum tilvikum þegar slíkrar samvinnu og samráðs er krafist samkvæmt þessari tilskipun, tilskipun 2014/59/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013.]¹³</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (á ekki við á Íslandi; skilavald heyrir undir Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja).</p>
<p>5. gr. Samræming innan aðildarríkja</p>	
<p>Hafi aðildarríki fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hefur varfærniseftirlit með lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og fjármálastofnunum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipuleggja samræmingu milli slíkra yfirvalda.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (á ekki við á Íslandi eftir sameiningu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands).</p>
<p>6. gr. Samstarf innan Evrópska fjármálaeftirlitskerfisins</p>	<p>Fyrirsögn 109. gr. u ffl.: Samstarf innan evrópska eftirlitskerfisins á fjármálamarkaði.</p>
<p>Lögbæru yfirvöldin skulu við almenn skyldustörf sín taka tillit til samleitni að því er varðar eftirlitstæki og eftirlitsaðferðir við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin sjá til þess að:</p>	<p>Inngangsmálsl. 109. gr. u ffl.: Fjármálaeftirlitið skal við framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra taka tillit til samleitni á Evrópska efnahagssvæðinu að því er varðar eftirlitstæki og eftirlitsaðferðir við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Í því skyni skal Fjármálaeftirlitið:</p>
<p>a) lögbæru yfirvöldin vinni saman, sem aðilar að Evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra og annarra aðila að</p>	<p>1. tölul. 109. gr. u ffl.: Vinna náð með lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og Eftirlitsstofnun EFTA af heilindum og á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að</p>

¹³ Bætt við með 1. gr. tilskipunar ([ESB](#)) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

Evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum sem sett er fram í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

tryggja viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra.

[Lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna vinna saman á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja flæði viðeigandi og áreiðanlegra upplýsinga milli þeirra og annarra aðila að Evrópska fjármálaeftirlitskerfinu og með Eftirlitsstofnun EFTA. Lögbær stjórnvöld aðildarríkja ESB skulu á sama hátt taka þátt í samstarfi við lögbær stjórnvöld í EFTA-ríkjunum.]¹⁴

b) lögbæru yfirvöldin taki þátt í starfsemi Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og eftir atvikum samstarfshópi eftirlitsaðila,

2. tölul. 109. gr. u ffl.: Vinna með og taka þátt í starfsemi Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og eftir atvikum samstarfshópum eftirlitsaðila.

c) lögbæru yfirvöldin leiti allra leiða til að fara að þessum leiðbeiningum og tilmælum sem Evrópska bankaftirlitsstofnunin gefur út í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og bregðast við viðvörðunum og tilmælum sem evrópska kerfisáhætturáðið gefur út samkvæmt 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010,

3. tölul. 109. gr. u ffl.: Kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum, tilmælum og viðvörðunum sem Evrópska bankaftirlitsstofnunin eða Evrópska kerfisáhætturáðið gefur út skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eða 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

d) lögbæru yfirvöldin hafi náið samstarf við evrópska kerfisáhætturáðið,

4. tölul. 109. gr. u ffl.: Hafa náið samstarf við Evrópska kerfisáhætturáðið.

e) landsbundnar heimildir, sem veittar eru lögbærum yfirvöldum, hamli þeim ekki við skyldustörf sem aðilum að Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni, evrópska kerfisáhætturáðinu, eftir því sem við á, eða samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Krefst ekki innleiðingar.

7. gr. Hagsmunir Sambandsins við eftirlit

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu því, við almenn skyldustörf sín, taka áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis annarra hlutaðeigandi aðildarríkja til athugunar með viðeigandi hætti, einkum þegar neyðarástand ríkir og að teknu tilliti til fánlegra upplýsinga á tilteknum tíma.

5. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið skal við eftirlitsstörf sín, einkum í neyðartilfellum, taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna eftirlitsins á fjármálastöðugleika hér á landi. Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa í huga að ákvarðanir og athafnir þess gætu haft áhrif í öðrum ríkjum og er Fjármálaeftirlitinu heimilt að eiga í samskiptum við eftirlitsaðila annarra ríkja í þeim tilfellum.

III. BÁLKUR: KRÖFUR UM AÐGANG AÐ STARFSEMI LÁNASTOFNANA

1. KAFLI: Almennar kröfur um aðgang að starfsemi lánastofnana

TILSKIPUN

8. gr. Starfsleyfi

1. Aðildarríki skulu krefjast þess af lánastofnunum að þær afli starfsleyfa áður en starfsemin hefst. Þau skulu, með fyrirvara um 10.–14. gr., setja skilyrði fyrir veitingu slíkra starfsleyfa og tilkynna Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni þar um.

INNLEIÐING

2. másl. 1. mgr. 2. gr. ffl.: Lánastofnun er heimilt að hefja starfsemi þegar þaðhún hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

1. mgr. 7. gr. ffl.: Fullnægi umsókn eða umsækjandi ekki skilyrðum laga þessara, þar á

¹⁴ Bætt við samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019.

	<p>meðal um eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta, að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.</p>
<p>2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal móta frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina:</p> <p>a) upplýsingarnar sem veita á lögbærum yfirvöldum í umsókn um starfsleyfi lánastofnana, þ.m.t. viðskipta- og rekstraráætlanir, [skipulagsuppbygging og fyrirkomulag stjórnarháttanna]¹⁵ eins og kveðið er á um í 10. gr.</p> <p>b) kröfurnar sem gilda um hluthafa og félagsaðila með virka eignarhluti [eða, ef ekki er um neina virka eignarhluti að ræða, um 20 stærstu hluthafana eða félagsaðilana]¹⁶, skv. 14. gr. og</p> <p>c) hindranir sem geta komið í veg fyrir að lögbært yfirvald gegni eftirlitshlutverki með skilvirkum hætti, eins og um getur í 14. gr.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í a-, b- og c-lið í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.</p>	<p>1. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 2. og 3. mgr. 8. gr. um starfsleyfi.</p>
<p>3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og málsmeðferðarreglur fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.</p>	<p>1. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 2. og 3. mgr. 8. gr. um starfsleyfi.</p>
<p>4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 2. og 3. mgr., eigi síðar en 31. desember 2015.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>[5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, ætlaðar lögbæru yfirvöldunum, sem tilgreina sameiginlega aðferðafræði við mat á veitingu starfsleyfa í samræmi við þessa tilskipun.]¹⁷</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>9. gr. Bann gegn því að einstaklingar eða fyrirtæki önnur en lánastofnanir taki við</p>	

¹⁵ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

¹⁶ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

¹⁷ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

<p>innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi</p>	
<p>1. Aðildarríkin skulu banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem eru ekki lánastofnanir að taka við innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.</p>	<p>1. mgr. 3. gr. ffl.: <u>Einungis lögaðilar sem hafa starfsleyfi sem lánastofnanir mega starfa við að taka við innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.</u></p>
<p>2. Fyrsta málsgreinin á hvorki við þegar aðildarríki eða héraðs- eða staðaryfirvöld í aðildarríki, eða opinber alþjóðasamtök, sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum, né í tilvikum þar sem landslög eða Sambandslög kveða skýrt á um, að því tilskildu að starfsemin lúti reglum og eftirliti sem ætlað er að vernda sparifjáreigendur og fjárfesta.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar.</p>
<p>[3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um landslögin sem ótvírætt heimila öðrum fyrirtækjum en lánastofnunum að stunda rekstur sem felur í sér móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar.</p>
<p>4. Samkvæmt þessari grein mega aðildarríki ekki undanskilja lánastofnanir frá beitingu þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.]¹⁸</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar.</p>
<p>[10. gr. Viðskipta- og rekstraráætlanir, skipulagsuppbygging [og fyrirkomulag stjórnarháttal]¹⁹</p>	
<p>1. Aðildarríki skulu krefjast þess að umsóknum um starfsleyfi fylgi viðskipta og rekstraráætlun þar sem fram kemur hvers konar rekstur er fyrirhugaður og hvernig skipulagsuppbyggingu lánastofnunarinnar verði háttáð, [þ.m.t. tilgreining á móðurfyrirtækjum, eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi sem eru innan samstæðunnar. Aðildarríki skulu einnig gera kröfu um að umsóknum um starfsleyfi fylgi lýsing á fyrirkomulaginu, ferlunum og kerfunum sem um getur í 1. mgr. 74. gr.]²⁰</p>	<p>5. gr. ffl.: Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Upplýsingar um tegund starfsleyfis sem sótt er um, sbr. 4. gr., leyfisskylda starfsemi, sbr. 1. mgr. 3. gr., og aðra starfsemi sem fyrirhuguð er, sbr. IV. kafla. 2. Samþykktir félags. 3. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. komi fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt. 4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur. 5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. komi fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár. 6. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, sbr. VI. kafla, <u>sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlut</u> og hlutfallslegt eignarhald hvers þeirra. <u>Fari enginn með virkan eignarhlut skal upplýsa um 20 stærstu hluthafa eða stofnfjáreigendur.</u> 7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur. 8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.

¹⁸ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

¹⁹ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

²⁰ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

	<p>9. Upplýsingar um samstæðu sem fyrirtækið tilheyrir, þar á meðal móðurfélög, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í samstæðunni.</p> <p>109. Upplýsingar um nán tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila, sbr. 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a og 3. mgr. 7. gr.</p> <p>110. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.</p>
<p>[2. Lögbær yfirvöld skulu synja um leyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar nema þau séu sannfærð um að fyrirkomulagið, ferlarnir og kerfin sem um getur í 1. mgr. 74. gr. geri viðkomandi stofnun kleift að hafa trausta og skilvirka áhættustýringu.]²¹</p>	<p>1. mgr. 7. gr. ffl.: Fullnægi umsókn eða umsækjandi ekki skilyrðum laga þessara, þar á meðal um eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta, að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.</p>
<p>11. gr. Efnahagsþarfir</p> <p>Aðildarríkin skulu ekki krefjast þess að starfsleyfisumsóknir verði athugaðar með tilliti til efnahagsþarfa markaðarins.</p>	<p>2. másl. 2. mgr. 7. gr. ffl.: Við mat á umsókn um veitingu starfsleyfis er óheimilt að byggja mat á umsókninni, eða synjun, á sjónarmiðum um þarfir á fjármáلامarkaði hér á landi.</p>
<p>12. gr. Stofnfé</p> <p>1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum skulu lögbær yfirvöld synja lánastofnun um leyfi til að hefja starfsemi ef hún á ekki sérgreindan eiginfjárgrunn eða ef stofnfé hennar er minna en fimm milljónir evra.</p>	<p>1. másl. 1. mgr. 14. gr. ffl.: Við veitingu starfsleyfis skal lágmark innborgaðs stofnframlags lánastofnunar vera jafnvirði 5 milljóna evra (EUR) í íslenskum krónum.</p> <p>4. mgr. 14. gr. ffl.: Óski lánastofnun eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár stofnframlags ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. eða 14. gr. a.</p>
<p>2. Stofnfé skal aðeins samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>	<p>2. másl. 1. mgr. 14. gr. ffl.: Stofnframlag skal samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Til stofnframlags skv. 1. másl. telst einn eða fleiri af eftirfarandi eiginfjárliðum:</p> <p>1. Fjármagnsgerningar, þ.m.t. innborgað hlutafé og stofnfé, sem uppfylla skilyrði 84. gr. b3. Oráðstafað eigið f4. Varasjóður.</p>
<p>3. Aðildarríki geta heimilað lánastofnunum, sem ekki uppfylla skilyrði um sérgreindan eiginfjárgrunn og voru starfandi 15. desember 1979, að halda áfram starfsemi sinni. Þeim er heimilt að undanskilja slíkar lánastofnanir frá skilyrðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (innleiðin valkvæð).</p>
<p>4. Aðildarríkin geta veitt ákveðnum flokkum lánastofnana starfsleyfi þó að stofnfé þeirra sé minna en tilgreint er í 1. mgr. með eftirfarandi skilyrðum:</p> <p>a) stofnfé er ekki minna en 1 milljón evra,</p> <p>b) hlutaðeigandi aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um ástæðurnar fyrir því að þessi kostur var tekinn.</p>	<p>1. másl. 2. mgr. 14. gr. ffl.: Þrátt fyrir 1. mgr. getur stofnframlag sparisjóðs sem hefur ekki starfsheimildir skv. 7.–9., 11. og 12. tölul. 1. mgr. 20. gr. og veitir ekki þjónustu erlendis starfar á afmörkuðu, staðbundnu starfssvæði og hefur starfsleyfi skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. og starfsheimildir skv. 1. 6., 10., 13. og 14. tölul. 1. mgr. 20. gr. að lágmarki numið jafnvirði 1 millj. ónar evra (EUR) í íslenskum krónum.</p>

²¹ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

13. gr. Raunveruleg stjórnun starfseminnar og staðsetning aðalskrifstofu

1. Lögþær yfirvöld skulu aðeins veita starfsleyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar ef stjórn lánastofnunarinnar sem sækir um leyfið er í höndum eigi færri en tveggja aðila.

1. mgr. 51. gr. ffl.: Stjórn fjármálafyrirtækis lánastofnunar skal skipuð eigi færri en þremur fimm mönnum. ~~Þó skulu stjórnir viðskiptabanka, sparisjóða og lánaufyrirtækja~~ Stjórn verðbréfafyrirtækis skal skipuð ~~á~~ eigi færri en ~~fimm~~ þremur mönnum.

Þau skulu synja um slíkt starfsleyfi ef stjórnarmenn uppfylla ekki kröfurnar sem um getur í 1. mgr. 91. gr.

1. mgr. 7. gr. ffl.: Fullnægi umsókn eða umsækjandi ekki skilyrðum laga þessara, þar á meðal um eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta, að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

2. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess:
a) að lánastofnun, sem er lögaðili og hefur skráða skrifstofu samkvæmt eigin landslögum, hafi aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu í sama aðildarríki,
b) að aðrar lánastofnanir en þær sem um getur í a-lið hafi aðalskrifstofu í því aðildarríki sem gaf út starfsleyfi og þar sem starfsemi þeirra fer fram í raun.

15. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki Lánastofnun, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 6. gr., skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

14. gr. Hluthafar og félagsaðilar

1. Lögþær yfirvöld skulu ekki veita lánastofnun starfsleyfi nema lánastofnun hafi upplýst þau um nöfn hluthafa eða félagsaðila sinna sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlutum, sem einstaklingar eða lögaðilar, og hversu stóran hlut þeir eiga eða, ef ekki er um virka eignarhlutdeild að ræða, um 20 stærstu hluthafana eða félagsaðilana.

6. tölul. 5. gr. ffl.: [Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja:] Upplýsingar um stofnendur, hluthafa eða stofnfjáreigendur, ~~sbr. VI. kafla~~ sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlut, og hlutfallslegt eignarhald hvers þeirra. Fari enginn með virkan eignarhlut skal upplýsa um 20 stærstu hluthafa eða stofnfjáreigendur.

1. mgr. 7. gr. ffl.: Fullnægi umsókn eða umsækjandi ekki skilyrðum laga þessara, þar á meðal um eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta, að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar um virkan eignarhlut séu uppfylltar skal hafa í huga atkvæðisréttinn sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins [2004/109/EB](#) frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um skilyrðin fyrir samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem stofnun ræður yfir eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun [2004/39/EB](#), að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að

2. og 3. másl. 2. mgr. 40. gr. ffl.: Við mat á því hvort hlutdeild í lánastofnun feli í sér virkan eignarhlut skal atkvæðisréttur ákvarðaður til samræmis við III. kafla laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, eftir því sem við getur átt. Ekki skal telja með hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétt sem fjármálafyrirtæki á vegna sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga skv. f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, enda séu þessi réttindi ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórnun útgefandans og ráðstafað innan árs frá öflun.

hlutast til um stjórnun útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.	
2. Lögbær yfirvöld skulu synja um leyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar ef, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnunar, þau efast um hæfi hluthafa eða félagsaðila [í samræmi við viðmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. 23. gr.] ²² Ákvæði 2. og 3. mgr. 23. gr. og 24. gr. skulu gilda.	1. mgr. 7. gr. ffl.: Fullnægi umsókn <u>eða umsækjandi</u> ekki skilyrðum laga þessara, <u>þar á meðal um eftirlitskerfi með áhættu og hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda virkra eignarhluta</u> , að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.
3. Þegar náin tengsl eru fyrir hendi milli lánastofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau gegni eftirlitshlutverki sínu með virkum hætti.	1. másl. 3. mgr. 7. gr. ffl.: Starfsleyfi skal ekki veitt ef náin tengsl umsækjanda, <u>sbr. 23. tölul. 1. mgr. 1. gr. a</u> , við einstaklinga eða lögaðila hindra eftirlit með fyrirtækinu af hálfu Fjármálaeftirlitsins.
Lögbær yfirvöld skulu synja um starfsleyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar ef lög eða stjórnáskilgæfingarmáli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem lánastofnunin hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þessara laga eða stjórnáskilgæfingarmála koma í veg fyrir að þau geti gegnt eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.	2. másl. 3. mgr. 7. gr. ffl.: [Starfsleyfi skal ekki veitt] [...] ef lög eða reglur <u>ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins</u> sem gilda um slíka tengda aðila <u>eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra</u> hindra eftirlit.
Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að lánastofnanir veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo að þau geti gengið úr skugga um að farið sé að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein á viðvarandi hátt.	1. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.
15. gr. Synjun starfsleyfis	
Lögbært yfirvald skal, ef það synjar um leyfi til að hefja starfsemi lánastofnunar, tilkynna umsækjanda um ákvörðunina, ásamt ástæðum þar að lútandi, innan sex mánaða frá viðtöku umsóknarinnar eða, ef umsóknin er ófullnægjandi, innan sex mánaða frá viðtöku fullnægjandi upplýsinga sem þurfti til að taka ákvörðunina.	1. másl. 2. mgr. 7. gr. ffl.: Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar.
Ávallt skal þó taka ákvörðun um að veita eða synja um starfsleyfi innan 12 mánaða frá móttöku umsóknar.	2. másl. 2. mgr. 7. gr. ffl.: Synjun skal þó alltaf hafa borist umsækjanda tólf mánuðum frá móttöku umsóknar.
16. gr. Fyrirframsamráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum	
1. Áður en lögbært yfirvald veitir lánastofnun starfsleyfi skal það hafa samráð við lögbær yfirvöld annars aðildarríkis ef lánastofnunin er:	2. mgr. 2. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi <u>fjármálafyrirtækis lánastofnunar</u> sem er:
a) dótturfélag lánastofnunar með starfsleyfi í aðildarríkinu sem í hlut á,	a. dótturfélag fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki.
b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar með starfsleyfi í aðildarríkinu sem í hlut á,	b. dótturfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða.

²² Breytt með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

c) undir stjórn sömu einstaklinga eða lögaðila og stjórná lánastofnun sem hefur starfsleyfi í aðildarríkinu sem í hlut á.	c. undir yferráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi-stöðuyferráð í fjármála fyrirtæki eða váttryggingafélagi í öðru aðildarríki.
2. Áður en lögbært yfirvald veitir lánastofnun starfsleyfi skal það hafa samráð við það lögbæra yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með váttryggingafélögum eða verðbréfafyrirtækjum í hlutaðeigandi aðildarríki, ef lánastofnunin er:	2. mgr. 2. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi fjármála fyrirtækis-lánastofnunar sem er:
a) dótturfélag váttryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Sambandinu,	A-liður 2. mgr. 2. gr. ffl.: dótturfélag fjármála fyrirtækis eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki.
b) dótturfélag móðurfélags váttryggingafélags eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi í Sambandinu,	B-liður 2. mgr. 2. gr. ffl.: dótturfélag móðurfélags fjármála fyrirtækis eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki, eða.
c) undir yferráðum sömu einstaklinga eða lögaðila og hafa yferráð yfir váttryggingafélagi eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í Sambandinu.	C-liður 2. mgr. 2. gr. ffl.: undir yferráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðuyferráð í fjármála fyrirtæki eða váttryggingafélagi í öðru aðildarríki.
3. Viðkomandi lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna og á orðstír og reynslu stjórnarmanna sem koma að stjórn annarrar einingar í sömu samstæðu. Þau skulu skiptast á öllum upplýsingum um hæfi hluthafa og orðspor og reynslu stjórnarmanna sem skipta máli vegna veitingar starfsleyfis eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.	3. mgr. 2. gr. ffl.: Samráð skv. 2. mgr. skal m.a. taka til upplýsinga um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 42. a og 52. gr. 4. mgr. 2. gr. ffl.: Samráð skv. 2. mgr. gildir jafnframt um viðvarandi eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.
17. gr. Útibú lánastofnana með starfsleyfi í öðru aðildarríki	
Gistiaðildarríki er ekki heimilt að krefjast starfsleyfis eða stofnframlags fyrir útibú lánastofnana sem hafa hlotið starfsleyfi í öðrum aðildarríkjum. Stofnun slíkra útibúa skal fara fram og eftirliti með þeim komið á í samræmi við 35. gr., 36. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 37. gr., 40.–46. gr. 49. gr. og 74. og 75. gr.	1. mgr. 31. gr. ffl.: Erlend t fjármála fyrirtækis-lánastofnun , sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. <u>Heimilt er að stofnsetja útibúið fyrir með samþykki Fjármálaeftirlitsins.</u> Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess. <u>Fjármálaeftirlitið skal upplýsa erlendu lánastofnunina um skilyrði sem starfsemin er háð og sett hafa verið í þágu almannahagsmuna, ef þörf krefur.</u> Svissneskar og færeyskar fjármála fyrirtæki-lánastofnanir geta stofnað útibú með þeim hætti sem segir í þessari málsgrein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármála fyrirtækja-lánastofnana með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.
18. gr. Afturköllun starfsleyfis	
Lögbærum yfirvöldum er því aðeins heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem lánastofnun hefur hlotið, ef slík lánastofnun:	Inngangsmáls. 1. mgr. 9. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi

	<u>fjármálafyrirtækislánastofnunar</u> , í heild eða að hluta:
a) nýtir ekki starfsleyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi gert ráð fyrir að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,	3. tölul. 1. mgr. 9. gr. ffl.: nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfelld.
b) hefur fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,	1. tölul. 1. mgr. 9. gr. ffl.: hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir veitingu starfsleyfis,	8. tölul. 1. mgr. 9. gr. ffl.: uppfylli <u>fyrirtækið fjármálafyrirtæki</u> ekki lengur þau lögbundnu skilyrði sem það þurfti að uppfylla til þess að hljóta starfsleyfi.
d) uppfyllir ekki lengur varfærniskröfunar sem settar eru fram í þriðja, fjórða eða sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, [að undanskildum kröfunum sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og b] ²³ eða sem lagðar eru á skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. eða 105. gr. þessarar tilskipunar eða er ekki lengur treystandi til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum, og einkum ef stofnunin veitir ekki lengur tryggingu fyrir þeim fjármunum sem innstæðueigendur hennar treysta henni fyrir,	2. tölul. 1. mgr. 9. gr. ffl.: fullnægi fyrirtækið ekki <u>varfærniskröfunum sem settar eru fram í 3., 4. eða 6. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að frátöldum ákvæðum 92. gr. a og 92. gr. b reglugerðarinnar, eða kröfum Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a. ákvæðum laga þessara um stofnfé, hlutafé, eigið fé, stórar áhættuskuldbindingar eða laust fé.</u> 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. ffl.: geti <u>fyrirtækið fjármálafyrirtæki</u> ekki sýnt fram á að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og/eða innlánseigendum.
e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun starfsleyfis eða	Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).
f) fremur eitt af þeim brotum sem um getur í 1. mgr. 67. gr.	7. tölul. 1. mgr. 9. gr. ffl.: brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.
19. gr. Nafn lánastofnana	
Að því er varðar starfsemi lánastofnana er þeim heimilt, án tillits til lagaákvæða í gístiaðildarríkinu um heitin „banki“, „sparisjóður“ eða önnur bankaheiti, að nota á öllu yfírráðasvæði Sambandsins sama heiti og þær nota í aðildarríkjunum þar sem aðalskrifstofa þeirra er staðsett. Ef hætta á misskilningi er fyrir hendi getur gístiaðildarríkið krafist að nafninu fylgi til glöggvunar ákveðin skýringaratriði.	1. mgr. 12. gr. ffl.: <u>Fjármálafyrirtækjum Lánastofnunum</u> er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „ <u>lánastofnun</u> “, „banki“, „viðskiptabanki“, „fjárfestingarbanki“, „sparisjóður“ og „ <u>lánafyrirtæki</u> “, „ <u>verðbréfafyrirtæki</u> “, ein sér eða samtengd öðrum orðum, í samræmi við starfsleyfi sitt. 2. mgr. 12. gr. ffl.: Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlend <u>rars</u> og innlend <u>rars</u> <u>fjármálafyrirtækis-lánastofnunar</u> sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annað fyrirtækjanna verði auðkennt sérstaklega.
20. gr. Tilkynning um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfis	
1. Lögbær yfírvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um öll starfsleyfi sem veitt eru skv. 8. gr.	5. mgr. 6. gr. ffl.: <u>Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um starfsleyfi sem það veitir lánastofnunum.</u>

²³ Bætt við með 1. gr. tilskipunar [\(ESB\) 2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir nöfn allra lánastofnana sem hafa fengið starfsleyfi og uppfæra hana reglulega.

3. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal veita hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni allar upplýsingar um samstæðu lánastofnana í samræmi við 14. gr. (3. mgr.), 74. gr. (1. mgr.) og 109. gr. (2. mgr.), einkum um lagalega og skipulagslega uppbyggingu samstæðunnar og stjórnunarhætti hennar.

4. Skráin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal innihalda nöfn lánastofnana sem eiga ekki eigið fé eins og tilgreint er í 1. mgr. 12. gr. og skal tilgreina þær lánastofnanir sem slíkar.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni um hverja og eina afturköllun starfsleyfis, ásamt ástæðunum fyrir slíkri afturköllun.

21. gr. Undanþága fyrir lánastofnanir sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun

1. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að veita undanþágu frá kröfunum sem settar eru fram í 10. og 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar lánastofnun sem um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) í samræmi við skilyrðin sem þar eru sett.

Aðildarríkjum er heimilt að viðhalda og notfæra sér gildandi landslöggiöf varðandi beitingu slíkrar undanþágu að því tilskildu að hún stangist hvorki á við þessa tilskipun né reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

2. Þegar lögbær yfirvöld beita undanþágunni sem um getur í 1. mgr., 17. gr., 33. gr., 34. gr., 35. gr., 36. gr. (1.–3. mgr.) og 39.–46. gr. skulu ákvæði II. þáttar 2. kafla VII. bóls og 4. kafla VII. bóls gilda um miðlægu stofnunina og tengdar stofnunum hennar í heild sinni.

[21. gr. a Samþykki á eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi

1. Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í aðildarríki, blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í ESB og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í ESB skulu sækja um samþykki í samræmi við þessa grein. Önnur eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu sækja um samþykki í samræmi við þessa grein ef þess er krafist að þau fari að þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) á undirsamstæðugrunni.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

109. gr. e ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það veita öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni upplýsingar um náin tengsl samstæðu skv. 3. mgr. 7. gr., stjórnarhætti skv. 1. mgr. 50. gr. og kröfur á samstæðugrunni skv. 1. másl. 1. mgr. 109. gr., einkum um lagalega og skipulagslega uppbyggingu samstæðunnar og stjórnunarhætti hennar.](#)

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

2. másl. 1. mgr. 10. gr. ffl.: [Það skal jafnframt senda Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni tilkynninguna ásamt ástæðum fyrir afturkölluninni.](#)

Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).

Krefst ekki innleiðingar (varðar valkvætt ákvæði).

1. mgr. 49. gr. b ffl.: [Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í aðildarríki, blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu skulu sækja um samþykki skv. B-hluta þessa kafla. Önnur eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu sækja um samþykki ef þess er krafist að þau fari að lögum þessum á undirsamstæðugrunni.](#)

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem vísað er til þar veita eftirlitsaðilanum á samstæðugrunni og, ef það er annar aðili, lögbæra yfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem þau eru með staðfestu eftirfarandi upplýsingar:

1. mgr. 49. gr. c ffl.: Umsókn um samþykki skal beint til Fjármálaeftirlitsins ef það er eftirlitsaðili á samstæðugrunni eða ef umsækjandi er með staðfestu á Íslandi. Umsókn skal jafnframt beint til eftirlitsaðila á samstæðugrunni eða lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem umsækjandi er með staðfestu, ef það er annað stjórnvald en Fjármálaeftirlitið.

Inngangsmásl. 2. mgr. 49. gr. c ffl.: Umsókn skulu fylgja upplýsingar um:

a) um skipulagsuppbyggingu samstæðunnar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er hluti af, ásamt að tiltaka með skýrum hætti dótturfélög þess og, eftir atvikum, móðurfélög og staðsetningu og tegund starfsemi sem hver og ein eining innan samstæðunnar stundar,

1. tölul. 2. mgr. 49. gr. c ffl.: Skipulag samstæðunnar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er hluti af, dótturfélög hennar og, eftir atvikum, móðurfélög og staðsetningu og tegund starfsemi sem hver og ein eining innan samstæðunnar stundar.

b) upplýsingar um tilnefningu a.m.k. tveggja einstaklinga sem stýra í reynd eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi og um hlítningu við kröfurnar sem settar eru fram í 121. gr. um hæfi stjórnarmanna,

2. tölul. 2. mgr. 49. gr. c ffl.: Tilnefningu a.m.k. tveggja einstaklinga sem stýra í reynd eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi og um hlítningu við kröfur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

c) upplýsingar um að farið sé að viðmiðunum sem settar eru fram í 14. gr. um hluthafa og félagsaðila, ef eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með dótturfélag sem er lánastofnun,

3. tölul. 2. mgr. 49. gr. c ffl.: Hlítningu við kröfur um hæfi eigenda virkra eignarhluta ef eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með dótturfélag sem er lánastofnun.

d) innra skipulag og úthlutun verkefna innan samstæðunnar,

4. tölul. 2. mgr. 49. gr. c ffl.: Innra skipulag og verkaskiptingu innan samstæðunnar.

e) allar aðrar upplýsingar sem gætu verið nauðsynlegar til að framkvæma það mat sem um getur í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

5. tölul. 2. mgr. 49. gr. c ffl.: Annað sem gæti verið nauðsynlegt fyrir mat skv. 2. mgr. 49. gr. b og 49. gr. d.

Ef samþykkið á eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi fer fram samtímis og matið sem um getur í 22. gr., skal lögbæra yfirvaldið að því er varðar þá grein samræma sig, eins og við á, við eftirlitsaðilann á samstæðugrunni og, ef það er annar aðili, lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með staðfestu. Í því tilviki skal fresta matstímabilinu sem um getur í annarri undirgrein [2]²⁴. mgr. 22. gr. um tímabil sem er lengra en 20 virkir dagar þar til málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari grein er lokið.

42. gr. b ffl.: Fari mat á hæfi skv. 42. gr. a fram samhliða mati á umsókn eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi um samþykki skv. B-hluta þessa kafla skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrunni og lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur staðfestu við matið.

Matstímabil skv. 3. mgr. 42. gr. lengist um þann tíma sem tekur að afgreiða umsókn eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi um samþykki og ekki skemur en 21 virkan dag.

3. Eingöngu má veita eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi samþykki samkvæmt þessari grein ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

Inngangsmásl. 49. gr. d ffl.: Eingöngu má veita eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi samþykki ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) innra fyrirkomulag og úthlutun verkefna innan samstæðunnar eru fullnægjandi til að uppfylla

1. tölul. 49. gr. d ffl.: Innra fyrirkomulag og verkaskipting innan samstæðunnar er

²⁴ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 212/20](#).

kröfurnar sem lagðar eru á í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni og eru einkum skilvirk til að:

i. samræma öll dótturfélög eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, með fullnægjandi úthlutun verkefna á meðal dótturstofnana,

ii. koma í veg fyrir eða stýra árekstrum innan samstæðu og

iii. framfylgja um alla samstæðuna stefnum á samstæðugrundvelli sem móðurfélag eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða móðurfélag blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi hefur sett,

b) skipulagsuppbygging samstæðunnar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er hluti af hindrar ekki eða kemur með öðrum hætti í veg fyrir skilvirkt eftirlit með dótturstofnunum eða móðurstofnunum að því er varðar skuldbindingar sem þau falla undir á eininga-, samstæðu- eða, eftir því sem við á, undirsamstæðugrunni. Í matinu á þeirri viðmiðun skal einkum taka tillit til:

i. stöðu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi í marglaga samstæðu,

ii. uppbyggingar eignarhalds og

iii. hlutverks eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi innan samstæðunnar,

c) viðmiðunum sem settar eru fram í 14. gr. og kröfunum sem mælt er fyrir um í 121. gr. er hlítt.

4. Samþykkis á eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi samkvæmt þessari grein skal ekki krafist ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) meginstarfsemi eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði felst í því að kaupa eignarhlutdeild í dótturfélögum eða, ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, felst meginstarfsemi þess að því er varðar stofnanir eða fjármálastofnanir í því að kaupa eignarhlutdeild í dótturfélögum,

b) eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi hefur ekki verið tilgreint sem skilaeining í neinni samstæðu innan skilameðferðar samstæðu í samræmi við skilastefnuna sem viðkomandi skilavald hefur ákvarðað samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB,

c) lánastofnun sem er dótturfélag er tilnefnt sem ábyrgt fyrir því að tryggja að samstæðan fari að

fullnægjandi til að uppfylla kröfur laga þessara á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni og stuðlar einkum að því að:

A-liður 1. tölul. 49. gr. d ffl.: samræma starfsemi allra dótturfélaga eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi, þ.m.t., ef nauðsyn krefur, með fullnægjandi verkaskiptingu á meðal dótturfélaga sem eru fjármálafyrirtæki.

B-liður 1. tölul. 49. gr. d ffl.: koma í veg fyrir eða stýra árekstrum innan samstæðunnar.

C-liður 1. tölul. 49. gr. d ffl.: framfylgja um alla samstæðuna stefnu fyrir samstæðuna sem móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur samþykkt.

2. tölul. 49. gr. d ffl.: Skipulag samstæðunnar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er hluti af hindrar ekki skilvirkt eftirlit með fjármálafyrirtækjum sem eru dóttur- eða móðurfélög að því er varðar skuldbindingar þeirra á eininga-, samstæðu- og, þegar við á, undirsamstæðugrunni. Við mat á því skal einkum taka tillit til:

A-liður 2. tölul. 49. gr. d ffl.: stöðu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi í marglaga samstæðu.

B-liður 2. tölul. 49. gr. d ffl.: uppbyggingar eignarhalds.

C-liður 2. tölul. 49. gr. d ffl.: hlutverks eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi innan samstæðunnar.

3. tölul. 49. gr. d ffl.: Farið sé að kröfum um hæfi eigenda virkra eignarhluta og hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Inngangsmásl. 2. mgr. 49. gr. b ffl.: Eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi þarf þó ekki samþykki ef:

1. tölul. 2. mgr. 49. gr. b ffl.: Meginstarfsemi þess, eða meginstarfsemi þess að því er varðar fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, felst í því að afla eignarhluta í dótturfélögum.

2. tölul. 2. mgr. 49. gr. b ffl.: Það hefur ekki verið tilgreint sem skilaeining í neinni samstæðu innan skilameðferðar samstæðu í samræmi við skilastefnuna sem skilavaldið hefur ákvarðað samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

3. tölul. 2. mgr. 49. gr. b ffl.: Lánastofnun sem er dótturfélag þess er tilnefnd sem ábyrgt fyrir því að

varfærniskröfum á samstæðugrunni og fær öll nauðsynleg úrræði og lagaheimildir til að gegna þessum skyldum með skilvirkum hætti,

tryggja að samstæðan fari að varfærniskröfum á samstæðugrunni og fær öll nauðsynleg úrræði og heimildir að lögum til að gegna þessum skyldum með skilvirkum hætti.

d) eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi tekur ekki þátt í ákvörðunum um stjórnun, rekstur eða fjármál sem hafa áhrif á samstæðuna eða dótturfélög hennar sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir,

4. tölul. 2. mgr. 49. gr. b ffl.: Það tekur ekki þátt í ákvörðunum um stjórnun, rekstur eða fjármál sem hafa áhrif á samstæðuna eða dótturfélög hennar sem eru fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnanir.

(e) engar hindranir eru við skilvirku eftirliti með samstæðunni á samstæðugrunni

5. tölul. 2. mgr. 49. gr. b ffl.: Engar hindranir eru á skilvirku eftirliti með samstæðunni á samstæðugrunni.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem undanþegin eru samþykki í samræmi við þessa málsgrein skulu ekki undanskilin samstæðuafmörkuninni eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

Krefst ekki sérstakrar innleiðingar (en áréttað í skýringum við nýja 49. gr. b ffl.).

5. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal fylgjast með því að farið sé að skilyrðunum sem um getur í 3. mgr. eða, eftir atvikum, 4. mgr. á áframhaldandi grundvelli. Eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu veita eftirlitsaðilanum á samstæðugrunni upplýsingarnar sem þörf er á til að fylgjast með skipulagsuppbyggingu samstæðunnar á áframhaldandi grundvelli og að farið sé að skilyrðunum sem um getur í 3. mgr. eða, eftir atvikum, 4. mgr. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal deila þessum upplýsingum með lögbæra yfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með staðfestu.

1. mgr. 49. gr. g ffl.: Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því að eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem heyrir undir eftirlit þess á samstæðugrunni uppfylli ávallt skilyrði fyrir samþykki skv. 49. gr. d eða sé undanþegið skyldu til að afla samþykkis skv. 2. mgr. 49. gr. b. Félagið skal veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fylgjast með skipulagi samstæðunnar og því að skilyrði 49. gr. d eða, ef við á, 2. mgr. 49. gr. b séu ávallt uppfyllt. Fjármálaeftirlitið skal deila upplýsingunum með lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki þar sem félagið er með staðfestu, ef það er annað stjórnvald en Fjármálaeftirlitið.

6. Ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni hefur staðreynt að skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. eru ekki uppfyllt eða eru ekki lengur uppfyllt, skal eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi falla undir viðeigandi eftirlitsráðstafanir til að tryggja eða koma aftur á, eftir því sem við á, samfellu og heilleika samstæðueftirlits og tryggja hlítingu við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) á samstæðugrunni. Ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skulu eftirlitsráðstafanirnar einkum taka tillit til áhrifa á fjármálasamsteypuna.

2. mgr. 49. gr. g ffl.: Ef skilyrði 49. gr. d eru ekki uppfyllt, og 2. mgr. 49. gr. b á ekki við, skal Fjármálaeftirlitið grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi til að tryggja eða koma aftur á virku samstæðueftirliti og tryggja hlítingu við kröfur laga þessara á samstæðugrunni. Ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skulu eftirlitsráðstafanirnar einkum taka tillit til áhrifa á fjármálasamsteypuna.

Eftirlitsráðstafanirnar sem um getur í fyrsta undirlið geta falið í sér:

Inngangsmásl. 3. mgr. 49. gr. g ffl.:

a) að fella tímabundið úr gildi atkvæðisrétt sem fylgir hlutabréfum dótturstofnananna í eigu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi,

Eftirlitsráðstafanir skv. 2. mgr. geta falið í sér:

1. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: Að fella tímabundið úr gildi atkvæðisrétt sem fylgir eignarhlut eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi í fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag þess.

b) útgáfu lögbanns eða viðurlaga gegn eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði, blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi eða stjórnarmönnum og stjórnendum, með fyrirvara um ákvæði 65. til 72. gr.,

2. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: [Kröfu um úrbætur.](#)

28. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:] [49. gr. d um skilyrði fyrir samþykki eignarhaldsfélaga.](#)

c) fyrirmæli eða leiðbeiningar til eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi um að yfirfæra til hluthafa þess hlutdeildirnar í dótturstofnunum þess,

3. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: [Kröfu um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi yfirfæri hlutdeild sína í fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag þess til hluthafa sinna.](#)

d) tímabundna útnefningu á öðru eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi eða stofnun innan samstæðunnar sem ábyrgri fyrir að tryggja hlítinu við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) á samstæðugrunni,

4. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: [Að fela tímabundið öðru eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi eða fjármálafyrirtæki innan samstæðunnar að bera ábyrgð á því að farið sé að kröfum laga þessara á samstæðugrunni.](#)

e) takmörkun eða bann við útgreiðslum eða vaxtagreiðslum til hluthafa,

5. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: [Takmörkun eða bann við útgreiðslum eða vaxtagreiðslum til hluthafa.](#)

f) kröfu um að eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi selji eða minnki eignarhlutdeildir í stofnunum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði,

6. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: [Kröfu um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi selji eða minnki eignarhluti sína í fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði.](#)

g) kröfu um að eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi leggi fram áætlun um, án tafar, að hlíta aftur tilskildum ákvæðum.

7. tölul. 3. mgr. 49. gr. g ffl.: [Kröfu um að eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi leggi fram áætlun um hvernig það muni án tafar hlíta að nýju kröfum laga þessara.](#)

7. Ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni hefur staðreynt að skilyrðin sem sett eru fram í 4. mgr. eru ekki lengur uppfyllt skal eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi sækja um samþykki í samræmi við þessa grein.

Leiðir af 2. mgr. 49. gr. b ffl. (en einnig áréttað í skýringum við ákvæðið).

8. Ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni er annar en lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með staðfestu, skulu þessi tvö yfirvöld vinna saman og hafa náið samráð sín á milli í þeim tilgangi að taka ákvarðanir um samþykki og undanþágu frá samþykki sem um getur í 3. og 4. málsgrein, eftir því sem við á, og um eftirlitsráðstafanirnar sem um getur í 6. og 7. mgr. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal útbúa mat á þeim málefnum sem um getur í 3., 4., 6. og 7. mgr., eftir því sem við á, og framsenda matið til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með staðfestu. Þessi tvö yfirvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu innan tveggja mánaða frá viðtöku þess mats.

1. og 2. másl. 1. mgr. 49. gr. e ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal hafa náið samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrunni eða lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur staðfestu við mat á því hvort félaginu beri að sækja um samþykki og hvort skilyrði fyrir samþykki séu uppfyllt og til hvaða úrræða eigi að grípa ef svo er ekki. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal senda lögbæra yfirvaldinu mat sitt og stjórnvöldin skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu innan tveggja mánaða frá viðtöku þess.](#)

Sameiginlega ákvörðunin skal skjalfest og rökstudd með tilhlýðilegum hætti. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal tilkynna eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi um sameiginlegu ákvörðunina.

Ef ekki næst samkomulag skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni eða lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með staðfestu bíða með að taka ákvörðun og skjóta málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#). Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar frá viðtöku málskotsins til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Hlutaðeigandi lögbær yfirvöld skulu taka sameiginlega ákvörðun í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok tveggja mánaða tímabilsins eða eftir að náðst hefur sameiginleg ákvörðun.

9. Ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, þar sem eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni eða lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi er með staðfestu er annar en samræmingaraðilinn sem útnefndur er í samræmi við 10. gr. tilskipunar [2002/87/EB](#), skal krafist samþykkis samræmingaraðilans að því er varðar ákvarðanir eða sameiginlegar ákvarðanir sem um getur í 3., 4., 6. og 7. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á. Þegar krafist er samþykkis samræmingaraðilans skal vísa ósamkomulagi til viðkomandi evrópskrar eftirlitsstofnunar, þ.e. Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar) (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [1094/2010](#) [or, in the case of mixed financial holding companies established in the EFTA States, to the EFTA Surveillance Authority]²⁵ sem skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar frá viðtöku málskotsins. Engar ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við þessa málsgrein skulu hafa áhrif á skuldbindingarnar samkvæmt tilskipun [2002/87/EB](#) eða [2009/138/EB](#).

10. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal, ef hann synjar eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi um

1. mgr. 49. gr. f ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal, ef það er eftirlitsaðili á samstæðugrunni, tilkynna umsækjanda um hvort umsókn um samþykki sé samþykkt innan fjögurra mánaða frá viðtöku fullnægjandi umsóknar, þó eigi síðar en sex mánuðum frá viðtöku umsóknar. Ákvörðunin skal vera skjalfest og rökstudd.](#)

2. mgr. 49. gr. e ffl.: [Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða skal Fjármálaeftirlitið bíða með að taka ákvörðun og vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skal taka sameiginlega ákvörðun með hinu stjórnvaldinu í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA. Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA eftir lok tveggja mánaða tímabilsins eða eftir að náðst hefur sameiginleg ákvörðun.](#)

1. másl. innleiddur með 3. másl. 1. mgr. 49. gr. e ffl.: [Ef um er að ræða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal ákvörðunin jafnframt tekin með eftirlitsstjórnvaldi fjármálasamsteypunnar, sbr. 25. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017.](#)

2. másl. innleiddur með 1. másl. 2. mgr. 49. gr. e ffl.: [Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða skal Fjármálaeftirlitið bíða með að taka ákvörðun og vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, í samræmi við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

3. másl. krefst ekki sérstakrar innleiðingar.

1. másl. 49. gr. f ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal, ef það er eftirlitsaðili á samstæðugrunni, tilkynna umsækjanda um hvort umsókn um samþykki sé](#)

²⁵ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

samþykki, tilkynna umsækjandanum um ákvörðunina og ástæðurnar fyrir henni, innan fjögurra mánaða frá viðtöku umsóknarinnar eða, ef umsóknin er ófullnægjandi, innan fjögurra mánaða frá viðtöku fullnægjandi upplýsinga sem krafist er fyrir ákvörðunina.

samþykkt innan fjögurra mánaða frá viðtöku fullnægjandi umsóknar, þó eigi síðar en sex mánuðum frá viðtöku umsóknar.

Ávallt skal þó taka ákvörðun um að veita eða synja um samþykki innan 6 mánaða frá viðtöku umsóknar. Synjun getur fylgt, ef nauðsyn krefur, einhver af ráðstöfununum sem um getur í 6. mgr.

1. másl. 49. gr. f ffl.: Fjármálaeftirlitið skal, ef það er eftirlitsaðili á samstæðugrunni, tilkynna umsækjanda um hvort umsókn um samþykki sé samþykkt innan fjögurra mánaða frá viðtöku fullnægjandi umsóknar, þó eigi síðar en sex mánuðum frá viðtöku umsóknar.

21. gr. b Milligöngumóðurfélag í ESB

1. Tvær eða fleiri stofnanir í Sambandinu, sem eru hluti af sömu samstæðu þriðja lands, skulu hafa eitt milligöngumóðurfélag í Sambandinu sem þar er með staðfestu.

1. mgr. 49. gr. h ffl.: Tvö eða fleiri fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem tilheyra sömu þriðjaríkissamstæðu, skulu hafa sameiginlegt milligöngumóðurfélag sem er með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnununum sem um getur í 1. mgr. að hafa tvö milligöngumóðurfélög í ESB ef þau ákveða að stofnsetning eins milligöngumóðurfélags í ESB myndi:

Inngangsmásl. 49. gr. i ffl.: Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtækjum skv. 1. mgr. 49. gr. h að hafa tvö milligöngumóðurfélög á Evrópska efnahagssvæðinu ef stofnsetning eins milligöngumóðurfélags:

a) ekki vera í samræmi við skyldubundnar kröfur um aðgreiningu á starfsemi sem lagðar eru á með reglum eða af eftirlitsyfirvöldum þess þriðja lands þar sem endanlegt móðurfélag samstæðunnar í þriðja landi hefur aðalskrifstofu sína, eða

A-liður 49. gr. i ffl.: samræmdist ekki reglum eða kröfum eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem endanlegt móðurfélag þriðjaríkissamstæðunnar hefur aðalskrifstofu sína um aðgreiningu starfsemi, eða.

b) gera skilabærni óskilvirkari en ef um er að ræða tvö milligöngumóðurfélög í ESB samkvæmt mati sem framkvæmt er af lögbæru skilavaldi milligöngumóðurfélagsins í ESB.

B-liður 49. gr. i ffl.: gerði skilabærni óskilvirkari en ef um væri að ræða tvö milligöngumóðurfélög að mati lögbærs skilavalds milligöngumóðurfélagsins á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. Milligöngumóðurfélag í ESB skal vera lánastofnun með starfsleyfi í samræmi við 8. gr. eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem hefur hlotið samþykki skv. 21. gr. a.

1. mgr. 49. gr. j ffl.: Milligöngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu skal hafa starfsleyfi sem lánastofnun eða samþykki sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, þegar engin af stofnununum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er lánastofnun eða ef setja verður á fót annað milligöngumóðurfélag í ESB í tengslum við fjárfestingarstarfsemi til að hlíta skyldubundnum kröfum eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, getur milligöngumóðurfélagið í ESB eða seinna milli-göngumóðurfélagið í ESB verið verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar [2014/65/ESB](#), sem fellur undir tilskipun [2014/59/ESB](#).

2. mgr. 49. gr. j ffl.: Ef ekkert fjármálafyrirtækjanna skv. 1. mgr. 49. gr. h er lánastofnun, eða ef setja verður á fót annað milligöngumóðurfélag á Evrópska efnahagssvæðinu í tengslum við fjárfestingarstarfsemi til að hlíta reglum eða kröfum um aðgreiningu starfsemi skv. a-lið 49. gr. i, má milligöngumóðurfélagið eða annað þeirra þó vera með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda ef heildarvirði eigna í Sambandinu í eigu samstæðunnar í þriðja landi er lægra en 40 milljarðar evra.

1. másl. 2. mgr. 49. gr. h ffl.: Skylda skv. 1. mgr. gildir ekki ef heildarvirði eigna þriðjaríkissamstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu er minna en jafnvirði 40 milljarða evra.

5. Að því er varðar þessa grein, skal heildarvirði eigna í Sambandinu í eigu samstæðunnar í þriðja landi vera samtalan á eftirfarandi:

Inngangsmásl. 2. másl. 2. mgr. 49. gr. h ffl.: Heildarvirðið skal reiknað sem samtala:

<p>a) heildarvirði eigna hversrar stofnunar í Sambandinu sem er hluti samstæðunnar í þriðja landi, eins og fram kemur í samstæðuefnahagsreikningi hennar eða einstökum efnahagsreikningi, ef efnahagsreikningur stofnunar er ekki samsteyptur og</p>	<p>1. tölul. 2. másl. 2. mgr. 49. gr. h ffl.: Heildarvirðis eigna hvers fjármálafyrirtækis innan þriðjaríkissamstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt samstæðuefnahagsreikningi, eða efnahagsreikningi hvers fyrirtækis ef samstæðuefnahagsreikningi er ekki fyrir að fara.</p>
<p>b) heildarvirði eigna hvers útibús samstæðunnar í þriðja landi sem hefur starfsleyfi í Sambandinu í samræmi við þessa tilskipun, tilskipun 2014/65/ESB eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014.</p>	<p>2. tölul. 2. másl. 2. mgr. 49. gr. h ffl.: Heildarvirðis eigna hvers útibús þriðjaríkissamstæðunnar með leyfi til að starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða 2014/65/ESB eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.</p>
<p>6. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna eftirfarandi upplýsingar að því er varðar hverja samstæðu þriðja lands sem starfar innan lögsögu þeirra til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar:</p>	<p>Inngangsmásl. 49. gr. k ffl.: Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um:</p>
<p>a) nöfn og heildarvirði eigna eftirlitsskyldra stofnana sem tilheyra samstæðu þriðja lands,</p>	<p>1. tölul. 49. gr. k ffl.: Heiti eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja sem tilheyra þriðjaríkissamstæðu sem starfar hér á landi og heildarvirði eigna þeirra</p>
<p>b) nöfn og heildarvirði eigna útibúa með starfsleyfi í því aðildarríki í samræmi við þessa tilskipun, tilskipun 2014/65/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 600/2014, og tegund starfsemi sem þau hafa leyfi til að stunda,</p>	<p>2. tölul. 49. gr. k ffl.: Heiti útibúa með leyfi til að starfa hér á landi á grundvelli laga þessara eða laga um markaði fyrir fjármálagerninga sem tilheyra þriðjaríkissamstæðu sem starfar hér á landi og heildarvirði eigna þeirra</p>
<p>c) nafn og tegund eins og um getur í 3. mgr., sérhvers milligöngumóðurfélags í ESB sem sett er á fót í því aðildarríki og nafn samstæðunnar í þriðja landi sem það er hluti af.</p>	<p>3. tölul. 49. gr. k ffl.: Heiti og form milligöngumóðurfélaga á Evrópska efnahagssvæðinu sem eru sett á fót hér á landi og heiti þriðjaríkissamstæðna sem þau tilheyra.</p>
<p>7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu skrá yfir allar samstæður þriðja lands sem starfa innan Sambandsins og milligöngumóðurfélag eða -félög þeirra í ESB, eftir atvikum.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að hver stofnun innan lögsögu þeirra sem er hluti af samstæðu þriðja lands uppfylli eitt eftirfarandi skilyrða:</p>	
<p>a) er með milligöngumóðurfélag í ESB,</p>	<p>1. mgr. 49. gr. h ffl.: Tvö eða fleiri fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem tilheyra sömu þriðjaríkissamstæðu, skulu hafa sameiginlegt milligöngumóðurfélag sem er með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.</p>
<p>b) er milligöngumóðurfélag í ESB,</p>	<p>---</p>
<p>c) er eina stofnun þeirrar samstæðu þriðja lands í Sambandinu eða</p>	<p>---</p>
<p>d) er hluti af samstæðu þriðja lands með heildarvirði eigna í Sambandinu lægra en 40 milljarðar evra.</p>	<p>1. másl. 2. mgr. 49. gr. h ffl.: Skylda skv. 1. mgr. gildir ekki ef heildarvirði eigna þriðjaríkissamstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu er minna en jafnvirði 40 milljarða evra.</p>
<p>8. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu samstæður þriðja lands sem starfa fyrir milligöngu fleiri en einnar stofnunar í Sambandinu og eru með heildarvirði</p>	<p>2. mgr. gildistökugreinar frumvarps: C-hluti VI. kafla ffl. tekur þó ekki gildi fyrir en 30. desember 2023 gagnvart fjármálafyrirtækjum sem uppfylltu skilyrði 49. gr. h ffl. 27. júní 2019.</p>

eigna [í Sambandinu]²⁶ jafnt og eða hærra en 40 milljarðar evra 27. júní 2019 hafa milligöngumóðurfélag í ESB eða, ef 2. mgr. á við, tvö milligöngumóðurfélög í ESB fyrir 30. desember 2023.

9. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 30. desember 2026, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurskoða kröfurnar sem lagðar eru á stofnanir með þessari grein og skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins. Í skýrslunni skal a.m.k. taka til athugunar:

- a) hvort kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari grein séu raunhæfar, nauðsynlegar og hóflegar eða hvort aðrar ráðstafanir eigi betur við,
- b) hvort endurskoða ætti kröfurnar sem lagðar eru á stofnanir með þessari grein til að endurspegla bestu alþjóðlegu venjur.

10. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 28. júní 2021 skila skýrslu til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um meðferð útibúa þriðja lands samkvæmt landslögum aðildarríkja. Í skýrslunni skal a.m.k. taka til athugunar:

- a) hvort og að hvaða marki framkvæmd eftirlits samkvæmt landslögum með útibúum þriðja lands eru mismunandi milli aðildarríkja,
- b) hvort mismunandi meðferð á útibúum þriðja lands samkvæmt landslögum gæti haft í för með sér eftirlitshögnun,
- c) hvort frekari samræming á landsbundnu fyrirkomulagi fyrir útibú þriðja lands sé nauðsynleg og viðeigandi, sérstaklega með tilliti til mikilvægra útibúa þriðja lands.

Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið á grundvelli tilmæla Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.]²⁷

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

2. KAFLI: Virkur eignarhlutur í lánastofnun

TILSKIPUN

22. gr. Tilkynning og mat á fyrirhuguðum yfirtökum

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur, lögaðili eða slíkir aðilar í samstarfi („fyrirhugaður yfirtökuaðili“), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort taka yfir, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun eða bæta frekar við, beint eða óbeint, virkan eignarhlut sinn í lánastofnun nægjanlega mikið til að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutfé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50%, eða þannig að lánastofnunin yrði dótturfélag viðkomandi („fyrirhugað yfirtaka“), tilkynni lögberum

INNLEIÐING

1. mgr. 40. gr. ffl.: Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki-lánastofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama á við hyggist aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við virkan eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur hlutfé, stofnfé eða atkvæðisréttur hans nái eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að fjármálafyrirtæki-lánastofnun verði talin ð dótturfélag hans.

²⁶ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 212/20](#).

²⁷ Bætt við með 1. gr. tilskipunar (ESB) [2019/878](#), um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

yfirvöldum í ríki lánastofnunarinnar sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í skriflega áður en til yfirtökunnar kemur og skýri þar frá stærð fyrirhugaðs eignarhluta og viðeigandi upplýsingum, eins og tilgreint er í samræmi við 4. mgr. 23. gr. Aðildarríkin skulu ekki þurfa að beita 30% viðmiðunarmörkunum þegar þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar [2004/109/EB](#), beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

1. mgr. 41. gr. ffl.: [Upptalning á upplýsingum sem skulu fylgja tilkynningu.]

2. Lögbæru yfirvöldin skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar sem krafist er skv. 1. mgr. eða frekari upplýsinga skv. 3. mgr., senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega staðfestingu fyrir móttökunni.

1. másl. og 2. másl. 1. mgr. 42. gr. ffl.: Eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir móttöku tilkynningar skv. 40. gr., sbr. 41. gr., skal Fjármálaeftirlitið staðfesta skriflega móttöku hennar. Hið sama á við um móttöku viðbótarupplýsinga skv. 2. mgr.

Lögbæru yfirvöldin skulu hafa í mesta lagi 60 virka daga frá degi skriflegrar staðfestingar á móttöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 23. gr. („matstímabil“) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 23. gr. („matið“).

1. másl. 3. mgr. 42. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur sextíu virka daga frá staðfestingu á móttöku tilkynningar með upplýsingum skv. 41. gr.-4. másl. til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn.

Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa fyrirhugaðan yfirtökuaðila um hvaða dag matstímabilinu lýkur þegar móttaka er staðfest.

2. másl. 1. mgr. 42. gr. ffl.: Í staðfestingu skal koma fram fyrir hvaða dag megi vænta niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins.

3. Á matstímabilinu er lögbærum yfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga er þörf.

2. mgr. 42. gr. ffl.: Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það skriflega krafðið viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu virkum dögum eftir staðfestingu á móttöku tilkynningar.

Fresta skal matstímabilinu á tímabilinu frá því að lögbær yfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila. Frestunin má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það leiðir ekki til þess að matstímabilinu sé frestað.

2.–4. másl. 3. mgr. 42. gr. ffl.: Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. mgr 3. másl., bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 51. másl., þó ekki umfram tuttugu virka daga, eða þrjátíu virka daga ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er staðsettur í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða lýtur ekki opinberu fjármálaeftirliti innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.

4. Lögbæru yfirvöldin geta framlengt frestunina sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. um allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er í þriðja landi, eða fellur undir þar, eða er einstaklingur eða lögaðili sem fellur hvorki undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun né tilskipunum [2009/65/EB](#), [2009/138/EB](#) eða [2004/39/EB](#).

2. másl. 3. mgr. 42. gr. ffl.: Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 2. mgr 3. másl., bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 51. másl., þó ekki umfram tuttugu virka daga, eða þrjátíu virka daga ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er staðsettur í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða lýtur ekki opinberu fjármálaeftirliti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

5. Ákveði lögbæru yfirvöldin að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku skulu þau innan tveggja virkra daga og innan matstímabilsins, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja

1. másl. 1. mgr. 43. gr. ffl.: Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að

þá ákvörðun. Heimilt er, með fyrirvara um landslög og að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila, að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili lögbæra yfirvaldinu að birta slíkar upplýsingar þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það.

1. másl. 2. mgr. 43. gr. ffl.: Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir og innan matstímabils skv. 3. mgr. 42. gr.

6. Fyrirhuguð yfirtaka telst samþykkt ef lögbær yfirvöld andmæla henni ekki skriflega á matstímabilinu.

4. mgr. 42. gr. ffl.: Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan matstímabils skv. 3. mgr. þess tímafrests sem kveðið er á um í 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi geri ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi fjármála fyrirtækilánastofnun.

7. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ljúka fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

44. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur sett öflun eða aukningu virks eignarhlutar frest sem það getur framlengt. Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir þess frests skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 40.–43. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

8. Aðildarríkin skulu ekki setja strangari kröfur um tilkynningu til lögbærra yfirvalda, eða samþykki lögbærra yfirvalda, um beina eða óbeina yfirtöku atkvæðisréttar eða hlutafjár, en þær sem settar eru fram í þessari tilskipun.

Krefst ekki innleiðingar.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir samráðsferlið milli viðkomandi lögbærra yfirvalda sem um getur í 24. gr.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum eigi síðar en 31. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

2. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 9. mgr. 22. gr. um tilkynningu og mat á fyrirhuguðum yfirtökum.

23. gr. Matsviðmiðanir

1. Lögbær yfirvöld skulu, við mat á tilkynningunni sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. og upplýsingunum sem um getur í 3. mgr. 22. gr., leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fjárhagslegt heilbrigði fyrirhugaðrar yfirtöku, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun lánastofnunarinnar sem fyrirhugað er að yfirtaka

Inngangsmálsliðir 1. mgr. 42. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármála fyrirtækis lánastofnunar og líklegra áhrifa hans á lánastofnunina og hvort fjármögnun fyrirhugaðs virks eignarhlutar sé

og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á lánastofnunina, með hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum:	<u>traust</u> . Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:
a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,	1. tölul. 1. mgr. 42. gr. a ffl.: Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
b) orðspori, þekkingu, hæfni og reynslu, eins og sett er fram í 1. mgr. 91. gr., allra stjórnarmanna ²⁸ [...] ²⁹ sem munu stýra rekstri lánastofnunar í kjölfar fyrirhugaðra kaupa,	2. tölul. 1. mgr. 42. gr. a ffl.: Orðspori, <u>þekkingu, hæfni</u> og reynslu <u>þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðustjórnarmanna og framkvæmdastjóra lánastofnunarinnar</u> komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar <u>virks eignarhlutar</u> .
c) fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem er stunduð og áformað er að stunda í lánastofnuninni sem fyrirhugað er að yfirtaka,	3. tölul. 1. mgr. 42. gr. a ffl.: Fjárhagslegu heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem <u>fjármálafyrirtækið lánastofnunin</u> hefur, eða mun hafa, með höndum.
d) því hvort lánastofnunin geti farið að og haldið áfram að fara að varfærnisröfunum sem byggjast á þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. <u>575/2013</u> og, eftir atvikum, annarri löggjöf Sambandsins, einkum tilskipunum <u>2002/87/EB</u> og <u>2009/110/EB</u> , þ.m.t. hvort uppbygging samstæðunnar, sem hún verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda,	4. tölul. 1. mgr. 42. gr. a ffl.: Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni <u>torvelða eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða</u> hafa áhrif á hvort <u>það hlutaðeigandi lánastofnun</u> muni fylgja <u>varfærnisröfum samkvæmt</u> lögum og reglum sem um starfsemi <u>þess hennar</u> gilda. Við mat á því skal <u>m.a. meðal annars</u> horft til <u>fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/ eða önnur stjórnvöld, til þess</u> hvort staða <u>fjármálafyrirtækisins lánastofnunarinnar</u> í samstöðu félaga sem <u>það hún</u> mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra <u>það í eðlilegarum</u> eftirlitsaðgerðum, <u>upplýsingaskipti við önnur lögbær yfirvöld eða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindri eðlilegt eftirlit.</u>
e) því hvort gildar ástæður séu til grunsemda um, í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku og í skilningi 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins <u>2005/60/EB</u> frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, að peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi sér stað eða hafi átt sér stað eða verið reynd, eða hvort fyrirhuguð yfirtaka gæti aukið hættuna á því.	5. tölul. 1. mgr. 42. gr. a ffl.: Hvort ætla megi að fyrirhugað eignarhald tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, eða tilraun til slíks athæfis, eða geti aukið líkur á slíku athæfi innan hlutaðeigandi <u>fjármálafyrirtækis lánastofnunar</u> .
2. Lögbær yfirvöld geta aðeins andmælt fyrirhugaðri yfirtöku þegar til þess liggja haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða þegar upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, eru ófullnægjandi.	1. mgr. 42. gr. a ffl.: [Tilgreinir á hvaða sjónarmiðum mat Fjármálaeftirlitsins skuli byggjast.] 2. másl. 1. mgr. 43. gr. ffl.: Hafi Fjármálaeftirlitið óskað eftir upplýsingum skv. 42. gr. og þær ekki borist innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í ákvæðinu eða þær eru ófullnægjandi

²⁸ „member of the management body“ í ensku útgáfu.

²⁹ Fellt brott með 1. gr. tilskipunar (ESB) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.

	að mati Fjármálaeftirlitsins getur Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.
3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um stærð eignarhlutdeildar, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.	1. mgr. 42. gr. a ffl.: [Tilgreinir á hvaða sjónarmiðum mat Fjármálaeftirlitsins skuli byggjast.]
4. Aðildarríki skulu birta skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma matið og ber að senda það lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Umbeðnar upplýsingarnar skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.	41. gr. ffl. [Tilgreinir hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn.]
5. Hafi lögbæra yfirvaldinu verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkum eignarhlut í sömu lánastofnun skal, með fyrirvara um 2., 3. og 4. mgr. 22. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.	Leiðir af jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar.
24. gr. Samvinna milli lögbærra yfirvalda	
1. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu hafa með sér fullt samráð þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er eitt af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> a) lánastofnun, váttryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi b-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB („rekstrarfélag verðbréfasjóðs“) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð, b) móðurfélag lánastofnunar, váttryggingafélags, endurtryggingafélags, verðbréfafyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð eða c) einstaklingur eða lögaðili sem ræður yfir lánastofnun, váttryggingafélagi, endurtryggingafélagi, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð. 	1. másl. 2. mgr. 42. gr. a ffl.: Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki, eða váttryggingafélag eða rekstrarfélag verðbréfasjóða með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessara eignarhluta , skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld lögbær yfirvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.
2. Lögbær yfirvöld skulu veita hvert öðru, án ástæðulausrar tafar, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu lögbæru yfirvöldin senda hvert öðru allar upplýsingar sem málið varðar, ef óskað er eftir þeim, og að eigin frumkvæði allar mikilvægar upplýsingar. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur starfsleyfi til lánastofnunarinnar sem fyrirhugað er að yfirtaka, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem	1. másl. innleiddur með 2. másl. 2. mgr. 42. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið skal að eigin frumkvæði veita viðkomandi yfirvöldum upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir mat þeirra og verða án ástæðulausrar tafar við óskum um frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir matið. 2. másl. innleiddur með 2. másl. 2. mgr. 43. gr. ffl.: Í niðurstöðunni skal greint frá sjónarmiðum og fyrirvörum sem lögbært yfirvald þess sem

lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

25. gr. Tilkyning ef um er að ræða fjárlosun

Aðildarríki skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa virkum eignarhlut í lánastofnun beint eða óbeint, tilkynni það lögbærum yfirvöldum skriflega áður en hann losar hlutinn og tilgreini stærð viðkomandi eignarhlutar. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhlut sinn nógu mikið til að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutfjár³⁰ hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða þannig að lánastofnunin hætti að vera dótturfélag hans. Ekki skal gerð krafa um að aðildarríki beiti 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar [2004/109/EB](#), beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

26. gr. Upplýsingaskylda og viðurlög

1. Þegar lánastofnanir fá vitneskju um yfirtökur eða ráðstafanir á eignarhlutum í hlutfé sínu sem valda því að þeir fara yfir eða undir viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. og 25. gr. skulu þær upplýsa lögbæru yfirvöldin um þessar yfirtökur og ráðstafanir.

Lánastofnanir sem hafa verið teknar til viðskipta á skipulegum markaði skulu, að minnsta kosti árlega, upplýsa lögbær yfirvöld um nöfn þeirra hluthafa og félagsaðila sem eiga virkan eignarhlut og upphæð slíkra eignarhluta sem gefin er upp t.d. á aðalfundum hluthafa og félagsaðila eða með fylgni við reglugerðir sem varða félög sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.

2. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að lögbær yfirvöld gripi til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand þegar áhrif aðilanna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eru líkleg til að vinna gegn varfærinni og traustri stjórnun stofnunarinnar. Slíkar ráðstafanir geta verið lögbann, viðurlög, með fyrirvara um 65.–72. gr. og gagnvart stjórnarmönnum og stjórnendum, eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum hluthafa eða félagsaðila lánastofnunarinnar sem um ræðir.

[hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur látið í ljós við samráð skv. 2. mgr. 42. gr. a.](#)

47. gr. ffl.: Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutfjár- eða stofnfjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu [skriflega](#) fyrir fram og einnig hver eignarhlutur [eða atkvæðisréttur](#) hans muni verða. Fari eignarhluturinn [eða atkvæðisrétturinn](#) niður fyrir 20%, ~~30~~%, 50% eða svo mikið að [fjármálafyrirtækið-lánastofnun](#) hættir að vera dótturfélag hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutfjár- eða stofnfjáraukningar.

1. mgr. 48. gr. ffl.: Þegar hlutfjár- eða stofnfjáreign [eða atkvæðisréttur](#) í [fjármálafyrirtæki lánastofnun](#) fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 40. gr. skal stjórn [þess-hennar](#) tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

2. mgr. 48. gr. ffl.: Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal [fjármálafyrirtæki lánastofnun sem tekin hefur verið til viðskipta á skipulegum markaði](#) tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í [því-henni](#) og um hlutfjáreign hvers þeirra. Sama á við um eigendur stofnfjár.

2. mgr. 49. gr. ffl.: Teljist einstaklingur eða lögaðili ekki lengur hæfur til þess að fara með virkan eignarhlut [eða fer þannig með hlut sinn að það sé líklegt til að skaða heilbrigðan og traustan rekstur lánastofnunar](#) er heimilt að veita hæfilegan frest til úrbóta sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Verði úrbótum ekki við komið eða líði frestur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt skv. 1. másl. [tilkynnir Fjármálaeftirlitið aðilanum og viðkomandi lánastofnun um brottfall atkvæðisréttar aðilans umfram lágmark þess sem telst virkur eignarhlutur. Honum er þá jafnframt skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram þau mörk. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Skal Fjármálaeftirlitið gripa til þeirra úrræða sem getið er um í 46. gr. Við mat á hæfi samkvæmt ákvæði þessu skal m.a. horft til 2. mgr. 42. gr.](#)

³⁰ „capital“ í ensku útgáfu.

Svipaðar ráðstafanir gilda gagnvart einstaklingum eða lögaðilum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrirfram, eins og sett er fram í 1. mgr. 22. gr. og með fyrirvara um 65.–72. gr.

45. gr. ffl.: Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 40. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram ~~það sem hann átti áður leyfileg mörk~~. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi ~~fjármála fyrirtæki lánastofnun~~ um brottfall atkvæðisréttarins fái það vitneskju um kaupin eða aukninguna. Skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 41. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 41.–43. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ~~og upplýsingar skv. 41. gr.~~ ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram ~~það sem hann átti áður leyfileg mörk~~. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

21. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra]: 1. mgr. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut.

13. tölul. 1. mgr. 112. gr. b ffl.: [Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:] 1. mgr. 40. gr. um tilkynningu um virkan eignarhlut.

Ef eignarhluta er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum viðurlögum sem gripið er til, sjá um að viðkomandi sé sviptur atkvæðisrétti sínum³¹ tímabundið, að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

46. gr. ffl.: Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur ~~sem fylgir þeim hlut sem er umfram leyfileg mörk~~ ~~áðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur~~. ~~Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi lánastofnun um brottfall atkvæðisréttarins fái það vitneskju um kaupin eða aukninguna~~. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram ~~það sem hann átti áður og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til leyfileg mörk~~. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. ~~Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.~~

27. gr. Viðmiðanir fyrir virkan eignarhlut

³¹ „corresponding voting rights“ í ensku útgáfu.

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar fyrir virkan eignarhlut séu uppfylltar, eins og um getur í 22., 25. og 26. gr., ber að taka tillit til atkvæðisréttarins sem um getur í 9., 10. og 11. gr. tilskipunar [2004/109/EB](#) og skilyrða um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Við ákvörðun á því hvort viðmiðanirnar um virkan eignarhlut, sem um getur í 26. gr., séu uppfylltar, skulu aðildarríki ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem stofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli, skv. 6. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun [2004/39/EB](#), að því tilskildu að réttindi þessi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórnun útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

2. og 3. tölul. 2. mgr. 40. gr. ffl.: [Við mat á því hvort hlutdeild í lánastofnun feli í sér virkan eignarhlut skal atkvæðisréttur ákvarðaður til samræmis við III. kafla laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, eftir því sem við getur átt. Ekki skal telja með hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétt sem fjármálafyrirtæki á vegna sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga skv. f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, enda séu þessi réttindi ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórnun útgefandans og ráðstafað innan árs frá öflun.](#)

IV. BÁLKUR: STOFNFÉ FJÁRFESTINGARFYRIRTÆKJA

TILSKIPUN

28. gr. Stofnfé fjárfestingarfyrirtækja

1. Stofnfé verðbréfafyrirtækja skal aðeins samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

2. Stofnfé allra annarra verðbréfafyrirtækja en þeirra sem um getur í 29. gr. skal vera 730 000 evrur.

29. gr. Stofnfé tiltekinna tegunda fjárfestingarfyrirtækja

1. Verðbréfafyrirtæki, sem hvorki verslar með fjármálagerninga fyrir eigin reikning né sölutryggir útgáfu fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli, en tekur til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina og veitir einhverja eftirtalda þjónustu, skal hafa stofnfé sem nemur 125 000 evrum:

- móttöku og miðlun á fyrirmælum fjárfesta varðandi fjármálagerninga,
- framkvæmd fyrirmæla fjárfesta varðandi fjármálagerninga,
- stjórnun einstakra fjárfestingasafna sem samanstanda af fjármálagerningum.

INNLEIÐING

2. másl. 1. mgr. 14. gr. a ffl.: [Stofnframlag skal samanstanda af einum eða fleiri liðum sem um getur í a–e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013. Til stofnframlags skv. 1. másl. telst einn eða fleiri af eftirfarandi eiginfjárliðum:](#)

- Fjármagnsgerningar, þ.m.t. innborgað hlutafé og innborgað stofnfé sem uppfylla skilyrði 84. gr. b.
- Yfirverðsreikningur vegna eiginfjárgerninga skv. 1. tölul., þ.m.t. yfirverðsreikningur hlutafjár og stofnfjár.
- Óráðstafað eigið fé.
- Varasjóður.

2. mgr. 14. gr. a ffl.: [Hlutafé Stofnframlag](#) verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema jafnvirði 730 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum.

3. mgr. 14. gr. a ffl.: Þrátt fyrir 2. mgr. getur [hlutafé-stofnframlag](#) verðbréfafyrirtækis að lágmarki numið jafnvirði 125 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum ef verðbréfafyrirtækið uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- Það hefur ekki starfsheimildir skv. c- og f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Það hefur starfsheimild skv. a-lið 66. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og a.m.k. eina af starfsheimildum skv. a-, b- og d-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

2. Lögbæru yfirvöldin geta heimilað verðbréfafyrirtækjum, sem framkvæma fyrirmæli fjárfesta varðandi fjármálagerninga, að varðveita slíka gerninga fyrir eigin reikning ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- slíkar stöður eru aðeins til komnar vegna þess að fyrirtækið getur ekki fullkomlega framkvæmt fyrirmæli fjárfesta,
- heildarmarkaðsvirði allra slíkra staðna fer ekki yfir 15% af stofnfé fyrirtækisins,
- fyrirtækið uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 92.–95. gr. og fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),
- slíkar stöður eru tilfallandi og til bráðabirgða og algerlega takmarkaðar við þann tíma sem þarf til að annast umrædd viðskipti.

3. Aðildarríkjum er heimilt að lækka fjárhæðina, sem um getur í 1. mgr., í 50 000 evrur ef fyrirtækið hefur ekki leyfi til að taka til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina, versla fyrir eigin reikning eða ábyrgjast útgáfur á skuldbindandi grundvelli.

4. Eignarhald á stöðum í fjármálagerningum utan veltubókar til að fjárfesta fyrir eiginfjárgrunn telst ekki viðskipti fyrir eigin reikning með tilliti til þjónustunnar sem er sett fram í 1. mgr. eða í skilningi 3. mgr.

30. gr. Stofnfé staðbundinna fyrirtækja

Stofnfé staðbundinna fyrirtækja skal vera 50 000 evrur svo fremi að þau njóti staðfesturéttar eða veiti þjónustu sem er tilgreind í 31. eða 32. gr. tilskipunar [2004/39/EB](#).

31. gr. Tryggingavernd fyrirtækja sem hafa ekki leyfi til að taka til vörslu peninga eða verðbréf viðskiptavina

1. Tryggingavernd fyrirtækjanna, sem um getur í c-undirlið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), gegn áhættu skal vera í formi eins af eftirfarandi:

- stofnfjár sem nemur 50 000 evrum,
- starfsábyrgðartryggingar sem tekur til alls yfirráðasvæðis Sambandsins eða einhverrar annarrar sambærilegrar tryggingar til að mæta bótakröfum er leiða af vanrækslu í starfi og skal hún nema a.m.k. 1 000 000 evra fyrir hverja kröfu og samtals 1 500 000 evrum á ári fyrir allar kröfur,
- samsetningar stofnfjár og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.

4. mgr. 14. gr. a ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur heimilað](#) ~~V~~erðbréfafyrirtæki, sem fellur undir 3. mgr. ~~14. gr. a~~, með leyfi til að framkvæma fyrirmæli varðandi fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina, ~~er heimilt~~ að varðveita slíka fjármálagerninga fyrir eigin reikning séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- Slíkar stöður í fjármálagerningum megi einungis rekja til þess að ekki hafi tekist að mæta fyrirmælum viðskiptavina nákvæmlega.
- Heildarmarkaðsverðmæti fjármálagerninga samkvæmt þessari málsgrein fari ekki yfir 15% af ~~stofnframlagi~~ ~~hlutafé~~ verðbréfafyrirtækisins.
- Ákvæði ~~92.–95. gr. og 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013~~ ~~IV. kafla C og X. kafla~~ séu uppfyllt.
- Um sé að ræða ráðstafanir til bráðabirgða sem takmarkast við það tímamark sem nauðsynlegt er til að framkvæma fyrirmælin.

5. mgr. 14. gr. a ffl.: Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. getur ~~hlutafé-stofnframlag~~ verðbréfafyrirtækis að lágmarki numið jafnvirði 50 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum ef verðbréfafyrirtæki hefur ekki starfsheimild skv. c- og f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og a-lið 66. tölul. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

6. mgr. 14. gr. a ffl.: [Heimild verðbréfafyrirtækis til að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar í því skyni að ávaxta eigið fé sitt telst ekki til heimildar skv. c-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, hvað 3. og 5. mgr. þessarar greinar varðar.](#)

7. mgr. 14. gr. a ffl.: [Hlutafé-Stofnframlag](#) staðbundins fyrirtækis skal að lágmarki nema jafnvirði 50 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum ef það veitir þjónustu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu skv. 36. og/eða 37. gr.

8. mgr. 14. gr. a ffl.: [Fyrirtæki sem annast móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina, eignastýringu og/eða fjárfestingarráðgjöf, sbr. a-, b-, d- og e-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, en stundar ekki aðra fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi samkvæmt sama tölulið og hefur ekki heimild til vörslu eða umsýslu í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, sbr. a-lið 66. tölul. sömu málsgreinar, né til að halda peningum eða verðbréfum viðskiptavina sinna af öðrum sökum og má því aldrei koma sér í skuld við þá, skal hafa:](#)

	<p>a. stofnframlag að lágmarki jafnvirði 50 þúsund evra (EUR) í íslenskum krónum,</p> <p>b. starfsábyrgðartryggingu sem tekur til alls Evrópska efnahagsvæðisins eða aðra sambærilega tryggingu til að mæta bótakröfum vegna vanrækslu í starfi sem nemur að lágmarki 1 millj. evra (EUR) fyrir hverja kröfu og samtals 1,5 millj. evra (EUR) á ári fyrir allar kröfur eða</p> <p>c. samsetningu stofnframlags og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.</p>
<p>Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega fjárhæðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>2. Þegar fyrirtæki, sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er einnig skráð samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga verður það að fara að ákvæðum 3. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar³² og verður tryggingavernd þeirra að vera í formi eins af eftirfarandi:</p> <p>a) stofnfjár sem nemur 25 000 evrum,</p> <p>b) starfsábyrgðartryggingar sem tekur til alls yfirráðasvæðis Sambandsins eða einhvern annarrar sambærilegrar tryggingar til að mæta bótakröfum sem leiða af vanrækslu í starfi, og skal hún nema a.m.k. 500 000 evra fyrir hverja kröfu og samtals 750 000 evrum á ári fyrir allar kröfur,</p> <p>c) samsetningar stofnfjár og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.</p>	<p>2. mgr. 12. gr. laga um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019: Starfsábyrgðartrygging váttryggingamiðlara skal tekin til eins árs í senn og váttryggingafjárhæðin að lágmarki vera jafnvirði 1,25 milljóna evra í íslenskum krónum vegna hvers tjónsatviks og jafnvirði 1,85 milljóna evra í íslenskum krónum vegna allra tjónsatvika á váttryggingartímabilinu.</p> <p>9. mgr. 14. gr. a ffl.: Þrátt fyrir 8. mgr. skal fyrirtæki samkvæmt málsgreininni sem er á skrá yfir váttryggingamiðlara samkvæmt lögum um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019, hafa:</p> <p>a. stofnframlag að lágmarki jafnvirði 25 þús. evra (EUR) í íslenskum krónum,</p> <p>b. starfsábyrgðartryggingu sem tekur til alls Evrópska efnahagsvæðisins eða aðra sambærilega tryggingu til að mæta bótakröfum vegna vanrækslu í starfi sem nemur að lágmarki 500 þús. evrum (EUR) fyrir hverja kröfu og samtals 750 þús. evrum (EUR) á ári fyrir allar kröfur eða</p> <p>c. samsetningu stofnframlags og starfsábyrgðartryggingar sem veitir sambærilega tryggingu og þá sem um getur í a- eða b-lið.</p>
<p>32. gr. Ákvæði sem mælir fyrir um að eldri reglur gildi</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).</p>
<p>1. Þrátt fyrir ákvæði 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. og 3. mgr.) og 30. gr. geta aðildarríkin áfram viðurkennt starfsleyfi verðbréfafyrirtækja og fyrirtækja, sem um getur í 30. gr. og voru starfrækt fyrir 31. desember 1995, jafnvel þótt eiginfjárgrunnur þeirra sé minni en stofnféð sem tilgreint er í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr.</p> <p>Eiginfjárgrunnur slíkra verðbréfafyrirtækja eða fyrirtækja skal ekki fara niður fyrir hæsta viðmiðunarstigið sem reiknað er eftir 23. mars 1993. Það viðmiðunarstig skal vera daglegt meðaltal eiginfjárgrunns reiknað út frá næstliðnum sex mánuðum áður en útreikningurinn fer fram. Viðmiðunarstigið skal reiknað á sex mánaða fresti fyrir undanfarandi tímabil.</p>	

³² Villa í þýðingu. Ætti að standa „tilskipunar“ í stað „reglugerðar“.

2. Ef yferráð yfir stjórn verðbréfafyrirtækis eða fyrirtækis, sem fellur undir 1. mgr., færast í hendur annars einstaklings eða lögaðila en þess sem fór með yferráð yfir því 31. desember 1995 eða fyrr skal eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækisins eða fyrirtækisins ná að minnsta kosti því marki sem kveðið er á um í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. nema þegar um fyrsta framsal er að ræða í tengslum við arf eftir 31. desember 1995, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, þó ekki lengur en í tíu ár frá dagsetningu þessa framsals.

3. Eiginfjárgrunnur fyrirtækis, sem til verður við samruna tveggja eða fleiri verðbréfafyrirtækja eða fyrirtækja sem falla undir 30. gr., þarf ekki að ná því marki sem tilgreint er í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. Svo fremi mörkunum sem um getur í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. hefur ekki verið náð má eiginfjárgrunnur fyrirtækisins sem til verður við samrunann þó ekki fara niður fyrir heildarfjárhæð eiginfjárgrunns samrunafyrirtækjanna við samrunann.

4. Eiginfjárgrunnur verðbréfafyrirtækja og fyrirtækja sem falla undir 30. gr. má ekki fara niður fyrir markið sem tilgreint er í 28. gr. (2. mgr.), 29. gr. (1. eða 3. mgr.) eða 30. gr. og 1. og 3. mgr. þessarar greinar.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda þegar lögbær yfirvöld telja nauðsynlegt að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. séu uppfyllt til að tryggja gjaldþol stofnunar.

V. BÁLKUR: ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

1. KAFLI: Almennar meginreglur

TILSKIPUN

33. gr. Lánastofnanir

Aðildarríki skulu sjá til þess að heimilt sé að stunda starfsemina sem talin er upp í I. viðauka á yferráðasvæðum þeirra í samræmi við 35. gr., 36. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 39. gr. (1. og 2. mgr.) og 40.–46. gr., annaðhvort með því að stofna útibú eða veita þjónustu á vegum lánastofnunar sem hefur starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki og er undir eftirliti þeirra að því tilskildu að starfsleyfið nái til þessarar starfsemi.

INNLEIÐING

1. og 3. másl. 1. mgr. 31. gr. ffl.: Erlend~~u~~
fjármálafyrirtækilánastofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi [...]. Útibúinu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess.

1. og 3. másl. 32. gr. ffl.: Erlend~~u~~
fjármálafyrirtækilánastofnun, sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús. [...] Heimildir til að veita þjónustu hér á landi erlendis frá samkvæmt þessari grein verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaríki þess.

34. gr. Fjármálastofnanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem skráð er I. viðauka á yferráðasvæðum þeirra í samræmi við 35. gr., 36. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 39. gr. (1. og 2. mgr.) og 40.–46. gr., annaðhvort með því að stofna útibú eða veita þjónustu á vegum fjármálastofnunar frá öðru aðildarríki, hvort sem um ræðir dótturfélag lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana sem hafa leyfi samkvæmt stofnsamþykktum til að stunda þessa starfsemi og uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1. mgr. 32. gr. a ffl.: [Erlend fjármálastofnun, sem er dótturfélag lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana og hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, og dótturfélag slíkrar fjármálastofnunar getur stofnsett útibú hér á landi eða veitt þjónustu hér á landi án stofnunar útibús sem fyrirtækinu er heimil í heimaríki þess. Svissneskar og færeyskar fjármálastofnanir og dótturfélög þeirra geta stofnað útibú eða veitt þjónustu án stofnunar útibús með þeim hætti sem segir í þessari grein enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og fjármálastofnana eða dótturfélaga þeirra með staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.](#)

Inngangsmásl. 2. mgr. 32. gr. a ffl.: [Heimild skv. 1. mgr. er háð því að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt og að Fjármálaeftirlitinu hafi borist staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfélags eða -félaga þess efnis:](#)

a) móðurfélagið eða -félögin hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í aðildarríkinu samkvæmt þeim lögum sem fjármálastofnunin lýtur,

1. tölul. 2. mgr. 32. gr. ffl.: [Fjármálastofnunin lýtur lögum annars aðildarríkis og móðurfélagið eða -félögin hafa starfsleyfi sem lánastofnanir í sama aðildarríki.](#)

b) umrædd starfsemi fer í reynd fram á yferráðasvæði þessa sama aðildarríkis,

3. tölul. 2. mgr. 32. gr. ffl.: [Umrædd starfsemi fer í reynd fram á yferráðasvæði þessa sama aðildarríkis.](#)

c) móðurfélagið eða -félögin skulu eiga 90% eða meira af atkvæðisrétti sem fylgir hlutum í hlutafé í fjármálastofnuninni,

3. tölul. 2. mgr. 32. gr. ffl.: [Móðurfélagið eða -félögin fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í fjármálastofnuninni.](#)

d) móðurfélagið eða -félögin uppfylla skilyrði lögbærra yfirvalda um varfærna stjórnun fjármálastofnunarinnar og hefur eða hafa lýst því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi heimaaðildarríkis að það eða þau beri óskipta ábyrgð á þeim skuldbindingum sem fjármálastofnunin stofnar til,

4. tölul. 2. mgr. 32. gr. ffl.: [Móðurfélagið eða -félögin uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins um heilbrigða og trausta stjórnun fjármálastofnunarinnar og hafa jafnframt lýst því yfir, með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra, að þau beri óskipta ábyrgð á þeim skuldbindingum sem fjármálastofnunin stofnar til.](#)

e) fjármálastofnunin heyrir raunverulega undir það eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfélag, eða hvert móðurfélag, þess lýtur, einkum varðandi umrædda starfsemi og í samræmi við 3. kafla í VII. bálki þessarar tilskipunar og 2. kafla í II. bálki fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), einkum hvað snertir lágmarkskröfur vegna eiginfjárgrunns sem settar eru fram í 92. gr. þeirrar reglugerðar vegna stjórnunar stórra áhættuskuldbindinga, sem kveðið er á um í fjórða hluta þeirrar reglugerðar og vegna takmörkunar eignarhlutdeilda, sem kveðið er á um í 89. og 90. gr. þeirrar reglugerðar.

5. tölul. 2. mgr. 32. gr. ffl.: [Dótturfélagið heyrir undir eftirlit á samstæðugrunni sem móðurfélagið eða sérhvert móðurfélaganna lýtur til samræmis við 3. kafla VII. bálks tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og 2. kafla II. bálks 1 hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013, einkum hvað snertir eiginfjárkröfur skv. 92. gr., stórar áhættuskuldbindingar skv. 4. hluta og virka eignarhluti utan fjármálageirans skv. 89. og 90. gr. reglugerðarinnar.](#)

Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu sannreyna að skilyrðunum, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein, hafi verið fullnægt og sjá fjármálastofnuninni fyrir vottorði þar að lútandi og

Inngangsmásl. 2. mgr. 32. gr. a ffl.: [Heimild skv. 1. mgr. er háð því að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt og að Fjármálaeftirlitinu hafi borist](#)

skal það vera hluti tilkynningarinnar sem vísað er til í 35. og 39. gr.

staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfélags eða -félaga þess efnis:

1. másl. 3. mgr. 37. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið skal sannreyna hvort þeim skilyrðum sem um getur í 1. mgr. 32. gr. a sé fullnægt og láta fjármálastofnuninni eða dótturfélaginu í té staðfestingu þar að lútandi.

2. Ef fjármálastofnun sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. uppfyllir ekki lengur sett skilyrði skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skýra lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkisins frá því og mun þá starfsemin sem sú fjármálastofnun annast í gístiaðildarríkinu falla undir gildandi lög í gístiaðildarríkinu.

Leiðir af 32. gr. a ffl. hvað starfsemi erlendra fjármálastofnana hér á landi varðar.

5. mgr. 37. gr. a ffl.: Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálastofnunin eða dótturfélag hennar veitir þjónustu um breytingar á áður veittum upplýsingum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um dótturfélag fjármálastofnunar, eins og um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., til samræmis við það.

32. gr. a og 37. gr. a ffl.

2. KAFLI: Staðfesturéttur lánastofnana

TILSKIPUN

INNLEIÐING

35. gr. Tilkynningarskylda og víxlverkun milli lögbærra yfirvalda

1. Lánastofnun sem æskir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

1. mgr. 36. gr. ffl.: Innlendir fjármálafyrirtæki lánastofnanir sem byggjast starfrækja útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum skulu tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram.

2. Aðildarríki skulu krefja sérhverja lánastofnun, sem æskir að stofna útibú í öðru aðildarríki, um allar eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

2. mgr. 36. gr. ffl.: Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um [...].

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis hún hyggst stofna útibú,

[...] í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú, [...].

b) áætlun um fyrirhugaða starfsemi þar sem meðal annars komi fram hvers konar starfsemi er fyrirhuguð og hvernig útibúið verður uppbyggt,

[...] lýsing á starfsemi-útibúsins, skipulagi þess og fyrirhugaðri starfsemi og [...].

c) heimilisfang í gístiaðildarríkinu þar sem skjöl eru látin í té,

[...] upplýsingar um heimilisfang útibúsins og [...].

d) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins.

[...] nöfn stjórnenda þess.

3. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnsýsluskipulag eða fjárhagsstaða lánastofnunarinnar sé fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðrar starfsemi, skulu þau innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu um þær og upplýsa hlutaðeigandi lánastofnun til samræmis við það.

3. og 4. mgr. 36. gr. ffl.: Ef Fjármálaeftirlitið bannar ekki stofnun útibús skv. 4. mgr. skal það Eigi síðar en þremur mánuðum frá því að Fjármálaeftirlitinu því bærust upplýsingar skv. 2. mgr. senda staðfestingu þær til lögbærra yfirvalda gístiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gístiríkis upplýsingar um eigið féfjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fyrirtækisins, og eiginfjárkröfur til þess skv. 92. gr. reglugerðar

	<p>(ESB) nr. 575/2013-um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.</p> <p>Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús skv. 1. mgr. ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða hlutaðeigandi <u>fjármálafyrirtækis-lánastofnunar</u> sé ekki nægilega traust. [...].</p>
<p>Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu einnig tilkynna um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns og summu krafna vegna eiginfjárgrunns lánastofnunarinnar skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>	<p>2. másl. 3. mgr. 36. gr. ffl.: Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis upplýsingar um <u>eigið féfjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fyrirtækisins, og eiginfjárkröfur til þess skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013-um eigið fé fyrirtækisins, gjaldfærni, tryggingar innlána og bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins</u>.</p>
<p>Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, þrátt fyrir aðra undirgrein og í því tilviki sem um getur í 34. gr., tilkynna um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fjármálastofnunarinnar og heildarfjárhæð áhættugrunns lánastofnunar, sem er móðurfélag hennar, reiknaða í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>	<p>2. másl. 3. mgr. 37. gr. a ffl.: <u>Ef skilyrðunum er fullnægt skal Fjármálaeftirlitið jafnframt tilkynna lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis um fjárhæð og samsetningu eiginfjárgrunns fjármálastofnunarinnar og fjárhæð áhættugrunns lánastofnunar sem er móðurfélag fjármálastofnunarinnar, eins og áhættugrunnurinn er reiknaður skv. 3. og 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</u></p>
<p>4. Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að veita lögbærum yfirvöldum gistaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi lánastofnun frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingarnar bárust.</p>	<p>108. gr. ffl.: <u>Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja skriflega ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga samkvæmt lögum þessum.</u></p>
<p>Heimilt er að leita til dómstóla í heimaaðildarríkinu við synjun eða ef ekkert svar berst.</p>	<p>Leiðir af almennum reglum um aðgang að dómstólum.</p>
<p>5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður í samræmi við þessa grein.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.</p>	<p>3. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: <u>[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópubingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 5. og 6. mgr. 35. gr. um tilkynningarskyldu og víxlverkun milli lögbærra yfirvalda.</u></p>
<p>6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir upplýsingaskipti.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.</p>	<p>3. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: <u>[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar</u></p>

	Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 5. og 6. mgr. 35. gr. um tilkynningarskyldu og víxlverkun milli lögbærra yfirvalda.
7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 5. og 6. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
36. gr. Upphaf starfsemi	
1. Áður en útibú lánastofnunar hefur starfsemi og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um getur í 35. gr. hafa borist, skulu lögbær yfirvöld gístaðildarríkis undirbúa eftirlit með lánastofnuninni samkvæmt 4. kafla og ef nauðsyn krefur benda á hvaða skilyrðum starfsemin í gístaðildarríkinu skuli vera háð svo almennra hagsmuna sé gætt.	1. mgr. 31. gr. ffl.: Erlendt fjármálafyrirtæki lánastofnun , sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. [...] Fjármálaeftirlitið skal upplýsa erlendu lánastofnunina um skilyrði sem starfsemin er háð og sett hafa verið í þágu almannahagsmuna, ef þörf krefur.
2. Þegar orðsending berst frá lögbærum yfirvöldum gístaðildarríkisins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 1. mgr. runnið út án þess að orðsending hafi borist frá þeim, má stofna útibúið og hefja starfsemi.	1. og 2. másl. 1. mgr. 31. gr. ffl.: Erlendt fjármálafyrirtæki lánastofnun , sem hefur staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, getur stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki fyrirtækisins. Heimilt er að stofnsetja útibúið fyrir með samþykki Fjármálaeftirlitsins.
3. Ef breytingar verða á upplýsingum sem tilkynntar eru samkvæmt b-, c- eða d-lið 2. mgr. 35. gr. skal lánastofnun tilkynna lögbærum yfirvöldum heima- og gístaðildarríkjanna skriflega um viðkomandi breytingu að minnsta kosti mánuði áður en hún er gerð til að gera lögbærum yfirvöldum heimaðildarríkisins fært að taka ákvörðun eftir tilkynningu skv. 35. gr. og lögbærum yfirvöldum gístaðildarríkisins að taka ákvörðun um setningu skilyrðanna fyrir breytingunni skv. 1. mgr. þessarar greinar.	5. mgr. 36. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki Lánastofnun skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem hún starfrækir útibú skriflega um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 2. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fjármálafyrirtæki starfrækir útibú um breytingar á áður veittum upplýsingum. Jafnframt skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða lokun útibúsins innan framangreinds frests.
4. Líta ber svo á að útibú sem hófu starfsemi fyrir 1. janúar 1993, í samræmi við gildandi ákvæði í gístaðildarríkjum sínum, hafi lotið þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 35. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Frá 1. janúar 1993 skulu þau falla undir gildissvið 3. mgr. þessarar greinar og 33. og 52. gr. ásamt 4. kafla.	Krefst ekki innleiðingar.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður í samræmi við þessa grein.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	4. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar

	Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 5. og 6. mgr. 36. gr. um upphaf starfsemi.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir upplýsingaskipti.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	4. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 5. og 6. mgr. 36. gr. um upphaf starfsemi.
7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 5. og 6. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
37. gr. Upplýsingar um synjanir	
Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina [Eftirlitsstofnun EFTA í tilvikum EFTA-ríkja] og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hversu oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi samkvæmt 35. gr. og 3. mgr. 36. gr.	3. másl. 4. mgr. 36. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni um slík bönn.
38. gr. Samsöfnun útibúa	
Allar starfsstöðvarnar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, ber að telja sem eitt útibú.	2. másl. 12. tölul. 1. mgr. 1. gr. b ffl.: Allar starfsstöðvar, sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki, teljast eitt útibú.

3. KAFLI: Nýting frelsis til að veita þjónustu

TILSKIPUN

39. gr. Málsmeðferð við tilkynningu

1. Hver lánastofnun, sem fer fram á að nýta sér frelsi til að veita þjónustu með því að stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í fyrsta sinn, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins hvaða starfsemi í skránni í I. viðauka hún hyggst stunda.	1. mgr. 37. gr. ffl.: Hyggist fjármálafyrirtæki lánastofnun veita þjónustu samkvæmt þessum lögum í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, án stofnunar útibús, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram [...] í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fölgin [...].
2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu, innan mánaðar frá því að þeim berst tilkynningin sem kveðið er á um í 1. mgr., senda hana lögbærum yfirvöldum í gistaðildarríkinu.	2. mgr. 37. gr. ffl.: Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. framsendir Fjármálaeftirlitið tilkynninguna til lögbærra eftirlitsaðila yfirvalda í viðkomandi ríki [...].
3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á réttindi sem lánastofnanir sem veita þjónustu hafa öðlast fyrir 1. janúar 1993.	Krefst ekki innleiðingar.
4. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina upplýsingarnar sem tilkynna verður um í samræmi við þessa grein.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um	5. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir

getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

[með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 4. og 5. mgr. 39. gr. um málsmeðferð við tilkynningu.](#)

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir slíka tilkynningu.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

5. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 4. og 5. mgr. 39. gr. um málsmeðferð við tilkynningu.](#)

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 4. og 5. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

4. KAFLI: Valdheimildir lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins

TILSKIPUN

INNLEIÐING

40. gr. Upplýsingaskylda

Lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkjunum geta krafist þess að allar lánastofnanir, sem hafa útibú á yfirráðasvæðum þeirra, gefi þeim skýrslu með reglulegu millibili um starfsemi sína í viðkomandi gístiaðildarríkjunum.

Aðeins skal krefjast slíkra skýrslna í upplýsingaskyni eða í tölfræðilegum tilgangi, vegna beitingar 1. mgr. 51. gr. eða í tilgangi eftirlits í samræmi við þennan kafla. Þær skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

Lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkjunum geta einkum krafist upplýsinga frá lánastofnununum, sem um getur í fyrstu undirgrein, til að gera þessum lögbæru yfirvöldum kleift að meta hvort útibú sé mikilvægt í samræmi við 1. mgr. 51. gr.

1. mgr. 34. gr. ffl.: [Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja erlendar lánastofnanir sem hafa útibú á Íslandi um skýrslu með reglulegu millibili um starfsemi sína á Íslandi í þeim tilgangi að afla upplýsinga eða tölfræði eða vegna framkvæmdar ákvæða laga þessara um mikilvæg útibú, einkum til að meta hvort útibú sé mikilvægt, eða eftirlits samkvæmt þessari grein.](#) Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja útibú erlendra [fjármálafyrirtækja lánastofnana](#) með heimild til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi um allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort útibúið fylgi viðeigandi reglum um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta.

Fyrirmæli 2. másl. 2. undirgreinar tilskipunargreinarinnar innleidd með ákvæðum sem innleiða 1. mgr. 53. gr. tilskipunarinnar.

41. gr. Ráðstafanir sem lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu gera í tengslum við starfsemi sem stunduð er í gístiaðildarríkinu

1. Komist lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu að því á grundvelli upplýsinga sem þau [fá] frá lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríki, skv. 50. gr., að lánastofnun sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þess uppfyllir annað eftirfarandi skilyrði í tengslum við starfsemi sem stunduð er í viðkomandi gístiaðildarríki skulu þau upplýsa lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins um það:

1. másl. 2. mgr. 34. gr. ffl.: Ef Fjármálaeftirlitið hefur ~~rökstudda ástæðu til að ætla að erlent~~ [fjármálafyrirtæki, á grundvelli upplýsinga frá lögbæru yfirvaldi í heimaríki erlendar lána- eða fjármálastofnunar](#) með starfsemi hérlendis, hvort sem er með eða án útibús, ~~rökstudda ástæðu til að ætla að hún~~ brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga, ~~eða að veruleg hættu sé á því,~~ skal Fjármálaeftirlitið gera lögbærau yfirvaldinu í

a) að lánastofnunin uppfyllir ekki landsákvæðin sem lögleiða þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#),

b) að veruleg hættu sé á að lánastofnunin uppfylli ekki landsákvæðin sem lögleiða þessa tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins skulu tafarlaust gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hlutast til um að hlutaðeigandi lánastofnun bindi enda á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum eða geri ráðstafanir til að afstýra að ekki sé farið að þeim. Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum gistaðildarríkisins tafarlaust um þessar ráðstafanir.

2. Telji lögbær yfirvöld gistaðildarríkisins að lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins uppfylli hvorki skuldbindingar sínar né muni uppfylla þær samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. er þeim heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar³³ og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#). Þegar Evrópska bankaefirlitsstofnunin³⁴ tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún taka ákvarðanir skv. 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar innan 24 klukkustunda. Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni er einnig heimilt að eigin frumkvæði að því að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

42. gr. Rökstuðningur og orðsendingar

Rökstyðja skal allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 41. gr. (1. mgr.), 43. eða 44. gr. og fela í sér refsingar eða takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétti, á tilhlýðilegan hátt og hlutaðeigandi lánastofnun tilkynnt um þær.

43. gr. Varúðarráðstafanir

1. Áður en lögbær yfirvöld í gistaðildarríkjunum fara eftir málsmeðferðinni sem sett er fram í 41. gr. er þeim heimilt, við neyðarástand og þar til lögbær yfirvöld í heimaðildarríkinu hafa gert ráðstafanir eða endurskipulagningarráðstafanir sem um getur í

heimaríkinu aðvart, ~~enda sé um að ræða brot gegn ákvæðum sem Fjármálaeftirlitinu er ekki falið eftirlit með sem gistiríki. Reynist ráðstafanir lögbærs yfirvalds~~

39. gr. a ffl.: Ef lögbært yfirvald í öðru aðildarríki þar sem íslenskt fjármálafyrirtæki eða fjármálastofnun er með starfsemi tilkynnir Fjármálaeftirlitinu um að það hafi rökstudda ástæðu til að ætla að fyrirtækið brjóti gegn ákvæðum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla sem innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eða að veruleg hættu sé á því, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera ráðstafanir til að tryggja að fyrirtækið fari eftir ákvæðunum. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um ráðstafanirnar.

2. másl. 2. mgr. 34. gr. ffl.: Ef lögbæra yfirvaldið í heimaríkinu ~~éfullnægjandi~~grípur ekki til fullnægjandi ráðstafana til að stöðva ólögþæta háttsemi fyrirtækisins eða Fjármálaeftirlitið telur að yfirvaldið muni ekki gera það getur Fjármálaeftirlitið leitað aðstoðar Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald heimaríkisins, gert nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fjárfesta og heilbrigða starfsemi fjármálamarkaða hérlendis. Í þessu felst m.a. heimild því sem við á, til að koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafarsamræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

2. og 3. másl. krefjast ekki innleiðingar (snúa að stofnunum Evrópusambandsins).

108. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja skriflega ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga samkvæmt lögum þessum.

1. másl. 3. mgr. 34. gr. ffl.: Áður en ~~ákvörðun er tekin um bannferli~~ skv. 42. mgr. er lokið er Fjármálaeftirlitinu heimilt að grípa til bráðabirgðaaðgerða ef brýna nauðsyn ber til í því skyni að ~~vernda hagsmunir~~viðhalda

³³ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

³⁴ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

3. gr. tilskipunar [2001/24/EB](#), að grípa til varúðarráðstafana sem nauðsynlegar eru til að verjast fjármálaóstöðugleika er myndi ógna verulega sameiginlegum hagsmunum innstæðueigenda, fjárfesta og viðskiptavina í gístiaðildarríkinu.

2. Allar varúðarráðstafanir skv. 1. mgr. skulu vera í réttu hlutfalli við þann tilgang þeirra að verjast fjármálaóstöðugleika sem myndi ógna verulega sameiginlegum hagsmunum innstæðueigenda, fjárfesta og viðskiptavina í gístiaðildarríkinu. Slíkar varúðarráðstafanir geta falið í sér frestun á greiðslu. Þær skulu ekki valda því að lánardrottinnar lánastofnunarinnar í gístiaðildarríkinu njóti betri meðferðar en lánardrottinnar í öðrum aðildarríkjum.

3. Allar varúðarráðstafanir skv. 1. mgr. skulu falla úr gildi þegar stjórnýslu- eða dómsmálafyrirvöld heimaaðildarríkisins framkvæma endurskipulagningarráðstafanir skv. 3. mgr.³⁵ tilskipunar [2001/24/EB](#).

4. Lögbæru yfirvöldin í gístiaðildarríkinu skulu fella úr gildi varúðarráðstafanir ef þau telja að þessar ráðstafanir séu orðnar úreltar skv. 41. gr., nema þær hætti að gilda í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

5. Upplýsa skal framkvæmdastjórnina [Eftirlitsstofnun EFTA hvað EFTA-ríki varðar], Evrópsku bankaefirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld annarra hlutaðeigandi aðildarríkja, án ástæðulausrar tafar, um varúðarráðstafanir sem gerðar eru skv. 1. mgr.

Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis, eða annars aðildarríkis sem verður fyrir áhrifum, eru mótfallin ráðstöfunum lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins er þeim heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar³⁶ og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#). Þegar Evrópska bankaefirlitsstofnunin³⁷ tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún taka ákvarðanir skv. 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar innan 24 klukkustunda. Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

44. gr. Valdheimildir gístiaðildarríkja

Gístiaðildarríkjum er heimilt, þrátt fyrir 40. og 41. gr., að beita valdheimildunum sem þau hafa samkvæmt þessari tilskipun til að gera viðeigandi

[fjármálastöðugleika til að verja verulega heildarhagsmunum](#) innlánseigenda, fjárfesta og viðskiptamanna [fjármálafyrirtækis lánastofnunar á Íslandi](#).

1. másl. leiðir af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

2. og 3. másl. innleiddir með 2. másl. 3. mgr. 34. gr. ffl.: [Þær geta falið í sér frestanir á greiðslum enda feli þær ekki í sér að lánardrottinnar lánastofnunar hér á landi njóti betri meðferðar en lánardrottinnar í öðrum aðildarríkjum](#).

3. másl. 3. mgr. 34. gr. ffl.: [Fjármálaefirlitið skal fella bráðabirgðaaðgerðir úr gildi þegar þeirra er ekki lengur þörf eða ef yfirvöld í heimaríki lánastofnunarinnar taka ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags hennar](#).

3. másl. 3. mgr. 34. gr. ffl.: [Fjármálaefirlitið skal fella bráðabirgðaaðgerðir úr gildi þegar þeirra er ekki lengur þörf eða ef yfirvöld í heimaríki lánastofnunarinnar taka ákvörðun um endurskipulagningu fjárhags hennar](#).

4. másl. 3. mgr. 34. gr. ffl.: [Fjármálaefirlitið skal upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA, Evrópsku bankaefirlitsstofnunina og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja um bráðabirgðaaðgerðir samkvæmt þessari málsgrein án ástæðulausrar tafar](#).

Lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017 (hér eftir „eefl.“).

2. og 3. másl. krefjast ekki innleiðingar (snúa að stofnunum Evrópusambandsins).

4. mgr. 34. gr. ffl.: Fjármálaefirlitinu er heimilt að banna erlendu [fjármálafyrirtæki lánastofnun](#) að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi

³⁵ Þýðingavilla. Ætti að standa „3. gr.“.

³⁶ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

³⁷ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsar fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þeirra á reglum sem þau hafa samþykkt samkvæmt þessari tilskipun eða almannahagsmunum. Þetta skal fela í sér möguleika á að koma í veg fyrir að brotlegar lánastofnanir hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

fyrirtæki brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármálafyrirtæki, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot með úrræðum samkvæmt lögum þessum.

45. gr. Ráðstafanir eftir afturköllun starfsleyfis

Lögbær yfirvöld heimaáðildarríkisins skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum gistaðildarríkisins án tafar um það þegar starfsleyfi er afturkallað. Lögbær yfirvöld gistaðildarríkisins skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðkomandi lánastofnun hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði gistaðildarríkisins og til að vernda hagsmuni sparifjáreigenda³⁸.

1. másl. innleiddur með 3. másl. 1. mgr. 10. gr. ffl.: [Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið einnig senda lögbærum yfirvöldum í því ríki tilkynninguna án tafar.](#)

2. másl. innleiddur með 5. mgr. 34. gr. ffl.: [Ef erlend lánastofnun sem hefur starfsemi hérlandis er svipt starfsleyfi skal Fjármálaeftirlitið grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að fyrirtækið stundi frekari viðskipti hérlandis og vernda hagsmuni innlánseigenda.](#)

46. gr. Auglýsingar

Í þessum kafla skal ekkert koma í veg fyrir að lánastofnanir sem hafa aðalskrifstofur í öðrum aðildarríkjum auglýsi þjónustu sína í öllum tiltækum fjölmiðlum í gistaðildarríkinu, svo fremi að farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem samþykktar hafa verið í þágu almannahagsmuna.

Krefst ekki innleiðingar.

VI. BÁLKUR: SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

TILSKIPUN

INNLEIÐING

47. gr. Tilkynning í tengslum við útibú í þriðju löndum og aðgangsskilyrði fyrir lánastofnanir sem hafa slík útibú

1. Aðildarríki skulu ekki beita ákvæðum, sem fela í sér hagstæðari meðferð en veitt eru útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína innan Sambandsins, gagnvart útibúum lánastofnana með aðalskrifstofu í þriðja landi, hvort heldur er við stofnun þeirra eða áframhaldandi rekstur.

Krefst ekki innleiðingar.

1a. Aðildarríki skal krefjast þess að útibú lánastofnana sem eru með aðalskrifstofu í þriðja landi tilkynni a.m.k. árlega eftirfarandi upplýsingar til lögbæru yfirvaldanna:

Inngangsmásl. 2. mgr. 33. gr. ffl.: [Útibú lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal a.m.k. árlega veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um:](#)

- a) samtölu heildareigna sem svara til starfsemi útibúsins með starfsleyfi í því aðildarríki,
- b) upplýsingar um lausafjáreignir sem eru aðgengilegar útibúinu, einkum um aðgengi að lausafjáreignum í gjaldmiðlum aðildarríkis,

- 1. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: [Heildareignir sem svara til starfsemi útibúsins.](#)
- 2. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: [Aðgengi útibúsins að lausafjáreignum, einkum í íslenskum krónum.](#)

³⁸ Villa í þýðingu. Ætti að standa „innlánseigenda“ í stað „sparifjáreigenda“.

c) eiginfjárgrunninn sem er til umráða fyrir útibúið,	3. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: Eiginfjárgrunn sem er til umráða fyrir útibúið.
d) innstæðutryggingakerfið sem stendur innstæðueigendum útibúsins til boða,	4. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: Innstæðutryggingakerfi sem stendur eigendum innstæðna hjá útibúinu til boða.
e) fyrirkomulagið við áhættustýringu,	5. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: Áhættustýringu útibúsins.
f) fyrirkomulagið á stjórnarháttum, þ.m.t. um aðila sem gegna lykilhlutverkum fyrir starfsemi útibúsins,	6. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: Stjórnarhætti útibúsins og lykilstarfsmenn.
g) endurbótaáætlanirnar sem útibúið heyrir undir og	7. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: Endurbótaáætlanir sem útibúið heyrir undir.
h) allar aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að geta haft heildstætt eftirlit með starfsemi útibúsins.	8. tölul. 2. mgr. 33. gr. ffl.: Annað sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt til að hafa heildstætt eftirlit með starfsemi útibúsins.
2. Lögbæru yfirvöldin skulu tilkynna [...]³⁹ Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um [...]⁴⁰ [eftirfarandi:	Inngangsmáls. 3. mgr. 33. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um:
a) öll starfsleyfin fyrir útibú sem veitt eru lánastofnunum sem eru með aðalskrifstofu í þriðja landi og allar síðari breytingar á slíkum leyfum,	1. tölul. 3. mgr. 33. gr. ffl.: Leyfi sem það veitir lánastofnunum með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að opna útibú hér á landi og breytingar á áður veittum leyfum.
b) samtölu heildareigna og -skulda útibúa með starfsleyfi sem tilheyra lánastofnunum sem eru með aðalskrifstofu í þriðja landi, eins og tilkynnt er reglulega,	2. tölul. 3. mgr. 33. gr. ffl.: Heildareignir og -skuldir útibúa lánastofnana með staðfestu í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins hér á landi.
c) nafn samstæðunnar í þriðja landi sem útibú með starfsleyfi tilheyrir.]⁴¹ [Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir öll útibú þriðja lands sem hafa leyfi til að starfa í Sambandinu, þar sem tilgreint er aðildarríkið sem þau hafa leyfi til að starfa í.]⁴²	3. tölul. 3. mgr. 33. gr. ffl.: Heiti þriðjaríkissamstæðna sem útibú tilheyra. Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
[2a. Lögbær yfirvöld sem hafa eftirlit með útibúum lánastofnana sem eru með aðalskrifstofu í þriðja landi og lögbær yfirvöld stofnana sem eru hluti af sömu samstæðu þriðja lands skulu vinna náið saman til að tryggja að öll starfsemi þeirrar samstæðu þriðja lands í Sambandinu falli undir heildstætt eftirlit, til að hindra að komist verði framhjá kröfunum sem gilda um samstæður þriðja lands samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á fjármálastöðugleika í Sambandinu.	3. mgr. 109. gr. k ffl.: Fjármálaeftirlitið skal starfa náið með lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða útibúum sem tilheyra sömu þriðjaríkissamstæðu og fjármálafyrirtæki eða útibú hér á landi í því skyni að tryggja að öll starfsemi samstæðunnar á Evrópska efnahagssvæðinu sæti heildstæðu eftirliti, koma í veg fyrir að kröfur til samstæðna séu sniðgengnar og til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á fjármálastöðugleika á Evrópska efnahagssvæðinu.
Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal stuðla að samstarfi meðal lögbærra yfirvalda að því er varðar fyrstu undirgrein þessar málsgreinar, þ.m.t.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

³⁹ Felld brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁴⁰ Felld brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁴¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁴² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

þegar sannreynt er hvort viðmiðunarmörkin sem um getur í 4. mgr. 21. gr. b séu uppfyllt.] ⁴³	
3. Sambandinu er heimilt, með samningum sem gerðir eru við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja að beita ákvæðum sem veita útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi sömu meðferð á öllum yferráðasvæðum Sambandsins.	Krefst ekki innleiðingar (gildir ekki að því er varðar EFTA-ríkin samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019).
48. gr. Samstarf við eftirlitsyfirvöld þriðju landa um eftirlit á samstæðugrundvelli	---
1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða eigin frumkvæði, að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli eftirlit á samstæðugrundvelli með: a) stofnunum sem heyra undir móðurfélög með aðalskrifstofu í þriðja landi, b) stofnunum í þriðju löndum sem heyra undir móðurfélög með aðalskrifstofu í Sambandinu, hvort sem móðurfélögin eru stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi.	---
2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja að: a) lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga, sem miðast við fjárhagsstöðu á samstæðugrundvelli, vegna eftirlits með stofnunum, eignarhaldsfélögum á fjármálasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi innan Sambandsins sem eiga dótturfélög sem eru stofnanir eða fjármálastofnunar og staðsettar í þriðja landi, eða eiga hlutdeild í slíkum stofnunum, b) eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum geti aflað nauðsynlegra upplýsinga vegna eftirlits með móðurfélögum sem hafa aðalskrifstofu á yferráðasvæði þeirra og eiga dótturfélög, sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir í einu eða fleiri aðildarríkjum, eða hlutdeild í slíkum stofnunum og c) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin geti fengið hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna þær upplýsingar sem borist hafa frá landsyfirvöldum þriðju landa í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	---
3. Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og með aðstoð evrópsku bankanefndarinnar, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. og meta árangur þeirra.	---
4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina að því er varðar þessa grein í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	---

⁴³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

VII. BÁLKUR: VARFÆRNISEFTIRLIT

1. KAFLI: Meginreglur um varfærnisefirlit

I. þáttur: Valdsvið og skyldur heima- og gistaðildarríkja

TILSKIPUN	INNLEIÐING
49. gr. Valdsvið lögbærra yfirvalda í heima- og gistaðildarríkjunum	
1. Varfærnisefirlit með stofnun, þ.m.t. starfsemi sem hún annast í samræmi við 33. og 34. gr., skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar sem fela lögbærum yfirvöldum gistaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.	1. másl. 1. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli.	Krefst ekki innleiðingar.
3. Ráðstafanir gistaðildarríkja skulu ekki heimila mismunandi eða takmarkandi meðhöndlun á grundvelli þess að stofnun hafi starfsleyfi í öðru aðildarríki.	Leiðir af jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar.
50. gr. Samstarf um eftirlit	
1. Lögbæru yfirvöldin í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu hafa náð samstarf um eftirlit með starfsemi stofnana er hafa starfsemi, einkum útibú, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðrum en þeim þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Þau skulu láta hvert öðru í té allar upplýsingar um stjórnun og eignarhald þessara stofnana sem að gagna gætu komið við eftirlit og athugun á skilyrðum fyrir veitingu starfsleyfis, auk allra upplýsinga sem gætu auðveldað eftirlit með stofnunum, einkum með tilliti til lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutrygginga, takmarkana á stórum áhættuskuldbindingum, annarra þátta sem gætu haft áhrif á kerfisáhættu sem stofnun veldur, stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag og innri eftirlitskerfa.	1. mgr. 109. gr. v ffl.: Hafi íslenskt fjármálafyrirtæki með höndum starfsemi í öðru aðildarríki eða fjármálafyrirtæki frá öðru aðildarríki starfsemi á Íslandi, einkum ef það starfrækir útibú, skal Fjármálaeftirlitið eiga náð samstarf við lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki um eftirlit með fyrirtækinu. Fjármálaeftirlitið skal láta því í té allar upplýsingar um stjórnun og eignarhald fyrirtækisins sem eru líklegar til að koma að gagni við eftirlitið og athugun á skilyrðum fyrir starfsleyfi, einkum varðandi lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutryggingar, takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum, aðra þætti sem geta haft áhrif á kerfisáhættu sem af fyrirtækinu stafar, stjórnunarkerfi, reikningsskil og innri eftirlitskerfi.
2. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu tafarlaust veita lögbærum yfirvöldum í gistaðildarríkjunum allar upplýsingar og niðurstöður sem varða lausafjareftirlit, í samræmi við sjötta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 3. kafla í VII. bálki þessarar tilskipunar, með starfsemi stofnunarinnar í útibúum sínum, að því marki sem slíkar upplýsingar og niðurstöður varða verndun innstæðueigenda eða fjárfesta í gistaðildarríkinu.	2. másl. 2. mgr. 109. gr. v ffl.: Starfræki íslenska fjármálafyrirtækið útibúi í ríkinu skal Fjármálaeftirlitið einnig tafarlaust veita lögbæra yfirvaldinu allar upplýsingar og niðurstöður varðandi lausafjareftirlit með útibúinu sem skipta máli fyrir vernd innstæðueigenda eða fjárfesta í því ríki.
3. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu tafarlaust upplýsa lögbæru yfirvöldin í öllum gistaðildarríkjunum þegar upp kemur lausafjárskortur eða ástæða er til að ætla að hann muni koma upp. Upplýsingarnar skulu einnig innihalda ítarlegri upplýsingar um undirbúning og	1. másl. 2. mgr. 109. gr. v ffl.: Hafi íslenskt fjármálafyrirtæki með höndum starfsemi í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust upplýsa lögbært yfirvald í aðildarríkinu ef upp kemur lausafjárvandur hjá fyrirtækinu eða fyrirséð er að svo verði og láta yfirvaldinu í té

framkvæmd endurreisnaráætlunar og um allar ráðstafanir varðandi varfærnisefirlit sem gerðar eru í því samhengi.

4. Lögbæru yfirvöldin í heimaáildarríkinu skulu tilkynna og útskýra, að beiðni lögbæru yfirvaldanna í gístaáildarríkinu, með hvaða hætti upplýsingar og niðurstöður, sem hið síðarnefnda hefur veitt, hafa verið teknar til greina. Ef lögbær yfirvöld gístaáildarríkis halda því fram, í kjölfar orðsendingar um upplýsingar og niðurstöður, að lögbær yfirvöld heimaáildarríkis hafi ekki gert neinar viðeigandi ráðstafanir, mega þau, eftir að hafa látið lögbær yfirvöld heimaáildarríkis og Evrópsku bankaefirlitsstofnunina vita, gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot til að vernda hagsmunum innstæðueigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta eða til að vernda stöðugleika fjármálakerfisins.

Séu lögbær yfirvöld heimaáildarríkis andvíg ráðstöfunum sem lögbær yfirvöld gístaáildarríkisins grípa til mega þau vísa málinu til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar⁴⁴ og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#). Þegar Evrópska bankaefirlitsstofnunin⁴⁵ tekur ákvarðanir í samræmi við þá grein skal hún gera það innan eins mánaðar.

5. Lögbæru yfirvöldunum er heimilt að vísa til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar þeim tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests. Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni⁴⁶ er heimilt, við þessar aðstæður og með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að nýta sér valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#). Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi

[upplýsingar um undirbúning og framkvæmd endurbótaáætlunar og eftirlitsráðstafanir sem gripið er til í því samhengi.](#)

1. másl. innleiddur með 1. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Fjármálaefirlitið skal að ósk annarra lögbærra yfirvalda veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd starfa þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð \(ESB\) nr. 575/2013 og veita þeim að eigin frumkvæði nauðsynlegar upplýsingar.](#)

2. másl. innleiddur með 3. mgr. 109. gr. v ffl.: [Telji Fjármálaefirlitið að lögbært yfirvald í öðru áildarríki þar sem íslenskt fjármálfyrirtæki hefur með höndum starfsemi hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að taka mið af upplýsingum frá Fjármálaefirlitinu getur Fjármálaefirlitið, að undangenginni tilkynningu þar um til yfirvaldsins og Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar, eða Eftirlitsstofnunar EFTA ef við á, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir brot til að vernda innstæðueigendur, fjárfesta og aðra sem nýta þjónustu eða til að standa vörð um stöðugleika fjármálakerfisins.](#)

1. másl. innleiddur með 4. mgr. 109. gr. v ffl.: [Ef Fjármálaefirlitið er ósammála ráðstöfunum sem lögbært yfirvald í öðru áildarríki grípur til vegna starfsemi íslensks fjármálfyrirtækis þar getur Fjármálaefirlitið leitað aðstoðar Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

2. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

1. másl. innleiddur með 5. mgr. 109. gr. v ffl.: [Fjármálaefirlitið getur leitað aðstoðar Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, hafi ósk þess um samstarf, einkum um upplýsingaskipti, við lögbært yfirvald í öðru áildarríki verið hafnað eða ekki brugðist við henni innan hæfilegs frests.](#)

⁴⁴ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

⁴⁵ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

⁴⁶ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

um upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein, að eigin frumkvæði og í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.	Síðari tveir másl. krefjast ekki innleiðingar (snúa að stofnunum Evrópusambandsins).
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina upplýsingarnar sem um getur í þessari grein.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	6. tölul. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 6. og 7. mgr. 50. gr. um samstarf um eftirlit.
7. Evrópska bankaeftirlitsstofnun skal gera frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á fót stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og málsmeðferðarreglum fyrir kröfur vegna upplýsingaskipta sem gætu auðveldað eftirlit með stofnunum.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	6. tölul. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 6. og 7. mgr. 50. gr. um samstarf um eftirlit.
8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 6. og 7. mgr., eigi síðar en 1. janúar 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
51. gr. Mikilvæg útibú	
1. Lögbærum yfirvöldum í gístaðildarríki er heimilt að leggja fram beiðni hjá eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. gilda eða hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um að útibú stofnunar, annað en verðbréfafyrirtæki sem fellur undir 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , verði talið mikilvægt.	1. másl. 1. mgr. 31. gr. a ffl.: Starfræki fjármálafyrirtæki með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, annað en verðbréfafyrirtæki skv. 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, útibú hér á landi getur Fjármálaeftirlitið lagt fram beiðni til eftirlitsaðila á samstæðugrunni eða lögbærs yfirvalds í heimaríki fjármálafyrirtækisins um að útibúið teljist mikilvægt.
Í þeirri beiðni skulu koma fram ástæður þess að útibúið verði talið mikilvægt með sérstöku tilliti til eftirfarandi:	Inngangslíður 2. másl. 1. mgr. 31. gr. a ffl.: Beiðnin skal vera rökstudd, einkum með tilliti til:
a) hvort markaðshlutdeild útibús varðandi innlán sé meiri en 2% í gístaðildarríkinu,	1. tölul. 2. másl. 1. mgr. 31. gr. a ffl.: Þess hvort hlutur útibúsins í innlánnum á Íslandi sé meiri en 2%.
b) líklegra áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi stofnunar á kerfistengda lausafjárstöðu og greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi í gístaðildarríkinu,	2. tölul. 2. másl. 1. mgr. 31. gr. a ffl.: Líklegra áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi fjármálafyrirtækisins á kerfislæga lausafjárstöðu og greiðslu-, greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi á Íslandi.
c) stærðar og mikilvægis útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan banka- eða fjármálakerfis gístaðildarríkisins.	3. tölul. 2. másl. 1. mgr. 31. gr. a ffl.: stærðar og mikilvægis útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan banka- eða fjármálakerfis Íslands.

Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins og gístiaðildarríkisins og eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skulu, þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. eiga við, gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu um hvort útibú teljist mikilvægt.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni samkvæmt fyrsta undirlið skulu lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins taka eigin ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um það hvort útibú skuli teljast mikilvægt. Við ákvörðunartökuna skulu lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins taka tillit til allra skoðana og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli eða lögbærra yfirvalda heimaðildarríkis.

Þær ákvarðanirnar sem um getur í þriðja og fjórða undirlið skulu settar fram í skjali þar sem fram kemur fullnægjandi rökstuðningur, þær sendar viðkomandi lögbærum yfirvöldum og skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja viðurkenna áhrif þeirra og beita þeim.

Það að útibú sé tilgreint sem mikilvægt skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

2. Lögbær yfirvöld heimaðildarríkis skulu láta lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkis, þar sem mikilvægt útibú hefur staðfestu, í té þær upplýsingar sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 117. gr. og leysa af hendi þau verkefni sem um getur í c-lið 1. mgr. 112. gr. í samvinnu við lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins.

Ef lögbær yfirvöld heimaðildarríkis verða vör við neyðarástand eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., skulu þau tafarlaust vara þau yfirvöld við sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 1. mgr. 59. gr.

Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins skulu láta lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkis, þar sem mikilvæg útibú hafa staðfestu, í té niðurstöður áhættumats stofnana sem hafa slík útibú sem um getur í 97. gr. og, eftir atvikum, í 2. mgr. 113. gr. Þau skulu einnig tilkynna um ákvarðanir skv. 104. og 105. gr. að því marki sem slík mót og ákvarðanir varða þessi útibú.

Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins skulu hafa samráð við lögbær yfirvöld, gístiaðildarríkjanna þar sem mikilvæg útibú eru stofnsett, um hagnýtar ráðstafanir sem krafist er í 11. mgr. 86. gr. og, ef við á, varðandi lausafjáráhættur í gjaldmiðli gístiaðildarríkisins.

Hafi lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins ekki haft samráð við lögbær yfirvöld

1. másl. 2. mgr. 31. gr. a ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal leitast við að komast að sameiginlegri niðurstöðu með viðkomandi yfirvaldi um hvort útibú teljist mikilvægt.](#)

2. og 3. másl. 2. mgr. 31. gr. a ffl.: [Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni frá Fjármálaeftirlitinu skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið ákveða innan næstu tveggja mánaða hvort útibúið teljist mikilvægt. Við ákvörðunina skal það taka tillit til skoðana og fyrirvara viðkomandi yfirvalds.](#)

Fyrri hluti innleiddur með 4. másl. 2. mgr. 31. gr. a ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja ákvörðunina og senda viðkomandi yfirvaldi.](#)

Síðari hluti innleiddur með 1. mgr. 36. gr. a ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna og fara eftir ákvörðun lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki um að útibú íslensks fjármálafyrirtækis í því ríki teljist mikilvægt.](#)

Krefst ekki innleiðingar.

1. tölul. 2. mgr. 36. gr. a ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal:\] Láta lögbæru yfirvaldi mikilvægs útibús íslensks fjármálafyrirtækis í té upplýsingar skv. 4. og 5. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x og eiga í samstarfi við yfirvaldið við framkvæmd 3. tölul. 1. mgr. 109. gr. c.](#)

2. másl. 109. gr. f ffl.: [Sama gildir, eftir því sem við á, starfræki íslenskt fjármálafyrirtæki mikilvægt útibú í öðru aðildarríki.](#)

2. og 3. tölul. 2. mgr. 36. gr. a ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal:\]](#)
[2. Láta lögbæra yfirvaldinu í té upplýsingar um niðurstöður mats á áhættu fyrirtækisins skv. 80. gr. og, eftir atvikum, 109. gr. d að því marki sem þær varða viðkomandi útibú.](#)
[3. Tilkynna lögbæra yfirvaldinu um ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið tekur skv. 3. mgr. 107. gr. a að því marki sem þær varða viðkomandi útibú.](#)

4. tölul. 2. mgr. 36. gr. a ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal:\] Eiga samráð við lögbæra yfirvaldið um ráðstafanir fyrirtækisins skv. 9. mgr. 78. gr. h til að tryggja að viðbragðsáætlun til að bregðast við lausafjávanda geti komið til tafarlausra framkvæmda þegar það hefur þýðingu fyrir lausafjáráhættu í gjaldeyri þess aðildarríkis þar sem útibúið er.](#)

3. mgr. 31. gr. a ffl.: [Hafi lögbært yfirvald fjármálafyrirtækis með staðfestu í öðru ríki á](#)

gístiaðildarríkisins, eða ef lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins halda því fram, í kjölfar slíks samráðs, að hagnýtar ráðstafanir sem krafist er í 11. mgr. 86. gr. séu ekki fullnægjandi, er lögbærum yfirvöldunum í gístiaðildarríkinu heimilt að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar⁴⁷ og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

Evrópska efnahagssvæðinu sem starfrækir mikilvægt útibú hér á landi ekki haft samráð við Fjármálaeftirlitið um ráðstafanir fyrirtækisins til að tryggja að viðbragðsáætlun til að bregðast við lausafjárnanda geti komið til tafarlausrá framkvæmda þegar það hefur þýðingu fyrir lausafjárnáættu í íslenskum krónum, eða ef Fjármálaeftirlitið telur ráðstafanirnar ekki fullnægjandi, getur Fjármálaeftirlitið vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

3. Þegar 116. gr. a⁴⁸ gildir ekki skulu lögbær yfirvöld, er hafa eftirlit með stofnun, sem hefir mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum, koma á fót og veita formennsku samstarfshópi eftirlitsaðila til þess að stuðla að samvinnu skv. 2. mgr. þessarar greinar og 50. gr. Stofnun og starfsemi samstarfshópsins skal byggjast á skriflegum samþykktum sem eru ákvarðaðar af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu ákveða hvaða lögbæru yfirvöld taka þátt í fundi eða starfsemi samstarfshópsins.

1.–3. másl. 3. mgr. 36. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið skal koma á fót og stýra samstarfshópi með lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með mikilvægum útibúum íslensks fjármála fyrirtækis í öðrum aðildarríkjum til þess að greiða fyrir samstarfi skv. 2. mgr. og 109. gr. v. enda eigi 109. gr. j ekki við. Fjármálaeftirlitið skal í samráði við önnur lögbær yfirvöld í starfshópnum setja skrifleg viðmið um vinnutilhögun hans. Fjármálaeftirlitið stýrir fundum samstarfshóps og boðar til hans þau yfirvöld sem hann varðar.

Í ákvörðun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem fyrirhuguð er eða samræma skal að því er varðar þau yfirvöld, einkum hugsanlegra áhrifa á stöðugleika fjármálakerfis í hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 3. gr.⁴⁹, og þeirra skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

3. másl. 3. mgr. 36. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið stýrir fundum samstarfshóps og boðar til hans þau yfirvöld sem hann varðar.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni þeirra og þá starfsemi sem tekin verður til athugunar. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal einnig tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins tímanlega um aðgerðir sem framkvæmdar eru á þessum fundum eða ráðstafanir sem gripið er til.

4. og 5. másl. 3. mgr. 36. gr. a ffl.: Það skal tilkynna öllum meðlimum samstarfshóps fyrir fram um fundi með dagskrá. Fjármálaeftirlitið skal svo fljótt sem auðið er upplýsa meðlimi samstarfshóps um ákvarðanir sem teknar eru á fundum og til hvaða aðgerða er gripið.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina almenn skilyrði um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

7. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum

⁴⁷ Eftirlitsstofnun EFTA að því er EFTA-ríkin varðar samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

⁴⁸ „Article 116“ í ensku útgáfu.

⁴⁹ „Article 7“ í ensku útgáfu.

	tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 4. og 5. mgr. 51. gr. um mikilvæg útibú.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum í því skyni að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	7. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 4. og 5. mgr. 51. gr. um mikilvæg útibú.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknistöðlum, sem um getur í 4. og 5. mgr., eigi síðar en 31. desember 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
52. gr. Vettvangsskoðun og eftirlit með útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki	
1. Gistiaðildarríki skulu mæla svo fyrir, þegar stofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki rekur starfsemi í gegnum útibú, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, eða milliliður sem þau velja til þess, geti skoðað sjálf á staðnum þær upplýsingar sem um getur í 50. gr. og haft eftirlit með slíkum útibúum, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um það fyrirfram.	2. mgr. 109. gr. z ffl.: Eftirlitsaðilum-Lögbærum yfirvöldum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlandra fyrirtækja hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til Fjármálaeftirlitsins.
2. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins er einnig heimilt að grípa til þeirra aðferða sem kveðið er á um í 118. gr. í þeim tilgangi að hafa eftirlit með útibúum.	109. gr. y ffl.: Fjármálaeftirlitið skal að ósk annars lögbærs yfirvalds staðreyna upplýsingar frá innlendu fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, fjármálastofnun, félagi í hliðarstarfsemi, blönduðu eignarhaldsfélagi eða dótturfélagi skv. 109. gr. i eða 109. gr. bb, enda hafi Fjármálaeftirlitið heimild til þess. Fjármálaeftirlitið getur leyft viðkomandi yfirvaldi að staðreyna upplýsingarnar sjálfst eða falið endurskoðanda eða öðrum sérfræðingi að gera það. Fjármálaeftirlitið getur farið fram á hið sama við annað lögbært yfirvald vegna erlends aðila skv. 1. másl. eftir því sem við á.
3. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkjunum skulu hafa vald til að framkvæma, í hverju tilviki fyrir sig, vettvangsskoðun og eftirlit með starfsemi útibúa stofnana á yfirráðasvæði sínu og krefja útibúi um upplýsingar um starfsemi þess og í þágu eftirlits, þegar þau telja slíkt skipta máli fyrir stöðugleika fjármálakerfisins í gistiaðildarríkinu. Lögbæru yfirvöldin í gistiaðildarríkinu skulu hafa samráð við lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu áður en þau framkvæma þess háttar skoðanir og eftirlit. Að aflokinni slíkri skoðun og eftirliti skulu lögbæru yfirvöldin í	1.–3. másl. innleiddir með 1. mgr. 109. gr. z ffl.: Fjármálaeftirlitið getur framkvæmt athugun í útibúi fjármálafyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og krafði það um upplýsingar, að höfðu samráði við lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, ef það getur haft þýðingu fyrir fjármálastöðugleika hér á landi. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa yfirvaldið um niðurstöður sem geta haft þýðingu fyrir mat á áhættu fyrirtækisins eða fjármálastöðugleika hér á landi.

gistaðildarríkinu senda lögbæru yfirvöldunum í heimaaðildarríkinu þær upplýsingar og niðurstöður sem þau fengu og sem máli skipta fyrir áhættumatið á stofnuninni eða stöðugleika fjármálakerfisins í gistaðildarríkinu. Lögbæru yfirvöldin í heimaaðildarríkinu skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra upplýsinga og niðurstaðna við ákvörðun á áætlun um eftirlitsaðgerðir sem um getur í 99. gr., einnig að teknu tilliti til stöðugleika fjármálakerfisins í gistaðildarríkinu.

Lokamásl. innleiddur með 5. mgr. 82. gr. ffl.: [Við gerð eftirlitsáætlunar skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til upplýsinga sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjum þar sem íslenskt fjármálfyrirtæki hefur útibú hafa látið því í té og varða mat á áhættu fyrirtækisins eða fjármálastöðugleika í viðkomandi ríki.](#)

4. Framkvæma ætti vettvangsskoðanir og eftirlit með útibúum í samræmi við lög þess aðildarríkis þar sem skoðunin eða eftirlitið fer fram.

Krefst ekki innleiðingar.

II. þáttur: Upplýsingaskipti og þagnarskylda

TILSKIPUN

INNLEIÐING

53. gr. Þagnarskylda

1. Aðildarríki skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, ásamt endurskoðendum eða sérfræðingum sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu.

13. gr. loef.: Þeir sem annast framkvæmd laga þessara eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.

1. mgr. 41. gr. sel.: Bankaráðsmenn, seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, nefndarmenn í peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanevnd og fjármálaeftirlitsnevnd og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Aðeins má skýra frá trúnaðarupplýsingum sem slíkir aðilar, endurskoðendur eða sérfræðingar, öðlast vitneskju um við skyldustörf sín í samantekt eða útdrætti af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstakar lánastofnanir, með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

3. mgr. 41. gr. sel.: Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir.

Þó má skýra frá trúnaðarupplýsingum í einkamálum þegar lánastofnun hefur verið lýst gjaldþrota eða knúin í slitameðferð ef þær varða ekki þriðju aðila sem reyna að bjarga áðurnevndri lánastofnun.

2. másl. 6. mgr. 41. gr. sel.: Þegar viðskiptamaður bankans eða eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram er heimilt við rekstur einkamála að upplýsa um atriði sem þagnarskylda gildir annars um skv. 1. mgr. Þagnarskyldan gildir þó um upplýsingar sem varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna viðskiptamanns eða eftirlitsskylds aðila.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld frá því að skiptast á upplýsingum hvert við annað eða senda upplýsingar til Evrópska

1. og 2. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [\[Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita eftirtöldum aðilum, hér á landi eða í öðrum ríkjum á Evrópska](#)

kerfisáhætturáðsins, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar) („ESMA“) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [1095/2010](#)], eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,⁵⁰ í samræmi við þessa tilskipun, við reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), við aðrar tilskipanir sem gilda um lánastofnanir, við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1092/2010](#), við 31., 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#) og við 31. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1095/2010](#). Þær upplýsingar skulu falla undir 1. mgr.

[efnahagssvæðinu, upplýsingar sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum þótt þær séu háðar þagnarskyldu ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila:\]](#)

[1. Stofnunum Fríverslunarsamtaka Evrópu og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

[2. Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði eða eftirlit með fjármálamörkuðum, þar á meðal greiðslukerfum.](#)

7. mgr. 41. gr. sel.: Seðlabanka Íslands er heimilt að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins, stofnunum EFTA, Seðlabanka Evrópu og evrópskum eftirlitsstofnunum á sviði fjármálastarfsemi, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 1. mgr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi aðila á fjármálamarkaði og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki eða hjá viðkomandi stofnun. Þagnarskylda skv. 1. mgr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Seðlabanki Íslands fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja, stofnunum EFTA og evrópskum eftirlitsstofnunum á sviði fjármálastarfsemi.

1. másl. 1. mgr. 5. gr. eefl.: Seðlabanka Íslands, öðrum stjórnvöldum, einstaklingum og lögaðilum er heimilt að veita evrópskum eftirlitsstofnunum upplýsingar og gögn, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum eða öðrum lögum, vegna framkvæmdar eftirlits.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld frá því að birta niðurstöðu álagsprófa sem framkvæmd eru í samræmi við 100. gr. þessarar tilskipunar eða 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#) eða frá því að senda niðurstöður álagsprófa til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í þeim tilgangi að hún birti niðurstöður álagsprófa innan alls Sambandsins.

54. gr. Notkun trúnaðarupplýsinga

Lögbærum yfirvöldum, sem fá vitneskju um trúnaðarupplýsingar skv. 53. gr., er einungis heimilt að notfæra sér þær við skyldustörf sín og aðeins í eftirfarandi tilgangi:

a) til að fylgjast með því að skilyrðum um aðgang að starfsemi lánastofnana sé fylgt og auðvelda eftirlit, hvort sem er á

3. máls. 7. mgr. 80. gr. ffitl.: [Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta niðurstöður álagsprófa eða senda þær til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í þeim tilgangi að hún birti niðurstöður þeirra.](#)

2. mgr. 41. gr. sel.: Bankaráðsmönnum, seðlabankastjóra, varaseðlabankastjórnum, nefndarmönnum í peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, þar á meðal í

⁵⁰ Bætt við samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

samstæðugrundvelli eða ekki, með rekstri slíkrar starfsemi, einkum með tilliti til eftirlits með lausafjárstöðu, gjaldfærni, stórra áhættuskuldbindinga og stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulagi og innri eftirlitskerfum,
b) til að beita refsíákvæðum,
c) við kæru á ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, þ.m.t. málarekstur fyrir dómstóli skv. 72. gr.,
d) við málshöfðun sem stofnað er til samkvæmt sérákvæðum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins á sviði lánastofnana.

þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum.

107. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið er bundið þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands við framkvæmd laga þessara.](#) [Fjármálaeftirlitið má aðeins nýta upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu og aflað er við framkvæmd laga þessara til að fullnægja eftirlittsskyldum sínum, þar á meðal við ákvörðun viðurlaga, og í dómsmálum varðandi athafnir eftirlitsins.](#)

[54. gr. a Notkun trúnaðarupplýsinga

Ákvæði 53. og 54. gr. skulu ekki hafa áhrif á vald til rannsókna sem falið er Evrópuþinginu skv. 226. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.]⁵¹

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

55. gr. Samstarfssamningar

Aðildarríkjum og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni er því aðeins heimilt, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, í samræmi við 56. gr. og 1. mgr. 57. gr. þessarar tilskipunar, að um upplýsingarnar ríki kröfur um þagnarskyldu í að minnsta kosti sama mæli og um getur í 1. mgr. 53. gr. þessarar tilskipunar. Upplýsingaskipti þessi skulu eiga sér stað vegna eftirlitsverkefna þessara yfirvalda eða stofnana.

4. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Seðlabanki Íslands má semja við eftirlitsstjórnvöld eða aðra aðila skv. 1. mgr. í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum í þágu eftirlits, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.](#)

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er aðeins heimilt að afhenda þær með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu þær og, þar sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld gáfu samþykki fyrir.

5. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Upplýsingar sem fengnar eru frá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eða við vettvangsskoðun eða aðra athugun í öðru aðildarríki sammingsins má aðeins afhenda með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem athugunin fór fram og einungis til þeirra nota sem þau hafa samþykkt.](#)

56. gr. Upplýsingaskipti milli yfirvalda

Ákvæði 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. skulu ekki koma í veg fyrir upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda innan aðildarríkis, lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum eða lögbærra yfirvalda og eftirfarandi, þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu:

2. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [\[Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita eftirtöldum aðilum, hér á landi eða í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, upplýsingar sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum þótt þær séu háðar þagnarskyldu ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila:\]](#) [Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði eða eftirlit með fjármálamörkuðum, þar á meðal greiðslukerfum.](#)

⁵¹ Bætt við með 47. gr. [tilskipunar 2014/17/ESB um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði.](#)

a) yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með öðrum aðilum á fjármálamarkaði og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,	---
b) yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkjum með því að beita þjóðhagsvarúðarreglum,	3. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem bera ábyrgð á að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkjum með því að beita þjóðhagsvarúðarreglum.
c) endurskipulagningaraðila eða -yfirvalda sem miða að því að vernda stöðugleika fjármálakerfisins,	4. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem fara með endurskipulagningarráðstafanir sem miða að því að vernda stöðugleika fjármálakerfisins.
d) sammingsbundinna verndarkerfa eða stofnanaverndarkerfa sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	5. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Stofnanaverndarkerfum skv. 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 [...].
e) aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum stofnana og öðrum sambærilegum málum,	6. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Aðilum sem fjalla um slit eða gjaldþrot fjármálafyrirtækja eða hliðstæða meðferð [...].
f) aðila sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum stofnana, váttryggingafélaga og fjármálastofnana,	7. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Aðilum sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og fjármálastofnana [...].
[g] yfirvalda sem ábyrg eru fyrir eftirliti með því að tilkynningarskyldir aðilar sem skráðir eru í 1. og 2. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 hlíti þeirri tilskipun, [og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu] ^{52]} ^{53]}	8. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu.
[h] lögbærra yfirvalda eða aðila sem ábyrgir eru fyrir beitingu reglna um skipulagslegan aðskilnað innan bankasamstæðu. ^{54]}	9. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Stjórnvöldum eða öðrum aðilum sem bera ábyrgð á beitingu reglna um skipulagslegan aðskilnað innan bankasamstæðu.
Ákvæði 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. skulu ekki útiloka að aðilum sem stjórna innstæðutryggingakerfum eða bótakerfum fyrir fjárfesta séu veittar nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu.	10. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Aðilum sem stjórna innstæðutryggingakerfum eða bótakerfum fyrir fjárfesta.
Móttæknar upplýsingar skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.	Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila:
57. gr. Upplýsingaskipti við eftirlitsaðila	
1. Þrátt fyrir 53., 54. og 55. gr. [skulu] ^{55]} aðildarríki [tryggja að upplýsingaskipti geti farið fram] ^{56]} milli lögbæru yfirvaldanna og yfirvaldanna sem ábyrg eru fyrir eftirliti með:	
a) aðilum sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum stofnana og öðrum sambærilegum málum,	6. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Aðilum sem fjalla um slit eða gjaldþrot fjármálafyrirtækja eða hliðstæða meðferð og stjórnvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim aðilum.
b) sammingsbundnu verndarkerfi eða stofnanaverndarkerfi sem um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	5. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Stofnanaverndarkerfum skv. 7. mgr. 113. gr.

⁵² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁵³ Bætt við með 3. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2018/843, um breytingu á tilskipun \(ESB\) 2015/849, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi.](#)

⁵⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁵⁵ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁵⁶ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

	reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og stjórnvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim.
c) aðilum sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum stofnana, váttryggingafélaga og fjármálastofnana.	7. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Aðilum sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga og fjármálastofnana og stjórnvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim aðilum.
2. Aðildarríki skulu, í tilvikunum sem um getur í 1. mgr., krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:	
a) að upplýsingarnar séu notaðar til að framkvæma verkefnið sem um getur í 1. mgr.,	Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] upplýsingar sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum [...].
b) að upplýsingarnar falli undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,	Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá þeim.
c) að óheimilt sé, ef upplýsingarnar orðu til í öðru aðildarríki, að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem afhentu þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.	5. mgr. 109. gr. aa ffl.: Upplýsingar sem fengnar eru frá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða við vettvangsskoðun eða aðra athugun í öðru aðildarríki samningsins má aðeins afhenda með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem athugunin fór fram og einungis til þeirra nota sem þau hafa samþykkt.
3. Aðildarríkjum er heimilt, þrátt fyrir 53., 54. og 55. gr. og með því markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteypara, að leyfa upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti.	11. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Aðilum sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti í því skyni að stuðla að stöðugu og öruggu fjármálakerfi.
Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:	
a) að skipst sé á upplýsingunum í þeim tilgangi að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti,	Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum [...].
b) að upplýsingarnar falli undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,	Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila.
c) að ekki sé heimilt, ef upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.	5. mgr. 109. gr. aa ffl.: Upplýsingar sem fengnar eru frá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða við vettvangsskoðun eða aðra athugun í öðru aðildarríki samningsins má aðeins afhenda með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem athugunin fór fram og einungis til þeirra nota sem þau hafa samþykkt.
4. Ef svo ber undir að yfirvöld eða stofnanir sem um getur í 1. mgr., njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er aðildarríki heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. ná einnig til slíkra einstaklinga	Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).

með þeim skilyrðunum sem sett eru í annarri undirgrein 3. mgr.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni nöfn þeirra yfirvalda eða aðila sem er heimilt að taka við upplýsingum samkvæmt þessari grein.

6. Við beitingu 4. mgr. ber yfirvöldum eða aðilum, sem um getur í 3. mgr., að gera lögbæru yfirvöldunum, sem afhentu upplýsingarnar, grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að taka við þeim.

58. gr. Sending upplýsinga um atríði er varða peningamál, innstæðuvernd, kerfismál og greiðslur

1. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi eftirfarandi aðilum upplýsingar að því er varðar verkefni þeirra:

a) seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar þessar upplýsingar eiga við um framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjarráðstafana, eftirlit með greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfum og að standa vörð um fjármálakerfið,

b) samningsbundnu verndarkerfi eða stofnanaverndarkerfi eins og um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

c) eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

d) evrópska kerfisáætturáðinu, evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) („EIOPA“) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. [1094/2010](#) (1) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, [eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,]⁵⁷ ef þær upplýsingar skipta máli fyrir framkvæmd verkefna þeirra samkvæmt reglugerð (ESB) nr. [1092/2010](#), reglugerð (ESB) nr. 1094/ 2010 eða reglugerð (ESB) nr. [1095/2010](#).

3. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heiti aðila skv. 5.–7. og 11. tölul. 1. mgr. hér á landi.](#)

Krefst ekki innleiðingar (varðar valkvætt ákvæði).

12. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála þegar upplýsingarnar eiga við um framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdra lausafjarráðstafana, eftirlit með greiðslu-, greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfum og að standa vörð um fjármálakerfið.](#)

5. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Stofnanaverndarkerfum skv. 7. mgr. 113. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 \[...\].](#)

2. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði eða eftirlit með fjármálamörkuðum, þar á meðal greiðslukerfum.](#)

1. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [Stofnunum Fríverslunarsamtaka Evrópu og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

1. másl. 7. mgr. 41. gr. sel.: Seðlabanka Íslands er heimilt að veita [...] evrópskum eftirlitsstofnunum á sviði fjármálastarfsemi, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 1. mgr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi aðila á fjármálamarkaði og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti.

1. másl. 1. mgr. 5. gr. eefl.: Seðlabanka Íslands, öðrum stjórnvöldum, einstaklingum og lögaðilum er heimilt að veita evrópskum eftirlitsstofnunum upplýsingar og gögn, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum eða öðrum lögum, vegna framkvæmdar eftirlits.

⁵⁷ Bætt við samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að fjarlægja hindranir sem koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi upplýsingar í samræmi við fyrstu undirgrein.

Krefst ekki innleiðingar.

2. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að yfirvöldin eða aðilarnir sem um getur í 1. mgr. komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau gætu þurft á að halda með tilliti til 54. gr.

Krefst ekki innleiðingar.

3. Upplýsingarnar, sem tekið er við í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] [ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila.](#)

3. másl. 1. mgr. 14. gr. loef.: Þagnarskylda skv. 13. gr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja, stofnunum EFTA og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á sviði fjármálastarfsemi.

1. mgr. 41. gr. sel.: Bankaráðsmenn, seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, nefndarmenn í peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

4. Aðildarríki skulu, við neyðarástand eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld sendi upplýsingar tafarlaust til seðlabanka seðlabankakerfis Evrópu ef upplýsingarnar skipta máli fyrir framkvæmd lögboðinna verkefna þeirra, þ.m.t. framkvæmd peningamálastefnu og tengdrar lausafjárýrgræiðslu, eftirlit með greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfum og verndun stöðugleika fjármálakerfisins og til evrópska kerfisáætturáðsins ef slíkar upplýsingar skipta máli fyrir framkvæmd lögboðinna verkefna þess.

1. másl. 109. gr. f ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það gera öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með samstæðu eða einingum innan hennar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópska kerfisáætturáðinu, Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi seðlabönkum og ríkiseiningum sem bera ábyrgð á löggjöf um fjármálafyrirtæki, fjármálastofnanir og váttryggingafélög í aðildarríkjum og skoðunarmönnum sem starfa fyrir þeirra hönd viðvart eins fljótt og við verður komið um neyðarástand, þ.m.t. aðstæður skv. 18. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eða óhagstæða þróun á mörkuðum sem getur teft í tvísýnu lausafjástöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríki þar sem einingar innan samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða starfrækja mikilvæg útibú og veita allar upplýsingar sem þessir aðilar þurfa til að leysa](#)

	verk sín af hendi, í gegnum samskiptaleiðir sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er.
58. gr. a Miðlun upplýsinga til alþjóðlegra stofnana	
[1. Þrátt fyrir 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. geta lögbær yfirvöld, háð þeim skilyrðum sem sett eru fram í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, miðlað eða deilt tilteknum upplýsingum með eftirfarandi aðilum:	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita [...] .
a) Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum, vegna hvers konar mats fyrir áætlunina um mat á fjármálageiranum,	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum vegna áætlunar um mat á fjármálageiranum [...] .
b) Alþjóðagreiðslubankanum, vegna meginlegra áhrifakannana,	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] Alþjóðagreiðslubankanum vegna meginlegra áhrifamata [...] .
c) ráðgjafarnefndinni um fjármálastöðugleika, vegna eftirlitshlutverks hennar.	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] Alþjóðafjármálastöðugleikaráðinu vegna eftirlitshlutverks þess [...] .
2. Lögbær yfirvöld mega eingöngu deila trúnaðarupplýsingum samkvæmt sérstakri beiðni viðkomandi aðila, þegar a.m.k. eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] að fenginni skýrt afmarkaðri beiðni [...] .
a) beiðnin er tilhlýðilega rökstudd í ljósi sértækra verkefna sem aðilinn sem leggur hana fram framkvæmir í samræmi við lögboðið umboð hans,	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: sem stofnanirnar þurfa til að gegna störfum sínum [...] .
b) beiðnin er nægilega nákvæm að því er varðar eðli, umfang og fyrirkomulag upplýsinganna sem óskað er eftir og aðferðarinnar við birtingu eða sendingu þeirra,	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] að fenginni skýrt afmarkaðri beiðni sem tilgreinir hvað gert verði við upplýsingarnar [...] .
c) umbeðnar upplýsingar eru algerlega nauðsynlegar til að framkvæma hin sértæku verkefni aðilans sem óskar eftir þeim og ganga ekki lengra en skyldubundnu verkefni sem falin eru aðilanum sem óskar eftir upplýsingunum kalla á,	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: sem stofnanirnar þurfa til að gegna störfum sínum [...] .
d) upplýsingarnar eru eingöngu sendar eða miðlað til þeirra einstaklinga sem taka beinan þátt í framkvæmd sértæka verkefnisins,	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] að fenginni skýrt afmarkaðri beiðni sem tilgreinir [...] hvaða einstaklingar fái aðgang að þeim [...] .
e) einstaklingarnir sem aðgang hafa að upplýsingunum falla undir kröfur um þagnarskyldu a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.	2. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi stofnun.
3. Ef einhver af aðilunum sem um getur í 1. mgr. leggur fram beiðnina mega lögbær yfirvöld eingöngu miðla samanteknum eða nafnlausum upplýsingum og eingöngu deila öðrum upplýsingum í húsakynnum lögbæra yfirvaldsins.	2. másl. 2. mgr. 109. gr. aa ffl.: Veita má upplýsingarnar í samandregnu eða ópersónugreinanlegu formi að fenginni skýrt afmarkaðri beiðni sem tilgreinir hvað gert verði við upplýsingarnar og hvaða einstaklingar fái aðgang að þeim en ella má aðeins veita upplýsingarnar á starfsstöð Fjármálaeftirlitsins.
4. Að því marki sem birting upplýsinga felur í sér vinnslu persónuupplýsinga skal öll slík vinnsla aðilans sem óskar eftir upplýsingum vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 . ⁵⁸	Krefst ekki innleiðingar (snýr að erlendum stofnunum).
59. gr. Sending upplýsinga til annarra eininga	

⁵⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

1. Aðildarríki mega, þrátt fyrir 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. og samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um í landslögum, heimila að öðrum deildum í stjórnslu þeirra, sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með stofnunum, fjármálastofnunum og váttryggingafélögum og skoðunarmönnum sem starfa fyrir hönd þessara deilda, sé greint frá vissum upplýsingum.

Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærniseftirlits, forvarna og skilameðferðar stofnana sem stefna í greiðsluþrot. Einstaklingar sem hafa aðgang að upplýsingunum skulu, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).

Ef um neyðarástand er að ræða, eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., skulu aðildarríki heimila lögbærum yfirvöldum að veita þeim deildum, sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, viðeigandi upplýsingar, í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

1. másl. 109. gr. f ffl.: Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það gera öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með samstæðu eða einingum innan hennar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópska kerfisáhætturáðinu, Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi seðlabönkum og ríkiseiningum sem bera ábyrgð á löggjöf um fjármálafyrirtæki, fjármálastofnanir og váttryggingafélög í aðildarríkjum og skoðunarmönnum sem starfa fyrir þeirra hönd viðvart eins fljótt og við verður komið um neyðarástand, þ.m.t. aðstæður skv. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eða óhagstæða þróun á mörkuðum sem getur teft í tvísýnu lausafjástöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríki þar sem einingar innan samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða starfrækja mikilvæg útibú og veita allar upplýsingar sem þessir aðilar þurfa til að leysa verk sín af hendi, í gegnum samskiptaleiðir sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er.

2. Aðildarríki geta heimilað að rannsóknarnefndum þingsins í aðildarríki þeirra, endurskoðunarrétti í aðildarríki þeirra og öðrum einingum sem stýra rannsóknum í aðildarríki þeirra, sé greint frá vissum upplýsingum um varfærniseftirlit með stofnunum, með eftirfarandi skilyrðum:

a) að einingarnar hafi nákvæmt umboð samkvæmt landslögum til að rannsaka eða athuga gaumgæfilega aðgerðir yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum eða á lögum um slíkt eftirlit,

b) að upplýsingarnar séu algjörlega nauðsynlegar til að uppfylla umboðið sem um getur í a-lið,

c) að einstaklingarnir, sem hafa aðgang að upplýsingunum, falli undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.,

Krefst ekki innleiðingar (talið rétt að byggist á heimildum í lagaákvæðum um rannsóknarnefndir Alþingis frekar en í ffl. eða loef.).

d) að ekki sé heimilt, þegar upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem afhentu þær og einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Öll vinnsla eininganna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera í samræmi við gildandi landslög sem lögleiða tilskipun [95/46/EB](#) að því marki sem birting upplýsinga varðandi varfærnisefirlit felur í sér vinnslu persónuupplýsinga.

60. gr. Birting upplýsinga sem aflað er við vettvangsskoðanir og eftirlit

Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar, sem fengnar eru skv. 52. gr. (3. mgr.), 53. gr. (2 mgr.) og 56. gr. og við vettvangsskoðanir eða eftirlit, eins og um getur í 1. og 2. mgr. 52. gr., verði aldrei veittar skv. 59. gr. nema með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem vettvangsskoðunin eða eftirlitið fór fram.

5. mgr. 109. gr. aa ffl.: Upplýsingar sem fengnar eru frá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða við vettvangsskoðun eða aðra athugun í öðru aðildarríki samningsins má aðeins afhenda með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem athugunin fór fram og einungis til þeirra nota sem þau hafa samþykkt.

61. gr. Birting upplýsinga varðandi stöðustofnunar- og uppgjörspjónustu

1. Ekkert í þessum kafla skal koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld aðildarríkis sendi upplýsingarnar, sem um getur í 53., 54. og 55. gr., til stöðustofnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast stöðustofnunar- eða uppgjörspjónustu á landsbundnum markaði eins þeirra, ef þau telja nauðsynlegt að veita upplýsingarnar til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana í tengslum við vanskil eða hugsanleg vanskil af hálfu markaðsaðila. Móttagnar upplýsingar skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr.

13. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: Greiðslujöfnunarstöðvum eða sambærilegum stofnunum sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnunar- eða uppgjörspjónustu ef upplýsingagjöfin er nauðsynleg til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana í tengslum við vanskil eða hugsanleg vanskil af hálfu markaðsaðila.

Inngangsmálsliður 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [...] ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila.

2. Aðildarríki skulu þó tryggja að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 2. mgr. 53. gr., í tilvikum sem um getur í 1. mgr., ef fyrir liggur skýlaust samþykki lögbæru yfirvaldanna sem afhentu þær.

5. mgr. 109. gr. aa ffl.: Upplýsingar sem fengnar eru frá lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða við vettvangsskoðun eða aðra athugun í öðru aðildarríki samningsins má aðeins afhenda með skýlausu samþykki yfirvaldanna sem afhentu upplýsingarnar eða lögbærra yfirvalda ríkisins þar sem athugunin fór fram og einungis til þeirra nota sem þau hafa samþykkt.

62. gr. Vinnsla persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga, að því er varðar þessa tilskipun, skal fara fram í samræmi við tilskipun [95/46/EB](#)⁵⁹ og, ef við á, reglugerð (EB) nr. [45/2001](#)⁶⁰.

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. [90/2018](#).

III. Þáttur: Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningsskilum

⁵⁹ Nú almenna persónuverndarreglugerðin (ESB) [2016/679](#).

⁶⁰ Nú reglugerð (ESB) [2018/1725](#) um persónuvernd, sem hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn.

TILSKIPUN	INNLEIÐING
<p>63. gr. Skylda ábyrgðaraðila lögbundins eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningsskilum</p>	
<p>1. Aðildarríki skulu kveða á um að hverjum þeim einstaklingi, sem til þess hefur heimild í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, og annast í stofnun þau verk sem er lýst í 51. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð⁶¹, 37. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga⁶², 73. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða annað lögboðið verk skuli a.m.k. skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvörðun varðandi stofnunina sem viðkomandi einstaklingur hefur orðið áskynja um í starfi sínu og getur:</p>	<p>Inngangsmásl. 2. mgr. 92. gr. ffl.: Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái hann vitneskju, í starfi sínu fyrir fjármálafyrirtækið eða aðila sem er í nánnum tengslum við það, um atriði eða ákvarðanir sem:</p>
<p>a) falist í að efnislega er brotið í bága við lög eða stjórnýsluákvæði sem fjalla um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða fjalla sérstaklega um starfsemi stofnana,</p>	<p>A-liður 2. mgr. 92. gr. ffl.: <u>líkur eru á að felja</u> í sér veruleg brot á löggjöf sem gildir um starfsemi fjármálafyrirtækisins eða hvers konar brot sem koma til skoðunar á grundvelli 9. gr.</p>
<p>b) haft áhrif á áframhaldandi rekstur stofnunarinnar,</p>	<p>B-liður 2. mgr. 92. gr. ffl.: kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi fjármálafyrirtækisins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.</p>
<p>c) leitt til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir.</p>	<p>C-liður 2. mgr. 92. gr. ffl.: leitt geta til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning fjármálafyrirtækisins.</p>
<p>Aðildarríki skulu að lágmarki kveða á um að einstaklingur, sem um getur í fyrstu undirgrein, beri einnig skyldu til að upplýsa um málsatvik eða ákvörðun sem hann verður áskynja um í starfi sínu, eins og um getur í fyrstu undirgrein, í fyrirtæki sem hefur nán tengsl vegna yfirráðatengsla við stofnunina þar sem hann vinnur það verk.</p>	<p>Inngangsmásl. 2. mgr. 92. gr. ffl.: Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái hann vitneskju, í starfi sínu fyrir fjármálafyrirtækið eða aðila sem er í nánnum tengslum við það, um atriði eða ákvarðanir sem:</p>
<p>[Aðildarríki skulu kveða á um að lögbær yfirvöld geti krafist þess að aðila sem um getur í fyrstu undirgrein sé skipt út ef sá aðili hefur vanrækt skyldur sínar samkvæmt fyrstu undirgrein.]⁶³</p>	<p>5. mgr. 92. gr. ffl.: <u>Fari endurskoðandi ekki eftir 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að fjármálafyrirtæki kjósi annan endurskoðanda.</u></p>
<p>2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem hafa til þess heimild í skilningi tilskipunar 2006/43/EB, að upplýsa lögbær yfirvöld í góðri trú um málsatvik eða ákvarðanir sem um getur í 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnýsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti. Samtímis skal birta</p>	<p>3. og 4. mgr. 92. gr. ffl.: Endurskoðandi skal gera stjórn fjármálafyrirtækis viðvart um tilkynningu skv. 2. mgr. nema rík ástæða sé til þess að gera það ekki. Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða sammingsbundinni þagnarskyldu endurskoðanda.</p>

⁶¹ Nú 1. mgr. 34. gr. tilskipunar [2013/34/ESB](#) um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, sem fjallar um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki.

⁶² Nú 34. og 35. gr. tilskipunar [2013/34/ESB](#) um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, sem fjalla um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki.

⁶³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

slíkar upplýsingar í stjórn stofnunarinnar, nema ríkar ástæður séu fyrir því að gera það ekki.

IV. þáttur: Eftirlitsheimildir, heimildir til að beita viðurlögum og réttur til málskots

TILSKIPUN

INNLEIÐING

64. gr. Eftirlitsheimildir og heimildir til að beita viðurlögum

Veita skal lögbærum yfirvöldum allar eftirlitsheimildir til að grípa inn í starfsemi stofnana, [eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi]⁶⁴, sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi þeirra, þ.m.t. einkum réttinn til að afturkalla starfsleyfi í samræmi við 18. gr., heimildirnar [sem um getur í 18., 102., 104. og 105. gr. og valdið til að grípa til ráðstafananna sem um getur í 6. mgr. 21. gr. a]⁶⁵.

Síðari hluti innleiddur með ákvæðum sem innleiða 18., 6. mgr. 21. gr. a, 102., 104. og 105. gr. Vísunum í eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi bætt við ákvæðin.

2. Lögbær yfirvöld skulu beita eftirlitsheimildum og heimildum sínum til að leggja á viðurlög, í samræmi við þessa tilskipun og landslög, með einhverjum eftirfarandi hætti:

- a) beint,
- b) í samstarfi við önnur yfirvöld,
- c) á eigin ábyrgð með framsali til slíkra yfirvalda,
- d) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

Krefst ekki innleiðingar.

[3. Í ákvörðuninum sem lögbær yfirvöld taka við beitingu eftirlitsheimilda sinna og valds til að leggja á viðurlög skal tiltaka ástæðurnar sem liggja þeim til grundvallar.]⁶⁶

108. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja skriflega ákvarðanir um beitingu eftirlitsheimilda eða viðurlaga samkvæmt lögum þessum.

65. gr. Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

1. Með fyrirvara um eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda sem um getur í 64. gr. og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríki mæla fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnvaldsráðstafanir að því er varðar brot á ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Ákveði aðildarríki að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög vegna brota sem falla undir landsbundinn refsirétt skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ákvæði refsiréttar. Stjórnsýsluviðurlögin og aðrar stjórnsýsluráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

Inngangsmásl. 1. mgr. 110. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:

Inngangsmásl. 1. mgr. 112. gr. b ffl.: Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:

112. gr. e ffl.: Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ~~30. gr. ákvæðum 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013~~ um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum ~~og reglum settum á grundvelli ákvæðisins.~~

2. Aðildarríki skulu tryggja að með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í innlendum lögum

110. gr., 112. gr. b og 112. gr. e ffl.

⁶⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁶⁵ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁶⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

sé heimilt að beita viðurlögum, þegar skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. gilda um stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi og um er að ræða brot á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun eða á reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), á aðila stjórnarinnar og aðra einstaklinga sem samkvæmt landslögum bera ábyrgð á brotinu.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa allar þær valdheimildir til upplýsingasöfnunar og rannsóknar sem nauðsynlegar geta talist til sinna hlutverki sínu. Heimildir þessar ættu, án þess að hafa áhrif á önnur viðeigandi ákvæði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), að fela í sér:

a) vald til að krefjast þess að eftirfarandi einstaklingar eða lögaðilar veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæma verkefni lögbæru yfirvaldanna, þ.m.t. upplýsingar sem skal veita með reglulegu millibili og á tilteknu sniði fyrir eftirlit og tengdar tölfraðilegar upplýsingar:

i. stofnanir með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

ii. eignarhaldsfélög á fjármálasviði með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

iii. blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki,

iv. blönduð eignarhaldsfélög sem stofnsett eru í hlutaðeigandi aðildarríki,

v. aðilar sem tilheyra einingunum sem um getur í i. til iv. lið,

vi. þriðju aðilar sem einingarnar, er um getur í i. til iv. lið, hafa útvistað rekstrarþáttum eða starfsemi til,

9. gr. loef.: *Athugun og aðgangur.*

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

[...]

Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg **og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni**. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

[...]
Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætludum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð sakamála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

[...]

3. og 4. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfélögum eða hlutdeildar**félögumyrirtækjum** eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum slíkra félaga, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

b) vald til að framkvæma allar nauðsynlegar rannsóknir á einstaklingum⁶⁷, sem um getur í i. til iv. lið a-liðar, og hafa staðfestu eða eru staðsettir í hlutaðeigandi aðildarríki, ef nauðsyn krefur til að framkvæma verkefni lögbæru yfirvaldanna, þ.m.t.:

9. gr. loef.: *Athugun og aðgangur.*

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

[...]

Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg **og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni**. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

[...]

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð sakamála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

[...]

3. og 4. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfélögum eða hlutdeildarfélagumyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum slíkra félaga, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.

i. rétt til að krefjast framlagningar gagna,

1. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða

⁶⁷ „person“ í ensku útgáfu.

	<p>starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. [...].</p> <p>3. mgr. 9. gr. loef.: Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg <u>og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni</u>. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. [...].</p> <p>3. og 4. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfélögum eða hlutdeildarfélagumyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við fjármálafyrirtæki, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum slíkra félaga, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.</p>
ii. að athuga bókhald og skrár einstaklinganna sem um getur í i. til iv. lið a-liðar og taka afrit eða útdrætti frá slíku bókhaldi eða skrár,	1. og 3. mgr. 9. gr. loef. og 3. og 4. mgr. 107. gr. ffl.
iii. að fá skriflegar eða munnlegar útskýringar frá einstaklingum sem um getur í i. til iv. lið a-liðar eða fulltrúum eða starfsfólki þeirra og	1. másl. 3. mgr. 9. gr. loef.: Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg <u>og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni</u> .
iv. að taka viðtal við sérhverja aðra einstaklinga sem samþykkja að veita viðtal í þeim tilgangi að safna upplýsingum varðandi viðfangsefni rannsóknar,	1. másl. 3. mgr. 9. gr. loef.: Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg <u>og getur Fjármálaeftirlitið kallað einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni</u> .
c) vald, með fyrirvara um önnur skilyrði sem sett eru fram í lögum Sambandsins, til að framkvæma allt nauðsynlegt eftirlit á athafnasvæði lögaðilanna sem um getur í i. til iv. lið a-liðar og öllum öðrum fyrirtækjum sem falla undir samstæðueftirlit þegar lögbært yfirvald er eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, með fyrirvara um tilkynningu fyrirfram frá hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi. Ef eftirlit krefst heimildar dómsmálayfirvalda	<p>2. másl. 1. mgr. 9. gr. loef.: Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.</p> <p>4. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar</p>

samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild.

hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að hafa eftirlit með eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð sakamála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

66. gr. Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir vegna brota á kröfum um starfsleyfi og kröfum um kaup á virkum eignarhlut

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lög og stjórnsýslufyrirmæli þeirra kveði á um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir, a.m.k. að því er varðar:

Inngangsmásl. 1. mgr. 110. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:

a) að stunda þá starfsemi að taka við innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, án þess að vera lánastofnun, og brjóta þannig í bága við 9. gr.,

1. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.

b) að hefja starfsemi sem lánastofnun án þess að fá starfsleyfi og brjóta þannig í bága við 9. gr.,

1. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 3. gr. um að starfsleyfisskyld starfsemi skuli ekki stunduð án starfsleyfis.

c) að kaupa, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun eða auka enn frekar, beint eða óbeint, slíkan hlut í lánastofnun og valda því þannig að hlutfall atkvæðisréttar eða eigin fjár myndi ná eða fara yfir efri viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eða þannig að lánastofnunin yrði dótturfélag umrædds aðila, án þess að tilkynna það skriflega lögbærum yfirvöldum lánastofnunarinnar sem leitast er við að kaupa eða auka virkan eignarhlut í, á meðan matstímabilið stendur yfir eða þrátt fyrir andmæli lögbæra yfirvaldsins og brjóta þannig í bága við 1. mgr. 22. gr.,

21. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: [1. mgr. 40. gr.](#) um tilkynningu um virkan eignarhlut.

d) að losa sig við, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í lánastofnun eða minnka virkan eignarhlut þannig að hlutfall atkvæðisréttar eða eigin fjár myndi fara undir viðmiðunarmörkin sem um getur í 25. gr. eða að lánastofnunin hætti að vera dótturfélag, án þess að tilkynna það lögbærum yfirvöldum á skriflegan hátt,

23. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 47. gr. um tilkynningu eiganda [um aðilaskipti að virkum eignarhlut.](#)

[e) að sækja ekki um samþykki í andstöðu við 21. gr. a eða sérhvert annað brot á kröfunum sem settar eru fram í þeirri grein.]⁶⁸

27. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: [1. mgr. 49. gr. b um skyldu eignarhaldsfélaga til að sækja um samþykki.](#)

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að í tilvikum sem um getur í 1. mgr. innihaldi stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir, sem unnt er að beita, a.m.k. eftirfarandi:

a) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir einstaklinginn, stofnunina, eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi sem ber ábyrgð á brotinu,

1. másl. 1. mgr. 112. gr. g ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum ákvarðanir um stjórnsýsluviðurlög vegna brota gegn lögum þessum, þar á meðal um hver brotin eru og þá einstaklinga og lögaðila sem eru látnir sæta](#)

⁶⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

	<p><u>viðurlögum, án ástæðulausrar tafar eftir að viðkomandi aðilar hafa verið upplýstir um ákvarðanirnar.</u></p> <p>9. gr. a loef.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.</p>
b) skipun til þess einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð á brotinu um að hætta framferðinu og endurtaka ekki framferðið,	1. mgr. 10. gr. loef.: Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.
c) stjórnslufjársektir sem eru allt að 10% af árlegri heildarveltu fyrirtækis á næstliðnu rekstrarári, þ.m.t. vergar tekjur sem samanstanda af vaxtatekjum og svipuðum tekjum, tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum eða föstum tekjum og útistandandi umboðslaunum eða þóknunum, í samræmi við 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , þegar um lögaðila er að ræða,	2. másl. 3. mgr. 110. gr. ffl.: Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykkt ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykkt samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.
d) stjórnslufjársektir sem eru allt að 5 000 000 evra eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru að gjaldmiðli, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 17. júlí 2013, þegar um einstakling er að ræða,	1. másl. 3. mgr. 110. gr. ffl.: Sektor sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 80065 millj. kr.
e) stjórnslufjársektir sem eru allt að tvöföld fjárhæð ábata af brotinu, ef unnt er ákvarða þann ábata,	7. mgr. 110. gr. ffl.: Ef einstaklingur eða lögaðili brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra, og fyrir liggur að hann hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti, er heimilt að ákvarða hinum brotlega sektarfjárhæð sem getur, þrátt fyrir 1. og 2. másl. 32. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur.
f) tímabundin svipting atkvæðisréttar hluthafans eða hluthafa sem dregnir eru til ábyrgðar á brotunum sem um getur í 1. mgr.	110. gr. a ffl.: <u>Fjármálaeftirlitið getur tímabundið svipt hluthafa eða stofnfjareiganda í fjármálafyrirtæki atkvæðisrétti í fyrirtækinu brjóti hann af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 110. gr.</u>
Viðeigandi vergar tekjur skulu, þegar fyrirtækið sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar er dótturfélag móðurfélags, vera vergar tekjur úr samstæðureikningi endanlega móðurfélagsins á næstliðnu rekstrarári.	2. másl. 3. mgr. 110. gr. ffl.: Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykkt ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykkt samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.
67. gr. Önnur ákvæði	
1. Grein þessi skal a.m.k. gilda við eftirfarandi aðstæður:	Inngangsmásl. 1. mgr. 110. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á

	hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:
a) stofnun hefur fengið starfsleyfi á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,	2. mgr. 110. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur jafnframt lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem hefur staðið að því að fyrirtæki fái starfsleyfi samkvæmt lögum þessum á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
b) stofnun fær vitneskju um öflun eða ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé sínu, sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 22. gr. eða 25. gr., og upplýsir ekki lögbær yfirvöld um þessa öflun eða ráðstöfun og brýtur þannig í bága við fyrsta undirlið 1. mgr. 26. gr.,	24. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 1. mgr. 48. gr. um tilkynningu fjármálafyrirtækis lánastofnunar um aðilaskipti að virkum eignarhlut.
c) stofnun sem er skráð á skipulegum markaði, eins og um getur í skránni sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2004/39/EB ⁶⁹ , upplýsir ekki, a.m.k. árlega, lögbær yfirvöld um nöfn hluthafa og félagsaðila sem eiga virka eignarhluti og um umfang þess háttar eignarhluta og brýtur þannig í bága við aðra undirgrein 1. mgr. 26. gr. þessarar tilskipunar,	25. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 2. mgr. 48. gr. um tilkynningu skráðrar lánastofnunar um eigendur virkra eignarhluta.
d) stofnun hefur ekki innleitt fyrirkomulag stjórnunarháttanna sem krafist er af lögbærum yfirvöldum í samræmi við landsákvæði sem lögleiða 74. gr.,	29. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 1. mgr. 50. gr. um fyrirkomulag stjórnarháttanna, ferli og kerfi.
e) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um hvort skyldan til að uppfylla kröfur vegna eiginfjárgrunns, sem sett er fram í 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , sé uppfyllt og brýtur þannig í bága við 1. mgr. 99. gr. þeirrar reglugerðar,	76. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf.
f) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, í tengslum við gögnin sem um getur í 101. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	76. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf.
g) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um stórar áhættuskuldbindingar og brýtur þannig í bága við 1. mgr. 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	76. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf.
h) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um lausafjárstöðu og brýtur þannig í bága við 1. og 2. mgr. 415. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	76. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf.
i) stofnun veitir ekki lögbæru yfirvöldunum upplýsingar, eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar, um vogunarhlutfall og brýtur þannig í bága við 1. mgr. 430. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	76. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 7. hluta A reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfur um skýrslugjöf.

⁶⁹ Nú 56. gr. tilskipunar [2014/65/ESB](#) um markaði fyrir fjármálagerninga, um skrá yfir skipulega markaði.

j) stofnun skortir lausafé, ítrekað eða um langvarandi skeið, og brýtur þannig í bága við 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	74. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 412. gr., sbr. 460. gr., reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um kröfu um lausafjárlutfall eða gegn kröfu um lausafjárlutfall í reglum skv. 3. mgr. 117. gr. b. enda sé brot ítrekað eða viðvarandi.
k) stofnun stofnar til áhættuskuldbindingar sem er umfram viðmiðunarmörkin sem sett eru í 395. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	72. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 395. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum.
l) stofnun er óvarin fyrir útlánaáhættu verðbréfaðrar stöðu án þess að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ⁷⁰ ,	73. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um skilyrði fyrir því að bera útlánaáhættu vegna verðbréfaðrar stöðu.
m) stofnun birtir ekki upplýsingar eða veitir ófullnægjandi eða ónákvæmar upplýsingar og brýtur þannig í bága við 1., 2. og 3. mgr. 431. gr. eða 1. mgr. 451. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	77. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um upplýsingagjöf stofnana.
n) stofnun innir af hendi greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni stofnunar og brýtur þannig í bága við 141. gr. þessarar tilskipunar, eða í tilvikum þar sem 28., 5[2] ⁷¹ . eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 banna slíkar greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni,	58. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 86. gr. m laga þessara eða 28., 52. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með því að inna af hendi greiðslur til eigenda gerninga sem eru hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis í andstöðu við ákvæðin.
o) stofnun er dæmd ábyrg fyrir alvarlegu broti á landsákvæðum sem samþykkt voru samkvæmt tilskipun 2005/60/EB ⁷² ,	Lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018 .
p) stofnun heimilar einum eða fleiri einstaklingum, sem uppfylla ekki 91. gr., að verða eða halda áfram að vera meðlimir stjórnar,	30. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 2., 3. og 5. mgr. 52. gr. og 52. gr. a um hæfisskilyrði, setu stjórnarmanna í stjórn annars fjármálafyrirtækis og tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins.
[q] móðurstofnun, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi grípur ekki til aðgerða sem þörf kann að vera á til að tryggja hlítinu við varfærniskröfurnar sem settar eru fram í þriðja, fjórða, sjötta eða sjöunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða sem lagðar eru á skv. a-lið 1. mgr. 104. gr. eða 105. gr. þessarar tilskipunar á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni.] ⁷³	71. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.: 3., 4., 6. eða 8. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða 1. eða 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a laga þessara með því að móðurstofnun, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi grípi ekki til ráðstafana á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni sem ákvæðin eða ákvarðanir á grundvelli þeirra áskilja.
2. Aðildarríki skulu sjá til þess, í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., að stjórnsluviðurlög og aðrar stjórnsluráðstafanir sem unnt er að beita innihaldi a.m.k. eftirfarandi:	
a) opinbera yfirlýsingu sem tilgreinir einstaklinginn, stofnunina, eignarhaldsfélagið á	1. másl. 1. mgr. 112. gr. g ffl.: Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum ákvarðanir um stjórnsluviðurlög vegna brota gegn lögum

⁷⁰ Greinin fjallaði um skyldu útgefanda til að halda eftir hluta útlánaáhættu þrátt fyrir verðbréfun en var felld brott með reglugerð (ESB) [2017/2401](#). Visar nú til 2. kafla reglugerðar (ESB) [2017/2402](#), einkum 6. gr. sem varðar sama efni. Reglugerðir (ESB) 2014/2401 og 2017/2402 hafa þó ekki enn verið teknar upp í EES-samninginn svo breytingarnar hafa ekki tekið gildi gagnvart Íslandi.

⁷¹ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 20/1](#).

⁷² Nú tilskipun (ESB) [2015/849](#) um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka.

⁷³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

fjármálasviði eða blandaða eignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi sem ber ábyrgð og eðli brotsins,

þessum, þar á meðal um hver brotin eru og þá einstaklinga og lögaðila sem eru láttnir sæta viðurlögum, án ástæðulausrar tafar eftir að viðkomandi aðilar hafa verið upplýstir um ákvarðanirnar.

9. gr. a loef.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

b) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

1. mgr. 10. gr. loef.: Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

c) afturköllun starfsleyfis stofnunar í samræmi við 18. gr., þegar um stofnun er að ræða,

1. mgr. 9. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis lánastofnunar í heild eða að hluta:

[...]

7. brjóti fyrirtækið að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim

[...]

11. brjóti fyrirtækið alvarlega eða ítrekað gegn lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

d) tímabundið bann, með fyrirvara um 2. mgr. 65. gr., við því að stjórnarmaður stofnunar eða hver annar einstaklingur, sem talinn er ábyrgur, komi að starfsemi innan stofnana,

110. gr. b ffl.: Fjármálaeftirlitið getur tímabundið bannað einstaklingi sem brýtur af sér með þeim hætti sem greinir í 1. eða 2. mgr. 110. gr. eða brýtur gegn lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka að starfa hjá fjármálafyrirtækjum.

e) stjórnslufjársektir sem eru allt að 10% af árlegri heildarveltu fyrirtækis á næstliðnu rekstrarári, þ.m.t. vergar tekjum sem samanstanda af vaxtatekjum og svipuðum tekjum, tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegum eða föstum tekjum og útistandandi umboðslaunum eða þóknunum, í samræmi við 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), þegar um lögaðila er að ræða,

2. másl. 3. mgr. 110. gr. ffl.: Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta ~~numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta~~ þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu ~~og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.~~

Mælt fyrir um stjórnvaldssektir vegna peningabættisbrota, sbr. o-lið 1. mgr., í lögum nr. [140/2018](#).

f) stjórnslufjársektir sem eru allt að 5 000 000 evra eða, í þeim aðildarríkjum sem hafa ekki evru að gjaldmiðli, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 17. júlí 2013, þegar um einstakling er að ræða,

1. másl. 3. mgr. 110. gr. ffl.: Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til ~~80065~~ millj. kr.

g) stjórnslufjársektir sem eru allt að tvöföld fjárhæð þess hagnaðar sem fæst eða taps sem

7. mgr. 110. gr. ffl.: Ef einstaklingur eða lögaðili brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum á

komist er hjá, vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða það.

grundvelli þeirra, og fyrir liggur að hann hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti, er heimilt að ákvarða hinum brotlega sektarfjárhæð sem getur, þrátt fyrir ~~1. og 2. málsl. 32.~~ mgr., orðið allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur.

Viðeigandi vergar tekjur skulu, þegar fyrirtækið sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar er dótturfélag móðurfélags, vera vergar tekjur af samstæðureikningi endanlega móðurfélagsins á næstliðnu rekstrarári.

2. másl. 3. mgr. 110. gr. ffl.: Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta ~~numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta~~ þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktá samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu ~~og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.~~

68. gr. Birting stjórnisýsluviðurlaga

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin birta á opinberu vefsetri sínu a.m.k. öll stjórnisýsluviðurlög sem ekki er unnt að kæra og lögð eru á vegna brota á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun eða á reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), þ.m.t. upplýsingar um gerð og eðli brota og tilgreining á einstaklingi eða lögaðila sem beittur er viðurlögunum, án ástæðulausrar tafar eftir að viðkomandi aðili hefur verið upplýstur um þessi viðurlög.

1. másl. 1. mgr. 112. gr. g ffl.: Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum ákvarðanir um stjórnisýsluviðurlög vegna brota gegn lögum þessum, þar á meðal um hver brotin eru og þá einstaklinga og lögaðila sem eru látnir sæta viðurlögum, án ástæðulausrar tafar eftir að viðkomandi aðilar hafa verið upplýstir um ákvarðanirnar.

Lögbæru yfirvöldin skulu, án ástæðulausrar tafar, einnig birta á opinberu vefsetri sínu upplýsingar um stöðu kæru og niðurstöðu kærunnar þegar aðildarríki leyfa birtingu viðurlaga sem unnt er að kæra.

2. másl. 1. mgr. 112. gr. g ffl.: Ef ákvarðanirnar eru bornar undir dómstóla skal Fjármálaeftirlitið jafnframt birta upplýsingar um stöðu og niðurstöðu dómsmálanna.

2. Lögbær yfirvöld skulu birta viðurlögin undir nafnleynd með hætti sem er í samræmi við landslög við einhverja af eftirfarandi aðstæðum:

2. mgr. 112. gr. g ffl.: Fjármálaeftirlitið skal [...] birta ákvarðanir án persónugreinanlegra auðkenna ef [...].

a) þegar viðurlögunum er beitt á einstakling og birting persónuupplýsinga, að undangengnu skyldubundnu fyrirframgerðu mati, telst ekki í réttu hlutfalli við tilefnið,

[...] annað myndi valda viðkomandi einstaklingum [...] tjóni sem væri ekki í eðlilegu samræmi við brotið [...].

b) þegar birting myndi stofna stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn sakamáls í hættu,

[...] eða stofnaði stöðugleika á fjármálamarkaði eða yfirstandandi rannsókn sakamáls í hættu.

c) þegar birting myndi valda, að því marki sem hægt er að ákvarða, hlutaðeigandi stofnunum eða einstaklingum óhóflegum skaða.

[...] annað myndi valda viðkomandi einstaklingum eða lögaðilum tjóni sem væri ekki í eðlilegu samræmi við brotið [...].

Að öðrum kosti, ef líklegt er að aðstæðurnar sem um getur í fyrstu undirgrein taki enda innan hæfilegs tíma, má fresta birtingu skv. 1. mgr. um samsvarandi tíma.

2. mgr. 112. gr. g ffl.: Fjármálaeftirlitið skal fresta birtingu skv. 1. mgr. [...] ef [...].

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að upplýsingar, sem birtar eru skv. 1. eða 2. mgr., verði áfram á opinberum vefsetrum þeirra í a.m.k. fimm ár. Persónuupplýsingum skal aðeins haldið á opinbera vefsetri lögbæra yfirvaldsins þann tíma sem nauðsynlegt er, í samræmi við gildandi reglur um gagnavernd.

3. og 4. másl. 1. mgr. 112. gr. g ffl.: Upplýsingarnar skulu vera á vefnum í minnst fimm ár. Persónuupplýsingar skulu þó ekki vera á vefnum lengur en nauðsynlegt getur talist í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

4. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal, fyrir 18. júlí 2015, leggja fyrir framkvæmdastjórnina

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

skýrslu um birtingu aðildarríkja á viðurlögum undir nafnleynd, eins og kveðið er á um í 2. mgr., einkum þegar um veruleg frávik er að ræða milli aðildarríkja að því er þetta varðar. Einnig skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um öll veruleg frávik sem varða birtingartíma viðurlaga samkvæmt landslögum.

69. gr. Upplýsingaskipti um viðurlög og rekstur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á miðlægu gagnasafni

1. Lögbæru yfirvöldin skulu, með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu sem um getur í 1. mgr. 53. gr., upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um öll stjórnsluviðurlög, þ.m.t. varanleg bönn sem lögð eru á skv. 65., 66. og 67. gr. að meðtöldum öllum kærum í þessu samhengi og niðurstöður þeirra. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reka miðlægt gagnasafn um stjórnsluviðurlög sem henni er tilkynnt um, eingöngu í tilgangi upplýsingaskipta milli lögbærra yfirvalda. Gagnasafnið skal einungis vera aðgengilegt lögbærum yfirvöldum og uppfært á grundvelli upplýsinga sem lögbær yfirvöld veita.

2. Lögbært yfirvald skal hafa samráð við gagnasafn Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um stjórnsluviðurlög þegar það metur óflekkað mannorð að því er varðar 13. gr. (1. mgr.), 16. gr. (3. mgr.), 91. gr. (1. mgr.) og 121. gr. Ef staða breytist eða fallist er á kæru skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eyða eða uppfæra viðeigandi færslur í gagnasafninu að beiðni lögbæru yfirvaldanna.

3. Lögbæru yfirvöldin skulu athuga, í samræmi við landslög, hvort sakaskrá hlutaðeigandi einstaklings innihaldi viðeigandi sakfellingu. Í þeim tilgangi skulu þau skiptast á upplýsingum í samræmi við ákvörðun 2009/316/DIM og rammaákvörðun 2009/315/DIM, eins og þær koma til framkvæmda í landslögum.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal reka vefsetur með tenglum á birtingu hvers opinbers yfirvalds á stjórnsluviðurlögum skv. 68. gr. og sýna yfir hvaða tímabil hvert aðildarríki birtir stjórnsluviðurlög.

70. gr. Skilvirk beiting lögbærra yfirvalda á viðurlögum og framkvæmd valdheimilda til að beita viðurlögum

Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund stjórnsluviðurlaga eða annarra stjórnsluráðstafana og fjárhæð stjórnslufjársekta, þ.m.t. og eftir því sem við á:

1. másl. innleiddur með 112. gr. h ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um ákvarðanir um stjórnsluviðurlög vegna brota gegn lögum þessum og um dómsmál vegna þeirra og niðurstöður þeirra.](#)

Síðari tveir másl. krefjast ekki innleiðingar (snúa að stofnunum Evrópusambandsins).

Ákvæði sem innleiða 1. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 16. gr. CRD IV vísa til skilyrða sem koma fram í 2. mgr. 52. gr. ffl., sem innleiðir fyrirmæli í 1. mgr. 91. gr. og 121. gr. CDD IV um gott orðspor. Í skýringum við breytingar á 2. mgr. 52. gr. kemur fram að við mat á orðspori eigi að kanna gagnasafn EBA og sakaskrá.

Síðari másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Ákvæði sem innleiða 1. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 16. gr. CRD IV vísa til skilyrða sem koma fram í 2. mgr. 52. gr. ffl., sem innleiðir fyrirmæli í 1. mgr. 91. gr. og 121. gr. CDD IV um gott orðspor. Í skýringum við breytingar á 2. mgr. 52. gr. kemur fram að við mat á orðspori eigi að kanna gagnasafn EBA og sakaskrá.

Síðari másl. krefst ekki innleiðingar (vísar til gerða sem heyra ekki undir EES-samninginn).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

4. mgr. 110. gr. ffl.: Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæði þessu [og annarra stjórnsluviðurlaga og -ráðstafana vegna brota skv. 1. mgr.](#) skal ~~m.a.~~ tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,	A-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: alvarleika brots. B-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: hvað brotið hefur staðið lengi.
b) umfang ábyrgðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,	C-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum.
c) fjárhagslegur styrkur einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu, eins og gefið til dæmis er til kynna með heildarveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings,	D-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: fjárhagsstöðu hins brotlega.
d) hagnaður einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgðina eða tapið sem hann kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,	E-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðast er með broti.
e) tap þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða það,	F-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila.
f) umfang samstarfs einstaklingsins eða lögaðilans, sem ber ábyrgð á brotinu, við lögbæra yfirvaldið,	H-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: samstarfsvilja hins brotlega.
g) fyrri brot einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,	I-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.
h) allar mögulegar kerfistengdar afleiðingar af brotinu.	G-liður 4. mgr. 110. gr. ffl.: hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins.
71. gr. Tilkynning um brot	
1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á skilvirku og áreiðanlegu fyrirkomulagi til að hvetja til að lögbærum yfirvöldum sé greint frá mögulegum eða raunverulegum brotum á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 .	1. mgr. 13. gr. a loef.: Fjármálaeftirlitið skal hafa ferla til þess að taka við og fylgja eftir tilkynningum um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
2. Fyrirkomulagið, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. innihalda:	
a) sértæka málsmeðferð vegna viðtöku á skýrslum um brot og eftirfylgni þeirra,	1. mgr. 13. gr. a loef.: Fjármálaeftirlitið skal hafa ferla til þess að taka við og fylgja eftir tilkynningum um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
b) viðeigandi verndun fyrir starfsfólk stofnana, sem tilkynna um brot sem framið er innan stofnunar, fyrir að minnsta kosti refsiaðgerðum, mismunun eða annars konar ósanngjarnri meðferð,	2. mgr. 60. gr. b ffl.: Fjármálaafyrirtæki skal vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot skv. 60. gr. a gegn því að hann sæti misrétti sem rekja má til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. (Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að fjármálaafyrirtæki fari eftir ákvæðinu.)
c) vernd persónuupplýsinga, bæði um aðilann sem skýrir frá brotinu og einstaklinginn sem ber meinta ábyrgð á því, í samræmi við tilskipun 95/46/EB , ⁷⁴	3. másl. 2. mgr. 13. gr. a loef.: Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
d) skýrar reglur sem tryggja að trúnaður sé tryggður í öllum tilvikum í tengslum við einstaklinginn sem skýrir frá broti sem framið er innan stofnunar, nema birtingar sé krafist í	2. másl. 2. mgr. 13. gr. a loef.: Ferlar skulu tryggja að [...] ef upplýsingar sem fram koma í tilkynningu má rekja beint eða óbeint til þess sem tilkynnti skulu þær fara leynt, nema skylt sé að

⁷⁴ Nú almenna persónuverndarreglugerðin (ESB) [2016/679](#).

landslögum með skírskotun til frekari rannsókna eða síðari dómsmeðferðar.	veita slíkar upplýsingar lögum samkvæmt til lögreglu eða á grundvelli dómsúrskurðar.
3. Aðildarríki skulu krefja stofnanir um að hafa til staðar viðeigandi verklagsreglur fyrir starfsfólk sitt til að tilkynna innan þeirra um brot eftir tiltekinni, óháðri og sjálfstæðri boðleið.	1. másl. 1. mgr. 60. gr. a ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa ferla til að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna þess um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækisins. 2. mgr. 60. gr. b ffl.: Fjármálafyrirtæki skal vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot skv. 60. gr. a gegn því að hann sæti misrétti sem rekja má til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. 3. mgr. 60. gr. a ffl.: Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. 1. mgr. 60. gr. b ffl.: Þeir sem falið hefur verið að taka við tilkynningum skv. 60. gr. a og sjá um vinnslu þeirra eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningunum. Þagnarskyldan gildir gagnvart öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og einnig utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til Fjármálaeftirlitsins og til lögreglu.
Slík boðleið getur einnig verið fyrir milligöngu fyrirkomulags sem aðilar vinnumarkaðarins kveða á um. Sama vernd gildir og um getur í b-, c- og d-lið 2. mgr.	Krefst ekki innleiðingar (valkvætt ákvæði).
72. gr. Málskotsréttur	
Aðildarríki skulu sjá til þess að unnt sé að kæra til dómstóla ⁷⁵ allar ákvarðanir og ráðstafanir samkvæmt lögum og stjórnslufyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 . Aðildarríki skulu einnig sjá til þess að unnt sé að kæra það þegar ekki er tekin ákvörðun innan sex mánaða frá framlagningu starfsleyfisumsóknar, sem inniheldur allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun.	Almennar reglur um aðgang að dómstólum, sbr. fyrirmæli 60. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 , um að dómendur skeri úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda, og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár um að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli, og ákvæði laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 .

2. KAFLI: Endurmatsferli

I. þáttur: Innra matsferli fyrir eiginfjárbörf

TILSKIPUN	INNLEIÐING
73. gr. Innra eigið fé Stofnanir skulu hafa til staðar traustar, skilvirkar og heildstæðar áætlanir og ferli til að meta og viðhalda á áframhaldandi grundvelli þær fjárhæðir, tegundir og dreifingu eigin fjár sem þær	2. másl. 1. mgr. 77. gr. a ffl.: Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu

⁷⁵ Í enskri útgáfu er aðeins rætt um „right of appeal“ en ekki sérstaklega rætt um málskot til dómstóla.

telja fullnægjandi til að verjast eðli og umfangi þeirra áhætta sem þær standa, eða gætu staðið, frammi fyrir.

eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeirri áhættu sem starfsemin felur í sér hverju sinni [...].

Endurmeta skal áætlanir þessar og ferli reglulega til að tryggja að þau nái enn yfir og séu í réttu hlutfalli við eðli, umfang og margbreytileika starfsemi viðkomandi stofnunar.

3. másl. 1. mgr. 77. gr. a ffl.: Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.

II. þáttur: Fyrirkomulag, ferli og kerfi stofnana
1. undirþáttur: Almennar meginreglur

TILSKIPUN

INNLEIÐING

74. gr. Innri stjórnunarhættir og endurreisnar- og skilaáætlanir

1. Stofnanir skulu hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttá sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsæri og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að greina, stýra, hafa eftirlit með og tilkynna um áhættu sem þær standa frammi fyrir eða kunna að standa frammi fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og reikningskilaáðferðir og starfskjarastefnur og -venjur sem eru í samræmi við og stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu.

[Starfskjarastefnur og -venjur sem um getur í fyrstu undirgrein skulu vera kynhlutlausar.]⁷⁶

1. mgr. 50. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttá sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsæri og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættuþætti sem það stendur eða kann að standa frammi fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og starfskjarastefnu og framkvæmd hennar sem er í samræmi við og stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu.

1. mgr. 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020: Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

2. tölul. 2. mgr. 57. gr. a ffl.: [Starfskjarastefna fjármálafyrirtækis og framkvæmd hennar skal tryggja, að því marki sem við á, að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi fyrirtækisins, að:] Stjórnarmenn og starfsmenn fái greidd sömu laun fyrir jafngild eða jafnverðmæt störf óháð kyni.

2. Fyrirkomulagið, ferlarnir og kerfin sem um getur í 1. mgr. [þessarar greinar]⁷⁷, skulu vera ítarleg og í réttu hlutfalli við eðli, stærð og flækjustig áhættunnar sem innbyggð er í viðskiptalíkan og starfsemi stofnunarinnar. Taka skal tillit til tæknilegu viðmiðanna sem komið er á í 76. til 95. gr.

1. másl. innleiddur með 2. mgr. 50. gr. ffl.: Fyrirkomulag, ferli og kerfi skv. 1. mgr. skulu vera heildstæð og í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættunnar í viðskiptalíkani og starfsemi fyrirtækisins.

2. másl. innleiddur með ákvæðum sem innleiða 76.–95. gr. CRD IV.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur, [í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010]⁷⁸, um fyrirkomulag, ferla og kerfi sem um getur í 1. mgr.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar á 50. gr. ffl. og við nýja 57. gr. a ffl.).

⁷⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁷⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁷⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

[þessarar greinar]⁷⁹, [með tilliti til]⁸⁰ 2. mgr. [þessarar greinar]⁸¹.

[Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), gefa út viðmiðunarreglur um kynhlutlausar starfskjarastefnur fyrir stofnanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, innan tveggja ára frá birtingardegi viðmiðunarreglnanna sem um getur í annarri undirgrein og á grundvelli upplýsinganna sem hefur verið aflað af lögbærum yfirvöldum, birta skýrslu um beitingu stofnana á kynhlutlausum starfskjarastefnum.]⁸²

4. [...] ⁸³

75. gr. Eftirlit með starfskjarastefnum

Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingunum sem birtar eru í samræmi við viðmiðin um birtingu upplýsinga sem komið er á í g-, h-, i- [og k-]⁸⁴ 1. mgr. 450. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), [sem og upplýsingunum sem stofnanir veita um launamun kynjanna]⁸⁵ og nota þær til viðmiðunar um þróun starfskjara og -venja. Lögbæru yfirvöldin skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þær upplýsingar.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um traustar launakjarastefnur sem fara að meginreglunum sem settar eru fram í 92.–95. gr. Með viðmiðunarreglunum skal taka tillit til meginreglnanna um trausta launakjarastefnu sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar [2009/384/EB](#) frá 30. apríl 2009 um launakjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa náð samstarf við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina til að útfæra viðmiðunarreglur um launakjarastefnu vegna þeirra flokka starfsfólks sem taka þátt í veitingu fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi í skilningi 2. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar [2004/39/EB](#).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal nota upplýsingar sem hún fær frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við 1. mgr. til að fylgja þróun launakjara og -venja á vettvangi Evrópusambandsins.

1. tölul. 1. mgr. 57. gr. f fttl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal safna upplýsingum:\] Sem birtar eru í samræmi við g-i- og k-lið 1. mgr. 450. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 og upplýsingum sem fjármálafyrirtæki veita um mun á launum kynjanna og nýta þær upplýsingar til viðmiðunar um starfskjarapróun og -framkvæmd.](#)

2. mgr. 57. gr. f fttl.: [Fjármálaeftirlitið skal senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar skv. 1. mgr.](#)

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við nýja 57. gr. a fttl.).

⁷⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁸⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁸¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁸² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁸³ Fellt brott með 124. gr. [tilskipunar 2014/59/ESB, sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja](#).

⁸⁴ Bætt við með [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁸⁵ Bætt við með [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

3. Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingum um fjölda einstaklinga í hverri stofnun sem fá í laun 1 milljón evra eða meira á hverju fjárhagsári, í 1 milljónar evru launabrepum, þ.m.t. ábyrgð þeirra í starfi, viðkomandi rekstrarsvið og helstu þættir svo sem laun, kaupauki, ávinningur til langs tíma og lífeyrisiðgjald. Senda skal upplýsingarnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem birtir þær, samanteknar eftir heimaaðildarríki, á sameiginlegu skýrslusniði. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að útfæra viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd þessarar málsgreinar og tryggja samræmi safnaðra upplýsinga.

1. másl. innleiddur með 2. tölul. 1. mgr. 57. gr. f ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal safna upplýsingum:\] Um fjölda einstaklinga í hverju fjármálafyrirtæki sem fá jafnvirði 1 millj. evra eða meira í laun á hverju reikningsári og um starfsskyldur þeirra, þau rekstrarsvið sem þeir starfa við og helstu þætti starfskjara þeirra, þar á meðal föst starfskjör, kaupauka og lífeyrisframlög.](#)

Fyrri hluti 2. másl. innleiddur með 2. mgr. 57. gr. f ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar skv. 1. mgr.](#)

Síðari hluti 2. másl. og 3. másl. krefjast ekki innleiðingar (snúa að Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við nýja 57. gr. f ffl.)

2. undirþáttur: Tæknilegar viðmiðanir vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu

TILSKIPUN

76. gr. Meðferð áhættu

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin samþykki og endurskoði reglubundið áætlanir og stefnumið vegna tilurðar, stjórnunar, eftirlits og mildunar þeirra áhætta sem stofnunin stendur eða kann að standa frammi fyrir, þ.m.t. þeirra sem stafa af efnahagsumhverfinu sem hún starfar í, í tengslum við stöðu hagsveiflunnar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin verji nægum tíma í að fjalla um áhættutengd málefni. Stjórnin skal taka virkan þátt í og tryggja að fullnægjandi fjármagni sé veitt til stjórnunar á öllum mikilvægum áhættum sem fjallað er um í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) sem og til mats á eignum, notkunar utanaðkomandi lánshæfismats og innri líkana í tengslum við þessa áhættu. Stofnunin skal koma á boðleiðum til stjórnar sem taka til allrar verulegrar áhættu og áhættustýringarstefna og breytinga á þeim.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og eðlis starfseminnar, umfangs hennar og þess hve flókin hún er, komi á áhættunefnd sem skipuð er stjórnarmönnum sem taka ekki þátt í daglegri stjórnun hlutaðeigandi stofnunar. Aðilar áhættunefndarinnar skulu hafa nauðsynlega þekkingu, kunnáttu og sérfræðipekkingu til að skilja að fullu og hafa eftirlit með áhættuáætlun og -vilja stofnunarinnar.

INNLEIÐING

1. mgr. 54. gr. a ffl.: Stjórn fjármálafyrirtækis skal samþykka áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar, sbr. ~~47. gr.~~ [77. gr. a og 77. gr. b](#), og tryggja að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega. Til slíkra ferla teljast m.a. ferlar er varða áhættutöku og takmörkun á þeirri áhættu sem hefur, eða kann að hafa, áhrif á starfsemi fyrirtækis.

2. mgr. 54. gr. a ffl.: Stjórn fjármálafyrirtækis skal við störf sín verja hæfilegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi fyrirtækisins. Stjórn skal tryggja að nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan fyrirtækisins sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti. Einnig skal stjórn, eftir atvikum, hafa eftirlit með mati á eignum félagsins, notkun innri líkana og notkun mats frá lánshæfismatsfyrirtækjum.

2. másl. 3. mgr. 77. gr. a ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa verkferla sem tryggja upplýsingaskipti á milli áhættustýringar og stjórnar vegna allra helstu áhættuþátta í starfsemi félagsins og breytinga á þeim.

1.–3. másl. 1. mgr. 78. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki skal starfrækja áhættunefnd. Nefndin skal að lágmarki skipuð þremur mönnum, ~~þar af tveimur stjórnarmönnum fjármálafyrirtækisins hið minnsta. Starfsmönnum fjármálafyrirtækisins er óheimilt að eiga sæti í nefndinni.~~ Nefndarmenn skulu vera stjórnarmenn í viðkomandi fyrirtæki og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynsluhæfni til að skilja að fullu og hafa eftirlit með móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

	<p>1. másl. 5. mgr. 78. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af stærð, eðli og umfangi rekstrar fjármálfyrirtækis, og því hversu margþætt starfsemi fyrirtækisins er, veitt undanþágu frá starfrækslu áhættunefndar eða frá einstökum þáttum í starfsemi áhættunefndar.</p>
<p>Áhættunefndin skal ráðleggja stjórninni varðandi heildaráhættuvilja og áhættuáætlun stofnunarinnar, í nútíð og framtíð, og aðstoða stjórnina við eftirlit með framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar á þeirri áætlun. Stjórnin skal áfram bera heildarábyrgð á áhættum.</p>	<p>4. másl. 1. mgr. 78. gr. ffl.: Áhættunefnd skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn fyrirtækisins, m-a meðal annars vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja fyrirtækisins, <u>og aðstoða stjórnina við eftirlit með framkvæmd framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra á áhættustefnu fyrirtækisins.</u></p> <p>1. máls. 1. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn fjármálfyrirtækis ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun félagsins sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist lögum þessum og reglum settum með stoð í þeim.</p>
<p>Áhættunefndin skal skoða hvort verð skuldbindinga og eigna, sem viðskiptavinum er boðið, taki fullt tillit til viðskiptalíkans og áhættuáætlunar stofnunar. Ef verð endurspeglar ekki á tilhlýðilegan hátt áhættu í samræmi við viðskiptalíkanið og áhættuáætlunina skal áhættunefndin leggja úrbótaáætlun fyrir stjórnina.</p>	<p>3. mgr. 78. gr. ffl.: Áhættunefnd skal m.a. [...] yfirfara hvort kjör á eignum og skuldbindingum, þar á meðal á innlánnum og útlánnum, sem boðin eru viðskiptavinum fjármálfyrirtækis taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu fyrirtækisins. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu fyrirtækisins skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.</p>
<p>Lögbær yfirvöld geta heimilað stofnun, sem ekki telst mikilvæg eins og um getur í fyrsta undirlið, að sameina áhættunefndina og endurskoðunarnefndina eins og um getur í 41. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Aðilar sameinuðu nefndarinnar skulu hafa þá þekkingu, kunnáttu og sérfræðiþekkingu sem krafist er fyrir bæði áhættunefndina og endurskoðunarnefndina.</p>	<p>4. mgr. 78. gr. ffl.: <u>Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af stærð, eðli og umfangi rekstrar fjármálfyrirtækis, og því hversu margþætt starfsemi fyrirtækisins er, heimilað Fjármálfyrirtæki-er heimilt</u> að sameina störf áhættunefndar og endurskoðunarnefndar skv. IX. kafla A í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006. Nefndarmenn sameinaðrar nefndar skulu búa yfir nægilegri þekkingu og <u>starfsreynsluhæfni</u> til að sinna verkefnum sem annars hefðu verið falin hvorri nefnd fyrir sig. <u>Fjármálaeftirlitið getur með hliðsjón af stærð, eðli og umfangi rekstrar fjármálfyrirtækis, og því hversu margþætt starfsemi fyrirtækisins er, krafist þess að fjármálfyrirtæki aðskilji störf áhættunefndar og endurskoðunarnefndar.</u></p>
<p>4. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin í eftirlitshlutverki sínu og áhættunefndin, hafi hún verið stofnuð, hafi fullnægjandi aðgang að upplýsingum um áhættustöðu stofnunarinnar og, ef þörf er á og viðeigandi, að áhættustýringarstarfseminni og utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf.</p>	<p>2. mgr. 78. gr. ffl.: Áhættunefnd skal hafa aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nefndin telur sig þurfa til starfa sinna <u>og geta leitað aðstoðar áhættustýringar viðkomandi fyrirtækis og sótt utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf.</u></p> <p>2. másl. 3. mgr. 77. gr. a ffl.: Fjármálfyrirtæki skal hafa verkferla sem tryggja upplýsingaskipti á milli áhættustýringar og stjórnar vegna allra helstu áhættuþátta í starfsemi félagsins og breytinga á þeim.</p>

Stjórnin í eftirlitshlutverki sínu og áhættunefndin, hafi slíkri nefnd verið komið á, skulu ákvarða eðli, fjárhæð, form og tíðni upplýsinga um áhættu sem hún mun taka við. Áhættunefndin skal, til að aðstoða við að koma á traustum launakjarastefnum og -venjum og án þess að hafa áhrif á verkefni launakjaranefndarinnar, athuga hvort hvatar, sem kveðið er á um í þóknunarkerfinu, taki tillit til áhættu, fjármagns, lausafjár og þess hve líklegar tekjurnar eru og tímasetningar þeirra.

2. mgr. 78. gr. ffl.: Áhættunefnd skal hafa aðgang að þeim upplýsingum og gögnum sem nefndin telur sig þurfa til starfa sinna og geta leitað aðstoðar áhættustýringar viðkomandi fyrirtækis og sótt utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf.

2. másl. 3. mgr. 77. gr. a ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa verkferla sem tryggja upplýsingaskipti á milli áhættustýringar og stjórnar vegna allra helstu áhættuþátta í starfsemi félagsins og breytinga á þeim.

3. mgr. 78. gr. ffl.: Áhættunefnd skal m.a. kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu fjármálafyrirtækis, þar á meðal kaupaukum, samræmist áhættustefnu fyrirtækisins og taki að öðru leyti nægjanlegt tillit til áhættu, eigin fjár, lauss fjár og þess hversu líklegar tekjur eru og tímasetningar þeirra [...]. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt viðskiptalíkani og áhættustefnu fyrirtækisins skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.

5. Aðildarríki skulu, í samræmi við kröfuna um meðalhóf, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr.⁸⁶ tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar [2006/73/EB](#), tryggja að stofnanir hafi áhættustýringarstarfsemi sem er óháð rekstrarstarfseminni og fullnægjandi vald, stöðu, fjármagn og aðgang að stjórninni.

1. mgr. 77. gr. b ffl.: ~~Áhættustýring~~ ~~Fjármálafyrirtækis~~ skal starfrækja áhættustýringu fara fram í einingu sem er óháð öðrum starfseiningum þess, ef það á við, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs rekstrar fyrirtækisins, og þess hversu margþætt starfsemi þess er. Fjármálafyrirtæki skal tryggja að áhættustýring hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir, ~~m.a. meðal annars~~ til þess að afla gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru í starfsemi áhættustýringar.

3. másl. 3. mgr. 77. gr. b ffl.: Tryggt skal að yfirmaður áhættustýringar hafi milliliðalausan aðgang að stjórn.

Aðildarríki skulu sjá til þess að með áhættustýringarstarfsemi sé tryggt að öll mikilvæg áhætta sé greind, metin og frá henni skýrt á tilhlýðilegan hátt. Þau skulu sjá til þess að aðilar áhættustýringarstarfseminnar taki virkan þátt í að vinna áhættuáætlun stofnunar og öllum mikilvægum ákvörðunum um áhættustýringu og geti skilað ítarlegu álitni á öllum áhættum sem stofnunin stendur frammi fyrir.

2. mgr. 77. gr. b ffl.: Áhættustýring skal sjá til þess að greining, mæling og skýrslugjöf um áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis fari fram og sé fullnægjandi, þ.m.t. skýrslur til stjórnenda og eftirlitsaðila. Áhættustýring skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýring skal hafa heildstæða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækis.

Aðildarríki skulu sjá til þess, ef nauðsyn krefur, að aðilar áhættustýringarstarfseminnar geti heyrt beint undir⁸⁷ stjórnina í eftirlitshlutverki hennar, óháð framkvæmdastjórninni og geti lýst yfir áhyggjum og varað stjórnina við, ef nauðsyn krefur, þegar tiltekin þróun áhættu hefur eða getur haft áhrif á stofnunina, án þess að hafa áhrif á

3. másl. 3. mgr. 77. gr. b ffl.: Tryggt skal að yfirmaður áhættustýringar hafi milliliðalausan aðgang að stjórn.

⁸⁶ Um hvenær verðbréfafyrirtækjum ber að koma á óháðri áhættustjórnunarstarfsemi.

⁸⁷ „report directly to“ í enskri útgáfu.

ábyrgð stjórnarinnar í eftirlitshlutverki hennar og/eða stjórnunarstarfi hennar samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

Yfirmaður áhættustýringarstarfseminnar skal vera óháður háttsettur stjórnandi með aðgreinda ábyrgð á starfsemi áhættustýringarinnar. Öðrum háttsettum einstaklingi innan stofnunarinnar er heimilt að sinna þeirri starfsemi þegar eðli og umfang starfsemi stofnananna og það hversu margþætt hún er, réttlætir ekki sérstaklega tilnefndan aðila, að því tilskildu að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar.

1. og 2. másl. 3. mgr. 77. gr. b ffl.: Framkvæmdastjóri ræður yfirmann áhættustýringar. Yfirmaður áhættustýringar skal búa við sjálfstæði sem stjórnandi og hafa umsjón með og bera ábyrgð á þeirri einingu þar sem áhættustýring fjármálafyrirtækis fer fram.

1. og 2. másl. 4. mgr. 77. gr. b ffl.: Ef starfsemi fjármálafyrirtækis réttlætir ekki sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar getur Fjármálaeftirlitið heimilað að annar **háttsettur** starfsmaður hafi umsjón með áhættustýringu fjármálafyrirtækisins, **að því tilskildu að engir hagsmunaárekstrar séu til staðar enda sé gætt að hagsmunaárekstrum**. Við slíkt mat skal Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins og því hversu margþætt hún er.

Ekki skal leysa yfirmann áhættustýringarstarfsemi frá verkefninu nema með fyrirframsamþykki stjórnarinnar í eftirlitshlutverki hennar og skal hann hafa beinan aðgang að stjórninni í eftirlitshlutverki hennar ef nauðsyn krefur.

6. másl. 3. mgr. 77. gr. b ffl.: Yfirmanni áhættustýringar verður hvorki sagt upp störfum né hann færður til í starfi nema að fengnu samþykki stjórnar.

3. másl. 3. mgr. 77. gr. b ffl.: Tryggt skal að yfirmaður áhættustýringar hafi milliliðalausán aðgang að stjórn.

Beiting þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á beitingu tilskipunar [2006/73/EBE](#) á verðbréfafyrirtæki.

Krefst ekki innleiðingar.

77. gr. Innri aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns

1. Lögbær yfirvöld skulu hvetja stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og eðlis starfseminnar, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, til að þróa innri getu til að gera útlánaáhættumat og auka notkun innramatsaðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu þegar áhættuskuldbindingar þeirra eru miklar að raungildi og hafa á sama tíma mikinn fjölda mikilvægra mótaðila. Þessi grein hefur ekki áhrif á uppfyllingu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 1. þætti í 3. kafla I. bóls í þriðja hluta⁸⁸ reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

1. másl. innleiddur með 1. mgr. 109. gr. gg ffl.: **Fjármálaeftirlitið skal hvetja fjármálafyrirtæki sem eru mikilvæg, með tilliti til stærðar, eðlis og umfangs rekstrar og þess hversu margþætt starfsemi þeirra er, til að þróa eigin hæfni, aðferðir og getu til að meta útlána- og útgefandaáhættu og auka notkun innramatsaðferða við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu ef áhættuskuldbindingar þeirra eru verulegar og þær hafa mikinn fjölda veigamikilla mótaðila.**

2. másl. leiðir af lögfestingu CRR.

2. Lögbær yfirvöld skulu, með tilliti til eðlis, umfangs og þess hversu flókin starfsemi stofnunar er, hafa eftirlit með því að þau treysti ekki eingöngu eða vélrænt á utanaðkomandi lánshæfismat við mat á lánshæfi einingar eða fjármálagernings.

2. másl. 2. mgr. 78. gr. a ffl.: Eigin aðferðafræði skal ekki eingöngu eða athugasemdalaust byggjast á mati lánshæfismatsfyrirtækja.

3. Lögbær yfirvöld skulu hvetja stofnanir, með tilliti til stærðar þeirra, innra skipulags og þess

2. mgr. 109. gr. gg ffl.: **Fjármálaeftirlitið skal hvetja fjármálafyrirtæki, að því marki sem það**

⁸⁸ Tilvísunin er óljós þar sem engir þættir eru undir 3. kafla I. bóls þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Kaflinn er um veltubók.

hvers eðlis starfsemin er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, til að þróa getu til að meta sértæka áhættu og auka notkun innri líkana við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sértæka áhættu skuldagerninga í veltubók, ásamt innri líkönum til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskila- og tilfærsluáhættu þegar þær eru óvarðar fyrir sértækri áhættu sem er veruleg að raungildi og eiga mikinn fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda.

Grein þessi hefur ekki áhrif á uppfyllingu viðmiðananna sem mælt er fyrir um í 1.–5. þætti 5. kafla IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem nánar er skilgreint hugtakið „óvarinn fyrir sértækri áhættu sem er veruleg að raungildi“ eins og um getur í fyrsta undirlit 3. mgr. og viðmiðunarmörkin fyrir mikinn fjölda mikilvægra mótaðila og staðna í skuldagerningum ólíkra útgefenda.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

78. gr. Eftirlitsviðmiðanir innri aðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, sem hafa leyfi til að beita innri aðferðum við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum eða kröfum vegna eiginfjárgrunns að undanskilinni rekstraráhættu, skýri frá útreikningunum í innri aðferðunum á áhættuskuldbindingum eða stöðum sem eru í viðmiðunareignasöfnunum. Stofnanir skulu leggja fram niðurstöður útreikninga sinna, ásamt útskýringu á aðferðafræðinni sem beitt er við þá, til lögbæru yfirvaldanna með viðeigandi millibili og a.m.k. árlega.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir leggi fram niðurstöður útreikninganna, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við formið sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur þróað í samræmi við 8. mgr., til lögbæru yfirvaldanna og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Kjósi lögbær yfirvöld að þróa sérhæfð eignasöfn skulu þau gera það í samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og tryggja að stofnanir skýri frá niðurstöðum útreikninganna aðskilið frá

[samræmist stærð þeirra, eðli og umfangi rekstrar og því hversu margþætt starfsemi þeirra er, til að þróa eigin hæfni, aðferðir og getu til að meta mótaðilaáhættu og auka notkun eigin líkana við útreikning á eiginfjárkröfum vegna mótaðilaáhættu vegna skuldagerninga í veltubók og vegna hættu á vanskilum og breytingum á lánshæfismati ef áhættuskuldbindingar þeirra vegna mótaðilaáhættu eru verulegar og þau eiga mikinn fjölda verulegra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda.](#)

Leiðir af lögfestingu CRR.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

8. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 4. mgr. 77. gr. um innri aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.](#)

1. mgr. 109. gr. hh ffl.: [Fjármálafyrirtæki sem hefur leyfi til að nota innri aðferðir við útreikning á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum eða eiginfjárkröfum skal a.m.k. árlega tilkynna Fjármálaeftirlitinu \[...\] um niðurstöður útreikninga á áhættuskuldbindingum eða stöðum í viðmiðunareignasöfnum, að undanskildum útreikningum vegna rekstraráhættu. Það skal jafnframt greina Fjármálaeftirlitinu frá þeirri aðferðafræði sem útreikningarnir studdust við.](#)

1. másl. innleiddur með reglum skv. 9. tölul. 1. mgr. 117. gr. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stöð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 7. og 8. mgr. 78. gr. um eftirlitsviðmiðanir innri aðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.](#)

niðurstöðum útreikninganna fyrir eignasöfn er varða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.

2. másl. innleiddur með 2. mgr. 109. gr. hh ffl.: Kjosi Fjármálaeftirlitið að þróa sérstök eignasöfn skal það gera það í samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og tryggja að fjármálafyrirtæki greini frá niðurstöðum útreikninga aðskilið frá niðurstöðum útreikninga fyrir eignasöfn Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

3. Lögbær yfirvöld skulu, á grundvelli upplýsinganna sem stofnanir leggja fram í samræmi við 1. mgr., hafa eftirlit með umfangi áhættuveginna áhættuskuldbindinga eða krafna vegna eiginfjárgrunns, eftir því sem við á og að undanskilinni rekstraráhættu, að því er varðar áhættuskuldbindingarnar eða viðskiptin í viðmiðunareignasafninu sem eru afleiðing innri aðferða þessara stofnana. Lögbær yfirvöld skulu, eigi sjaldnar en árlega, framkvæma mat á gæðum þessara aðferða og veita sérstaka athygli:

a) aðferðunum sem sýna fram á veruleg frávik að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sömu áhættuskuldbindingu,

b) aðferðum þar sem um ræðir sérlega mikla eða litla fjölbreytni og einnig ef um er að ræða verulegt eða kerfisbundið vanmat á kröfum vegna eiginfjárgrunns.

1. og 2. másl. 1. mgr. 109. gr. ff ffl.: Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega meta gæði innri aðferða fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið skal einkum meta hvort þær feli í sér verulegt eða kerfisbundið vanmat á eiginfjárbörf og hvort óeðlilegur munur sé á eiginfjárkröfum samkvæmt mismunandi innri aðferðum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera skýrslu til að hjálpa lögbærum yfirvöldum við að meta gæði innri aðferðanna á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

4. Lögbær yfirvöld skulu, þegar tiltekna stofnanir sýna marktæk frávik frá meirihluta jafnoka sinna eða þegar lítið samræmi er milli aðferða sem leiðir til mikillar dreifni niðurstaðna, rannsaka ástæður þess og gera aðgerðir til úrbóta ef unnt er að sanngreina með skýrum hætti að aðferð stofnunarinnar leiði til vanmats á kröfum vegna eiginfjárgrunns sem ekki er hægt að rekja til mismunar í undirliggjandi áhættum áhættuskuldbindinganna eða staðnanna.

1. mgr. 109. gr. ff ffl.: Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega meta gæði innri aðferða fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið skal einkum meta hvort þær feli í sér verulegt eða kerfisbundið vanmat á eiginfjárbörf og hvort óeðlilegur munur sé á eiginfjárkröfum samkvæmt mismunandi innri aðferðum. Fjármálaeftirlitið skal krefjast úrbóta ef svo er [...].

5. Lögbæru yfirvöldin skulu sjá til þess að ákvarðanir þeirra um að hversu miklu leyti aðgerðir til úrbóta, eins og um getur í 4. mgr., samræmast meginreglunni um að slíkar aðgerðir skuli viðhalda markmiðum innri aðferðar og muni því ekki:

a) leiða til stöðlunar eða aðferða sem njóta forgangs,

b) skapa ranga hvata eða

c) valda hjarðhegðun.

3. másl. 1. mgr. 109. gr. ff ffl.: Fjármálaeftirlitið skal krefjast úrbóta ef svo er en gæta þess þó að þær leiði ekki til stöðlunar aðferða eða hjarðhegðunar eða feli í sér slæma hvata.

6. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að gefa út viðmiðunarreglur og tilmæli í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#) ef hún telur þess þurfa á grundvelli upplýsinganna og matsins sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við nýja 109. gr. ff ffl.).

greinar til að bæta eftirlitsvenjur eða venjur stofnana að því er varðar innri aðferðir.	
7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal þróa drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina: a) málsmeðferðarreglur til að skiptast á mati sem framkvæmt er í samræmi við 3. mgr. milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar, b) staðlana um mat lögbærra yfirvalda sem um getur í 3. mgr. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
8. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina: a) formið, skilgreiningarnar og upplýsingatæknilausnirnar, sem nota skal við skýrslugjöfina í Sambandinu og um getur í 2. mgr., b) viðmiðunareignasafn eða -eignasöfn sem um getur í 1. mgr.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir 1. janúar 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	9. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 7. og 8. mgr. 78. gr. um eftirlitsviðmiðanir innri aðferða við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns.
9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. apríl 2015 og að höfðu samráði við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvort setning viðmiðana innri líkana, þ.m.t. gildissvið þeirra, virkar. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
79. gr. Útlána- og mótaðilaáhætta	
Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að:	
a) lánveiting fari fram á grundvelli vel skilgreindra viðmiðanna og að skýrt sé kveðið á um ferlið við samþykkt, breytingu, endurnýjun og endurfjármögnun lána,	1. mgr. 78. gr. a ffl.: Fjármálafyrirtæki skal byggja lánveitingar sínar á traustum og vel skilgreindum viðmiðum og tryggja að ferlar vegna samþykktar, breytinga, endurnýjunar og endurfjármögnunar lánveitinga, eða hvers kyns skilmálabreytinga þeirra, séu til staðar.
b) stofnanir ráði yfir innri aðferðum sem gera þeim kleift að meta útlánaáhættu áhættuskuldbindinga gagnvart einstökum loforðsgjöfum, verðbréfum eða verðbréfuðum stöðum og útlánaáhættu á stigi eignasafnsins. Einkum ætti ekki, í innri aðferðum, að treysta eingöngu eða vélrænt á utanaðkomandi lánshæfismat. Byggi kröfur vegna eiginfjárgrunns á mati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis	2. mgr. 78. gr. a ffl.: Fjármálafyrirtæki skal beita eigin aðferðafræði sem gerir því kleift að meta útlánaáhættu af áhættuskuldbindingum einstakra lántakenda viðskiptamanna , verðbréfum, verðbréfuðum stöðum og útlánasafni í heild. Eigin aðferðafræði skal ekki eingöngu eða athugasemdaleust byggjast á mati lánshæfismatsfyrirtækja. Þegar fjármálafyrirtæki

(ECAI), eða á því að áhættuskuldbinding er ekki metin, skal það ekki undanskilja stofnanir frá því að taka einnig tillit til annarra viðeigandi upplýsinga við mat á úthlutun innra fjármagns,

byggir eiginfjárútreikninga sína á einkunn matsfyrirtækis, eða eftir atvikum á því að áhættuskuldbinding hafi ekki hlotið einkunn, skal það ekki undanskilið því að nýta aðrar viðeigandi upplýsingar við mat á ~~eiginfjárþerfráðstöfun eigin fjár~~.

c) starfrækt séu skilvirk kerfi fyrir samfellda stjórnýsly og eftirlit með ýmsum verðbréfasöfnum og áhættuskuldbindingum stofnana, sem fela í sér útlánaáhættu, þ.m.t. til að greina vandamálalán og stjórna þeim og gera fullnægjandi virðisbreytingar og varúðarniðurfærslur,

3. mgr. 78. gr. a ffl.: Fjármálafyrirtæki skal nota skilvirk kerfi og aðferðir við stýringu útlánasafns og hafa eftirlit með áhættuskuldbindingum fjármálafyrirtækis, þ.m.t. greiningu á vanefndum, virðisbreytingum og varúðarniðurfærslum.

d) dreifing lánasafna er fullnægjandi með tilliti til sóknarmarkaða stofnunarinnar og heildarútlánaætlunar.

4. mgr. 78. gr. a ffl.: Dreifing útlánasafns fjármálafyrirtækis skal vera fullnægjandi með tilliti til þeirra markaða sem fyrirtækið starfar á og útlánastefnu þess.

80. gr. Eftirstæðir áhættuþættir

Lögbær yfirlögd skulu sjá til þess að tekið sé á hættunni á að viðurkenndar aðferðir sem stofnanir beita til mildunar á útlánaáttu reynist ekki jafn árangursríkar og áætlað var og að henni sé stýrt með skriflegum stefnum og ferlum.

1. mgr. 78. gr. b ffl.: Fjármálafyrirtæki skal, m.a. með ~~skjalfestri~~-stefnu og ferlum, meðhöndla og stýra þeirri áttu sem verður eftir þegar viðurkenndar aðferðir þess við mildun útlánaáttu reynast ekki jafn árangursríkar og vænst var.

81. gr. Samþjöppunaráhætta

Lögbær yfirlögd skulu sjá til þess að samþjöppunaráhætta sem stafar af áhættuskuldbindingum hvers mótaðila, þ.m.t. miðlægra mótaðila, hóps tengdra mótaðila og mótaðila í sama atvinnuvegi, á sama landsvæði eða sem bjóða sömu starfsemi eða hrávöru, beitingar aðferða við mildun útlánaáttu, þ.m.t. sérstaklega áttur í tengslum við stórar óbeinar áhættuskuldbindingar, t.d. vegna eins útgefanda tryggingar, verði meðhöndluð og henni stjórnað með skriflegum stefnum og verklagsreglum.

1. mgr. 78. gr. c ffl.: Fjármálafyrirtæki skal, m.a. með ~~skjalfestri~~-stefnu og ferlum, meðhöndla og stýra samþjöppunaráhættu sem verður til vegna sérhvers mótaðila fyrirtækisins. Undir mótaðila falla m.a. hópar tengdra viðskiptamanna, miðlægir mótaðilar, mótaðilar í sömu grein innan sama geira hagkerfisins, á sama landsvæði eða í sömu atvinnugrein eða aðilar sem framleiða sömu hrávöru. Við mat og greiningu á samþjöppunaráhættu skal taka mið af aðferðum við mildun útlánaáttu sem og áttu sem tengist stórum, óbeinum áhættuskuldbindingum, m.a. vegna trygginga fyrir áhættuskuldbindingum frá einum útgefanda.

82. gr. Verðbréfunaráhætta

1. Lögbær yfirlögd skulu sjá til þess að áttur sem stafa af verðbréfunarviðskiptum þar sem lánastofnanir eru fjárfestir, upphafsaðili eða umsýsluaðili, þ.m.t. orðsporsáhætta sem er t.d. í tengslum við flókna gerninga eða afurðir, séu metnar og meðhöndlaðar með viðeigandi stefnum og verklagsreglum til að tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endursp

1. mgr. 78. gr. d ffl.: Fjármálafyrirtæki skal, m.a. með ~~skjalfestri~~-stefnu og ferlum, meta og meðhöndla áttu, þ.m.t. orðsporsáhættu, vegna verðbréfunar, þar sem fyrirtækið er fjárfestir, útgefandi eða umsýsluaðili slíkra gerninga. Fjármálafyrirtæki skal jafnframt tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglar að fullu í áttumati og ákvörðunum stjórnenda.

2. Lögbær yfirlögd skulu sjá til þess að stofnanir, sem eru útgefendur í hlaupandi verðbréfunarviðskiptum með ákvæði um greiðslu afborgana fyrir gjalddaga, búi yfir lausafjáráttunum til að mæta bæði áttuðum afborgunum og afborgunum fyrir gjalddaga.

2. mgr. 78. gr. d ffl.: Fjármálafyrirtæki sem er útgefandi verðbréfunar á áttuskuldbindingum vegna veltufjármögnunar með ákvæðum um heimild til greiðslu fyrir gjalddaga skal hafa til staðar lausafjáráttun þar sem tekið er tillit til áttuðra afborgana og afborgana fyrir gjalddaga.

83. gr. Markaðsáhætta

1. Lögbær yfirlögd skulu sjá til þess að stefnum og ferlum til að tilgreina, meta og stjórna öllum

1. mgr. 78. gr. e ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa ~~skjalfesta~~-stefnu og ferla til að greina, mæla og

mikilvægum upptökum og áhrifum markaðsáætlu sé komið í framkvæmd.	stýra öllum verulegum þáttum sem orsaka markaðsáætlu og áhrifum af henni.
2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanirnar geri einnig ráðstafanir vegna hættu á lausafjárskorti þegar skortstaðan er fyrr á gjalddaga en gnóttstaðan.	2. mgr. 78. gr. e ffl.: Í þeim tilvikum þegar skortstaða gjaldfellur á undan gnóttstöðu skal fjármálafyrirtæki gera ráðstafanir svo að tryggt sé að ekki skapist lausafjárskortur.
3. Innra fjármagn skal vera fullnægjandi, að því er varðar verulega markaðsáætlu sem fellur ekki undir kröfur um eiginfjárgrunn.	3. mgr. 78. gr. e ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa yfir að ráða nægu eigin fé til þess að mæta öllum verulegum markaðsáættubáttum sem ekki eru meðhöndlaðir sérstaklega við útreikning á lögbundnum eiginfjárkröfum.
Stofnanir sem við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáættu í samræmi við 2. kafla í IV. bálki, þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , hafa jafnað stöður sínar í einu eða fleirum af hlutabréfunum, sem mynda hlutabréfavísitölu á móti einni eða fleiri stöðum í staðlaða, framvirka samningnum, sem tengist hlutabréfavísitölnum, eða annarri hlutabréfavísitöluafurð, skulu hafa fullnægjandi innra fjármagn til að veita vörn gegn grundvallarhættu á tapi vegna þess að virði framtíðarsamningsins eða annarrar afurðar er ekki í fullu samræmi við hlutabréfin sem hann samanstendur af. Stofnanir skulu einnig hafa fullnægjandi innra fjármagn þegar þær eiga gagnstæðar stöður í stöðluðum, framvirkum samningum sem eru tengdir hlutabréfavísitölu og eru ekki eins að því er varðar líftíma, samsetningu eða hvort tveggja.	4. mgr. 78. gr. e ffl.: Fjármálafyrirtæki sem hefur við útreikning á eiginfjárkröfum vegna stöðuáættu skv. 2. kafla í IV. bálki 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 jafnað stöður sínar í hlutabréfum sem mynda hlutabréfavísitölu á móti stöðum í framtíðarsamningum eða öðrum afurðum sem tengjast vísitölnum skal hafa yfir að ráða nægu eigin fé til þess að mæta hættu á tapi vegna þess að virði afurðanna breytist ekki að fullu í takt við hlutabréfin sem mynda vísitölna. Fjármálafyrirtæki skal einnig hafa yfir að ráða nægu eigin fé til þess að mæta áættu vegna gagnstæðra staðna í framtíðarsamningnum sem eru tengdir sömu hlutabréfavísitölu en eru ekki með sama líftíma eða samsetningu.
Stofnanir skulu sjá til þess, þegar beitt er meðferðinni, sem um getur í 345. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , að þær hafi fullnægjandi innra fjármagn til að verjast hættu á tapi á tímabilinu milli upphaflegrar skuldbindingar og næsta viðskiptadags.	5. mgr. 78. gr. e ffl.: Fjármálafyrirtæki sem nýtir heimild 345. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal hafa yfir að ráða nægu eigin fé til þess að mæta hættu á tapi á tímabilinu á milli upphaflegrar skuldbindingar og næsta viðskiptadags.
84. gr. Vaxtaáætla sem verður til við viðskipti önnur en veltubókarviðskipti	
1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir innleiði [innri] kerfi, [noti staðalaðferð eða einfaldaða staðalaðferð] til að greina, meta, stýra [og milda] áættu sem leiðir af hugsanlegum breytingum á vöxtum sem hafa áhrif [bæði á hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur af] starfsemi stofnunar [utan veltubókar]. ⁸⁹	1. másl. 1. mgr. 78. gr. f ffl.: Fjármálafyrirtæki skal, með innri ferlum eða staðlaðri aðferð eða einfaldaðri staðlaðri aðferð í samræmi við reglur skv. 10. tölul. 1. mgr. 117. gr. b , greina, meta, og stýra og milda áættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta í þess utan veltubókar.
[2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir innleiði kerfi til að meta og hafa eftirlit með áættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á áættuálagi sem áhrif hefur bæði á hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur af starfsemi stofnunar utan veltubókar.	2. mgr. 78. gr. f ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa stefnu og ferla til að greina og vaxta áættu vegna mögulegra breytinga á vaxtaálagi sem hefur áhrif á bæði hagrænt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur vegna viðskipta þess utan veltubókar.
3. Lögbært yfirvald getur krafist þess að stofnun noti staðalaðferðina sem um getur í 1. mgr., ef innri kerfin sem innleidd eru af þeirri stofnun í	2. másl. 1. mgr. 78. gr. f ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að fyrirtækið noti stöðluðu

⁸⁹ Allar viðbætur í málsgreininni skv. 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

þeim tilgangi að meta áhættuna sem um getur í þeirri málsgrein eru ekki fullnægjandi.	aðferðina ef innri ferlar fyrirtækisins eru ekki fullnægjandi.
4. Lögbært yfirvald getur krafist þess að lítil og einföld stofnun, eins og skilgreint er í 145. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , noti staðalaðferðina, ef hún telur að einföld staðalaðferð sé ekki fullnægjandi til að ná utan um vaxtaáhættu vegna starfsemi þeirrar stofnunar utan veltubókar.	3. másl. 1. mgr. 78. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að lítið og einfalt fjármálafyrirtæki, sbr. 145. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, noti stöðluðu aðferðina ef einfaldaða staðlaða aðferðin mætir ekki nægjanlega vaxtaáhættu vegna viðskipta fyrirtækisins utan veltubókar.
5. Að því er varðar þessa grein skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina staðalaðferðina sem stofnanir geta notað til að meta áhættuna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. einfalda staðalaðferð fyrir litlar og einfaldar stofnanir, eins og skilgreindar eru í 145. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , sem er a.m.k. jafn varfærin og staðalaðferðin.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	10. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 5. mgr. 84. gr. um vaxtaáhættu sem verður til við viðskipti önnur en veltubókarviðskipti.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur sem tilgreina viðmiðin fyrir: <ul style="list-style-type: none"> a) mat innri kerfa stofnana á áhættunni sem um getur í 1. mgr., b) greiningu, stýringu og mildun stofnana á áhættunni sem um getur í 1. mgr., c) mat og eftirlit stofnana með áhættunni sem um getur í 2. mgr., d) ákvörðun um hvert af innri kerfunum, sem stofnanir innleiða skv. 1. mgr., er ekki fullnægjandi eins og um getur í 3. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglurnar eigi síðar en 28. júní 2020.] ⁹⁰	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar á 78. gr. f ffl.).
85. gr. Rekstraráhætta	
1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir innleiði stefnur og ferla til að meta og stýra áhættuskuldbindingunum vegna rekstraráhættu, þ.m.t. líkansáhættu [og áhættu sem stafar af útvistun] ⁹¹ , og til að mæta sjaldgæfum atburðum með miklum alvarleika. Stofnanir skulu skýra hvað telst rekstraráhætta að því er varðar þessar stefnur og ferla.	1. mgr. 78. gr. g ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa skjal festa stefnu og ferla til að meta og stýra rekstraráhættu, þ.m.t. vegna áhættu líkana, útvistunar og fátíðra atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar. Fjármálafyrirtæki skal í þessum tilgangi tilgreina hvað telst til rekstraráhættu.
2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að viðbragðsáætlun og áætlun um samfellda starfsemi sé til staðar til að tryggja að stofnunin geti starfað	2. mgr. 78. gr. g ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa viðbragðsáætlun og áætlun um samfelldan rekstur til að tryggja áframhaldandi starfsemi sína og

⁹⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

⁹¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

á áframhaldandi grundvelli og takmarkað tap ef starfsemin raskast alvarlega.	takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi fyrirtækisins.
86. gr. Lausafjárahætta	
1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi traustar áætlanir, stefnur, ferla og kerfi fyrir hendi til að unnt sé að tilgreina, meta, stjórna og hafa eftirlit með lausafjárahættu innan viðeigandi tímaramma, þ.m.t. innan dags, til að tryggja að stofnanir viðhaldi fullnægjandi varaforða lausafjár. Áætlanir þessar, stefnur, ferlar og kerfi skulu sniðin að atvinnugreinum, gjaldmiðlum, útibúum og lögaðilum og fela í sér fullnægjandi aðferðir til að skipta lausafjáarkostnaði, -ábata og -áhættum.	1.–3. másl. 1. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa áætlanir, stefnu, skjal festa -verkferla, aðferðir og kerfi til að greina, meta, stýra og fylgjast með lausafjárahættu sem nær yfir viðeigandi tíma, þ.m.t. innan dags, til að tryggja að fyrirtækið búi yfir nægu lausu fé. Slíkar áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi skulu sniðin að starfsemi sviða, útibúa og lögaðila innan samstæðu fjármálafyrirtækis og þeim gjaldmiðlum sem þau eiga í viðskiptum með. Áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi skulu einnig fela í sér fullnægjandi ráðstöfun fjármuna vegna kostnaðar, ávinnings og áhættu, og skulu taka mið af áhættusniði, umfangi og áhættuþoli.
2. Áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi, sem um getur í 1. mgr., skulu vera í réttu hlutfalli við það hversu flókin starfsemi stofnunar er, áhættusnið hennar, umfang og áhættuþol, sem framkvæmdastjórn ákveður og endurspeglar mikilvægi stofnunar innan hvers aðildarríkis þar sem hún stundar viðskipti. Stofnanir skulu upplýsa öll viðeigandi viðskiptasvið um áhættuþol sitt.	4. og 5. másl. 1. mgr. 78. gr. h ffl.: Þá skulu áætlanir, stefnur, ferlar og kerfi taka mið af því hversu margþætt starfsemi fjármálafyrirtækisins er og endurspeglar mikilvægi fjármálafyrirtækisins í hverju aðildarríki sem það hefur starfsemi í. Fjármálafyrirtæki skal upplýsa allar viðeigandi starfseiningar fyrirtækisins um áhættuþol þess.
3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, með tilliti til eðlis starfsemi þeirra, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, hafi lausafjárahættusnið sem er í samræmi við og ekki umfram það sem krafist er fyrir starfhæft og traust kerfi.	2. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal móta áhættusnið vegna lausafjárahættu sem skal taka mið af eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemi fjármálafyrirtækisins er.
Lögbær yfirvöld skulu fylgjast með þróun í tengslum við lausafjárahættusnið, t.d. innan hönnunar og umfangs afurða, áhættustýringar, fjármögnunarstefna og samþjöppunar fjármögnunar.	1. mgr. 79. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að fjármálafyrirtæki fari eftir þeim kröfum og skyldum sem kveðið er á um í 78. gr. a – 78. gr. i og skal fylgjast með því að fyrirtæki meðhöndli sérhvern áhættuþátt sem þar greinir í samræmi við ákvæðin og komi skjal festum innri ferlum fjármálafyrirtækis í framkvæmd.
Lögbær yfirvöld skulu grípa til skilvirkra aðgerða ef þróunin, sem um getur í öðrum undirlíð, gæti leitt til óstöðugleika einstakrar stofnunar eða kerfis.	1. másl. 1. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana sem fellur undir ákvæði laga þessara, svo og starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja og fjármálastofnana erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
	1. mgr. 107. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið skal krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta ef fyrirtækið uppfyllir ekki ákvæði laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim.
	2. mgr. 107. gr. a ffl.: Telji Fjármálaeftirlitið líklegt, byggt á gögnum eða upplýsingum sem það býr yfir, að fjármálafyrirtæki geti muni ekki innan næstu 12-tólf mánaða uppfylla ta ákvæði laga

	<p>þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim, skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta. Úrbætur geta m.a. meðal annars falið í sér beitingu heimilda samkvæmt þessari grein eða öðrum ákvæðum laganna sem nauðsynleg er til þess að bregðast við aðstæðum viðkomandi fjármálafyrirtækis.</p>
<p>Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um allar aðgerðir sem framkvæmdar eru samkvæmt þriðju undirgrein.</p>	<p>10. mgr. 107. gr. a ffl.: <u>Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni um aðgerðir sem það grípur til vegna ófullnægjandi ráðstafana fjármálafyrirtækis til að mæta lausafjánhættu sem gæti ógnað stöðu fyrirtækisins eða valdið kerfisáhættu.</u></p>
<p>Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal setja fram tilmæli, eftir því sem við á, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. <u>1093/2010</u>.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>4. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir þrói aðferðafræði til að tilgreina, meta, stjórna og hafa eftirlit með fjármögnunarstöðum. Aðferðafræði þessi skal fela í sér núverandi og áætlað mikilvægt sjóðstreymi innan og vegna eigna, skulda, liða utan efnahagsreiknings, þ.m.t. óvissra skulda og hugsanlegra áhrifa af orðsporsáhættu.</p>	<p>3. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal þróa aðferðafræði til að greina, mæla, stýra og fylgjast með fjármögnunarstöðum. Í aðferðafræðinni skal tekið tillit til mikilvægs fjárstreymis, núverandi og áætlaðs, sem stafar af eignum, skuldum og liðum utan efnahagsreiknings, þ.m.t. skilyrtum skuldbindingum og hugsanlegum áhrifum af orðsporsáhættu.</p>
<p>5. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir greini milli veðsettra og veðbandalausra eigna sem eru tiltækar á hverjum tíma, einkum þegar um er að ræða neyðarástand. Þær skulu einnig sjá til þess að stofnanir taki tillit til þess hjá hvaða lögaðila eignirnar eru, landsins þar sem eignirnar eru löglega skráðar í embættisbók eða í reikning og hæfi þeirra og einnig hafa eftirlit með því hvernig hægt er að hafa eignir reiðubúnar tímanlega.</p>	<p>4. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal greina á milli veðsettra og kvaðalausra eigna sem eru tiltækar á hverjum tíma, einkum ef neyðarástand ríkir. Jafnframt skal taka mið af staðsetningu eignanna, bæði hvað varðar það ríki þar sem eignarréttindi eru skráð og það hvaða lögaðili fer með eignarhald á eignum. Fjármálafyrirtæki skal fylgjast með hvort og hvernig eignir eru tiltækar.</p>
<p>6. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir taki einnig tillit til gildandi takmarkana í lögum, reglum og rekstri á hugsanlegri yfirfærslu lausafjár og veðbandalausra eigna milli eininga, bæði innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.</p>	<p>5. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal taka mið af lögbundnum og rekstrarlegum takmörkunum á mögulegum millifærslum á lausu fé og kvaðalausum eignum milli lögaðila bæði héraðs og erlendis.</p>
<p>7. Lögbær yfirvöld sjá til þess að stofnanir noti margs konar tæki til að draga úr lausafjánhættu, þ.m.t. kerfi takmarkana og varaforða lausafjár, svo að þær geti staðið af sér margvíslegt álag, og fjármögnunarskipan með viðunandi dreifingu og aðgang að fjármögnun. Endurskoða skal þetta fyrirkomulag reglulega.</p>	<p>6. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal kappkosta að nota fleiri en eina aðferð til að milda áhættu við lausafjárstýringu, þar á meðal–Aðrar aðferðir skulu m.a. innihalda ýmis mörk og varaforða lauss fjárlausafjárforða svo að fyrirtækið geti staðið af sér margvíslega álagsatburði. Jafnframt skal fjármálafyrirtæki kappkosta að fjármögnun, og aðgangur að henni, sé nægjanlega dreifð. Tilhögun lausafjárstýringar skal endurskoðuð reglulega.</p>
<p>8. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir taki til athugunar aðrar sviðsmyndir er varða lausafjárstöður og þætti til mildunar áhættu og endurskoði a.m.k. árlega forsendurnar sem liggja til grundvallar ákvörðunum um fjármögnunarstöðu. Af þeim sökum skulu aðrar sviðsmyndir einkum taka tillit til liða utan</p>	<p>7. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal kannna áhrif af ólíkum sviðsmyndum á lausafjárstöðu sína og mildun áhættu og skulu forsendur sem liggja til grundvallar ákvörðunum um fjármögnun fyrirtækisins endurskoðaðar a.m.k. árlega. Í því skyni skulu sviðsmyndirnar einkum taka tillit til liða utan efnahagsreiknings og annarra <u>óvissra</u></p>

efnahagsreiknings og annarra óvissra skulda, þ.m.t. eininga um sérverkefni á sviði verðbréfunar (SSPE) eða annarra eininga um sérverkefni, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), sem stofnun kemur að í hlutverki útgefanda eða veitir umtalsverðan lausafjárstuðning.

9. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir taki tillit til hugsanlegra áhrifa af sviðsmyndum sem varða tilteknar stofnanir, markaði og aðrar blandaðar sviðsmyndir. Taka skal mismunandi tímaramma og mismunandi álagsstig til athugunar við tiltekin skilyrði.

10. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir aðlagi áætlanir sínar, innri stefnumörkun og takmarkanir á lausafjánhættu og þrói skilvirkar viðbragðsáætlanir, með tilliti til niðurstöðu sviðsmyndanna sem um getur í 8. mgr.

11. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi áætlanir til að endurreisa lausafjárstöðu þar sem settar eru fram fullnægjandi áætlanir og viðeigandi framkvæmdarráðstafanir til að takast á við hugsanlegan lausafjárskort, þ.m.t. í tengslum við útibú með staðfestu í öðru aðildarríki. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að þessar áætlanir séu prófaðar af stofnunum a.m.k. árlega, uppfærðar á grundvelli niðurstæðna annarra sviðsmynda sem settar eru fram í 8. mgr. og tilkynntar til og samþykktar af yfirstjórn þannig að unnt sé að aðlaga innri stefnumörkun og ferli til samræmis. Stofnanir skulu gera nauðsynlegar hagnýtar ráðstafanir fyrirfram til að tryggja að unnt sé að framkvæma tafarlaust áætlanir til að endurreisa lausafjárstöðu. Að því er varðar lánastofnanir skulu þessar hagnýtu ráðstafanir fela í sér að eiga tryggingu sem er tiltæk án tafar vegna fjármögnunar seðlabanka. Lánastofnun skal, ef nauðsyn krefur, eiga tryggingu í gjaldmiðli annars aðildarríkis, eða gjaldmiðli þriðja lands þegar hún hefur áhættuskuldbindingar vegna þeirra og, ef nauðsyn krefur vegna rekstrar á yfirráðasvæði gistiaðildarríkis eða þriðja lands þegar hún er óvarin fyrir gjaldmiðli þess.

87. gr. Hætta á of mikilli vogun

1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir hafi til staðar stefnur og ferla til að tilgreina, stjórna og hafa eftirlit með hættu á of mikilli vogun. Vísar fyrir hættu á of mikilli vogun skulu m.a. vera vogunarhlutfall sem ákvarðað er í samræmi við 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og misræmi milli eigna og skuldbindinga.

2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir fjalli, í varúðarskyni, um hættuna á of mikilli vogun með því að taka tilhlýðilegt tillit til mögulegrar aukningar á slíkri hættu vegna lækkunar á eiginfjárgrunni stofnunar sökum vænts

skuldbindinga, þ.m.t. eininga um sérverkefni á sviði verðbréfunar eða annarra eininga um sérverkefni [samkvæmt reglugerð \(ESB\) nr. 575/2013](#) sem fjármálafyrirtækið kemur að sem ~~útgefandi~~ [umsýsluaðili](#) eða veitir verulegan lausafjárstuðning.

8. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal í sviðsmyndunum kanna áhrif vegna einstakra fyrirtækja sem og vegna markaðarins í heild auk þess að kanna blandaðar sviðsmyndir. Við athugun skal tekið mið af ólíkum tímabilum og mismunandi álagsaðstæðum.

1. másl. 9. mgr. 78. gr. h ffl.: Fjármálafyrirtæki skal aðlaga áætlanir sínar, stefnur og mörk vegna lausafjánhættu og þróa skilvirka viðbragðsáætlun með tilliti til niðurstæðna úr sviðsmyndum sem tilteknar eru í 7. mgr. til að bregðast við lausafjánhættu.

2.–7. másl. 9. mgr. 78. gr. h ffl.: Í áætluninni skal koma fram hvernig fjármálafyrirtæki hyggst mæta lausafjárskorti, þ.m.t. í útibúum í öðrum aðildarríkjum þar sem það hefur starfsemi. Fjármálafyrirtæki skal prófa áætlunina a.m.k. árlega og uppfæra hana með hliðsjón af niðurstöðum úr þeim sviðsmyndum sem tilteknar eru í 7. mgr. Framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skal samþykkja áætlunina og tryggja að innri ferlar séu í samræmi við kröfur ákvæðisins. Fjármálafyrirtæki skal gera ráðstafanir til að tryggja að viðbragðsáætlun geti komið til tafarlausrar framkvæmdar. Viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir skulu í þeim tilgangi vera með fullnægjandi tryggingar vegna fjármögnunar frá seðlabanka. Í þessu felst m.a. að vera með tryggingar í sömu erlendu gjaldmiðlum og áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækisins sjálfs, sérstaklega þar sem slíkt kann að vera nauðsynlegt vegna starfsemi fyrirtækisins bæði hérlendis og erlendis.

1. mgr. 78. gr. i ffl.: Fjármálafyrirtæki skal hafa ~~skjalgesta~~ stefnu og ferla til að greina, stýra og vakta áhættu sem hlýst af óhóflegri vogun. Á meðal áhættuvísa um óhóflega vogun er útreikningur vogunarhlutfalls og misræmi á milli eigna og skuldbindinga fjármálafyrirtækis.

2. mgr. 78. gr. i ffl.: Fjármálafyrirtæki skal meðhöndla áhættu vegna óhóflegrar vogunar með varfænum hætti og taka tillit til mögulegrar aukinnar áhættu vegna lækkunar á eigin fé vegna vænts eða innleysts taps í samræmi við gildandi

eða innleysts taps, með hliðsjón af gildandi reikningsskilareglum. Í þeim tilgangi skulu stofnanir geta þolað ýmsa álagsatburði að því er varðar hættu á of mikilli vogun.

reikningsskilareglur. Í því augnamiði skal fjármálafyrirtæki geta staðið af sér ólíka álagsatburði sem tengdir eru áhættu af óhóflegri vogun.

3. undirþáttur: Stjórnunarhættir

TILSKIPUN

88. gr. Fyrirkomulag stjórnunarháttá

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin⁹² skilgreini, hafi umsjón með og beri ábyrgð á framkvæmd á fyrirkomulagi stjórnunarháttá sem tryggja skilvirka og varfærna stjórnun stofnunar, þ.m.t. aðgreining starfa innan skipulagsheildarinnar og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Fyrirkomulag þetta skal samræmast eftirfarandi meginatriðum:

a) stjórnin skal bera endanlega heildarábyrgð á stofnuninni og samþykkja og hafa umsjón með framkvæmdinni á skipulagsmarkmiðum hennar, áhættuáætlun og innri stjórnunarháttum,

b) stjórnin skal tryggja heilindi reikningshalds- og reikningsskilakerfa, þ.m.t. fjármála- og rekstrarstjórnar og að farið sé að lögum og viðeigandi stöðlum,

c) stjórnin skal hafa umsjón með ferlinu við birtingu upplýsinga og orðsendinga,

d) stjórnin skal bera ábyrgð á að skilvirkt eftirlit sé haft með framkvæmdastjórn⁹³,

e) formaður stjórnar má í eftirlitshlutverki sínu með stofnun ekki sinna samtímis hlutverki framkvæmdastjóra innan sömu stofnunar, nema að stofnunin rökstyðji það og lögbær yfirvöld heimili það.

Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórnin hafi eftirlit með og meti með reglulegu millibili skilvirkni fyrirkomulags stjórnunarháttá stofnunar og geri viðeigandi ráðstafanir til að taka á annmörkum.

INNLEIÐING

3. másl. 1. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn fyrirtækisins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

1. másl. 1. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn fjármálafyrirtækis ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun félagsins sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist lögum þessum og reglum settum með stoð í þeim.

2. másl. 1. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn ber ábyrgð á að fullnægjandi eftirlit sé viðhaft með bókhaldi og að meðferð fjármuna félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

6. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn skal hafa eftirlit með upplýsingagiöf og samskiptum félagsins. fylgjast með því og tryggja eftir bestu getu að tilkynningar og upplýsingar sem félaginu ber að veita samkvæmt lögum þessum séu réttar.

2. másl. 3. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn skal hafa skilvirkt eftirlit með ~~að~~ framkvæmdastjórn ~~ai~~ félagsins, þar á meðal því að hann starfi eftir lögum og reglum.

1. másl. 2. mgr. 68. gr. hfl.: Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið.

4. mgr. 52. gr. ffl.: Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis mega ekki vera starfsmenn fyrirtækisins.

4. másl. 1. mgr. 54. gr. ffl.: Stjórn skal a.m.k. árlega endurmeta stjórnarhætti sína félagsins með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með annmörkum sem koma í ljós viðeigandi hætti ef þörf er á.

⁹² „management body“ í ensku útgáfu.

⁹³ „senior management“ í ensku útgáfu.

[Aðildarríki skulu sjá til þess að gögn um lán til stjórnarmanna⁹⁴ og tengdra aðila séu skjalfest á tilhlýðilegan hátt og gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum óski þau eftir þeim.

[Aðildarríki skulu sjá til þess að gögn um lán til stjórnarmanna ⁹⁴ og tengdra aðila séu skjalfest á tilhlýðilegan hátt og gerð aðgengileg lögbærum yfirvöldum óski þau eftir þeim.	2.–4. másl. 1. mgr. 57. gr. ffl.: Samningur fjármálafyrirtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við <u>stjórnarmann eða framkvæmdastjóra</u> er háður samþykki stjórnar fyrirtækisins. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um <u>nána fjölskyldumeðlimimaka, börn og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra</u> fjármálafyrirtækis <u>og fyrirtæki sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.</u>
Að því er varðar þessa grein, merkir hugtakið „tengdur aðili“:	4. másl. 1. mgr. 57. gr. ffl.: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um [...].
(a) maki, skráður sambúðarmaki í samræmi við landslög, barn eða foreldri stjórnarmanns;	4. másl. 1. mgr. 57. gr. ffl.: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um <u>nána fjölskyldumeðlimimaka, börn og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra</u> fjármálafyrirtækis [...].
(b) viðskiptaæining, sem stjórnarmaður eða náinn aðstandandi eins og um getur í a-lið, á virkan eignarhlut í sem er 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti í þeirri einingu, eða sem þessir aðilar geta haft veruleg áhrif á, eða sem þessir einstaklingar gegna stjórnunarstöðu í eða eru aðilar stjórnar. ⁹⁵	4. másl. 1. mgr. 57. gr. ffl.: Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um <u>nána fjölskyldumeðlimimaka, börn og foreldra stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra</u> fjármálafyrirtækis <u>og fyrirtæki sem stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða maki, barn eða foreldri hans á virkan eignarhlut í, gegnir í stöðu stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra eða getur af öðrum sökum haft veruleg áhrif á.</u>
2. Aðildarríki skulu sjá til þess að mikilvægar stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og þess hvers edlis starfsemi þeirra er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, komi á tilnefningarnefnd sem skipuð er stjórnarmönnum sem taka ekki þátt í daglegri stjórnun hlutaðeigandi stofnunar.	1. mgr. 53. gr. ffl.: <u>Kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki skal starfrækja tilnefningarnefnd.</u> 2. mgr. 53. gr. ffl.: <u>Að minnsta kosti þriðji hver nefndarmaður í tilnefningarnefnd skal vera stjórnarmaður í viðkomandi fjármálafyrirtæki og aldrei færri en einn.</u>
Tilnefningarnefndin skal:	Inngangsmásl. 3. mgr. 53. gr. ffl.: <u>Tilnefningarnefnd skal:</u>
a) tilgreina og mæla með umsækjendum, til samþykktar fyrir stjórnina eða hluthafafund, til að fylla í lausar stöður í stjórn, meta jafnvægi þekkingar, færni, fjölbreytni og reynslu stjórnarinnar og gera lýsingu á hlutverkum og hæfni fyrir tiltekna stöðu og meta tímann sem þarf til að sinna henni.	1. tölul. 3. mgr. 53. gr. ffl.: <u>Tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir hluthafafund.</u> 2. tölul. 4. mgr. 53. gr. ffl.: <u>[Við val á tilnefningum skv. 1. tölul. 3. mgr. skal tilnefningarnefnd horfa til:] Þess að stjórnarmenn hafi fjölbreytta þekkingu og reynslu.</u>
Einnig ætti tilnefningarnefndin að setja markmið um fyrirvar þess kyns sem er í minnihluta í stjórninni og setja stefnu um með hvaða hætti mætti fjölga fulltrúum þess kyns sem er í minnihluta í stjórn til að uppfylla markmiðið. Birta	1. másl. innleiddur með 3. tölul. 4. mgr. 53. gr. ffl.: <u>[Við val á tilnefningum skv. 1. tölul. 3. mgr. skal tilnefningarnefnd horfa til:] Kynjajafnvægis.</u> 2. másl. innleiddur með lögfestingu CRR.

⁹⁴ „members of the management body“ í ensku útgáfu.

⁹⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

skal markmiðið, stefnuna og framkvæmd hennar almenningi í samræmi við c-lið 2. mgr. 435. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	
b) meta, með reglulegu millibili og a.m.k. árlega, skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnarinnar og beina tilmælum til hennar að því er varðar hvers konar breytingar,	2. tölul. 3. mgr. 53. gr. ffl.: Meta a.m.k. árlega skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnar og framkvæmdastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.
c) meta, með reglulegu millibili og a.m.k. árlega, þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna og stjórnarinnar í heild sinni og gefa stjórninni skýrslu til samræmis við það,	3. tölul. 3. mgr. 53. gr. ffl.: Meta a.m.k. árlega og gefa stjórn skýrslu um þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna og stjórnar í heild og framkvæmdastjóra.
d) endurskoða með reglulegu millibili stefnu stjórnarinnar um val og tilnefningu í framkvæmdastjórn og beina tilmælum til stjórnarinnar.	4. tölul. 3. mgr. 53. gr. ffl.: Meta a.m.k. árlega stefnu fyrirtækisins um ráðningu framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.
Tilnefningarnefndin skal við skyldustörf sín, að því marki sem mögulegt er og á áframhaldandi grundvelli, taka til greina þörfina á að sjá til þess að einn aðili eða lítill hópur einstaklinga sé ekki ráðandi við ákvarðanatöku stjórnarinnar með þeim hætti að það skaði hagsmuni stofnunarinnar í heild sinni.	5. mgr. 53. gr. ffl.: Tilnefningarnefnd skal við tilnefningar skv. 1. tölul. 3. mgr. og önnur störf sín leitast við að koma í veg fyrir að einn einstaklingur eða lítill hópur einstaklinga verði ráðandi við ákvarðanatöku stjórnar á kostnað fyrirtækisins í heild.
Tilnefningarnefndin skal geta nýtt sér hvers kyns úrræði, sem hún telur við eiga og þ.m.t. utanaðkomandi ráð, og skal hún fá til þess viðeigandi fjárstyrk.	6. mgr. 53. gr. ffl.: Tilnefningarnefnd skal hafa aðgang að fjármunum, ytri ráðgjöf og öðrum aðföngum sem hún þarf til að gegna störfum sínum.
Grein þessi gildir ekki þegar stjórnin, samkvæmt landslögum, hefur ekki vald til að velja og tilnefna aðila sína.	Krefst ekki innleiðingar.
89. gr. Skýrslugjöf í hverju landi fyrir sig	
1. Frá 1. janúar 2015 skulu aðildarríki krefjast þess að hver og ein stofnun birti árlega og tilgreini, eftir aðildarríki og þriðja landi þar sem hún hefur starfsstöð, eftirfarandi upplýsingar á samstæðugrunni fyrir fjárhagsárið:	Inngangsmásl. 87. gr. a ffl.: Í skýringum í árs- eða samstæðureikningi skulu vera upplýsingar á samstæðugrunni um eftirfarandi þætti á næstliðnu reikningsári í hverju ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur starfsstöð:
a) heiti, eðli starfsemi og landfræðilega staðsetningu,	1. tölul. 87. gr. a ffl.: Heiti, eðli starfsemi og landfræðilega staðsetningu.
b) veltu,	2. tölul. 87. gr. a ffl.: Veltu.
c) fjölda starfsmanna á grundvelli jafngildis ársverka,	3. tölul. 87. gr. a ffl.: Fjöldi ársverka.
d) hagnað eða tap fyrir skatt,	4. tölul. 87. gr. a ffl.: Hagnað eða tap fyrir skatt.
e) skatt á hagnað eða tap,	5. tölul. 87. gr. a ffl.: Skatt á hagnað eða tap.
f) fengnar opinberar ívilnanir.	6. tölul. 87. gr. a ffl.: Opinbera styrki eða ívilnanir.
2. Aðildarríki skulu krefjast þess, þrátt fyrir 1. mgr., að stofnanir birti upplýsingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. í fyrsta sinn hinn 1. júlí 2014.	Krefst ekki sérstakrar innleiðingar.
3. Allar stofnanir sem eru kerfislega mikilvægar á alþjóðavísu og með starfsleyfi í Sambandinu, eins og þær eru greindar á alþjóðavísu, skulu, eigi síðar en 1. júlí 2014, leggja fyrir framkvæmdastjórnina upplýsingarnar, sem um getur í d-, e- og f-lið 1. mgr., sem trúnaðarmál. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópsku trygginga- og	Krefst ekki innleiðingar (hefur ekki lengur þýðingu).

lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, eins og við á, framkvæma mat á mögulegum neikvæðum efnahagslegum afleiðingum af opinberri birtingu slíkra upplýsinga, þ.m.t. áhrif á samkeppnishæfni, fjárfestingu og aðgengi að lánsfé og stöðugleika fjármálakerfisins. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu sína fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórnin skal, þegar skýrsla hennar tilgreinir marktæk neikvæð áhrif, taka til athugunar að leggja fram viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf um breytingu á birtingarskyldunni sem sett er fram í 1. mgr. og er henni heimilt, í samræmi við h-lið 145. gr., að ákveða að fresta þessari skyldu. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða árlega þörfina á að framlengja frestunina.

4. Endurskoða skal upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., í samræmi við tilskipun [2006/43/EB](#) og birta þær, ef mögulegt er, í viðauka við árlegu reikningsskilin eða, eftir atvikum, við samstæðureikningsskil hlutaðeigandi stofnunar.

5. Grein þessi skal falla úr gildi að því marki sem [framτίðarlagasetningargerðir sem gilda í samræmi við EES-samninginn kveða á um birtingarskyldu]⁹⁶ gengur lengra en sú sem mælt er fyrir um í þessari grein og skal eyða henni til samræmis við það.

[6. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2021, að höfðu samráði við Evrópsku bankaefftirlitsstofnunina, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, endurmeta hvort upplýsingarnar sem um getur í a- til f-lið 1. mgr. séu ennþá fullnægjandi, að teknu tilliti til fyrra áhrifamats, alþjóðasamninga og þróunar löggjafar í Sambandinu, og hvort bæta megi við í 1. mgr. kröfum um frekari upplýsingar sem máli skipta.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2021, á grundvelli samráðs við Evrópsku bankaefftirlitsstofnunina, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um matið sem um getur í þessari málsgrein og, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.⁹⁷

90. gr. Opinber birting á arðsemi eigna

Stofnanir skulu birta meðal lykilveris í ársskýrslu sinni upplýsingar um arðsemi eigna, reiknaða út

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

1. mgr. 90. gr. ffl.: Ársreikningur fjármálafyrirtækis skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi.

Inngangsmásl. 87. gr. a ffl.: Í skýringum í árs- eða samstæðureikningi skulu vera upplýsingar á samstæðugrunni um eftirfarandi þætti á næstliðnu reikningsári í hverju ríki þar sem fjármálafyrirtæki hefur starfsstöð:

Krefst ekki innleiðingar.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

F-liður 3. mgr. 87. gr. ffl.: [Eftirfarandi upplýsingar skulu vera í ársreikningi:] arðsemi eigna í lykiltölum ársreikningsins; með arðsemi

⁹⁶ Breytt samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

⁹⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

með því að deila niðurstöðu heildarefnahagsreiknings upp í hreinan hagnað.

eigna er átt við hagnað félagsins eftir skatta sem hlutfall af meðalstöðu eigna á tímabilinu samkvæmt efnahagsreikningi.

91. gr. Stjórn

1. [Stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi bera meginábyrgð á að tryggja að]⁹⁸ stjórnarmenn⁹⁹ hafi ávallt nægjanlega gott orðspor og búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum. [...] ¹⁰⁰ Stjórnarmenn skulu einkum uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2.–8. mgr.

[Ef stjórnarmenn uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein skulu lögbær yfirvöld hafa vald til að víkja slíkum aðilum úr stjórn. Lögbær yfirvöld skulu einkum staðfesta að kröfurnar sem settar eru fram í þessari málsgrein séu ennþá uppfylltar, hafi þau gildar ástæður fyrir gruni um að peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi eða hafi átt sér stað eða hafi verið reynt, eða aukin hætta sé á því í tengslum við þá stofnun.]¹⁰¹

2. Allir stjórnarmenn skulu gefa sér nægan tíma til að sinna skyldum sínum við stofnunina.

3. Fjöldi stjórnarstaðna, sem stjórnarmaður má gegna á sama tíma, skal taka tillit til aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig auk eðlis og umfangs starfsemi stofnunar og þess hversu flókin hún er. Stjórnarmenn stofnunar, sem er mikilvæg með tilliti til stærðar, innra skipulags og eðlis hennar, auk umfangs starfsemi stofnunar og þess hversu flókin hún er, skulu frá 1. júlí 2014 ekki, nema þeir séu fulltrúar aðildarríkisins, gegna fleiri stöðum en einni af eftirfarandi samsetningum stjórnarstaðna á sama tíma:

a) einni stöðu framkvæmdastjóra¹⁰² og tveimur stöðum stjórnarmanna sem eru ekki framkvæmdastjórar¹⁰³,

b) fjórum stöðum stjórnarmanns sem ekki er framkvæmdastjórar.

4. Eftirfarandi telst vera ein stjórnunarstaða að því er varðar 3. mgr.:

2. mgr. 52. gr. ffl.: [Fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal ávallt tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri:](#) [...]

[3. Hafi gott orðspor \[...\]](#)

[4. Búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum.](#)

2. og 3. máls. 8. mgr. 52. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar [og vikið framkvæmdastjóra og stjórnarmanni frá uppfylli hann ekki hæfisskilyrði. Fjármálaeftirlitið skal staðreyna hvort hæfisskilyrði séu uppfyllt þegar það hefur rökstuddan grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða telur hætta á að slíkt viðgangist í tengslum við fjármálafyrirtæki.](#)

3. mgr. 52. gr. ffl.: Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu fjármálafyrirtækis.

Inngangsmásl. 1. mgr. 52. gr. f flfl.: Stjórnarmanni [og framkvæmdastjóra](#) í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki hér á landi eða á alþjóðavísu er óheimilt að taka að sér störf í stjórnareiningum annarra félaga [samhliða setu í stjórn þesskomi það niður á getu hans til að sinna störfum sínum fyrir fjármálafyrirtækið með fullnægjandi hætti. nema h](#) Eildarfjöldi félaganna að meðtöldu fjármálafyrirtækinu [skal vera](#) innan eftirfarandi marka:

3. mgr. 52. gr. f flfl.: Takmarkanir skv. 1. mgr. taka hvorki til [...] einstaklings sem settur er í starf framkvæmdastjóra eða í stjórn fjármálafyrirtækis fyrir hönd ríkisins [á grundvelli laga vegna sérstakra aðstæðna í starfsemi umrædds fjármálafyrirtækis.](#)

B-liður 1. mgr. 52. gr. f flfl.: tvö félög þar sem viðkomandi sinnir stjórnarsetu og eitt þar sem um er að ræða starf framkvæmdastjóra.

A-liður 1. mgr. 52. gr. f flfl.: fjögur félög, ef eingöngu er um að ræða stjórnarsetu, eða.

2. mgr. 52. gr. f flfl.: [Stjórnar- og framkvæmdastjórstöður \[...\] teljast aðeins til þátttöku í einu félagi skv. 2. máls. 1. mgr.](#)

⁹⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

⁹⁹ „members of the management body“ í ensku útgáfu.

¹⁰⁰ Felld brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#) (fært í 7. mgr.).

¹⁰¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁰² „executive directorship“ í ensku útgáfu.

¹⁰³ „non-executive directorship“ í ensku útgáfu.

a) framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður sem er ekki framkvæmdastjóri, innan sömu samstæðu,	2. mgr. 52. gr. f fttl.: [...] félögin tilheyra sömu samstæðu [...] .
b) framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður sem er ekki framkvæmdastjóri, innan:	
i. stofnana sem eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt eða	2. mgr. 52. gr. f fttl.: [...] ef félögin tilheyra [...] sama stofnanaverndarkerfi skv. 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 [...] .
ii. fyrirtækja (þ.m.t. eininga sem ekki eru fjármálafyrirtæki) sem stofnunin á virkan eignarhluta í.	2. mgr. 52. gr. f fttl.: [...] ef fjármálafyrirtækið fer með virkan eignarhlut í báðum eða öllum félögum [...] .
5. Stjórnarstöður í skipulagsheildum, sem ekki eru fyrst og fremst reknar í viðskiptaskyni, teljast ekki með að því er varðar 3. mgr.	3. mgr. 52. gr. f fttl.: Takmarkanir skv. 1. mgr. taka hvorki til starfa í stjórnareiningum félaga sem eru ekki rekin í atvinnuskyni að megin stefnu til [...].
6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að leyfa stjórnarmönnum að gegna einni viðbótarstöðu stjórnarmanns sem er ekki framkvæmdastjóri. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina reglulega um slík leyfi.	5. mgr. 52. gr. f fttl.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt, að teknu tilliti til umfangs og eðlis þeirra starfa sem framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður gegnir eða vegna sérstakra aðstæðna, að veita undanþágu frá 1. mgr. og heimila setu í stjórn eins félags til viðbótar. Fjármálaeftirlitið skal skal reglulega heimilt að upplýsa Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um slíka undanþágur .
7. Stjórnin ¹⁰⁴ skal búa yfir fullnægjandi sameiginlegri þekkingu, hæfni og reynslu til að geta skilið starfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. megináhættuþættina. [Samsetning stjórnarinnar skal endurspegla nægilega fjölbreytta reynslu.] ¹⁰⁵	1. másl. 4. mgr. 52. gr. fttl.: Samsetning stjórnar Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu búa yfir fjölbreyttri reynslu og skal vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti.
8. Hver og einn stjórnarmaður ¹⁰⁶ skal starfa af heiðarleika, heilindum og óhæði til að meta á skilvirkan hátt og draga í efa ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar ef nauðsyn krefur og hafa á skilvirkan hátt umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnenda. [Að vera aðili í tengdum félögum eða tengdum einingum kemur út af fyrir sig ekki í veg fyrir að starfað sé af óhæði.] ¹⁰⁷	2. mgr. 54. gr. fttl.: Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri skal starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku og vera sjálfstæður í hugsun til þess að geta með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra og stjórnenda sem svara beint til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækisins. Getið í skýringum við breytingar á 2. mgr. 54. gr. fttl. að það að sitja í stjórn eða vera starfsmaður í tengdum félögum útiloki ekki sjálfkrafa að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri getið verið „sjálfstæður í hugsun“ í skilningi málgreinarinnar.
9. Stofnanir skulu verja nægum mannauði og fjármagni til inntöku og þjálfunar nýrra stjórnarmanna ¹⁰⁸ .	6. mgr. 52. gr. fttl.: Fjármálafyrirtæki skal verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi fjármálafyrirtækisins fyrir stjórnarmanni og framkvæmdastjóra og tryggja að hann hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar starfans .

¹⁰⁴ „management body“ í ensku útgáfu.

¹⁰⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#) (fært úr 1. mgr.).

¹⁰⁶ „member of the management body“ í ensku útgáfu.

¹⁰⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹⁰⁸ „members of the management body“ í ensku útgáfu.

10. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld skulu krefjast þess af stofnunum og tilnefningarnefndum þeirra, eftir atvikum, að þær fái til starfa breitt svið eiginleika og hæfni þegar stjórnarmenn eru ráðnir og komi í þeim tilgangi á stefnu sem stuðlar að fjölbreytni innan stjórnar.

1. og 2. málsl. 4. mgr. 52. gr. ffl.: Samsetning stjórnarStjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skal vera með þeim hætti að stjórnin búi skulu búa yfir fjölbreyttri reynslu og sameiginlega búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi fjármálafyrirtæki stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Fjármálafyrirtæki skal setja sér stefnu um hvernig það hyggst stuðla að því að einstaklingar með fjölbreytta reynslu gegni störfum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

2. tölul. 4. mgr. 53. gr. ffl.: [Við val á tilnefningum skv. 1. tölul. 3. mgr. skal tilnefningarnefnd horfa til:] Þess að stjórnarmenn hafi fjölbreytta þekkingu og reynslu.

11. Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingunum sem birtar eru í samræmi við c-lið 2. mgr. 435. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og nota þær til að setja viðmiðanir varðandi fjölbreytni¹⁰⁹. Lögbæru yfirvöldin skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni þær upplýsingar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal nota upplýsingarnar til viðmiðunar við samanburð á fjölbreytni starfshátta á vettvangi Sambandsins.

3. málsl. 4. mgr. 52. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal safna upplýsingum um slíkar stefnur og framkvæmd þeirra og senda þær til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.

3. málsl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

12. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur um eftirfarandi:

a) að stjórnarmaður verji nægum tíma til að sinna skyldum sínum, í tengslum við hvert tilvik fyrir sig og eðli og umfang starfsemi stofnunar og það hversu flókin hún er,

b) fullnægjandi sameiginlega þekkingu, hæfni og reynslu stjórnar, eins og um getur í 7. mgr.,

c) heiðarleika, ráðvendni og óhæði stjórnarmanna, eins og um getur í 8. mgr.,

d) að fullnægjandi mannauði og fjármagni sé varið til inntöku og þjálfunar nýrra stjórnarmanna, eins og um getur í 9. mgr.,

e) að tekið sé tillit til fjölbreytni við val á stjórnarmönnum, eins og um getur í 10. mgr.

[f) samræmda beitingu valdheimildanna sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr.]¹¹⁰

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gefa út þessar viðmiðunarreglur eigi síðar en 31. desember 2015.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar á 52. gr. ffl.).

13. Grein þessi hefur ekki áhrif á ákvæðin um fyrirvar starfsfólks í stjórn eins og kveðið er á um landslögum.

Krefst ekki innleiðingar.

92. gr. Starfskjarastefnur

1. [...] ¹¹¹

2. [Aðildarríki] ¹¹² skulu sjá til þess þegar stofnanir koma á og fylgja stefnum um heildarstarfskjör, að

Inngangsmásl. 1. tölul. 2. mgr. 57. gr. a ffl.: [Starfskjarastefna fjármálafyrirtækis og

¹⁰⁹ „benchmark diversity practices“ í ensku útgáfu.

¹¹⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹¹¹ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹¹² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

meðtöldum launatekjum og valkvæðum lífeyrisgreiðslum, vegna þess starfsfólks [...] ¹¹³ sem við störf sín hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar, að þær fari að eftirfarandi [kröfum] ¹¹⁴ með þeim hætti sem á við stærð þeirra, innra skipulag og eðli, umfang og flækjustig starfsemi þeirra:

framkvæmd hennar skal tryggja, að því marki sem við á, að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og flækjustigs í starfsemi fyrirtækisins, að:]
Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna:

a) launakjarastefnan er í samræmi við trausta og skilvirka áhættustýringu, stuðlar að henni og hvetur ekki til áhættusækni umfram áhættuþol stofnunarinnar,

A-liður 1. tölul. 2. mgr. 57. gr. a ffl.: samræmist og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og hvetji ekki til áhættusækni umfram áhættuvilja fyrirtækisins.

[aa) starfskjarastefnan er kynhlutlaus starfskjarastefna,] ¹¹⁵

2. tölul. 2. mgr. 57. gr. a ffl.: Stjórnarmenn og starfsmenn fái greidd sömu laun fyrir jafngild eða jafnverðmæt störf óháð kyni.

1. mgr. 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. [150/2020](#): Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

b) launakjarastefnan er í samræmi við starfsstefnuna, markmið, gildi og langtímahagsmuni stofnunarinnar og felur í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaaðrekstra,

B-liður 1. tölul. 2. mgr. 57. gr. a ffl.: samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og langtímahagsmunum fyrirtækisins og feli í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaaðrekstra.

c) stjórn stofnunarinnar samþykkir og endurskoðar reglulega, í eftirlitshlutverki sínu, almennar meginreglur um launakjarastefnuna og ber ábyrgð á umsjón með framkvæmd hennar,

1. másl. 4. mgr. 57. gr. a ffl.: Stjórn fjármálafyrirtækis skal reglubundið meta hvort starfskjarastefna samræmist þessari grein og hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

1. másl. 12. gr. [rg. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki](#): Stjórn fyrirtækis skal endurskoða kaupaukakerfi eigi sjaldnar en árlega þannig að tryggt sé að það taki mið af stöðu fyrirtækisins hverju sinni, aðstæðum á fjármálamarkaði og úttektum og greiningum skv. 13. gr.

d) að lágmarki árlega skal fara fram miðlægt og óháð innra eftirlit með því hvort framkvæmd launakjarastefnunnar sé í samræmi við stefnu og verklagsreglur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í eftirlitshlutverki sínu ¹¹⁶,

2. másl. 4. mgr. 57. gr. a ffl.: Að minnsta kosti árlega skal fara fram óháð miðlægt innra mat á því hvort starfskjör samræmist starfskjarastefnu og verklagsreglum og öðrum viðmiðum sem stjórn hefur samþykkt varðandi starfskjör.

1. mgr. 13. gr. [rg. 388/2016](#) (um úttekt áhættustýringar, regluvarðar og innri endurskoðunar á kaupaukum).

e) starfsfólk, sem hefur eftirlit með höndum, skal vera óháð rekstrareiningunum sem það fylgist með, hafa viðeigandi heimildir og búa við launakjör í samræmi við markmiðin sem það nær, óháð árangri þeirra rekstrarsviða sem það hefur eftirlit með,

3. tölul. 2. mgr. 57. gr. a ffl.: Starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna sem hafa eftirlit með höndum taki mið af þeirra eigin verksviði en ekki árangri þeirra rekstrareininga sem þeir hafa eftirlit með.

¹¹³ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹¹⁴ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹¹⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹¹⁶ „management body in its supervisory function“ í ensku útgáfu.

	1. málsl. 2. mgr. 11. gr. rg. 388/2016: Föst starfskjör starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu skulu vera næg til þess að hæfir og reyndir einstaklingar sækist eftir slíkum störfum, taka mið af þeirri ábyrgð sem hvílir á slíkum starfsmönnum og vera samkeppnishæf.
f) launakjaranefndin sem um getur í 95. gr. eða, ef slíkri nefnd hefur ekki verið komið á, framkvæmdastjórn í eftirlitshlutverki sínu, skal hafa umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu,	2. tölul. 3. mgr. 57. gr. e ffl.: [Starfskjaranefnd ber ábyrgð á:] Umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu. 4. mgr. 57. gr. e ffl.: Starfræki fjármálafyrirtæki ekki starfskjaranefnd ber stjórn ábyrgð á umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu, sbr. 2. tölul. 3. mgr.
g) launakjarastefnan, með tilliti til landsbundinna viðmiðana um ákvörðun launa, greinir með skýrum hætti á milli viðmiðana til að ákvarða:	Inngangsmásl. 3. mgr. 57. gr. a ffl.: Starfskjarastefna skal greina á milli:
i. föst grunnlaunakjör, sem ættu fyrst og fremst að endurspegla viðeigandi starfsreynslu og ábyrgð innan stofnunar eins og hún er sett fram í starfslýsingu starfsmanns sem hluti af ráðningarskilmálum og	1. tölul. 3. mgr. 57. gr. a ffl.: Fastra starfskjara, sem skulu fyrst og fremst endurspegla viðeigandi starfsreynslu og ábyrgð samkvæmt starfslýsingu.
ii. breytileg launakjör, sem ættu að endurspegla sjálfbærán og áhættuvegin árangur og árangur umfram þann sem krafist er til að uppfylla starfslýsingu starfsmanns og er hluti af ráðningarskilmálum.	2. tölul. 3. mgr. 57. gr. a ffl.: Kaupauka, sem skal endurspegla sjálfbærán og áhættuvegin árangur og árangur umfram kröfur til starfsmanns samkvæmt starfslýsingu.
	1. tölul. 1. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: [Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að kaupauki sé ekki veittur eða aðeins veittur að hluta þegar ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skapast:] tilskilinn árangur hlutaðeigandi starfsmanns næst ekki.
[3. Að því er varðar 2. mgr., skal það starfsfólk sem við störf sín hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar a.m.k. ná yfir:	Fyrirhugað er að 57. gr. a ffl. nái til starfsmanna almennt.
(a) alla aðila stjórnar og framkvæmdastjórnar,	---
(b) starfsfólk með stjórnendaábyrgð á eftirlitssviði stofnunarinnar eða mikilvægum rekstrareiningum,	---
(c) starfsfólk sem átti rétt á verulegum launagreiðslum á undangengnu fjárhagsári, að því tilskildu eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:	---
(i) launagreiðslur til starfsmanns eru jafnar eða hærri en 500 000 evrur og jafnar eða hærri en meðaltal launagreiðslna til stjórnarmanna og framkvæmdastjórnar stofnunarinnar sem um getur í a-lið,	
(ii) starfsmaðurinn innir sín faglegu verkefni af hendi innan mikilvægrar rekstrareiningar og starfsemin er þeirrar gerðar að hafa veruleg áhrif á áhættusnið viðkomandi rekstrareiningar.] ¹¹⁷	
93. gr. Stofnanir sem hafa hag af afskiptum hins opinbera	

¹¹⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

Eftirfarandi meginreglur skulu gilda til viðbótar við þær sem settar eru fram í 2. mgr. 92. gr. þegar um ræðir stofnun sem hefur hag af óvenjulegum afskiptum hins opinbera:

a) breytileg launakjör skulu takmarkast skýrt og ótvírætt¹¹⁸ við hlutfall af hreinum tekjum, ef þau eru ekki í samræmi við að viðhalda traustum eiginfjárgrunni og að stuðningi ríkisstjórnar ljúki tímanlega,

1. málsl. 57. gr. c ffl.: [Fjármálafyrirtæki sem nýtur góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera skal \[...\]](#).

2. málsl. 57. gr. c ffl.: [Kaupaukar skulu takmarkast við hóflegt hlutfall af hreinum tekjum fyrirtækisins þar til fyrirtækið býr yfir traustum eiginfjárgrunni og þarfnast ekki frekari stuðnings hins opinbera.](#)

2. mgr. 3. gr. rg. 388/2016: Kaupaukakerfi má ekki stuðla að því að heildargreiðslur og framtíðarskuldbindingar vegna kaupauka takmarki uppbyggingu eiginfjárgrunns fyrirtækis [...].

3. tölul. 1. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: [Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að kaupauki sé ekki veittur eða aðeins veittur að hluta þegar ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skapast:] fyrirséð er að fyrirtækið uppfylli ekki eða sé líklegt til að uppfylla ekki kröfur um eiginfjárgrunn eða mat á eiginfjárþörf skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki [...].

5. tölul. 1. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: [Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að kaupauki sé ekki veittur eða aðeins veittur að hluta þegar ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skapast:] hljóti fyrirtækið lán til þrautavara frá seðlabanka eða sambærilega fjárhagsaðstoð.

4. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að ef fyrirtæki uppfyllir ekki ákvæði um að viðhalda eiginfjárukum skv. 84. gr. b – 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki skuli kaupaukar einungis greiddir starfsmönnum í samræmi við hámarksútgreiðslufjárhæð fyrirtækisins, sbr. 6. og 7. mgr. 84. gr. a sömu laga.

b) viðeigandi lögbær skulu yfirvöld krefjast þess að stofnanir endurskipuleggi launakjör þannig að þau séu í samræmi við trausta áhættustýringu og langtímavöxt, þ.m.t. og eftir því sem við á, að takmarka launakjör stjórnarmanna¹¹⁹ stofnunar,

1. málsl. 57. gr. c ffl.: [Fjármálafyrirtæki sem nýtur góðs af sérstökum stuðningi hins opinbera skal endurskoða starfskjör stjórnarmanna og starfsmanna til að tryggja trausta áhættustýringu og langtímavöxt fyrirtækisins, meðal annars, eftir atvikum, með því að takmarka starfskjör stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.](#)

c) engin breytileg launakjör eru greidd stjórnarmönnum¹²⁰ nema þau séu réttlæt看leg.

3. málsl. 57. gr. c ffl.: [Framkvæmdastjóra skal á sama tímabili ekki greiddur kaupauki nema sérstök rök standi til þess.](#)

94. gr. Breytilegir þættir starfskjara

1. Eftirfarandi meginreglur gilda til viðbótar við og með sömu skilyrðum og þær sem settar eru fram í

Inngangsmálsl. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Fjármálafyrirtæki skal tryggja, að því marki sem við á, að teknu tilliti til stærðar, skipulags, eðlis og](#)

¹¹⁸ „strictly limited“ í ensku útgáfu.

¹¹⁹ „members of the management body“ í ensku útgáfu.

¹²⁰ „members of the management body“ í ensku útgáfu.

<p>2. mgr. 92. gr. varðandi breytilega þætti launakjara:</p>	<p><u>flækjustigs í starfsemi fyrirtækisins, að kaupaukar til starfsmanna:</u></p>
<p>a) heildarfjárhæð árangurstengdra launakjara skal vera byggð á samsettu mati á árangri einstaklingsins, viðkomandi rekstrareiningar og heildarárangri stofnunarinnar og taka skal tillit til fjárhagslegra viðmiðana og ófjárhagslegra viðmiðana við mati á árangri einstaklingsins,</p>	<p>1. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Taki mið af árangri viðkomandi starfsmanns, bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum, og þeirrar einingar sem hann tilheyrir og fyrirtækisins í heild.</u></p> <p>2. mgr. 9. gr. rg. 388/2016: Við mat á árangri skv. 1. mgr. skal meðal annars tekið tillit til árangurs starfsmanns, árangurs þeirrar viðskiptaeyndingar sem hann tilheyrir, frammistöðu fyrirtækisins í heild og þeirrar áhættutöku sem liggur árangrinum til grundvallar. Fyrirtækið skal einnig líta til þess hvort starfsmaður framfylgi innri reglum og ferlum fyrirtækisins og virði lög og stjórnvaldsfyrirmæli í störfum sínum.</p>
<p>b) árangursmatið skal ná yfir nokkurra ára tímabil til að tryggja að það sé byggt á árangri til lengri tíma litið og að útgreiðslum á árangurstengdum þáttum launakjara sé dreift yfir tímabil sem tekur mið af undirliggjandi viðskiptasveiflu og viðskiptaáhættu lánastofnunar,</p>	<p>2. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Taki mið af nægum árafjölda til að endurspeglar langtímaárangur og að greiðslu þeirra sé dreift yfir tímabil sem tekur mið af sveiflum í afkomu og áhættu fyrirtækisins.</u></p> <p>1. mgr. 7. gr. rg. 388/2016: Fresta skal útgreiðslu a.m.k. 40% af ákvörðuðum kaupauka í a.m.k. þrjú ár.</p>
<p>c) breytileg heildarstarfskjör skulu ekki takmarka möguleika stofnunar til að styrkja eiginfjárgrunn sinn,</p>	<p>3. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Takmarki ekki möguleika fyrirtækisins til að styrkja eiginfjárgrunn sinn.</u></p> <p>2. mgr. 3. gr. rg. 388/2016: Kaupaukakerfi má ekki stuðla að því að heildargreiðslur og framtíðarskuldbindingar vegna kaupauka takmarki uppbyggingu eiginfjárgrunns fyrirtækis [...].</p>
<p>d) tryggð breytileg launakjör eru ekki í samræmi við trausta áhættustýringu eða meginregluna um árangurstengd laun og skulu ekki vera hluti af mögulegum launakjaraáætlunum,</p>	<p>4. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Séu ekki tryggðir óháðir árangri nema á fyrsta ári í starfi og þá því aðeins að fyrirtækið búi yfir traustum eiginfjárgrunni.</u></p> <p>1. mgr. 10. gr. rg. 388/2016: Óheimilt er að ákvarða kaupauka sem starfsmaður fær óháð árangursmati skv. 9. gr., þ.e. tryggðan kaupauka.</p>
<p>e) tryggð breytileg launakjör eru undantekning og eiga aðeins við þegar nýtt starfsfólk er ráðið eða¹²¹ þegar stofnun hefur traustan og öflugan eiginfjárgrunn og takmarkast við fyrsta ár í starfi,</p>	<p>4. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Séu ekki tryggðir óháðir árangri nema á fyrsta ári í starfi og þá því aðeins að fyrirtækið búi yfir traustum eiginfjárgrunni.</u></p> <p>2. mgr. 10. gr. rg. 388/2016: Ákvæði 1. mgr. kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki ákvarði starfsmanni ráðningarkaupauka á fyrsta starfsári hans.</p> <p>3. tölul. 1. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: [Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að kaupauki sé ekki veittur eða aðeins veittur að hluta þegar ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum</p>

¹²¹ „and“ í ensku útgáfu.

	skapast:] fyrirséð er að fyrirtækið uppfylli ekki eða sé líklegt til að uppfylla ekki kröfur um eiginfjárgrunn eða mat á eiginfjárförf skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki [...].
f) viðeigandi jafnvægi skal vera milli fastra og breytilegra þátta heildarstarfskjara og föstu þættirnir skulu vera nægilega stór hluti af heildarstarfskjörum til þess að hægt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu varðandi breytilega þætti launakjara, þ.m.t. möguleika á að greiða ekki út neina breytilega þætti launakjara,	5. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: Séu í viðeigandi hlutfalli við föst starfskjör þannig að unnt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu um greiðslu kaupauka og eftir atvikum ekki greiða út neinn kaupauka og aldrei umfram 25% af föstum starfskjörum. 1. mgr. 8. gr. rg. 388/2016: Í kaupaukakerfi skal byggt á þeirri meginreglu að hæfilegt jafnvægi sé á milli fastra starfskjara og kaupauka.
g) stofnanir skulu ákvarða viðeigandi hlutfall fasts og breytilegs þáttar heildarlaunakjara, þar sem eftirfarandi meginreglur gilda:	5. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: Séu í viðeigandi hlutfalli við föst starfskjör þannig að unnt sé að starfrækja sveigjanlega stefnu um greiðslu kaupauka og eftir atvikum ekki greiða út neinn kaupauka og aldrei umfram 25% af föstum starfskjörum.
i. breytilegi þátturinn skal ekki vera umfram 100% af föstum þætti heildarlaunakjara fyrir hvern einstakling. Aðildarríki geta sett lægra hámarkshlutfall,	---
ii. aðildarríkjum er heimilt að leyfa hluthöfum, eigendum eða aðilum stofnunar að samþykka hærra hámarksgildi hlutfallsins milli fastra og breytilegra þátta launakjara að því tilskildu að heildarumfang breytilega þáttarins sé ekki meiri en 200% af fasta þætti heildarlaunakjara á hvern einstakling. Aðildarríki geta sett lægra hámarkshlutfall.	Krefst ekki innleiðingar (heimildarákvæði).
Framkvæma skal samþykki á hærra hlutfalli í samræmi við fyrsta undirlið þessa liðar í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:	---
– hluthafar, eigendur eða aðilar stofnunar skulu taka ákvörðun eftir ítarleg tilmæli stofnunar þar sem fram koma ástæður og gildissvið samþykkis sem sóst er eftir, þ.m.t. fjöldi starfsfólks sem það hefur áhrif á, hlutverk þess og væntanleg áhrif á kröfuna um að viðhalda traustum eiginfjárgrunni,	---
– hluthafar, eigendur eða aðilar stofnunar taka ákvörðun með að minnsta kosti 66% meirihluta, að því tilskildu að a.m.k. 50% hlutabréfa eða jafngild eignarréttindi standi að baki honum eða, ef svo er ekki, taka ákvörðun með 75% meirihluta eignarréttinda,	---
– stofnunin skal upplýsa alla hluthafa, eigendur eða aðila stofnunar, með hæfilegum fyrirvara, að óskað verði eftir samþykki samkvæmt fyrsta undirlið þessa liðar,	---
– stofnunin skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld um tilmælin til hluthafa sinna, eigenda eða aðila, þ.m.t. tillöguna um hærra hámarkshlutfall og ástæðurnar fyrir því og geta sýnt lögbærum yfirvöldum fram á að hærra hlutfallið, sem lagt er til, brjóti ekki gegn skuldbindingum stofnunarinnar	---

samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), einkum með hliðsjón af skuldbindingum stofnunarinnar varðandi eiginfjárgrunn,

– stofnunin skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld um ákvarðanir teknar af hluthöfum, eigendum eða aðilum hennar, þ.m.t. allar samþykktar tillögur um hærra hámarkshlutfall samkvæmt fyrsta undirlið þessa liðar og lögbær yfirvöld skulu nota fengnar upplýsingar til að gera viðmiðanir við stofnanavenjur í þessu tilliti. Lögbæru yfirvöldin skulu senda upplýsingarnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem birtir þær á sameiginlegu skýrslusniði eftir heimaaðildarríkjum. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að útfæra viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd þessa undirliðar og tryggja samræmi safnaðra upplýsinga,

– starfsfólk sem verður fyrir beinum áhrifum af hærri hámarksgildum breytilegra launakjara sem um getur í þessum lið skulu ekki, eftir atvikum, fá leyfi til að neyta, beint eða óbeint, atkvæðisréttar sem það kann að hafa sem hluthafar, eigendur eða aðilar stofnunarinnar,

iii. aðildarríki geta leyft stofnunum að beita afvöxtunarstuðlinum, sem um getur í öðrum undirlið þessa liðar, á að hámarki 25% breytilegra heildarlaunakjara, að því tilskildu að þau séu greidd með gerningum sem frestað er um a.m.k. fimm ár. Aðildarríki geta sett lægra hámarkshlutfall.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. mars 2014, semja og birta viðmiðunarreglur um beitingu fræðilegs afvöxtunarstuðuls, með tilliti til allra viðeigandi þátta að meðtöldu verðbólguþætti og áhættu, sem felur í sér frestunartíma. Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um afvöxtunarstuðulinn skulu taka sérstaklega til athugunar hvernig hvetja skuli til notkunar gerninga sem frestað er um a.m.k. fimm ár,

h) greiðslur í tengslum við riftun samnings¹²² fyrir lok samningstíma skulu miðast við árangur sem náðst hefur á tilteknu tímabili og séu þær ekki umbun fyrir misbrest eða misferli,

i) starfskjarapakkar í tengslum við bóta- eða starfslokagreiðslur samkvæmt samningum í fyrra starfi skulu vera í samræmi við langtímahagsmuni

3. mgr. 57. gr. b ffl.: [Allt að fjórðungur kaupauka má bera vexti að því tilskildu að hann sé greiddur með gerningum sem er haldið eftir í a.m.k. fimm ár.](#)

6. mgr. 57. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um kaupaukakerfi. Í reglunum má meðal annars kveða á um \[...\] vexti skv. 3. mgr.](#)

3. mgr. 7. gr. rg. 388/2016: Ef frestaðar kaupaukaskuldbindingar fyrirtækis bera vexti og verðbætur skal slíkt samræmast almennum kjörum á verðtryggðum innlánsreikningum.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 57. gr. b ffl.).

6. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Séu ekki greiddir í tengslum við uppsögn starfssamnings nema það endurspegli frammistöðu í starfi og umbuni ekki misferli.](#)

7. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Séu ekki greiddir til að bæta nýjum starfsmanni bóta- eða starfslokagreiðslur sem hann verður af samkvæmt](#)

¹²² „termination of a contract“ í ensku útgáfu.

stofnunarinnar, þ.m.t. varðveislú-, frestunár-, árangurs- og endurgreiðslufyrirkomulag,

[fyrri starfssamningi nema það samræmist langtímahagsmunum fyrirtækisins og fyrirtækið haldi eftir, fresti, árangurstengi og krefjist endurgreiðslu kaupaukans þegar við á.](#)

j) við árangursmat sem beitt er við útreikning á breytilegum þáttum starfskjara, eða safni af breytilegum þáttum starfskjara, skal taka tillit til hvers konar núverandi áhættu eða áhættu í framtíðinni auk nauðsynlegs fjármagnskostnaðar og greiðsluhæfis,

8. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Taki mið af áhættu fyrirtækisins nú og síðar, fjármagnskostnaði og kostnaði við að viðhalda lausu fé til að mæta kaupakagreiðslum.](#)

1. mgr. 3. gr. rg. 388/2016: Að teknu tilliti til [...] undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar er fyrirtæki heimilt að ákvarða starfsmönnum kaupauka á grundvelli kaupakakerfis.

k) með ráðstöfun breytilegra þátta starfskjara innan stofnunar skal einnig taka tillit til hvers konar núverandi áhættu og áhættu í framtíðinni,

9. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Sæti úthlutun innan fyrirtækisins með hætti sem tekur mið af áhættuþáttum nú og síðar.](#)

1. mgr. 3. gr. rg. 388/2016: Að teknu tilliti til [...] undirliggjandi áhættu [...] er fyrirtæki heimilt að ákvarða starfsmönnum kaupauka á grundvelli kaupakakerfis.

l) verulegur hluti og að lágmarki 50% af breytilegum starfskjörum skal vera blanda af eftirfarandi:

10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Samanstandi a.m.k. að hálfu leyti af \[...\].](#)

i. hlutabréf eða, [eftir því sem við á um rekstrarform hlutaðeigandi stofnunar að lögum]¹²³, jafngildir eignarhlutar, eða hlutabréfatengdir gerningar eða, [eftir því sem við á um rekstrarform hlutaðeigandi stofnunar að lögum]¹²⁴, jafngildir gerningar sem ekki eru reiðufjargerningar [...]¹²⁵,

10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [\[...\] hlutabréfum, hlutabréfatengdum gerningum eða jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár \[...\].](#)

ii. öðrum gerningum í skilningi 52. eða 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), þegar mögulegt er, eða öðrum gerningum sem má breyta að fullu í almenna eiginfjargrunsgerninga þáttar 1 eða niðurfæra, sem í hverju tilviki fyrir sig endurspeglar með fullnægjandi hætti lánsþæfi stofnunarinnar við áframhaldandi rekstrarþæfi og eru viðeigandi til notkunar í tilgangi breytilegra launakjara.

10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [\[...\] gerningum skv. 52. eða 63. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 eða öðrum gerningum sem má breyta að fullu í gerninga almenns eigin fjár þáttar 1 eða niðurfæra og sem endurspeglar lánsþæfi fyrirtækisins við áframhaldandi rekstur og eru viðeigandi til greiðslu kaupauka \[...\].](#)

Viðeigandi varðveislustefna, sem ætlað er að samræma hvata við langtímahagsmuni stofnunar, skal gilda um gerningana er um getur í þessum lið. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra geta sett takmarkanir á gerð og skipulag þessara gerninga eða bannað tiltekna gerninga, eins og við á. Lið þessum má bæði beita á þann hluta af breytilegum þætti starfskjara sem er frestað í samræmi við m-lið og á hinn hluta breytilegs þáttar launakjara sem er ekki frestað,

1. og 3. másl. innleiddir með 10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [\[...\] viðeigandi varðveislustefna skal gilda um gerninga samkvæmt þessum tölulíð til að samræma hvata starfsmanna og langtímahagsmuni fyrirtækisins.](#)

2. másl. krefst ekki innleiðingar (heimildarákvæði).

m) verulegum hluta og að lágmarki 40% af breytilegum þætti starfskjara er frestað yfir tímabil sem eigi er skemmra en [fjögur]¹²⁶ til fimm ár og tekur mið af eðli starfseminnar, áhættunnar af

11. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: [Sæti því að vera haldið eftir að verulegu leyti, a.m.k. að fjórum tíundum eða sex tíundum hlutum ef kaupauki nemur mjög hárrí fjárhæð, í tímabil sem tekur mið af](#)

¹²³ Fært með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹²⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹²⁵ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹²⁶ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

henni og viðfangsefna hlutaðeigandi starfsmanns. [Að því er varðar aðila stjórnar og framkvæmdastjórnar stofnana sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar þeirra, innra skipulags og eðlis, umfangs og flækjustígs starfsemi þeirra, skal frestunartímabilið ekki vera skemmra en fimm ár.]¹²⁷

sveiflum í afkomu, eðli og áhættu fyrirtækisins og verksviði viðkomandi starfsmanns og er eigi skemmra en fjögur ár eða fimm ár ef um er að ræða framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki [...].

1. mgr. 7. gr. rg. 388/2016: Fresta skal útgreiðslu a.m.k. 40% af ákvörðuðum kaupauka í a.m.k. þrjú ár.

Starfskjör sem koma til greiðslu samkvæmt frestunarfyrirkomulagi skulu ekki ávinnast hraðar en hlutfallslega. Ef breytilegur þáttur starfskjara er sérstaklega há fjárhæð skal að lágmarki 60% hennar frestað. Lengd frestunartímabilsins skal sett í samræmi við hagsveifluna, eðli starfseminnar, áhættunnar af henni og viðfangsefna hlutaðeigandi starfsmanns,

11. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: Sæti því að vera haldið eftir að verulegu leyti, a.m.k. að fjórum tíundu eða sex tíundu hlutum ef kaupauki nemur mjög hárrí fjárhæð, í tímabil sem tekur mið af sveiflum í afkomu, eðli og áhættu fyrirtækisins og verksviði viðkomandi starfsmanns og er eigi skemmra en fjögur ár eða fimm ár ef um er að ræða framkvæmdastjóra eða stjórnanda sem svarar beint til framkvæmdastjóra í kerfislega mikilvægu fjármálafyrirtæki; kaupauki sem er haldið eftir skal ekki ávinnast hraðar en í hlutfalli við þann hluta frestsins sem er liðinn.

n) breytilegu launakjörin, þ.m.t. sá hluti sem frestast, greiðast út eða má aðeins ávinna ef þau eru sjálfbær samkvæmt fjárhagsstöðu stofnunar í heild sinni og réttlæt看leg samkvæmt árangri stofnunar, rekstrareiningar og viðkomandi starfsmanns.

12. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: Séu aðeins greiddir út eða ávinnist ef það er sjálfbært í ljósi fjárhagsstöðu fyrirtækisins og réttlæt看legt með tilliti til árangurs fyrirtækisins og viðkomandi rekstrareiningar og starfsmanns.

1.–3. tölul. 1. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: [Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að kaupauki sé ekki veittur eða aðeins veittur að hluta þegar ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skapast:]

1. tilskilinn árangur hlutaðeigandi starfsmanns næst ekki,
2. tilskilinn árangur hlutaðeigandi viðskiptaeiningar fyrirtækisins næst ekki,
3. fyrirséð er að fyrirtækið uppfylli ekki eða sé líklegt til að uppfylla ekki kröfur um eiginfjárgrunn eða mat á eiginfjárþörf skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki eða kröfur reglna sem gilda um laust fé.

Án þess að hafa áhrif á almennar meginreglur landsbundinnar samnings- og vinnulöggjafar, skulu breytileg heildarlaunakjör almennt dragast saman ef dregur úr rekstrarárangri stofnunar eða ef hann er neikvæður, að teknu tilliti til bæði núverandi launakjara og lækkunar á útgreiðslu á áunnum fjárhæðum, þ.m.t. frádráttar- eða endurgreiðslufyrirkomulag.

13. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: Ávinnist ekki nema að takmörkuðu leyti eða séu að verulegu leyti afturkallanlegir ef þeir hafa áunnist en ekki verið greiddir út ef afkomu fyrirtækisins hrakar verulega.

1. og 2. mgr. 14. gr. rg. 388/2016.

Allt að 100% af breytilegum heildarlaunakjörum skulu falla undir frádráttar- eða endurgreiðslufyrirkomulag. Stofnanir skulu setja sérstakar viðmiðanir um beitingu frádráttar eða

14. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: Séu endurkræfir, samkvæmt viðmiðum sem fyrirtækið skal setja sér, ef þeir hafa þegar verið greiddir út og viðkomandi starfsmaður [...].

¹²⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

endurgreiðslu. Þær skulu einkum ná yfir aðstæður þar sem starfsmaðurinn:	1. og 2. mgr. 14. gr. rg. 388/2016.
i. tók þátt í eða bar á ábyrgð á framferði sem olli stofnuninni verulegu tapi,	14. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>[...] tók þátt í eða bar ábyrgð á háttsemi sem olli fyrirtækinu verulegu tjóni eða [...]</u> . 1. málsl. 3. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að heimilt sé að endurkrefja starfsmann um þegar greiddan kaupauka, í heild eða að hluta, ef í ljós kemur að starfsmaður var þátttakandi í eða bar ábyrgð á framferði sem olli fyrirtækinu verulegu tjóni eða brást starfsskyldum sínum verulega.
ii. uppfyllti ekki viðeigandi staðla um hæfni og velsæmi,	14. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>[...] brást starfsskyldum sínum verulega.</u> 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. rg. 388/2016: [Kaupaukakerfi fyrirtækis skal tryggja að kaupauki sé ekki veittur eða aðeins veittur að hluta þegar ein eða fleiri af eftirtöldum aðstæðum skapast:] starfsmaður fylgir ekki innri reglum eða ferlum fyrirtækisins eða virðir ekki lög eða stjórnvaldsfyrirmæli í störfum sínum.
o) lífeyrisstefnan sé í samræmi við starfsstefnu, markmið, gildi og langtímahagsmuni stofnunarinnar.	15. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Séu ekki liður í stefnu fyrirtækisins um öflun lífeyrisréttinda nema það samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og langtímahagsmunum fyrirtækisins [...]</u> .
Ef starfsmaður lætur af störfum hjá stofnun áður en hann nær eftirlaunaaldri skal stofnunin varðveita valkvæðan lífeyri í fimm ár og varðveita hann í þeim tegundum gerninga sem um getur í l-lið. Ef um er að ræða starfsmann sem nær eftirlaunaaldri skal greiða valkvæðan lífeyri út til starfsmannsins í formi gerninga sem um getur í l-lið með fyrirvara um fimm ára frestunartímabil,	15. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>[...] og þá aðeins veittir í formi gerninga skv. 10. tölul. sem fyrirtækið heldur eftir í a.m.k. fimm ár.</u>
p) starfsfólk skal skuldbinda sig til að beita ekki persónulegum áhættuvarnaráætlunum eða tryggingum í tengslum við launakjör eða bótaábyrgð til að grafa undan áhættusamræmingunni sem felst í launakjarafyrirkomulagi þess,	4. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Starfsmönnum er óheimilt að afla sér trygginga eða annarra áhættuvarna sem grafa undan því markmiði kaupaukakerfis að hagsmunir þeirra og fyrirtækisins fari saman.</u> 4. mgr. 8. gr. rg. 388/2016: Kaupaukakerfi skal mæla fyrir um að starfsmanni sé óheimilt að verja sig (e. hedge) fyrir undirliggjandi áhættum sem áhrif hafa á ákvörðun um kaupauka, t.d. með afleiðuviðskiptum.
q) breytileg launakjör eru ekki greidd út með leiðum eða aðferðum sem auðvelda það að fara ekki að þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 .	16. tölul. 1. mgr. 57. gr. b ffl.: <u>Séu ekki greiddir út í gegnum einingar eða með aðferðum sem greiða fyrir því að farið sé á svig við lög þessi.</u>
2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þá flokka gerninga sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í ii. lið l-liðar 1. mgr. [...] ¹²⁸ .	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

¹²⁸ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

[Í þeim tilgangi að auðkenna starfsfólk sem vinna störf sem hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar eins og um getur í 3. mgr. 92. gr., skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem sett eru fram viðmið til að skilgreina eftirfarandi:

- a) stjórnendaábyrgð og eftirlitssvið,
- b) mikilvægar rekstrareiningar og veruleg áhrif á áhættusnið viðkomandi rekstrareiningar og
- c) aðra flokka starfsfólks sem ekki er sérstaklega getið í 3. mgr. 92. gr., sem í starfi sínu hafa sambærilega jafn mikil áhrif á áhættusnið stofnunarinnar og þeir flokkar starfsfólks hafa sem getið er þar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.]¹²⁹

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að [bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja]¹³⁰ tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur [í þessari málsgrein]¹³¹, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

[3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gilda kröfurnar sem settar eru fram í l-lið og m-lið og í annarri undirgrein o-liðar ekki um:

(a) stofnun sem ekki er stór stofnun, eins og skilgreint er í 146. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), ef virði eigna hennar er að meðaltali og á einingargrunni í samræmi við þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) jafnt og eða lægra en 5 milljarðar evra yfir fjögurra ára tímabil næst á undan núverandi fjárhagsári,

(b) starfsmann með árleg breytileg starfskjör sem ekki eru hærri en 50 000 evrur og ekki meira en þriðjungur af heildarárslaunum starfsmannsins.

4. Þrátt fyrir a-lið 3. mgr. getur aðildarríki lækkað eða hækkað viðmiðunarfjárhæðina sem um getur þar, að því tilskildu að:

stofnunin sem aðildarríkið beitir þessu ákvæði á sé ekki stór stofnun, eins og skilgreint er í 146. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), og ef viðmiðunarmörkin eru hækkuð:

11. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 2. mgr. 94. gr. um breytilega þætti starfskjara.](#)

Inngangsmásl. 2. mgr. 57. gr. b ffl.: [10. og 11. tölul. 1. mgr. og fyrirmæli 15. tölul. um að kaupaukar séu í formi gerninga skv. 10. tölul. sem fyrirtækið haldi eftir í a.m.k. fimm ár gilda ekki um:](#)

1. tölul. 2. mgr. 57. gr. b ffl.: [Fyrirtæki sem teljast ekki stór fjármálafyrirtæki skv. 146. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 og sem áttu á einingargrunni að meðaltali minna en jafnvirði 5 milljarða evra síðastliðin fjögur reikningsár.](#)

2. tölul. 2. mgr. 57. gr. b ffl.: [Starfsmenn sem fá ekki árlegan kaupauka umfram jafnvirði 50 þús. evra \[...\].](#)

Krefst ekki innleiðingar (heimildarákvæði).

¹²⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹³⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹³¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

i. uppfyllir stofnunin viðmiðin sem sett eru fram í c-, d- og e-liðum 145. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og	---
ii. viðmiðunarfjárhæðin er ekki hærri en 15 milljarðar evra,	---
b) viðeigandi sé að breyta viðmiðunarfjárhæðinni í samræmi við þessa málsgrein með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi stofnunarinnar, innra skipulags hennar eða, ef við á, einkenna samstæðunnar sem hún tilheyrir.	---
5. Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. getur aðildarríki ákveðið að starfsfólk sem á rétt á árlegum breytilegum starfskjörum undir viðmiðunarfjárhæðinni og hlutdeildinni sem um getur í þeim lið skuli ekki heyra undir undanþáguna sem þar er sett fram vegna sérkenna landsbundins markaðar með tilliti til starfskjaravenja eða vegna eðlis ábyrgðarstöðu og starfslýsinga þessara starfsmanna.	2. tölul. 2. mgr. 57. gr. b ffl.: [...] 11. tölul. 1. mgr. gildir þó ef kaupauki er umfram 10% af föstum starfskjörum.
6. Framkvæmdastjórnin skal, í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, og eigi síðar en 28. júní 2023, endurskoða og skila skýrslu um beitinguna á ákvæðum 3. til 5. mgr. til Evrópuþingsins og ráðsins, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunareglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 , sem greiða fyrir framkvæmd ákvæða 3., 4. og 5. mgr. og tryggja samræmda beitingu þeirra.] ¹³²	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunareglu EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 57. gr. b ffl.).
95. gr. Starfskjaranefnd	
1. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að stofnanir, sem eru mikilvægar með tilliti til stærðar, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er, komi á fót launakjaranefnd. Launakjaranefndina skal stofna ¹³³ með þeim hætti að hún geti lagt tilhlýðilegt og óháð mat á launakjarastefnu og -venjur og hvata til að stýra áhættu, fjármagni og greiðsluhæfi.	1. mgr. 57. gr. e ffl.: Kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki skal starfrækja starfskjaranefnd. 1. másl. 2. mgr. 57. gr. e ffl.: Starfskjaranefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu og framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu og eigin- og lausafjárstöðu.
2. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að launakjaranefndin beri ábyrgð á undirbúningi ákvarðana um launakjör, þ.m.t. þær sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu hlutaðeigandi stofnunar og þær sem stjórnin tekur. Formaður og aðilar launakjaranefndarinnar skulu sitja í framkvæmdastjórn ¹³⁴ hlutaðeigandi stofnunar en ekki taka þátt í daglegri stjórn hennar. Ef í landslögum er kveðið á um fyrirvar starfsfólks í stjórn skal launakjaranefndin skipuð einum eða fleiri fulltrúum starfsfólks. Launakjaranefndin skal, við undirbúning slíkra ákvarðana, taka tillit til langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra	1. og 4. másl. innleiddir með 1. tölul. 3. mgr. 57. gr. e ffl.: [Starfskjaranefnd ber ábyrgð á:] Undirbúningi ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. þeirra ákvarðana sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu fyrirtækisins og þeirra ákvarðana sem stjórn eða framkvæmdastjóri tekur, með hætti sem tekur tillit til langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila fyrirtækisins og almannahagsmuna. 2. másl. innleiddur með 2. másl. 2. mgr. 57. gr. e ffl.: A.m.k. þrír stjórnarmenn skulu sitja í nefndinni og skal einn þeirra gegna formennsku.

¹³² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹³³ „be constituted“ í ensku útgáfu.

¹³⁴ „management body“ í ensku útgáfu.

hagsmunaaðila stofnunarinnar og almannahagsmuna.	3. másl. krefst ekki innleiðingar (á ekki við á Íslandi).
96. gr. Rekstur vefseturs um stjórnarhætti fyrirtækis og starfskjör	
Stofnanir skulu reka vefsetur þar sem skýrt er frá því með hvaða hætti þær fullnægja kröfunum sem settar eru fram í 88. til 95. gr.	7. mgr. 54. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki skal [...] gera grein fyrir stjórnarháttum sínum <u>og starfskjarastefnu</u> á vefsíðu fyrirtækisins, <u>þar á meðal því hvernig það fari að ákvæðum þessa kafla</u> , og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína. Þar skal koma fram á vefsíðu fjármálafyrirtækis eða í ársreikningi þess hvernig fjármálafyrirtæki uppfyllir kröfur um stjórnarhætti samkvæmt lögum þessum.

III. þáttur: Eftirlitsúttekt og matsferli

TILSKIPUN	INNLEIÐING
97. gr. Eftirlitsúttekt og mat	
1. Lögbær yfirkvæðing skulu, með tilliti til tæknilegu viðmiðananna sem eru settar fram í 98. gr., gera úttekt á fyrirkomulagi, áætlunum, ferlum og kerfum sem stofnanir hrinda í framkvæmd til að fara að þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og meta:	2. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal kanna og meta fyrirkomulag og aðferðir fjármálafyrirtækis við mat á áhættu til að uppfylla kröfur laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra. Við athugunina skal Fjármálaeftirlitið m.a. kanna stefnur og innri ferla, sbr. 3. mgr. 17. gr. <u>77. gr. a</u> , og framkvæmd þeirra hjá fjármálafyrirtækinu. Við könnun og mat ber Fjármálaeftirlitinu að horfa til þeirra viðmiða sem fram koma í 81. gr., eftir því sem við á.
a) áhættur sem stofnanirnar eru eða kunna að verða óvarðar fyrir,	A-liður 3. mgr. 80. gr. ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal við matið leggja áherslu á eftirfarandi þætti:] áhættu sem fjármálafyrirtæki stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir.
b) [...] ¹³⁵	B-liður 3. mgr. 80. gr. ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal við matið leggja áherslu á eftirfarandi þætti:]. <u>áhættu í fjármálakerfinu sem rekja má til fjármálafyrirtækis</u>
c) áhættur sem álagsprófun leiðir í ljós að teknu tilliti til eðlis og umfangs starfsemi stofnunar og þess hversu flókin hún er.	C-liður 3. mgr. 80. gr. ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal við matið leggja áherslu á eftirfarandi þætti:] áhættu sem álagspróf leiða í ljós, með hliðsjón af eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemi fjármálafyrirtækisins er.
2. Gildissvið úttektarinnar og matsins, sem um getur í 1. mgr., skal ná yfir allar kröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 .	1. másl. 3. mgr. 80. gr. ffl.: Könnun og mat skv. 2. mgr. skal ná yfir allar skyldur og kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækis samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru með stoð í þeim.
3. Lögbær yfirkvæðing skulu, á grundvelli úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr., ákvarða hvort fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi sem stofnanirnar hrinda í framkvæmd og eiginfjargrunnur þeirra og lausafjárstaða tryggi trausta stjórnun og veiti tryggingu fyrir áhættu þeirra.	4. mgr. 80. gr. ffl.: Á grundvelli könnunar og mats skv. 2. og 3. mgr. ákvarðar Fjármálaeftirlitið hvort fyrirkomulag, ráðstafanir og aðferðir fjármálafyrirtækis, ásamt innri ferlum og framkvæmd þeirra, séu fullnægjandi, hvort stjórnarhættir séu traustir og hvort eiginfjargrunnur og <u>framkvæmd lausafjárstyringarlausafjárstaða</u> sé fullnægjandi

¹³⁵ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

	með hliðsjón af þeirri áhættu sem felst í starfseminni.
4. Lögbær yfirvöld skulu ákveða tíðni og umfang úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. með tilliti til stærðar hlutaðeigandi stofnunar, þess hvort hún sé kerfislega mikilvæg, eðlis, umfangs og margbreytileika starfsemi hennar og með tilliti til meðalhófsreglunnar. Úttektina og matið skal uppfæra a.m.k. árlega að því er varðar stofnanir sem falla undir áætlunina um eftirlitsaðgerðir eins og um getur í 2. mgr. 99. gr.	5. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið ákveður tíðni og umfang könnunar og mats með tilliti til stærðar fjármálafyrirtækis, kerfislegs mikilvægis, eðlis, umfangs og þess hversu margþætt starfsemin er. Matið skal uppfært a.m.k. árlega hjá fjármálafyrirtækjum sem talin eru upp í 2. mgr. 82. gr.
[Lögbær yfirvöld skulu beita meðalhófsreglunni þegar þau framkvæma úttektina og matið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við viðmiðin sem birt eru skv. c-lið 1. mgr. 143. gr.] ¹³⁶	Leiðir af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og 1. tölul. 1. mgr. 107. gr. í ffl. [Fjármálaeftirlitið skal reglubundið birta á vef sínum] Almenn viðmið og aðferðafræði sem það styðst við vegna könnunar- og matsferlis, þ.m.t. viðmið um hvernig gætt sé meðalhófs
[4a. Lögbær yfirvöld geta sérsniðið aðferðafræðina fyrir beitingu úttektarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, til að taka tillit til stofnana sem hafa svipað áhættusnið, s.s. áþekk viðskiptalíkon eða landfræðilega staðsetningu áhættuskuldbindinga. Slík sérsniðin aðferðafræði getur innihaldið áhættumiðuð viðmiðunargildi sem miðast við áhættu og meginlega vísa, skal gera mögulegt að tekið sé tilhlýðilegt tillit til sértækrar áhættu sem hver stofnun getur staðið frammi fyrir og skal ekki hnika eðli þeirra ráðstafana sem lagðar eru á í samræmi við 104. gr. og miðast við hverja stofnun fyrir sig.	1. másl. 6. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur sniðið könnun og mat að fjármálafyrirtækjum með svipað áhættusnið, þó þannig að tekið sé tilhlýðilegt tillit til þeirrar áhættu sem hvert fyrirtæki stendur frammi fyrir.
Ef lögbær yfirvöld nota sérsniðna aðferðafræði samkvæmt þessari málsgrein skulu þau tilkynna það Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal fylgjast með framkvæmd eftirlits og gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 , sem tilgreina hvernig meta skal sambærileg áhættusnið að því er varðar þessa málsgrein og til að tryggja samræmda og hóflega beitingu á aðferðafræðinni sem sérsniðin er fyrir áþekkar stofnanir, í öllu Sambandinu.] ¹³⁷	Fyrri másl. innleiddur með 2. másl. 6. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um slíkt verklag. Síðari másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 6. mgr. 80. gr. ffl.).
5. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld upplýsi Evrópsku bankaefirlitsstofnunina tafarlaust um niðurstöður úttektarinnar ef hún sýnir að stofnun gæti valdið kerfisáhættu í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	9. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust tilkynna Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um niðurstöður könnunar og mats eða álagsprófs sem leiðir í ljós að fjármálafyrirtæki getur valdið kerfisáhættu skv. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.
[6. Ef úttekt, einkum mat á stjórnarháttum, viðskiptalíkani eða starfsemi stofnunar, gefur lögbærum yfirvöldum ástæðu til að ætla að peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eigi eða hafi átt sér stað eða hafi verið reynt, eða aukin hætta sé á því, í tengslum við þessa stofnun skal	10. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust upplýsa Evrópsku bankaefirlitsstofnunina ef könnun og mat, einkum á stjórnarháttum, viðskiptalíkani og annarri starfsemi fyrirtækisins, gefur tilefni til að ætla að peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka hafi

¹³⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹³⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

lögbæra yfirvaldið án tafar tilkynna það til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og yfirvaldsins eða aðilans sem hefur eftirlit með stofnuninni í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849 og er til þess bær að tryggja hlítinu við þá tilskipun. Í tilviki mögulegrar aukinnar hættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka skulu lögbæra yfirvaldið og yfirvaldið eða aðilinn sem hefur eftirlit með stofnuninni í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849 og er til þess bær að tryggja að farið sé að þeirri tilskipun, hafa samráð sín á milli og tilkynna sameiginlegt mat sitt án tafar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Lögbæra yfirvaldið skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana, eins og við á, í samræmi við þessa tilskipun.¹³⁸

viðgengist í tengslum við fjármálafyrirtæki, gerð hafi verið tilraun til þess eða að hætta sé á því og grípa til viðeigandi ráðstafana.

98. gr. Tæknilegar viðmiðanir fyrir eftirlitsúttekt og mat

1. Til viðbótar við útlána-, markaðs- og rekstraráhættu skal endurskoðun og mat sem lögbær yfirvöld framkvæma skv. 124. gr. a.m.k. ná yfir:

Inngangsmásl. 1. mgr. 81. gr. ffl.: Könnun og mat Fjármálaeftirlitsins skv. 80. gr. skal auk útlána-, markaðs- og rekstraráhættu a.m.k.m.a. ná til eftirfarandi þátta í starfsemi fjármálafyrirtækis:

a) niðurstöður álagsprófs sem stofnanir er beita innramatsaðferð framkvæma í samræmi við 177. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

A-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: álagsprófa skv. 177. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fjármálafyrirtækja sem beita innramatsaðferð til að meta útlánaáhættu. samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli 117. gr. a

b) stöðu stofnana gagnvart samþjöppunaráhættu og stýringu þeirra á henni, þ.m.t. fylgni þeirra við kröfurnar sem settar eru fram í fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og 81. gr. þessarar tilskipunar,

B-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: samþjöppunaráhættu skv. 78. gr. c laga þessara og 4. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. hvort fjármálafyrirtækið fylgi ákvæðum 30. gr. um stórar áhættuskuldbindingar og stjórnvaldsheimildum settum á grundvelli þeirra

c) traustleika, hentugleika og beitingu og stefna og verklagsreglna sem stofnanir hrinda í framkvæmd vegna stýringar á eftirstæðum áhættuþáttum sem tengjast notkun á viðurkenndum aðferðum við mildun á útlánaáhættu,

C-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: hvort aðferðir og innri ferlar, sem notuð eru til að stýra þeirri eftirstæðu áhættu sem mildun útlánaáhættu fjármálafyrirtækis nær ekki til, séu áreiðanleg og viðeigandi.

d) að hvaða marki eiginfjárgrunnur stofnunar, vegna eigna sem hún hefur verðbréfað, sé fullnægjandi með hliðsjón af fjárhagslegu inntaki viðskiptanna, þ.m.t. umfangi þeirrar áhættuyfirfærslu sem á sér stað,

D-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: athugunar á hvort eiginfjárframlag vegna eigna sem hafa verið verðbréfaðar sé nægjanlegt með tilliti til hagræns inntaks þeirra og þess áhættustigs sem hefur áunnist við yfirfærslu áhættu.

e) lausafjárahættu stofnunar, mælingu og stýringu hennar á lánsfjárahættu, þ.m.t. þróun mismunandi sviðsmyndagreininga, stjórnun þátta sem eiga að draga úr áhættu (einkum fjárhæð, samsetning og gæði varaforða lausafjár) og skilvirkar viðbragðsáætlanir,

E-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: áhættustýringar og áhættumælinga vegna lausafjárahættu, þ.m.t.:
1. mismunandi sviðsmyndagreiningar,
2. stýringar þátta til mildunar lausafjárahættu, einkum með hliðsjón af magni, samsetningu og gæðum ~~varaforða lauss-fjár~~lausafjárforða og
3. að virk viðbragðslagaáætlun sé til staðar.

f) áhrif fjölbreytileika og hvernig slík áhrif reiknast inn í áhættumatskerfið,

F-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: áhrifa af áhættudreifingu og hvernig áhættudreifing er metin í áhættustýringarkerfum.

¹³⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

g) niðurstöður álagsprófa sem stofnanir framkvæma með notkun innra líkans til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunnis að því er varðar markaðsáhættu skv. 5. kafla í IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ,	G-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: niðurstaðna álagsprófa fjármálafyrirtækis sem notar innri líkön til að reikna eiginfjárkröfu vegna markaðsáhættu skv. 5. kafla í IV. bálki 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 .
h) landfræðilega staðsetningu áhættuskuldbindinga stofnunar,	H-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: landfræðilegrar staðsetningar áhættuskuldbindinga.
i) viðskiptalíkan stofnunarinnar,	I-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: viðskiptalíkans- og .
j) [...] ¹³⁹	J-liður 1. mgr. 81. gr. ffl.: mats á kerfisáhættu í samræmi við viðmið skv. 3. mgr. 80. gr.
2. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar e-lið 1. mgr., reglulega gera ítarlegt mat á stýringu lausafjáráhættu stofnana í heild og stuðla að þróun traustar innri aðferðafræði. Við framkvæmd mats skulu lögbær yfirvöld taka tillit til hlutverks stofnunar á fjármálamarkaði. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki skulu því með viðeigandi hætti taka til athugunar hugsanleg áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli.	2. mgr. 81. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal reglulega meta framkvæmd lausafjárstýringar fjármálafyrirtækis og áhættu tengda henni og stuðla að því að fyrirtækið þrói trausta aðferðafræði fyrir lausafjárstýringu í samræmi við e-lið 1. mgr. Við framkvæmd matsins skal Fjármálaeftirlitið horfa til mikilvægis fjármálafyrirtækisins á fjármálamarkaði. 5. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið skal við eftirlitsstörf sín, einkum í neyðartilfellum, taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna eftirlitsins á fjármálastöðugleika hér á landi. Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa í huga að ákvarðanir og athafnir þess gætu haft áhrif í öðrum ríkjum og er Fjármálaeftirlitinu heimilt að eiga í samskiptum við eftirlitsaðila annarra ríkja í þeim tilfellum.
3. Lögbær yfirvöld skulu fylgjast með hvort stofnun veitir óbeinan stuðning við verðbréfun. Lögbæra yfirvaldið skal, komi í ljós að stofnun hafi veitt óbeinan stuðning oftast en einu sinni, grípa til viðeigandi ráðstafana sem endurspeglar auknar væntingar um að hún muni veita óbeinan stuðning við verðbréfanir sínar í framtíðinni og því ekki yfirfæra áhættu í verulegum mæli.	3. mgr. 81. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því hvort fjármálafyrirtæki veitir óbeinan stuðning við verðbréfun. Hafi fjármálafyrirtæki oftast en einu sinni veitt óbeinan stuðning til verðbréfun skal Fjármálaeftirlitið grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við 86. gr. g107. gr. a.
4. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar ákvörðunina sem taka skal skv. 3. mgr. 97. gr. þessarar tilskipunar, taka til athugunar hvort leiðréttingar á virði sem gerðar eru vegna staðna eða verðbréfasafna í veltubókinni, eins og segir í 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , gera stofnuninni kleift að selja eða verja stöður sínar innan skamms tímabils án þess að stofna til verulegs taps við venjuleg markaðsskilyrði.	4. mgr. 81. gr. ffl.: Í tengslum við 4. mgr. 80. gr. skal Fjármálaeftirlitið meta hvort breytingar á virðismati staðna eða eignasafna í veltubók, sbr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , geri fjármálafyrirtæki kleift að selja eða verja eignir á skömmum tíma án þess að verða fyrir umtalsverðu tapi miðað við eðlilegar markaðsaðstæður.
5. Úttektin og matið sem lögbær yfirvöld framkvæma skulu ná yfir áhættu stofnana af vaxtaáhættu vegna starfsemi utan veltubókar.	1. másl. 5. mgr. 81. gr. ffl.: Við könnun og mat skal Fjármálaeftirlitið athuga áhrif fast vaxtaáhættu vegna liða utan veltubókar.
[Beita skal eftirlitsheimildunum a.m.k. í eftirfarandi tilvikum:	2. másl. 5. mgr. 81. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal [...] ef [...] .
a) ef hagrænt virði eigin fjár stofnunar, eins og um getur í 1. mgr. 84. gr., lækkar um meira en 15% af eiginfjárþætti 1 hennar vegna skyndilegrar og óvæntrar breytingar á vöxtum eins og sett er fram í	2. másl. 5. mgr. 81. gr. ffl.: [...] skyndileg og óvænt breyting á vöxtum hefur þau áhrif að hagrænt virði eigin fjár fyrirtækisins lækkar um meira en 15% af eiginfjárþætti 1 samkvæmt

¹³⁹ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

einhverri af þeim sex áfallasviðsmyndum sem beitt er í tengslum við eftirlit á vaxtaáhættu,

b) ef hreinar vaxatekjur stofnunar, eins og um getur í 1. mgr. 84. gr., lækka verulega vegna skyndilegrar og óvæntrar breytingar á vöxtum eins og sett er fram í einhverri af þeim tveimur áfallasviðsmyndum sem beitt er á vexti í tengslum við eftirlit.¹⁴⁰

[Þrátt fyrir aðra undirgrein skulu lögbær yfirvöld ekki vera skyldug til að beita eftirlitsheimildum ef þau telja, á grundvelli úttektarinnar og matsins sem um getur í þessari málsgrein, að stýring stofnunarinnar á vaxtaáhættu vegna starfsemi utan veltubókar sé fullnægjandi og að stofnunin standi ekki frammi fyrir of mikilli vaxtaáhættu vegna starfsemi utan veltubókar.

Að því er varðar þessa málsgrein, merkir hugtakið „eftirlitsheimildir“ valdheimildirnar sem um getur í 1. mgr. 104. gr. eða heimildin til að tilgreina forsendur líkana og stika, aðrar en þær sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tilgreinir skv. b-lið 5. mgr. a í þessari grein, sem stofnanir eiga að endurspegla í útreikningum sínum á hagrænu virði eigin fjár skv. 1. mgr. 84. gr.]¹⁴¹

[5a. Að því er varðar 5. mgr., skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi þætti:

a) áfallasviðsmyndirnar sex í tengslum við eftirlit, eins og um getur í a-lið annarrar undirgreinar 5. mgr. og áfallasviðsmyndirnar tvær í tengslum við eftirlit, eins og um getur í b-lið annarrar undirgreinar 5. mgr., sem beita skal á vexti fyrir hvern gjaldmiðil,

b) í ljósi alþjóðlega samþykktra varfærnisstaðla, sameiginlegar forsendur líkana og stika, að undanskildum atferlisfræðilegum forsendum, sem stofnanir skulu endurspegla í útreikningum sínum á hagrænu virði eigin fjár eins og um getur í a-lið annarrar undirgreinar 5. mgr., og sem skulu takmarkast við:

i. meðferð á eigin fé stofnunarinnar,

ii. innfellingu, samsetningu og afvöxtun á sjóðstreymi sem næmt er fyrir vöxtum af eignum stofnunarinnar, skuldum og liðum utan efnahagsreiknings, þ.m.t. meðferð á viðskiptaframlegð og öðrum verðbilsþáttum,

iii. notkun á kvikum (e. dynamic) eða kyrrum (e. static) efnahagsreikningslíkönum og afleiddu meðferðinni á afskrifuðum og gjaldfallandi stöðum.

c) í ljósi alþjóðlega samþykktra staðla, sameiginlegar forsendur líkana og stika, að undanskildum atferlisfræðilegum forsendum, sem stofnanir skulu endurspegla í útreikningum sínum

einhverri af sex áfallasviðsmyndum eftirlitsaðila eða [...].

2. másl. 5. mgr. 81. gr. ffl.: [...] að hreinar vaxtatekjur fyrirtækisins lækki verulega samkvæmt annarri af tveimur áfallasviðsmyndum eftirlitsaðila.

3. másl. 5. mgr. 81. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitinu er það þó ekki skylt ef það telur, á grundvelli könnunarinnar og matsins, að stýring fyrirtækisins á vaxtaáhættu vegna viðskipta utan veltubókar sé fullnægjandi og að áhættan sé ekki óhófleg.

2. másl. 5. mgr. 81. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal beita heimildum skv. 107. gr. a eða krefjast breytinga á forsendum við mat á áhrifum vaxtabreytinga á hagrænt virði eigin fjár fjármálafyrirtækis, eins og það er reiknað skv. 78. gr. f, öðrum en þeim forsendum sem greinir í reglum skv. 1-lið 1. mgr. 117. gr. b [...].

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

¹⁴⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹⁴¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

á hreinum vaxtatekjum eins og um getur í b-lið annarrar undirgreinar 5. mgr., og sem skulu takmarkast við:

i. innfellingu og samsetningu á sjóðstreymi sem næmt er fyrir vöxtum af eignum stofnunarinnar, skuldum og liðum utan efnahagsreiknings, þ.m.t. meðferð á viðskiptaframlegð og öðrum verðbilsþáttum,

ii. notkun á kvikum eða kyrrum efnahagsreikningslíkönum og afleiddu meðferðinni á afskrifuðum og gjaldfallandi stöðum,

iii. tímabilið sem meta skal hreinar framtíðarvaxtatekjur fyrir,

d) hvað telst mikil lækkun eins og um getur í b-lið annarrar undirgreinar 5. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).]¹⁴²

6. Úttektin og matið, sem lögbær yfirvöld framkvæma, skulu innihalda áhættu stofnana vegna hættu á of mikilli vogun, eins og hún kemur fram í vísunum fyrir hættu á of mikilli vogun, þ.m.t. vogunarhlutfallið sem ákvarðað er í samræmi við 429. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#). Lögbær yfirvöld skulu, við ákvörðun á því hvort vogunarhlutfall stofnana og fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi, sem stofnanir koma í framkvæmd til að stýra hættu á of mikilli vogun, sé fullnægjandi, taka tillit til viðskiptalíkans þessara stofnana.

7. Úttektin og matið, sem lögbær yfirvöld framkvæma, skulu ná yfir fyrirkomulag stjórnunarháttastofnana, fyrirtækjamenningu og -gildi þeirra og getu aðila stjórnarinnar til að sinna skyldum sínum. Lögbær yfirvöld skulu, við framkvæmd úttektarinnar og matsins, a.m.k. hafa aðgang að dagskrám og fylgiskjólum vegna funda stjórnarinnar og nefnda hennar og niðurstöðum innra mats eða mats utanaðkomandi aðila á frammistöðu stjórnarinnar.

[8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja mat á hvort taka eigi tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu (UFS-áhættu) í úttekt og mati lögbærra yfirvalda.

12. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 5. mgr. a 98. gr. um tæknilegar viðmiðanir fyrir eftirlitsúttekt og mat.](#)

6. mgr. 81. gr. ffl.: Við könnun og mat skal Fjármálaeftirlitið meta áhættu vegna óhóflegrar vogunar fjármálafyrirtækis, m.a. með hliðsjón af vogunarhlutfalli þess [skv. 429. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013](#). Við mat Fjármálaeftirlitsins á kerfum og ferlum fjármálafyrirtækis til að stýra áhættu vegna vogunar skal einnig taka mið af viðskiptalíkani fjármálafyrirtækisins.

7. mgr. 81. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal kanna og meta stjórnarhætti, [menningu og gildi](#) fjármálafyrirtækis, [fyrirtækjamenningu og gildi](#), og getu og hæfni stjórnarmanna og [framkvæmdastjóra](#) fjármálafyrirtækis til að sinna skyldum sínum. Fjármálaeftirlitið skal taka mið af nauðsynlegum gögnum til þess að framkvæma könnun og mat samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal fundargerðum, fundardagskrám og öðrum fundargögnum stjórnar og undirnefnda og niðurstöðum úr frammistöðumati stjórnar og [framkvæmdastjóra](#).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (en viðmiðmiðunarreglna EBA er getið í athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar á 81. gr. ffl.).

¹⁴² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

Að því er varðar fyrstu undirgreinina skal mat Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

a) þróunina á samræmdum skilgreiningum á UFS-áhættu, þ.m.t. náttúrulegri áhættu og umbreytingaráhættu og skal hið síðarnefnda ná yfir áhættuna sem tengist afskriftum eigna vegna reglugerðarbreytinga,

b) þróunina á viðeigandi eigindlegum og megindlegum viðmiðum fyrir matið á áhrifunum af UFS-áhættu á fjármálastöðugleika stofnana til skamms, meðallangs og langs tíma. Slík viðmið skulu fela í sér álagsprófunarferli og sviðsmyndagreiningar til að meta áhrifin af UFS-áhættu í misalvarlegum sviðsmyndum,

c) fyrirkomulag, aðferðir, kerfi og stefnuáætlanirnar sem stofnanirnar eiga að innleiða til að greina, meta og stýra UFS-áhættu,

d) greiningaraðferðirnar og tæki til að meta áhrifin af UFS-áhættu á útlána- og fjármálaþjónustustarfsemi stofnana.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar 28. júní 2021, skila skýrslu um niðurstöður sínar til Evrópuþingsins og ráðsins.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar, ef við á, gefið út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), um hvernig taka eigi tillit til UFS-áhættu á samræmdan hátt í eftirlitsúttektar- og matsferlinu sem lögbær yfirvöld framkvæma.¹⁴³

99. gr. Áætlun um eftirlitsaðgerðir

1. Lögbæru yfirvöldin skulu a.m.k. árlega samþykkja áætlun um eftirlitsaðgerðir fyrir stofnanirnar sem þau hafa eftirlit með. Slík áætlun skal taka tillit til eftirlitsúttektarinnar og matsferlisins skv. 97. gr. Í henni skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingar um hvernig lögbær yfirvöld ætla að framkvæma verkefni sín og úthluta fjármagni sínu,

b) tilgreining á því hvaða stofnunum er ætlað að falla undir aukið eftirlit og ráðstafanir sem gerðar eru að því er varðar slíkt eftirlit, eins og sett er fram í 3. mgr.,

c) áætlun um eftirlit á athafnasvæði stofnunar, þ.m.t. á útibúum hennar og dótturfélögum sem komið var á fót í öðrum aðildarríkjum í samræmi við 52., 119. og 122. gr.

2. Áætlanir um eftirlitsaðgerðir skulu ná yfir eftirfarandi stofnanir:

Inngangsmásl. 1. mgr. 82. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. árlega gera áætlun um eftirlit með fjármála fyrirtækjum. Við gerð eftirlitsáætlunar skal horft til þess hvað könnunar- og matsferli skv. 80. og 81. gr. felur í sér. Í eftirlitsáætlun skal m.a. kveðið á um eftirtalin atriði:

A-liður 1. mgr. 82. gr. ffl.: með hvaða hætti Fjármálaeftirlitið hyggst framfylgja lögbundnum verkefnum og nýta tilföng, þ.m.t. mannafla og fjármuni.

B-liður 1. mgr. 82. gr. ffl.: hvaða fjármála fyrirtæki sæti auknu eftirliti, sbr. 3. mgr., og til hvaða ráðstafana ~~hafi~~ ~~verði~~ gripið til að sinna því eftirliti og.

C-liður 1. mgr. 82. gr. ffl.: tíma- og verkáætlun um vettvangsathuganir á starfsstöðvum fjármála fyrirtækis, þ.m.t. í útibúum og dótturfélögum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Inngangsmásl. 2. mgr. 82. gr. ffl.: Eftirlitsáætlun skal ná til eftirfarandi fjármála fyrirtækja:

¹⁴³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

a) stofnanir þar sem niðurstöður álagsprófanna, sem um getur í a- og g-lið 1. mgr. 98. gr. og 100. gr., eða útkoma eftirlitsúttektarinnar og matsferlisins skv. 97. gr., gefa til kynna að veruleg hættu skapist að því er varðar fjárhagslegt heilbrigði eða brot á landslögum sem lögleiða þessa tilskipun og á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ,	A-liður 2. mgr. 82. gr. ffl.: þeirra fjármálafyrirtækja þar sem könnun og mat skv. 80. gr. eða álagspróf skv. 76 . mgr. 80. gr. og a- og g-lið 1. mgr. 81. gr. gefa til kynna að veruleg áhætta felist í starfsemi sem ógnað geti fjárhagsstöðu þeirra eða að fjármálafyrirtæki brjóti gegn eða uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru með stoð í þeim.
b) [...] ¹⁴⁴	B-liður 2. mgr. 82. gr. ffl.: fjármálafyrirtækja sem kerfisáhætta stafar af
c) allar aðrar stofnanir sem lögbær yfirvöld telja nauðsynlegt að þær nái yfir.	C-liður 2. mgr. 82. gr. ffl.: fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að undirgangist árlega skoðun.
3. Einkum skal, eftir því sem við á skv. 97. gr., gera eftirfarandi ráðstafanir ef þörf krefur:	Inngangsmásl. 3. mgr. 82. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til eftirtalinna aðgerða til að fylgja eftir niðurstöðum könnunar- og matsferlis skv. 80. gr.:
a) auka á fjölda eða tíðni vettvangseftirlits með stofnuninni,	A-liður 3. mgr. 82. gr. ffl.: fjölga vettvangsathugunum á starfsstöðvum fjármálafyrirtækis.
b) hafa stöðuga viðveru lögbæra yfirvaldsins í stofnuninni,	B-liður 3. mgr. 82. gr. ffl.: koma á fastri viðveru stofnunarinnar á starfsstöðvum fjármálafyrirtækis.
c) auka skýrslugjöf stofnunarinnar eða hafa hana tíðari,	C-liður 3. mgr. 82. gr. ffl.: krefjast aukinnar og/eða tíðari upplýsingagjafar.
d) auka úttekt á rekstraráætlunum, áætlunum eða viðskiptaáætlunum stofnunarinnar eða hafa þær tíðari,	D-liður 3. mgr. 82. gr. ffl.: taka viðskipta- og/eða rekstraráætlun fjármálafyrirtækis til nánari eða tíðari athugunar og.
e) viðhafa þematískar athuganir til að fylgjast með sértækri áhættu sem líklega kemur fram.	E-liður 3. mgr. 82. gr. ffl.: gangast fyrir ítarlegri skoðun á mikilvægum áhættuþáttum í starfsemi fjármálafyrirtækis.
4. Samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins á áætlun um eftirlitsaðgerðir skal ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkisins framkvæmi, í hverju tilviki fyrir sig, vettvangsskoðanir og eftirlit með starfsemi útibúa stofnana á yfirráðasvæði sínu, í samræmi við 3. mgr. 52. gr	1. másl. 1. mgr. 109. gr. z ffl.: Fjármálaeftirlitið getur framkvæmt athugun í útibúi fjármálafyrirtækis með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og krafði það um upplýsingar, að höfðu samráði við lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki, ef það getur haft þýðingu fyrir fjármálastöðugleika hér á landi.
100. gr. Álagspróf vegna eftirlits	
1. Lögbæru yfirvöldin skulu framkvæma, eins og við á en a.m.k. árlega, álagspróf á stofnunum sem þau hafa eftirlit með, til að auðvelda úttektar- og matsferlin skv. 97. gr.	7. mgr. 80. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið skal framkvæma álagspróf á fjármálafyrirtækjum í tengslum við könnunar- og matsferli. Slík álagspróf skulu framkvæmd árlega og oftast ef Fjármálaeftirlitið telur slíkt nauðsynlegt, en þó með hliðsjón af tíðni og umfangi könnunar og mats skv. 5. mgr.
2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 til að tryggja að lögbæru yfirvöldin noti sameiginlegar aðferðir við framkvæmd á árlægum álagsprófum vegna eftirlits.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (en viðmiðunarreglna EBA er getið í athugasemdum við fyrirhugaða breytingu á 80. gr. ffl.).
101. gr. Eftirlit á áframhaldandi grundvelli með leyfi til að beita innri aðferðum	
1. Lögbær yfirvöld skulu reglulega og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti hafa eftirlit með því hvort stofnanir uppfylli kröfurnar um aðferðir sem	1. og 2. másl. innleiddir með 2. mgr. 109. gr. ff ffl.: Fjármálaeftirlitið skal a.m.k. þriðja hvert ár meta hvort fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til

¹⁴⁴ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

krefjast leyfis lögbæru yfirvaldanna áður en slíkar aðferðir eru notaðar til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn í samræmi við þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#). Þau skulu einkum taka tillit til breytinga á starfsemi stofnana og til framkvæmdar á þessum aðferðum á nýjar afurðir. Ef verulegir annmarkar eru á þeirri áhættu sem innri aðferð stofnunar fangar skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að þær séu lagaðar eða gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr afleiðingum þeirra, þ.m.t. að beita hærri margföldunarþáttum, setja viðbótargjaldþolskröfur eða gera aðrar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir.

[að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfrafna fullnægi þeim kröfum sem heimildinni fylgja, meðal annars með tilliti til breytinga á starfsemi fyrirtækisins og notkunar aðferðanna fyrir nýjar afurðir \[...\].](#)

3. máls. innleiddur með 3. mgr. 109. gr. ff ffl.: [\[...\] mæti innri aðferðir fyrirtækisins ekki með fullnægjandi hætti áhættu þess \[...\] skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að fyrirtækið leggi fram tímasetta áætlun um úrbætur. \[...\] Dugi slík áætlun ekki til skal Fjármálaeftirlitið gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, svo sem að krefjast hærri margföldunarstuðla eða viðbótareiginfjár \[...\].](#)

2. Lögbæru yfirvöldin skulu einkum greina og meta hvort stofnanir noti þróaða og nútímalega tækni og venjur við þessa aðferð.

2. mgr. 109. gr. ff ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal \[...\] meta hvort fjármála fyrirtæki sem hefur heimild til að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfrafna \[...\] og hvort tækni og framkvæmd fyrirtækisins samræmist viðurkenndri aðferðafræði.](#)

3. Ef í innra markaðsáættulíkani kemur fyrir mikill fjöldi yfirskota, sem um getur í 366. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), sem bendir til þess að líkanið sé ekki, eða ekki lengur, nægilega nákvæmt skulu lögbæru yfirvöldin afturkalla leyfið til að beita innra líkaninu eða gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að líkanið sé lagað án tafar.

4. mgr. 109. gr. ff ffl.: [Ef afturvirkar prófanir á innri aðferðum skv. 366. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 leiða í ljós fjölda frávíka sem gefur til kynna að markaðsáættulíkon fyrirtækisins séu ekki nægjanlega áreiðanleg skal Fjármálaeftirlitið krefjast úrbóta þegar í stað eða afturkalla heimild fyrirtækisins til að styðjast við viðkomandi líkón.](#)

4. Ef stofnun hefur fengið leyfi til að beita aðferð sem krefst leyfis lögbærra yfirvalda áður en slík aðferð er notuð til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), en uppfyllir ekki lengur kröfurnar til að beita þessari aðferð, skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin sýni annaðhvort lögbærum yfirvöldum á fullnægjandi hátt fram á að aðeins óveruleg áhrif verði af því að uppfylla ekki kröfurnar, eftir atvikum og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), eða setji fram áætlun um að farið verði að kröfunum tímanlega að nýju og setji frest að því er varðar framkvæmd áætlunarinnar. Lögbæru yfirvöldin skulu krefjast úrbóta á þeirri áætlun ef ólíklegt er að hún skili því að farið sé að fullu að kröfunum eða ef fresturinn er ekki hæfilegur. Ef stofnunin er ólíkleg til að koma reglufylgni við kröfurnar aftur á innan hæfilegs frests og, eftir atvikum, hefur ekki sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að áhrifin af því að uppfylla ekki kröfurnar séu óveruleg, skal afturkalla leyfið til að beita slíkri aðferð eða takmarka það við þau svið sem uppfylla kröfurnar eða þar sem unnt er ná fram reglufylgni innan hæfilegs frests.

3. mgr. 109. gr. ff ffl.: [Fullnægi fyrirtækið ekki lengur skilyrðum fyrir því að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfrafna eða mæti innri aðferðir fyrirtækisins ekki með fullnægjandi hætti áhættu þess, og fyrirtækið getur ekki sýnt fram á að áhrif þess séu óveruleg, skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að fyrirtækið leggi fram tímasetta áætlun um úrbætur. Fjármálaeftirlitið skal krefjast breytinga á áætluninni ef það telur ólíklegt að hún leiði til þess að bætt verði með fullnægjandi hætti úr annmörkunum innan hæfilegs frests. Dugi slík áætlun ekki til skal Fjármálaeftirlitið gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, svo sem að krefjast hærri margföldunarstuðla eða viðbótareiginfjár, eða afturkalla heimild fyrirtækisins til að beita innri aðferðum við ákvörðun eiginfjárfrafna eða takmarka hana við þau svið þar sem fullnægjandi úrbótum verður komið við innan hæfilegs frests.](#)

5. Til að stuðla að samkvæmum stöðugleika innri aðferða í Sambandinu skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin greina innri aðferðir þvert á

1. og 2. undirgrein krefjast ekki innleiðingar (snúa að Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni)

stofnanir, þ.m.t. samkvæmni framkvæmdar á skilgreiningunni á vanskilum og með hvaða hætti þessar stofnanir meðhöndla svipaðar áhættur eða áhættuskuldbindingar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal útfæra viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), sem innihalda viðmiðanir á grundvelli þeirrar greiningar.

Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til greiningarinnar og viðmiðananna við endurskoðun á leyfum sem þau veita stofnunum til að nota innri aðferðir.

(viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 109. gr. ff ffl.).

3. undirgrein innleidd með 3. tölul. 109. gr. u ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal\] Kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum, tilmælum og viðvörðunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Evrópska kerfisáhætturáðið gefur út skv. 16. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010 eða 16. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1092/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

IV. þáttur: Eftirlitsráðstafanir og -heimildir

TILSKIPUN	INNLEIÐING
102. gr. Eftirlitsráðstafanir	
1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnun geri snemma nauðsynlegar ráðstafanir til að taka á vandamálum sem máli skipta við eftirfarandi aðstæður:	1. mgr. 107. gr. a ffl.: Fjármálaeftirlitið skal krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta ef [...].
a) stofnunin uppfyllir ekki kröfurnar í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ,	1. mgr. 107. gr. a ffl.: [...] fyrirtækið uppfyllir ekki ákvæði laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim.
b) lögbær yfirvöld hafa vísbendingar um að stofnunin sé líkleg til að brjóta gegn kröfunum í þessari tilskipun eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 innan næstu 12 mánaða.	1. másl. 2. mgr. 107. gr. a ffl.: Telji Fjármálaeftirlitið líklegt, byggt á gögnum eða upplýsingum sem það býr yfir, að fjármálafyrirtæki geti muni ekki innan næstu 4 tólf mánaða uppfylla af ákvæði laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim, skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að fjármálafyrirtæki grípi tímanlega til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta.
2. Að því er varðar 1. mgr. skulu valdheimildir lögbærra yfirvalda vera þær sem um getur í 104. gr. ¹⁴⁵	Inngangsmásl. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: Til að framfylgja kröfum [...] skv. [...] 1. og 2.-3. mgr. þessarar greinar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mæla fyrir um: [upptalning heimilda sem byggjast á 104. gr. CRD IV].
103. gr. [...] ¹⁴⁶	
104. gr. Eftirlitsheimildir	
1. Að því er varðar 97. gr., 98. gr. (4. [og 5. mgr.], 101. gr. (4. mgr.) og 102. gr. þessarar tilskipunar] ¹⁴⁷ og beitingar reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu lögbær yfirvöld a.m.k. hafa valdheimildir til að:	Inngangsmásl. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: Til að framfylgja kröfum eða fylgja eftir mati skv. 2.-4. mgr. 80. gr., 4. og 5. mgr. 81. gr., 3. mgr. 109. gr. ff og 1. og 2.-3. mgr. þessarar greinar og reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mæla fyrir um:
a) [krefjast þess að stofnanir hafi viðbótareiginfjárgrunn umfram kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 , samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 104. gr. a þessarar tilskipunar,] ¹⁴⁸ ;	1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: Hæ Hæ ri eiginfjárgrunn en gerð er krafa um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. einnig 86. gr. a — 86. gr. e

¹⁴⁵ Um eftirlitsheimildir.

¹⁴⁶ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁴⁷ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁴⁸ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

	Skilyrði skv. 104. gr. a CRD IV eru tilgreind í 4. mgr. 107. gr. a.
b) krefjast eflingar á fyrirkomulagi, aðferðum, kerfum og stefnuáætlunum sem innleidd voru í samræmi við 73. og 74. gr.,	2. tölul. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: e Endurbætur á innri ferlum, sbr. 17. gr. og IX. kafla.
c) krefjast þess að stofnanir setji fram áætlun um að koma aftur á hlítinu við eftirlitskröfur samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og ákveða frest fyrir innleiðingu hennar, þ.m.t. úrbótum á áætluninni að því er varðar umfang og skilafrest,	3. tölul. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: a Áð fjármálafyrirtæki setji fram sérstaka áætlun um það hvernig fyrirtækið mun i uppfylla kröfur laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim, auk þess að setja fjármálafyrirtækjum tímafresti varðandi framkvæmd áætlunarinnar, þ.m.t. vegna fresta eða endurbóta sem unnar eru á áætluninni.
d) krefjast þess að stofnanir beiti sérstakri niðurfærsluaðferð eða meðferð eigna með tilliti til krafna um eiginfjárgrunn,	4. tölul. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: n Niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni.
e) setja skorður við eða takmarka viðskipti, rekstur eða tengdar stofnanir eða krefjast þess að starfsemi sé seld sem hefur í för með sér óhóflega áhættu fyrir stöðugleika stofnunar,	5. tölul. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: h Hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis eða, eftir því sem við á, með -sölu eigna eða viðskiptaæininga sem skapa aukna -óhóflega áhættu.
f) krefjast þess að dregið verði úr áhættunni sem innbyggð er í starfseminni, afurðir og kerfi stofnana, [þ.m.t. í útvistaða starfsemi] ¹⁴⁹ ,	6. tölul. 3. mgr. 107. gr. a ffl.: a Áð dregið sé úr áhættu sem starfsemi, viðskiptaafurðir eða kerfi fjármálafyrirtækis felur í sér, þ.m.t. vegna <u>útvistaðrar starfsemi</u> .
B-liður 1. mgr. 109. gr. b ffl.: [Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem lánastofnun tilheyrir ef móðurfélag hennar er:] móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi Fjármálaeftirlitið eftirlit á einingargrunni með einni eða fleiri lánastofnunum sem eru dótturfélög þess og samtala niðurstöðutalna efnahagsreikninga þeirra er hærri en lánastofnana sem eru dótturfélög þess

¹⁷⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹⁷¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹⁷² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

c) lögbæru yfirvaldi verðbréfafyrirtækisins með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, ef engin lánastofnun er innan samstæðunnar.

sem annað yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

B-liður 2. mgr. 109. gr. b ffl.: [Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem engin lánastofnun tilheyrir ef móðurfélag hennar er:] móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi Fjármálaeftirlitið eftirlit á einingargrunni með einu eða fleiri verðbréfafyrirtækjum sem eru dótturfélög þess og samtala niðurstöðutalna efnahagsreikninga þeirra er hærri en verðbréfafyrirtækja sem eru dótturfélög þess sem annað yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

4. Ef áskilið er að farið sé að kröfum á samstæðugrunni skv. 3. eða 6. mgr. 18. gr. reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) skal lögbært yfirvald lánastofnunarinnar með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings annast eftirlit á samstæðugrunni eða, ef engin lánastofnun er innan samstæðunnar, lögbært yfirvald verðbréfafyrirtækisins með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

3. mgr. 109. gr. b ffl.: B-liður 1. mgr. og b-liður 2. mgr. gilda einnig þegar kröfur gilda á samstæðugrunni skv. 3. eða 6. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

5. Þrátt fyrir þriðju undirgrein 1. mgr., frá b-lið 3. mgr. og frá 4. mgr., ef lögbært yfirvald hefur eftirlit á einingargrunni með fleiri en einni lánastofnun innan samstæðu, skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni vera lögbæra yfirvaldið sem hefur eftirlit á einingargrunni með einni eða fleiri lánastofnunum innan samstæðunnar, ef samtala niðurstöðutalna efnahagsreiknings þessara eftirlitsskyldu lánastofnana er hærri en hjá lánastofnunum sem eitthvert annað lögbært yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

B-liður 1. mgr. 109. gr. b ffl.: [Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem lánastofnun tilheyrir ef móðurfélag hennar er:] móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi Fjármálaeftirlitið eftirlit á einingargrunni með einni eða fleiri lánastofnunum sem eru dótturfélög þess og samtala niðurstöðutalna efnahagsreikninga þeirra er hærri en lánastofnana sem eru dótturfélög þess sem annað yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.

Þrátt fyrir c-lið 3. mgr., ef lögbært yfirvald hefur eftirlit á einingargrunni með fleiri en einu verðbréfafyrirtæki innan samstæðu, skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni vera lögbæra yfirvaldið sem hefur eftirlit á einingargrunni með einu eða fleiri verðbréfafyrirtækjum innan samstæðunnar með hæstu samanlögðu niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

B-liður 2. mgr. 109. gr. b ffl.: [Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem engin lánastofnun tilheyrir ef móðurfélag hennar er:] móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í aðildarríki, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í aðildarríki, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu hafi Fjármálaeftirlitið eftirlit á einingargrunni með einu eða fleiri verðbréfafyrirtækjum sem eru dótturfélög þess og samtala niðurstöðutalna efnahagsreikninga þeirra

	er hærri en verðbréfafyrirtækja sem eru dótturfélög þess sem annað yfirvald hefur eftirlit með á einingargrunni.
6. Í sérstökum tilvikum geta lögbæru yfirvöldin, með samkomulagi sín á milli, víkið frá viðmiðunum sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. og tilnefnt annað lögbært yfirvald til að framkvæma eftirlit á samstæðugrunni, ef beiting viðmiðananna sem getið er þar væri óviðeigandi, að teknu tilliti til hlutaðeigandi stofnana og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi þeirra í viðkomandi aðildarríkjum, eða þarfarinnar fyrir að tryggja samfellu í eftirliti sama lögbæra yfirvaldsins á samstæðugrunni. Í slíkum tilvikum skal móðurstofnunin í Sambandinu, móðureignarhaldsfélagið á fjármálasviði í ESB, blandaða móðureignarhaldsfélagið í fjármálastarfsemi í ESB eða stofnunin með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings, eftir því sem við á, eiga rétt á að flytja mál sitt áður en lögbæru yfirvöldin taka ákvörðunina.	1. og 2. málsl. 4. mgr. 109. gr. b ffl.: Fjármálaeftirlitið getur, með samkomulagi við viðkomandi lögbær yfirvöld, ákveðið að annað lögbært yfirvald fari með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu en leiðir af 1. og 2. mgr. ef það endurspeglar betur hlutfallslegt mikilvægi starfsemi fjármálafyrirtækja innan samstæðunnar í viðkomandi aðildarríkjum eða tryggir betur samfellu í eftirliti. Viðkomandi móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í Evrópusambandinu eða fjármálafyrirtæki með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings skal áður veittur andmælaréttur.
7. Lögbæru yfirvöldin skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um sérhvert samkomulag sem fellur undir 6. mgr.] ¹⁷³	3. málsl. 4. mgr. 109. gr. b ffl.: Fjármálaeftirlitið skal án tafar tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um slíka ákvörðun.
112. gr. Samræming eftirlitsstarfsemi af hálfu eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli	
1. Til viðbótar við skuldbindingarnar sem þessi tilskipun og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 leggur á skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli framkvæma eftirfarandi verkefni:	Inngangsmálsl. 1. mgr. 109. gr. c ffl.: Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það:
a) samræmingu söfnunar og miðlunar viðeigandi eða mikilvægra upplýsinga, í tilvikum áframhaldandi rekstrarhæfis eða neyðartilvikum,	1. tölul. 1. mgr. 109. gr. c ffl.: Samhæfa öflun og miðlun upplýsinga, bæði við áframhaldandi rekstrarhæfi og neyðarástæður.
b) skipulagningu og samræmingu eftirlitsstarfsemi í tilvikum áframhaldandi rekstrarhæfis, þ.m.t. í tengslum við þá starfsemi sem um getur í 3. kafla í VII. bálki, í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld,	2. tölul. 1. mgr. 109. gr. c ffl.: Skipuleggja og samhæfa, í samráði við viðkomandi lögbær yfirvöld, eftirlit við áframhaldandi rekstrarhæfi, þ.m.t. eftirlit samkvæmt þessum kafla.
c) skipulagningu og samræmingu eftirlitsstarfsemi í samstarfi við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld og, ef nauðsyn krefur, seðlabanka seðlabankakerfis Evrópu, við undirbúning fyrir og við neyðarástand, þ.m.t. neikvæða þróun stofnana eða á fjármálamörkuðum, með notkun núverandi boðskiptaleiða sem auðvelda áfallastjórnun ef mögulegt er.	3. tölul. 1. mgr. 109. gr. c ffl.: Undirbúa, skipuleggja og samhæfa, í samráði við viðkomandi lögbær yfirvöld og seðlabanka ef þörf krefur, eftirlit við neyðarástæður, þ.m.t. vegna óhagstæðrar þróunar hjá viðkomandi fjármálafyrirtækjum eða fjármálamörkuðum almennt, í gegnum samskiptaleiðir vegna neyðarástands sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er.
2. Hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum er heimilt, ef eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli tekst ekki að framkvæma verkefnin sem um getur í 1. mgr., eða ef lögbær yfirvöld starfa ekki með eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli að því marki sem krafist er til að framkvæma verkefnin í 1. mgr., að vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð	2. mgr. 109. gr. c ffl.: Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni og getur ekki fullnægt skyldum sínum skv. 1. mgr. vegna ósamvinnuþýðni annars yfirvalds getur það leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á

¹⁷³ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

[fjármálamarkaði. Sama gildir ef annað lögbært yfirvald fer með eftirlit á samstæðugrunni og Fjármálaeftirlitið telur það ekki sinna verkefnum sínum skv. 1. mgr.](#)

Evrópsku bankaeftirlitsstofnunni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld þegar um er að ræða ósamkomulag um samræmingu eftirlitsstarfsemi samkvæmt þessari grein, að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

3. Áætlanagerð og samræming eftirlitsstarfa, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, fela í sér sérstakar neyðarráðstafanir, sem um getur í d-lið 1. mgr. 117. gr. og b-lið 4. mgr. 117. gr., undirbúning sameiginlegs mats, framkvæmd viðbragðsáætlana og orðsendingar til almennings.

Nefnt í skýringum við 3. tölul. 1. mgr. 109. gr. c ffl.

113. gr. Sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur er varða tilteknar stofnanir

1. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni og lögbæru yfirvöldin sem ábyrg eru fyrir eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í Sambandinu eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi í ESB [...] ¹⁷⁴, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná fram sameiginlegri ákvörðun um:

Inngangsmásl. 1. mgr. 109. gr. d ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu þar sem móðurfélagið er móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi og annað lögbært yfirvald með eftirlit á einingargrunni með fjármálafyrirtæki sem er dótturfélag í samstæðunni, eða fari Fjármálaeftirlitið með eftirliti á einingargrunni og annað lögbært yfirvald með eftirliti á samstæðugrunni, skal Fjármálaeftirlitið gera allt sem í valdi þess stendur til að ná fram sameiginlegri ákvörðun með viðkomandi lögbæru yfirvaldi, innan fjögurra mánaða frá því að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram greiningu á áhættu samstæðunnar, um:](#)

a) beitingu ákvæða 73. og 97. gr. til að ákvarða um fullnægjandi stig eiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá stofnanasamstæðunni með tilliti til fjárhagsstöðu og áhættusniðs hennar og um stig eiginfjárgrunns sem krafist er fyrir beitingu ákvæða a-liðar 1. mgr. 104. gr. á hverja einingu innan stofnanasamstæðunnar og á samstæðugrunni,

1. tölul. 1. mgr. 109. gr. d ffl.: [Fyrirmæli um að samstæðan eða fjármálafyrirtæki sem tilheyrir henni skuli hafa hærri eiginfjárgrunn, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a.](#)

b) ráðstafanir til að taka á öllum mikilvægum málefnum og niðurstöðum í tengslum við lausafjáræftirlit, þ.m.t. um hve fullnægjandi skipulagningin og meðferðin á áhættu er eins og krafist er skv. 86. gr. og varðandi þörfina á sértækum lausafjárkröfum fyrir hverja stofnun í samræmi við 105. gr.,

2. tölul. 1. mgr. 109. gr. d ffl.: [Ráðstafanir vegna lausafjárstýringar, þ.m.t. sérstakar kröfur um laust fé, sbr. 10. tölul. 3. mgr. 107. gr. a.](#)

[c) sérhverja leiðbeiningu um viðbótareiginfjárgrunn sem um getur í 3. mgr. 104. gr. b.] ¹⁷⁵

3. tölul. 1. mgr. 109. gr. d ffl.: [Tilkynningu um eiginfjáralag skv. 107. gr. b.](#)

¹⁷⁴ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹⁷⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

2. Sameiginlegu ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu nást:

a) að því er varðar [a-lið 1. mgr. þessarar greinar]¹⁷⁶, innan fjögurra mánaða eftir að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram skýrslu sem inniheldur áhættumat fyrir stofnanasamstæðuna í samræmi við [...] ¹⁷⁷ 104. gr. a, til hinna viðkomandi lögbæru yfirvaldanna,

b) að því er varðar b-lið 1. mgr. þessarar greinar, innan [fjögurra mánaða]¹⁷⁸ eftir að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram skýrslu sem inniheldur mat á lausafjárahættusniði fyrir stofnanasamstæðuna í samræmi við 86. og 105. gr.,

[c) að því er varðar c-lið 1. mgr. þessarar greinar, innan fjögurra mánaða eftir að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram skýrslu sem inniheldur áhættumat fyrir stofnanasamstæðuna í samræmi við 104. gr. b.]¹⁷⁹

Í sameiginlegu ákvörðununum [sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar]¹⁸⁰, skal einnig taka tilhlýðilegt tillit til áhættumatsins á dótturfélögum sem viðkomandi lögbær yfirvöld framkvæma í samræmi við 73., 97. [og 104. gr. a og 104. gr. b]¹⁸¹.

Sameiginlegu ákvarðanirnar [sem um getur í a- og b-lið 1. mgr.]¹⁸² skulu settar fram í skjölum er innihalda ýtarlegan rökstuðning sem eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal láta móðurstofnuninni í ESB í té. Komi upp ágreiningur skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni, að beiðni einhverra hinna lögbæru yfirvaldanna sem hlut eiga að máli, hafa samráð við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina. Eftirlitsaðilanum á samstæðugrunni er heimilt að hafa samráð við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina að eigin frumkvæði.

1. mgr. 109. gr. d ffl.: [...] skal Fjármálaeftirlitið gera allt sem í valdi þess stendur til að ná fram sameiginlegri ákvörðun með viðkomandi lögbæru yfirvaldi, innan fjögurra mánaða frá því að eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni leggur fram greiningu á áhættu samstæðunnar, um:

3. mgr. 109. gr. d ffl.: [...] en skal þó ávallt taka tillit til mats annarra lögbærra yfirvalda á áhættu samstæðunnar og dótturfélaga hennar.

1. másl. innleiddur með 1. og 3. másl. 4. mgr. 109. gr. d ffl.: Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu vera skriflegar og rökstuddar, meðal annars með tilliti til áhættumats, viðhorfa og fyrirvara sem önnur viðkomandi lögbær yfirvöld hafa lýst innan frests skv. 1. mgr. [...] Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það senda ákvarðanirnar til viðkomandi lögbærra yfirvalda og móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. másl. innleiddur með 2. mgr. 109. gr. d ffl.: Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni er því skylt að hafa samráð við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina áður en það tekur ákvörðun samkvæmt þessari grein fari annað lögbært yfirvald sem fer með eftirlit á einingargrunni með fjármálaefirlit á samstæðunni fram á það innan frests skv. 1. mgr. Ef annað lögbært yfirvald er eftirlitsaðili á samstæðugrunni getur Fjármálaeftirlitið innan frests skv. 1. mgr. farið fram á að það leiti samráðs við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina.

¹⁷⁶ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁷⁷ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁷⁸ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁷⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

3. Hafi lögbæru yfirvöldin ekki tekið slíka sameiginlega ákvörðun innan þeirra tímabila sem um getur í 2. mgr. [þessarar greinar]¹⁸³, skal eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni taka ákvörðun um beitingu ákvæða 73., 86. og 97. gr., a-liðar 1. mgr. 104. gr., [104. gr. b]¹⁸⁴ og 105. gr. [þessarar tilskipunar]¹⁸⁵ á samstæðugrunni, eftir að tilhlýðilegt tilliti til hefur verið tekið til áhættumatsins á dótturfélögum sem viðkomandi lögbær yfirvöld framkvæma. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal, ef einhver lögbæru yfirvaldanna sem í hlut eiga hafa við lok tímabilanna sem um getur í 2. mgr. [þessarar greinar]¹⁸⁶ vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, og taka sína ákvörðun í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Tímabilin sem um getur í 2. mgr. [þessarar greinar]¹⁸⁷ skulu teljast vera sáttatímabilin í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar [frá viðtöku málskotsins til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar]¹⁸⁸. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eftir lok fjögurra [...] ¹⁸⁹ mánaða tímabilsins [...] ¹⁹⁰ eða eftir að náðst hefur sameiginleg ákvörðun.

Ákvörðunin um beitingu ákvæða 73., 86. og 97. gr., a-liðar 1. mgr. 104. gr., [104. gr. b]¹⁹¹ og 105. gr [þessarar tilskipunar]¹⁹² skal tekin af viðkomandi lögbærum yfirvöldum sem ábyrg eru fyrir eftirliti með dótturfélögum móðurlánastofnunar í ESB eða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða

3. másl. þarf ekki sérstök lagafyrirmæli en er áréttaður í greinargerð.

1. másl. innleiddur með 1. másl. 3. mgr. 109. gr. d ffl.: [Náist ekki sameiginleg ákvörðun innan frests skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið tekið einhliða ákvörðun um kröfur á samstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, en skal þó ávallt taka tillit til mats annarra lögbærra yfirvalda á áhættu samstæðunnar og dótturfélaga hennar og annarra viðhorfa og fyrirvara sem þau hafa lýst innan frests skv. 1. mgr.](#)

2. másl. innleiddur með 2. og 3. másl. 3. mgr. 109. gr. d ffl.: [Hafi Fjármálaeftirlitið eða annað lögbært yfirvald vísað málinu til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, innan frests skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að taka. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera í samræmi við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.](#)

3. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins; „sáttatímabil í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010“ er frestur sem Evrópska bankaftirlitsstofnunin setur lögbærum yfirvöldum til að ná sameiginlegri niðurstöðu; fyrirmælin eru þó áréttuð í greinargerð).

4. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

5. másl. innleiddur með 4. másl. 3. mgr. 109. gr. d ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa málinu til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA ef frestur skv. 1. mgr. er liðinn eða sameiginleg ákvörðun liggur fyrir.](#)

1. másl. innleiddur með 1. másl. 3. mgr. 109. gr. d ffl.: [Náist ekki sameiginleg ákvörðun innan frests skv. 1. mgr. getur Fjármálaeftirlitið tekið einhliða ákvörðun um kröfur á samstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, en skal þó ávallt taka tillit til mats annarra lögbærra yfirvalda á áhættu samstæðunnar og dótturfélaga hennar og](#)

¹⁸³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁸⁹ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹⁰ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB á eininga- eða undirsamstæðugrunni, að teknu tilhlýðilegu tilliti til álots og fyrirvara eftirlitsaðilans á samstæðugrunni. Lögbæru yfirvöldin skulu, ef einhver af þeim lögbæru yfirvöldum sem í hlut eiga hafa við lok einhvers af tímabilunum sem um getur í 2. mgr. . [þessarar greinar]¹⁹³ vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka í samræmi við 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, og taka sína ákvörðun í samræmi við ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Tímabilin sem um getur í 2. mgr. [þessarar greinar]¹⁹⁴ skulu teljast vera sáttatímabilin í skilningi þeirrar reglugerðar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun sína innan eins mánaðar [frá viðtöku málskotsins til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar]¹⁹⁵. Málinu skal ekki vísað til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eftir lok fjögurra mánaða [...] ¹⁹⁶ tímabilsins [...] ¹⁹⁷ eða eftir að náðst hefur sameiginleg ákvörðun.

Ákvarðanirnar skulu settar fram í skjali sem inniheldur ítarlegan rökstuðning og tillit skal tekið til áhættumats, álots og fyrirvara hinna lögbæru yfirvaldanna sem þau láta í ljós á tímabilunum sem um getur í 2. mgr. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni skal láta öllum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum og móðurstofnuninni í ESB skjalið í té.

Öll lögbæru yfirvöldin skulu, þegar samráð hefur verið haft við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, taka tillit til ráðlegginga hennar og gera grein fyrir sérhverju umtalsverðu fráviki frá þeim.

4. Sameiginlegu ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr. og ákvarðanirnar sem lögbæru yfirvöldin taka þegar sameiginleg ákvörðun sem um getur í 3. mgr. liggur ekki fyrir, skulu teljast ákvarðandi og skal beitt af lögbæru yfirvöldunum í hlutaðeigandi aðildarráttum.

annarra viðhorfa og fyrirvara sem þau hafa lýst innan frests skv. 1. mgr.

2. másl. innleiddur með 2. og 3. másl. 3. mgr. 109. gr. d ffl.: Hafi Fjármálaeftirlitið eða annað lögbært yfirvald vísað málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, innan frests skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið fresta ákvörðun sinni og bíða ákvörðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að taka. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera í samræmi við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.

3. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins; „sáttatímabil í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010“ er frestur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin setur lögbærum yfirvöldum til að ná sameiginlegri niðurstöðu; fyrirmælin eru þó áréttuð í greinargerð).

4. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

5. másl. innleiddur með 4. másl. 3. mgr. 109. gr. d ffl.: Fjármálaeftirlitið skal ekki vísa málinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA ef frestur skv. 1. mgr. er liðinn eða sameiginleg ákvörðun liggur fyrir.

1. og 3. másl. 4. mgr. 109. gr. d ffl.: Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu vera skriflegar og rökstuddar, meðal annars með tilliti til áhættumats, viðhorfa og fyrirvara sem önnur viðkomandi lögbær yfirvöld hafa lýst innan frests skv. 1. mgr. [...] Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það senda ákvarðanirnar til viðkomandi lögbærra yfirvalda og móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. másl. 4. mgr. 109. gr. d ffl.: Hafi verið haft samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skal greina frá því hvernig tekið hafi verið tillit til ráðlegginga hennar og öll markverð frávik frá þeim útskýrð.

5. mgr. 109. gr. d ffl.: Fjármálaeftirlitið skal viðurkenna ákvarðanir annarra lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari grein að því er varðar samstæðu eða fjármálafyrirtæki sem þau hafa eftirlit með.

¹⁹³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹⁶ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

¹⁹⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

Árlega skal uppfæra sameiginlegu ákvarðanirnar sem um getur í 1. mgr. [þessarar greinar]¹⁹⁸ og sérhverjar ákvarðanir þegar sameiginleg ákvörðun liggur ekki fyrir í samræmi við 3. mgr. eða, í undantekningartilvikum, þegar lögbært yfirvald sem ábyrgt er fyrir eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, leggur fram skriflega og ítarlega rökstudda beiðni til eftirlitsaðilans á samstæðugrunni um að uppfæra ákvörðunina um beitingu ákvæða a-liðar 1. mgr. 104. gr., [104. gr. b]¹⁹⁹ og 105. gr. Í [þessum undantekningartilvikum]²⁰⁰ getur uppfærslan verið á tvíhliða grundvelli milli eftirlitsaðilans á samstæðugrunni og lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tryggja samleit skilyrði fyrir beitingu sameiginlega ákvörðunarferlisins sem um getur í þessari grein, að því er varðar beitingu ákvæða 73., 86. og 97. gr., a-liðar 1. mgr. 104. gr., [104. gr. b]²⁰¹ og 105. gr., með það í huga að auðvelda sameiginlegar ákvarðanatökur.

Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. júlí 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdastaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

114. gr. Kröfur um upplýsingar við neyðarástand

1. Þegar upp kemur neyðarástand, þ.m.t. aðstæður eins og lýst er í 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), eða þróun á mörkuðum sem hugsanlega teflir í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkinu þar sem einingar samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða stofnuð hafa verið mikilvæg útibú, eins og um getur í 51. gr., skal eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli, með fyrirvara um 2. þátt 1. kafla og, eftir atvikum, 54. og 58. gr. tilskipunar [2004/39/EB](#), gera Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni og yfirvöldunum, sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 59. gr., viðvart eins fljótt og við verður komið og veita allar nauðsynlegar

6. mgr. 109. gr. d ffl.: [Ákvarðanir samkvæmt þessari grein skulu uppfærðar árlega. Þær skulu einnig uppfærðar sendi lögbært yfirvald dótturfélags móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu skriflega og rökstudda ósk þess efnis til eftirlitsaðilans á samstæðugrunni og er þá unnt að gera það í tvíhliða samstarfi þeirra yfirvalda.](#)

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

13. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 5. mgr. 113. gr. um sameiginlegar ákvarðanir um varfærniskröfur er varða tilteknar stofnanir.](#)

1. másl. 109. gr. f ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það gera öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með samstæðu eða einingum innan hennar, Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni, Evrópska kerfisáhætturáðinu, Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi seðlabönkum og ríkiseiningum sem bera ábyrgð á löggjöf um fjármálafyrirtæki, fjármálastofnanir og váttryggingafélög í aðildarríkjum og skoðunarmönnum sem starfa fyrir þeirra hönd viðvart eins fljótt og við verður komið um neyðarástand, þ.m.t. aðstæður skv. 18. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eða](#)

¹⁹⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

¹⁹⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁰⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁰¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

upplýsingar til að þau geti leyst sín verk af hendi. Skuldbindingar þessar gilda um öll lögbær yfirvöld.

[óhagstæða þróun á mörkuðum sem getur teft í tvísýnu lausafjárstöðu og stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríki þar sem einingar innan samstæðu hafa fengið starfsleyfi eða starfrækja mikilvæg útibú og veita allar upplýsingar sem þessir aðilar þurfa til að leysa verk sín af hendi, í gegnum samskiptaleiðir sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er.](#)

Ef seðlabanki seðlabankakerfis Evrópu verður var við ástand sem lýst er í fyrstu undirgrein skal hann gera lögbærum yfirvöldum, sem um getur í 112. gr., og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni viðvart eins fljótt og við verður komið.

109. gr. f ffl. (Fjármálaeftirlitið er hluti af Seðlabanka Íslands.)

Lögbæra yfirvaldið og yfirvaldið sem um getur í 4. mgr. 58. gr. skulu nota þær boðskiptaleiðir sem fyrir hendi eru, ef unnt er.

1. másl. 109. gr. f ffl.: [\[...\] í gegnum samskiptaleiðir sem þegar eru fyrir hendi ef unnt er.](#)

2. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal, þegar hann þarfnast upplýsinga sem hafa þegar verið gefnar öðru lögbæru yfirvaldi, hafa samband við yfirvaldið, þegar unnt er, til að koma í veg fyrir tvítekingu skýrslugjafar til hinna ýmsu yfirvalda sem taka þátt í eftirlitinu.

2. mgr. 109. gr. g ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það, þegar það þarfnast upplýsinga sem ætla má að hafi þegar verið veittar öðru lögbæru yfirvaldi sem hefur eftirlit á einingargrunni með einingu innan samstæðu, leitast við að afla upplýsinganna frá því yfirvaldi.](#)

115. gr. Samræmingar- og samstarfsfyrirkomulag

1. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli og önnur lögbær yfirvöld skulu hafa skriflegt fyrirkomulag um samræmingu og samstarf til að auðvelda og koma á fót skilvirku eftirliti.

3. másl. 1. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal í samráði við önnur lögbær yfirvöld í starfshópnum setja skrifleg viðmið um vinnutilhögun hans.](#)

Samkvæmt slíku fyrirkomulagi er heimilt að fela eftirlitsaðilanum á samstæðugrundvelli viðbótarverkefni og tilgreina verklagsreglur fyrir ákvarðanatökufarlið og samvinnu við önnur lögbær yfirvöld.

2. Lögbæru yfirvöldunum, sem eru ábyrg fyrir leyfisveitingu dótturfélags móðurfélags sem er stofnun, er heimilt, með tvíhliða samningum og í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), að fela eftirlitsábyrgð sína lögbærum yfirvöldum sem veittu móðurfélaginu starfsleyfi og hafa eftirlit með því þannig að þau taki að sér eftirlit með dótturfélaginu í samræmi við þessa tilskipun. Upplýsa skal Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um tilvist og efni slíkra samninga. Hún skal senda slíkar upplýsingar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna og evrópsku bankanefndarinnar.

1. og 2. másl. innleiddir með 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. eefl.

3. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

[3. Ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni er annar en lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem hefur hlotið samþykki í samræmi við 21. gr. a er með staðfestu, skal einnig gera samræmingar- og samstarfssamningana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, við lögbæra yfirvaldið í

3. másl. 1. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal í samráði við önnur lögbær yfirvöld í starfshópnum setja skrifleg viðmið um vinnutilhögun hans.](#)

aðildarríkinu þar sem móðurfyrirtækið er með staðfestu.]²⁰²

116. gr. Samstarfshópar eftirlitsaðila

1. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal koma á fót samstarfshópum eftirlitsaðila til að greiða fyrir framkvæmd verkefnanna sem um getur í 112. og 113. gr. og 114. gr. (1. mgr.), með fyrirvara um trúnaðarkvaðir 2. mgr. þessarar greinar og lög Sambandsins, og tryggja viðeigandi samræmingu og samstarf við viðkomandi eftirlitsyfirvöld þriðja lands, eftir því sem við á.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal stuðla að og fylgjast með árangursríkri, skilvirkri og samræmdri starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila sem getur um í þessari grein, í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#). Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, í þeim tilgangi, taka þar þátt eins og við á og teljast lögbært yfirvald þar að lútandi.

Samstarfshópar eftirlitsaðila skulu setja ramma fyrir framkvæmd eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar og hinna lögbæru yfirvaldanna, sem hlut eiga að máli, á eftirfarandi verkefnum:

a) að skiptast á upplýsingum innbyrðis og við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina í samræmi við 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#),

b) að ná samkomulagi um frjálssa skiptingu verkefna og frjálssa dreifingu ábyrgðar, eftir því sem við á,

c) að ákvarða áætlanir um eftirlitsaðgerðir, sem um getur á 99. gr., á grundvelli áhættumats samstæðunnar í samræmi við 97. gr.,

d) að auka skilvirkni eftirlits með því að koma í veg fyrir óþarfa tvítekningu eftirlitskrafna, þ.m.t. í tengslum við kröfur um upplýsingarnar sem um getur í 114. gr. og 3. mgr. 117. gr.,

e) að beita varfærniskröfum með samræmdum hætti, samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), þvert á allar einingar innan samstæðu stofnana og með fyrirvara um aðra möguleika og ákvörðunarfrelsi sem löggjöf Sambandsins býður upp á,

f) að beita c-lið 1. mgr. 112. gr. með tilliti til vinnu á öðrum vettvangi sem kann að verða komið á fót á þessu sviði.

[1a. Til að auðvelda verkefnið sem um getur í 1. mgr. 112. gr., 1. mgr. 114. gr. og 1. mgr. 115. gr. þessarar tilskipunar skal eftirlitsaðilinn á

1. málsl. 1. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það koma á fót samstarfshópi lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með einingum innan samstæðunnar til að greiða fyrir samvinnu yfirvaldanna og samstarfi við yfirvöld í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Inngangsmálsl. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Samstarfshópur eftirlitsaðila skal vera vettvangur fyrir:](#)

1. tölul. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Skipti viðkomandi yfirvalda á upplýsingum innbyrðis og við Evrópsku bankaefirlitsstofnunina til samræmis við 21. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

2. tölul. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Skiptingu verka milli viðkomandi yfirvalda.](#)

3. tölul. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Gerð eftirlitsáætlunar, sbr. 82. gr.](#)

4. tölul. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Samhæfingu eftirlits eininga innan samstæðu, meðal annars til að tryggja samræmda beitingu varfærnis krafna og til að forðast óþarfa tvítekningu eftirlits krafna, þ.m.t. um upplýsingagjöf, og við neyðaraðstæður.](#)

4. tölul. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Samhæfingu eftirlits eininga innan samstæðu, meðal annars til að tryggja samræmda beitingu varfærnis krafna og til að forðast óþarfa tvítekningu eftirlits krafna, þ.m.t. um upplýsingagjöf, og við neyðaraðstæður.](#)

4. tölul. 2. mgr. 109. gr. j ffl.: [Samhæfingu eftirlits eininga innan samstæðu, meðal annars til að tryggja samræmda beitingu varfærnis krafna og til að forðast óþarfa tvítekningu eftirlits krafna, þ.m.t. um upplýsingagjöf, og við neyðaraðstæður.](#)

2. málsl. 1. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal bjóða \[...\] eftirlitsaðilum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru \[...\] háðir](#)

²⁰² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

samstæðugrunni einnig koma á samstarfshópum eftirlitsaðila þegar öll dótturfélög móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB sem starfa yfir landamæri hafa aðalskrifstofu sína í þriðju löndum, að því tilskildu að eftirlitsyfirvöld þriðju landa falli undir trúnaðarkvöð sem er jafngild kröfunum sem mælt er fyrir um í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, 76. og 81. gr. tilskipunar [2014/65/ESB](#).²⁰³

2. Lögbæru yfirvöldin, sem eru þátttakendur í samstarfshópum eftirlitsaðila og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, skulu vinna náið saman. Trúnaðarkvaðimnar, sem um getur í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og 54. og 58. gr. tilskipunar [2004/39/EB](#), skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld geti skipst á trúnaðarupplýsingum innan samstarfshópa eftirlitsaðila. Stofnsetning og rekstur samstarfshópa eftirlitsaðila skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#).

3. Stofnsetning og rekstur samstarfshópanna skal byggja á skriflegum samþykktum sem um getur í 115. gr. og ákvarðaðar eru að höfðu samráði eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í því skyni að tilgreina almenn skilyrði um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2014.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

[fullnægjandi þagnarskyldu sæti í samstarfshópi](#). (Áréttað í skýringum við 109. gr. j ffl. að þátttaka eftirlitsaðila í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eigi m.a. við um eftirlitsaðila dótturfélaga móðurstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélaga á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðra móðureignarhaldsfélaga í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu sem eru með höfuðstöðvar í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.)

1. másl. innleiddur með 1. tölul. 1. mgr. 109. gr. u ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal\] Vinna náið með lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og Eftirlitsstofnun EFTA af heilindum og á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra.](#)

2. másl. innleiddur með 1. og 2. tölul. 1. mgr. 109. gr. aa ffl.: [\[Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita eftirtöldum aðilum, hér á landi eða í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, upplýsingar sem þeir þurfa til að gegna störfum sínum þótt þær séu háðar þagnarskyldu ef um þær gildir hliðstæð þagnarskylda hjá viðkomandi aðila\]: 1. Stofnunum Fríverslunarsamtaka Evrópu og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. 2. Stjórnvöldum sem hafa eftirlit með fjármálafyrirtækjum eða öðrum aðilum á fjármálamarkaði eða eftirlit með fjármálamörkuðum, þar á meðal greiðslukerfum.](#) (Áréttað í athugasemdum við 109. gr. aa ffl. að eigi m.a. við um upplýsingaskipti í samstarfshópum eftirlitsaðila.)

3. másl. krefst ekki sérstakrar innleiðingar.

3. másl. 1. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal í samráði við önnur lögbær yfirvöld í starfshópnum setja skrifleg viðmið um vinnutilhögun hans.](#)

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

14. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með](#)

²⁰³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

	síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 4. og 5. mgr. 116. gr. um samstarfshópa eftirlitsaðila.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum í því skyni að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 31. desember 2014.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka tæknilegu framkvæmdastaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	14. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:] 4. og 5. mgr. 116. gr. um samstarfshópa eftirlitsaðila.
6. Lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB og lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríki þar sem mikilvæg útibú eins og um getur í 51. gr. hafa staðfestu, seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu, þar sem við á, og lögbærum eftirlitsyfirvöldum þriðja lands, ef við á og með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem eru, að álitu allra lögbærra yfirvalda, jafngildar kröfunum sem settar eru fram í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og eftir atvikum í 54. og 58. gr. tilskipunar 2004/39/EB , er heimilt að taka þátt í starfi samstarfshópa eftirlitsaðila.	2. másl. 1. mgr. 109. gr. j ffl.: Fjármálaeftirlitið skal bjóða lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, dótturfélögum móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blönduðu móðureignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum þar sem samstæða starfrækir mikilvæg útibú, seðlabönkum þar sem við á og eftirlitsaðilum í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru, að mati allra viðkomandi lögbærra yfirvalda, háðir fullnægjandi þagnarskyldu sæti í samstarfshópi.
[Lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi hefur hlotið samþykki í samræmi við 21. gr. a er með staðfestu, getur tekið þátt í viðkomandi samstarfshópi eftirlitsaðila.] ²⁰⁴	---
7. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal vera í forsæti á fundum samstarfshópsins og ákveða hvaða lögbær yfirvöld taka þátt í fundum eða starfsemi hans. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal upplýsa alla aðila samstarfshópsins ítarlega fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni og starfsemi sem taka skal til athugunar. Eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli skal einnig halda öllum aðilum samstarfshópsins vel og tímanlega upplýstum um aðgerðir sem koma til framkvæmda á þessum fundum eða ráðstafanir sem gerðar eru.	3. mgr. 109. gr. j ffl.: Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni stýrir það fundum samstarfshóps og boðar til hans þau yfirvöld sem hann varðar. Það skal tilkynna öllum meðlimum samstarfshóps fyrir fram um fundi með dagskrá. Það skal svo fljótt sem auðið er upplýsa þá um ákvarðanir sem teknar eru á fundum og til hvaða aðgerða er gripið.
8. Við ákvörðun eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem er fyrirhuguð eða samræmd að því er varðar yfirvöldin, einkum	5. mgr. 9. gr. loef.: Fjármálaeftirlitið skal við eftirlitsstörf sín, einkum í neyðartilfellum, taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna eftirlitsins á fjármálastöðugleika hér á landi.

²⁰⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

hugsanleg áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins innan viðkomandi aðildarríkja, eins og um getur í 7. gr., og skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. 51. gr.

Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa í huga að ákvarðanir og athafnir þess gætu haft áhrif í öðrum ríkjum og er Fjármálaeftirlitinu heimilt að eiga í samskiptum við eftirlitsaðila annarra ríkja í þeim tilfellum.

Áréttað í skýringum við 109. gr. j að við ákvörðun á þeim yfirvöldum sem boðuð eru á fund samstarfshóps skuli Fjármálaeftirlitið taka mið af þýðingu þeirrar eftirlitsstarfsemi sem til umfjöllunar verður fyrir viðkomandi yfirvöld, einkum með tilliti til mögulegra áhrifa á fjármálastöðugleika í viðkomandi ríki

9. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal, með fyrirvara um trúnaðarkvaðir sem um getur í II. þætti 1. kafla þessarar tilskipunar og, eftir atvikum, 54. og 58. gr. tilskipunar [2004/39/EB](#), upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila, þ.m.t. þegar um er að ræða neyðarástand, og veita Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem skipta máli varðandi samleitni eftirlits.

4. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni skal það upplýsa Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um starf samstarfshóps eftirlitsaðila.](#)

Hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum er heimilt, þegar um er að ræða ágreining milli lögbærra yfirvalda um hlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila, að vísa málinu til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og óska eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

5. mgr. 109. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur leitað aðstoðar Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, vegna ágreinings við annað lögbært yfirvald um starf samstarfshóps eftirlitsaðila til samræmis við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.](#)

Evrópska bankaftirlitsstofnunin getur einnig að eigin frumkvæði aðstoðað lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi ef um er að ræða ósamkomulag um hlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt þessari grein, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

117. gr. Samstarfsskuldbindingar

1. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa náð samstarf sín á milli. Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar eða skipta máli fyrir eftirlitsstarf hinna yfirvaldanna samkvæmt þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#). Í þessu skyni skulu lögbær yfirvöld veita allar umbeðnar upplýsingar sem málið varðar og veita allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði.

1. másl. innleiddur með 1. tölul. 1. mgr. 107. gr. u ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal\] Vinna náð með lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja og Eftirlitsstofnun EFTA af heilindum og á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra.](#)

2. og 3. másl. innleiddir með 1. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal að ósk annarra lögbærra yfirvalda veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd starfa þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð \(ESB\) nr. 575/2013 og veita þeim að eigin frumkvæði nauðsynlegar upplýsingar.](#)

Lögbæru yfirvöldin skulu vinna með Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni, eða Eftirlitsstofnun

1. tölul. 1. mgr. 109. gr. u ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal\] Vinna náð með \[...\] Eftirlitsstofnun EFTA af heilindum og á grundvelli trausts og fullrar gagnkvæmrar virðingar, einkum til þess að tryggja](#)

EFTA, eftir því sem við á,²⁰⁵ að því er varðar þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), í samræmi við reglugerð (ESB) nr. [1093/2010](#).

[viðeigandi og áreiðanlegt upplýsingaflæði milli þeirra.](#)

2. tölul. 1. mgr. 109. gr. u ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal\] Vinna með og taka þátt í starfsemi Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar \[...\].](#)

Eefl. (sem lögfestu reglugerð (ESB) nr. 1093/2010).

Lögbæru yfirvöldin skulu veita Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun, reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) og reglugerð (ESB) nr. [1093/2010](#), í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

Eefl. (sem lögfestu reglugerð (ESB) nr. 1093/2010).

Telja skal upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, mikilvægar ef þær gætu haft veigamikil áhrif á matið á fjárhagslegu heilbrigði stofnunar eða fjármálastofnunar í öðru aðildarríki.

1. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [\[Upplýsingar um eftirfarandi teljast nauðsynlegar:\] Atriði sem geta haft veigamikil áhrif á mat á fjárhagslegu heilbrigði fjármálafyrirtækis eða fjármálastofnunar í viðkomandi aðildarríki.](#)

Eftirlitsaðilar á samstæðugrundvelli með móðurstofnunum í ESB og stofnunum, sem móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í ESB eða blönduð móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði í ESB stjórna skulu einkum láta lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum, sem hafa eftirlit með dótturfélögum þessara móðurfélaga, í té allar viðeigandi upplýsingar. Við ákvörðun á umfangi viðeigandi upplýsinga skal taka tillit til mikilvægis þessara dótturfélaga innan fjármálakerfis þessara aðildarríkja.

2. mgr. 109. gr. x ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni með móðurstofnun á Evrópska efnahagssvæðinu og fjármálafyrirtækjum sem móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blönduð móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu ráða yfir skal það veita öðrum lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með dótturfélögum þessara móðurfélaga í té allar viðeigandi upplýsingar. Við ákvörðun á umfangi viðeigandi upplýsinga skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til mikilvægis þessara dótturfélaga í fjármálakerfum viðkomandi aðildarríkja.](#)

Mikilvægu upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu einkum fela í sér eftirfarandi:

Inngangshluti 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Upplýsingar um eftirfarandi teljast nauðsynlegar:](#)

a) tilgreiningu á rekstrarformi samstæðunnar að lögum og eftirlits- og stjórnunarkerfi, þ.m.t. stjórnskipulagi, sem ná yfir alla eftirlitsskylda aðila og þá aðila sem eru það ekki, dótturfélög sem ekki eru eftirlitsskyld og mikilvæg útibú sem tilheyra samstæðunni, móðurfélögin, í samræmi við 14. gr. (3. mgr.), 74. gr. (1. mgr.) og 109. gr. (2. mgr.), og lögbær yfirvöld eftirlitsskyldra aðila innan samstæðunnar,

2. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Rekstrarform og stjórnunarkerfi samstæðu og eininga sem tilheyra henni, þar á meðal mikilvægra útibúa, og lögbær yfirvöld þeirra.](#)

b) aðferðir við öflun upplýsinga frá lánastofnunum²⁰⁶ í samstæðu og sannprófun á þeim upplýsingum,

3. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Aðferðir við öflun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum í samstæðu og sannprófun á þeim upplýsingum.](#)

c) neikvæða þróun hjá stofnunum eða öðrum aðilum samstæðu sem gæti haft alvarleg áhrif á stofnanirnar,

4. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Óhagstæða þróun hjá fjármálafyrirtækjum eða öðrum einingum í samstæðu sem gæti haft alvarleg áhrif á fjármálafyrirtækin.](#)

d) umtalsverð viðurlög og óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda í samræmi við þessa tilskipun,

5. tölul. 2. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: [Umtalsverð viðurlög og sérstakar ráðstafanir sem](#)

²⁰⁵ Bætt við samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

²⁰⁶ „institutions“ í ensku útgáfu.

þ.m.t. álagning sérstakrar kröfu vegna eiginfjárgrunns skv. 104. gr. og álagning hvers kyns takmarkana á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar við útreikninga á eiginfjárkröfum, skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

2. Lögbæru yfirlögunum er heimilt að vísa eftirfarandi aðstæðum til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar:

a) þegar lögbært yfirvald hefur ekki sent mikilvægar upplýsingar,

b) þegar beiðni um samstarf, einkum varðandi skipti á nauðsynlegum upplýsingum, hefur verið synjað eða ekkert hefur verið aðhafst innan hæfilegs frests.

Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt, með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að nýta sér valdheimildir sem henni eru faldar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirlögun að eigin frumkvæði við að þróa samræmdar samstarfsvenjur í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Lögbæru yfirlögun, sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum sem móðurstofnun í ESB stjórnar, skulu, þegar því verður við komið, hafa samband við eftirlitsaðilann á samstæðugrundvelli þegar þau vantar upplýsingar varðandi framkvæmd aðferða og aðferðafræði sem sett er fram í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) og kunna nú þegar að vera tiltækar eftirlitsaðilum á samstæðugrundvelli.

4. Lögbæru yfirlögun sem málið varðar skulu hafa samráð sín á milli, áður en þau taka ákvörðun um eftirfarandi atriði, þegar [slík ákvörðun er mikilvæg]²⁰⁷ fyrir eftirlitshlutverk annarra lögbærra yfirvalda:

a) breytingar á eignarhaldi, skipulagi eða stjórnunarháttum lánastofnana í samstæðu sem þarfnast samþykkis eða leyfis lögbærra yfirvalda og

b) umtalsverð viðurlög eða óvenjulegar ráðstafanir lögbærra yfirvalda, þ.m.t. álagning sérstakrar kröfu vegna eiginfjárgrunns skv. 104. gr. og álagning hvers kyns takmarkana á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

Ávallt skal hafa samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli varðandi b-lið.

[Fjármálaeftirlitið grípur til samkvæmt lögum þessum, þ.m.t. krafa um hærra eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a og takmörkun á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

4. mgr. 109. gr. x ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur leitað aðstoðar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, til samræmis við 19. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, veiti annað lögbært yfirvald því ekki nauðsynlegar upplýsingar eða hafni eða verði ekki innan hæfilegs tíma við ósk þess um samstarf, einkum varðandi upplýsingaskipti.](#)

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

1. mgr. 109. gr. g ffl.: [Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á einingargrunni með fjármálaefyrirtæki sem er dótturfélag móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu skal það, þegar það þarfnast upplýsinga um aðferðir og aðferðafræði samkvæmt lögum þessum sem ætla má að hafi þegar verið veittar lögbæru yfirvaldi sem hefur eftirlit á samstæðugrunni með samstæðunni, leitast við að afla upplýsinganna frá því yfirvaldi.](#)

Inngangsmásl. 1. mgr. 109. gr. w ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við önnur lögbær yfirlögun áður en það tekur ákvörðun um atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir eftirlitshlutverk þeirra og varða:](#)

A-liður 1. mgr. 109. gr. w ffl.: [breytingar á eignarhaldi, skipulagi eða stjórnarháttum lánastofnana í samstæðu sem þarfnast samþykkis eða leyfis Fjármálaeftirlitsins eða.](#)

B-liður 1. mgr. 109. gr. w ffl.: [umtalsverð viðurlög eða sérstakar ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins, þ.m.t. krafa um hærra eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a og takmörkun á notkun þróuðu mæliaðferðarinnar við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

2. mgr. 109. gr. w ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal ávallt hafa samráð við eftirlitsaðila á samstæðugrunni um viðurlög og ráðstafanir skv. b-lið 1. mgr.](#)

²⁰⁷ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 20/1](#).

Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að ákveða að hafa ekki samráð við önnur lögbær yfirvöld í brýnum málum eða þegar slíkt samráð getur teft skilvirkni ákvarðana í tvísýnu. Lögbæra yfirvaldið skal í slíkum tilvikum strax að lokinni ákvörðun sinni tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um hana.

3. mgr. 109. gr. w ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að hafa ekki samráð við önnur lögbær yfirvöld í brýnum málum eða þegar slíkt samráð getur teft virkni ákvarðana í tvísýnu.](#) [Fjármálaeftirlitið skal þá strax að lokinni ákvörðun sinni tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um hana.](#)

[5. Lögbær yfirvöld, skrifstofur fjármálagreininga lögreglu og yfirvöld sem falin er sú opinbera skylda að hafa eftirlit með að tilkynningarskyldir aðilar sem skráðir eru í 1. og 2. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 fari að þeirri tilskipun, skulu hafa náð samstarf sín á milli innan valdsviðs síns og veita hvert öðru upplýsingar sem máli skipta fyrir viðkomandi verkefni þeirra samkvæmt þessari tilskipun, reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) og tilskipun (ESB) 2015/849, að því tilskildu að slíkt samstarf og upplýsingaskipti rekist ekki á við yfirstandandi könnun, rannsókn eða málsmeðferð í samræmi við refsí- eða stjórnslurétt aðildarríkisins þar sem lögbæra yfirvaldið, skrifstofa fjármálagreininga lögreglu eða yfirvald sem falin er sú opinbera skylda að hafa eftirlit með tilkynningarskyldum aðilunum sem skráðir eru í 1. og 2. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, er staðsett.

1. másl. 1. mgr. 23. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. [140/2018](#); Verði Fjármálaeftirlitinu eða ríkisskattstjóra við framkvæmd starfa sinna kunnugt um viðskipti sem ætla má að tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða fái embættin upplýsingar um slík viðskipti skulu þau, þrátt fyrir lögbundna þagnarskyldu, án tafar tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þar um.

109. gr. dd ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal vinna náð með skrifstofum fjármálagreininga lögreglu og yfirvöldum sem hafa eftirlit með því að tilkynningarskyldir aðilar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. tilskipunar \(ESB\) 2015/849, sbr. lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, fari að þeirri tilskipun og veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir verkefni þeirra samkvæmt þeirri tilskipun, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB og reglugerð \(ESB\) nr. 575/2013, enda hamli það ekki yfirstandandi rannsókn eða meðferð máls.](#)

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), aðstoðað lögbæru yfirvöldin ef upp kemur ágreiningur varðandi samræmingu eftirlitsstarfseminnar samkvæmt þessari grein.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 1. janúar 2020, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), sem tilgreina tilhögun samstarfs og upplýsingaskipta milli yfirvaldanna sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, einkum í tengslum við samstæður sem starfa yfir landamæri og í tengslum við greiningu alvarlegra brota á reglum um peningabætti.²⁰⁸

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 109. gr. dd ffl.).

118. gr. Staðfesting á upplýsingum um einingar í öðrum aðildarríkjum

Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska í ákveðnum tilvikum við beitingu þessarar tilskipunar eftir að staðfesta upplýsingar um stofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, fjármálastofnun, félag í hliðarstarfsemi, blandað eignarhaldsfélag, dótturfélag, eins og um getur í 125. gr. eða dótturfélag eins og um getur í 3. mgr.

109. gr. y ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal að ósk annars lögbærs yfirvalds staðreyna upplýsingar frá innlendu fjármála fyrirtæki, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði, blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi, fjármálastofnun, félagi í hliðarstarfsemi, blönduðu eignarhaldsfélagi eða dótturfélagi skv. 109. gr. i eða 109. gr. bb, enda hafi Fjármálaeftirlitið heimild til þess.](#)

²⁰⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

119. gr., sem er í öðru aðildarríki, skulu þau fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að láta framkvæma þá staðfestingu. Yfirvöldin sem fá slíka beiðni skulu, á grundvelli valdheimilda sinna, bregðast við henni annaðhvort með því að framkvæma staðfestinguna sjálf eða leyfa yfirvöldunum sem lögðu beiðnina fram, endurskoðanda eða sérfræðingi, að framkvæma hana. Lögbæra yfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í staðfestingunni ef það annast hana ekki sjálf, óski það þess.

Fjármálaeftirlitið getur leyft viðkomandi yfirvaldi að staðreyna upplýsingarnar sjálft eða falið endurskoðanda eða öðrum sérfræðingi að gera það. Fjármálaeftirlitið getur farið fram á hið sama við annað lögbært yfirvald vegna erlends aðila skv. 1. másl. eftir því sem við á.

II. þáttur: Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög

TILSKIPUN

INNLEIÐING

119. gr. Eftirlit á samstæðugrundvelli látið taka til eignarhaldsfélaga

1. [Með fyrirvara um 21. gr. a]²⁰⁹ skulu aðildarríki samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir [...] ²¹⁰ til að eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi séu tekin með í samstæðueftirlit.

1. másl. 1. mgr. 109. gr. ffl.: Ákvæði ~~IV. kafla C, VII., IX. og IX. kafla A, X. kafla og reglugerð sett á grundvelli 117. gr. a~~ skulu gilda um samstæðu þar sem móðurfélagið er fjármálafyrirtæki, blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði.

2. Ef dótturfélag sem er stofnun fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni samkvæmt einu þeirra tilvika sem um getur í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) geta lögbær yfirvöld þess aðildarríkis þar sem dótturfélagið er staðsett beðið móðurfélagið um upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þeirra með dótturfélaginu.

2. mgr. 109. gr. h ffl.: Fjármálaeftirlitið getur farið fram á að erlent móðurfélag innlends fjármálafyrirtækis sem fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veiti því upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þess með fjármálafyrirtækinu. Innlent móðurfélag fjármálafyrirtækis í öðru aðildarríki sem fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal verða við ósk lögbærs yfirvalds fjármálafyrirtækisins um upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þess með fjármálafyrirtækinu.

3. Aðildarríki skulu gera lögbæru yfirvöldunum sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni kleift að biðja dótturfélög stofnunar, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi, sem heyra ekki undir eftirlit á samstæðugrunni, um upplýsingarnar sem um getur í 122. gr. Í slíku tilviki gilda þær málsméðferðarreglur sem kveðið er á um í þeirri grein varðandi það að senda og staðfesta upplýsingarnar.

1. másl. innleiddur með 109. gr. i ffl.: Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni með fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið krafði dótturfélag þess um upplýsingar sem það þarf vegna eftirlitsins þótt dótturfélagið heyri ekki undir samstæðueftirlitið.

2. másl. innleiddur með 109. gr. y ffl. sem innleiðir 3. másl. 2. mgr. 122. gr. CRD IV.

120. gr. Eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum á fjármálasviði

1. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi fellur undir jafngild ákvæði samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt tilskipun [2002/87/EB](#), einkum með tilliti til eftirlits sem byggt er á áhættumati, getur eftirlitsaðili á

1. mgr. 109. gr. a ffl.: Þegar kröfur á grundvelli laga þessara og laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum um starfsemi blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eru sambærilegar er Fjármálaeftirlitinu, sé það

²⁰⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²¹⁰ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

samstæðugrundvelli, að höfðu samráði við önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með dótturfélögum, beitt eingöngu tilskipun [2002/87/EB](#) á það blandaða eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi.

eftirlitsaðili á samstæðugrunni, heimilt að höfðu samráði við lögbær yfirvöld, sbr. [108-gr.C-hluta þessa kafla](#), að ákveða að um eftirlit með félaginu fari í einstökum atriðum, eða að öllu leyti, eftir lögum um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

2. Ef blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi fellur undir jafngild ákvæði samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt tilskipun [2009/138/EB](#), einkum með tilliti til eftirlits sem byggt er á áhættumati, getur eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni, í samráði við eftirlitsstjórnvald samstæðu í váttryggingageiranum, beitt á það blandaða eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi eingöngu ákvæðum [tilskipunarinnar]²¹¹ sem tengist mikilvægasta fjármálageiranum eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar [2002/87/EB](#).

2. mgr. 109. gr. a ffl.: [Þegar kröfur á grundvelli laga þessara og laga um váttryggingastarfsemi um starfsemi blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eru sambærilegar er Fjármálaeftirlitinu, sé það eftirlitsaðili á samstæðugrunni, heimilt, að höfðu samráði við samstæðueftirlitsaðila á váttryggingamarkaði ef hann er annar en Fjármálaeftirlitið, að ákveða að um eftirlit með félaginu fari í einstökum atriðum, eða að öllu leyti, eftir lögum þessum eða lögum um váttryggingastarfsemi eftir því hvort starfsemi á fjármála- eða váttryggingasviði telst mikilvægari í skilningi 4. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017.](#)

3. Eftirlitsaðilinn á samstæðugrundvelli skal upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku trygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. og 2. mgr.

3. mgr. 109. gr. a ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr.](#)

4. Evrópska bankaftirlitsstofnunin, Evrópska trygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar sem um getur í 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), (ESB) nr. [1094/2010](#) og (ESB) nr. [1095/2010](#), útfæra viðmiðunarreglur sem miða að samleitni eftirlitsvenja og gera frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum í sama tilgangi innan þriggja ára frá samþykkt þessara viðmiðunarreglna.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 109. gr. a ffl.).

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), (ESB) nr. [1094/2010](#) og nr. (ESB) [1095/2010](#).

15. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara.\] 4. mgr. 120. gr. um eftirlit með blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi.](#)

121. gr. Menntun og hæfi stjórnarmanna

Aðildarríki skulu krefjast þess að stjórnarmenn eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi hafi óflekkað mannorð og búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, eins og um getur í 1. mgr. 91. gr., til að gegna þeim skyldum, með tilliti til sértæks hlutverks eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.

2. mgr. 52. gr. ffl.: [Fjármálafyrirtæki, eignarhaldsfélag á fjármálasviði og blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi skal ávallt tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri: \[...\] 3. Hafi gott orðspor \[...\] 4. Búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum.](#) (Áréttað í skýringum við breytingar á 52. gr. ffl. að við mat á því hvort stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í

²¹¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

	eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna skyldum sínum skuli tekið mið af sértæku hlutverki þeirra félaga.)
<p>122. gr. Beiðnir um upplýsingar og eftirlit</p> <p>1. Þar til samstæðuaðferðir hafa verið samræmdar frekar skulu aðildarríkin kveða á um að ef móðurfyrirtæki einnar stofnunar eða fleiri er blandað eignarhaldsfélag skuli lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir starfsleyfi og eftirliti með þessum stofnunum krefjast þess að þau veiti allar upplýsingar sem myndu skipta máli vegna eftirlits með dótturfélögum, annaðhvort með því að snúa sér beint til blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfélaga þess eða beint í gegnum dótturfélög sem eru stofnanir.</p> <p>2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að framkvæma, eða láta utanaðkomandi skoðunarmenn framkvæma eftirlit á staðnum til að staðfesta upplýsingar frá blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum þeirra. Einnig er heimilt að beita málsmeðferðinni í 125. gr. ef blandaða eignarhaldsfélagið eða eitt af dótturfélögum þess er váttryggingafélag. Ef blandað eignarhaldsfélag eða eitt af dótturfélögum þess er í öðru aðildarríki en dótturstofnunin sem er stofnun skal framkvæma vettvangseftirlit á upplýsingum í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 118. gr.</p>	<p>4. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfélögum slíkra félaga, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum sem eru dótturfélög þessara eignarhaldsfélaga.</p> <p>1. másl. innleiddur með 3. másl. 1. mgr. 9. gr. loef.: Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.</p> <p>2. másl. innleiddur með 109. gr. bb ffl. sem innleiðir 1. undirgrein 1. mgr. 125. gr. CRD IV.</p> <p>3. másl. innleiddur með 109. gr. y ffl. sem innleiðir 118. gr. CRD IV.</p>
<p>123. gr. Eftirlit</p> <p>1. Aðildarríki skulu kveða á um, þegar móðurfélag einnar eða fleiri stofnana er blandað eignarhaldsfélag, að lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum stofnunum, beiti almennu eftirliti með viðskiptum á milli stofnunarinnar og blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfélaga þess, með fyrirvara um fjórða hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p> <p>2. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir hafi til staðar viðeigandi ferli í áhættustýringu og viðeigandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. áreiðanlegar skýrslugjafar- og reikningsskilaaðferðir, til að geta á viðeigandi hátt tilgreint, metið, fylgst með og stýrt viðskiptum við móðurfélagið sem er blandað eignarhaldsfélag og dótturfélög þess. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnunin gefi skýrslu um öll umtalsverð viðskipti við þessa aðila, nema þau sem um getur í 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa eftirlit með þessum aðferðum og mikilvægum viðskiptum.</p>	<p>1. másl. 5. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálaeftirlitið fylgist með viðskiptum fjármálafyrirtækis við [...] félög sem hafa yfirlit yfir [...] fjármálafyrirtækinu og við önnur dóttur- og hlutdeildarfélög þeirra félaga.</p> <p>1. másl. innleiddur með 4. mgr. 77. gr. a ffl.: Eftirlitskerfi með áhættu skal einnig taka til og innihalda skjal festa innri ferla um hvers konar viðskipti við blandað eignarhaldsfélag og dótturfélög þess sé það blandað eignarhaldsfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis.</p> <p>2. másl. innleiddur með 4. másl. 5. mgr. 107. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki skulu skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um <u>öll umtalsverð viðskipti sín við blönduð eignarhaldsfélög sem eru móðurfélög þeirra og önnur dótturfélög blönduðu eignarhaldsfélaganna, önnur en þau sem um getur í 394. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og um önnur viðskipti samkvæmt málsgrein þessari slík viðskipti</u> eftir nánari ákvörðun þess.</p>

	3. másl. innleiddur með 1. másl. 5. mgr. 107. gr. ffl. og almennum fyrirmælum 1. mgr. sömu greinar um að FME hafi eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja sem fellur undir lög.
124. gr. Upplýsingaskipti	
1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að engar lagalegar hindranir komi í veg fyrir að fyrirtæki sem heyra undir eftirlit á samstæðugrunni, blönduð eignarhaldsfélög og dótturfélög þeirra, eða dótturfélög eins og um getur í 3. mgr. 119. gr., skiptist á upplýsingum sem skipta máli vegna eftirlits í samræmi við 110. gr. og 3. kafla.	109. gr. m ffl.: Þrátt fyrir þagnarskyldu skv. 58. gr. mega fjármálafyrirtæki og aðrir lögaðilar sem heyra undir sama eftirlit á samstæðugrunni skiptast á upplýsingum sem þeir þurfa til að fullnægja eftirlitskröfum samkvæmt lögum þessum eða hliðstæðum kröfum í öðrum aðildarríkjum.
2. Ef móðurfélag og einhver af dótturfélögum þess, sem eru lánastofnanir, eru staðsett í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis senda hvert öðru allar viðeigandi upplýsingar til að gera eftirlit á samstæðugrunni kleift eða auðvelda það.	1. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: Fjármálaeftirlitið skal að ósk annarra lögbærra yfirvalda veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd starfa þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og veita þeim að eigin frumkvæði nauðsynlegar upplýsingar.
Ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfélagið er staðsett annast ekki sjálf eftirlit á samstæðugrunni skv. 111. gr. geta lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á slíku eftirliti farið fram á að þau afli viðeigandi upplýsinga hjá móðurfélaginu sem skipta máli vegna eftirlits á samstæðugrunni og sendi sér þær.	1. mgr. 109. gr. h ffl.: Fjármálaeftirlitið skal, að ósk lögbærs yfirvalds erlends fjármálafyrirtækis sem fer með eftirlit á samstæðugrunni, afla upplýsinga frá innlendu móðurfélagi samstæðunnar sem erlenda lögbæra yfirvaldið þarf til að sinna samstæðueftirlitinu. Fari Fjármálaeftirlitið með eftirlit á samstæðugrunni getur það farið fram á að lögbært yfirvald erlends móðurfélags samstæðunnar afli upplýsinga frá móðurfélaginu sem Fjármálaeftirlitið þarf til að sinna samstæðueftirlitinu.
3. Aðildarríki skulu heimila lögbærum yfirvöldum ²¹² að skiptast á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. að því gefnu, hvað varðar eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, fjármálastofnanir eða félag í hliðarstarfsemi, að öflun upplýsinga eða yfirlit yfir þeim feli ekki í sér að þau yfirvöld skuli gegna eftirlitshlutverki gagnvart þessum stofnunum eða einstökum fyrirtækjum.	1. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: Fjármálaeftirlitið skal að ósk annarra lögbærra yfirvalda veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd starfa þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og veita þeim að eigin frumkvæði nauðsynlegar upplýsingar.
Á sama hátt skulu aðildarríkin heimila lögbærum yfirvöldum ²¹³ að skiptast á upplýsingunum, sem um getur í 122. gr., að því gefnu að öflun upplýsinga eða yfirlit yfir þeim feli ekki í sér að lögbæru yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki gagnvart blönduðu eignarhaldsfélagi og dótturfélögum þess sem eru ekki lánastofnanir, eða gagnvart dótturfélögum eins og um getur í 3. mgr. 119. gr.	1. másl. 1. mgr. 109. gr. x ffl.: Fjármálaeftirlitið skal að ósk annarra lögbærra yfirvalda veita þeim upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd starfa þeirra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og veita þeim að eigin frumkvæði nauðsynlegar upplýsingar.
125. gr. Samstarf	
1. Ef stofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag stjórnar einu eða fleiri dótturfélögum sem eru váttryggingafélög eða öðrum fyrirtækjum sem bjóða upp á	109. gr. bb ffl.: Fjármálaeftirlitið skal vinna náið með yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum sem hafa eftirlit með váttryggingafélögum eða öðrum fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu sem er háð starfsleyfi og eru undir yfirlitum

²¹² „their competent authorities“ í ensku útgáfu.

²¹³ „their competent authorities“ í ensku útgáfu.

fjárfestingarþjónustu sem eru háð starfsleyfi skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld sem falið er að annast opinbert eftirlit með váttryggingafélögunum eða þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um heimildir hvers þessara yfirvalda skulu þau veita hvert öðru allar upplýsingar sem kunna að auðvelda störf þeirra og heimila eftirlit með starfsemi og heildarfjárhagsstöðu fyrirtækjanna sem þau hafa eftirlit með, með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig.

[Ef eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni með samstæðu með blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, skv. 111. gr. þessarar tilskipunar, er annar en samræmingaraðilinn sem ákvarðaður er í samræmi við 10. gr. tilskipunar [2002/87/EB](#), skulu eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni og samræmingaraðilinn vinna saman í þeim tilgangi að beita þessari tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) á samstæðugrunni. Til að auðvelda og koma á skilvirku samstarfi skulu eftirlitsaðilinn á samstæðugrunni og samræmingaraðilinn hafa skriflegt samræmingar- og samstarfsfyrirkomulag til staðar.]²¹⁴

2. Upplýsingar sem tekið er við innan eftirlitsramma á samstæðugrunni og einkum öll upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu vera með fyrirvara um kröfur um þagnarskyldu sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem um getur í 1. mgr. 53. gr. þessarar tilskipunar fyrir lánastofnanir eða samkvæmt tilskipun [2004/39/EB](#) fyrir verðbréfafyrirtæki.

3. Lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni skulu gera skrár yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem um getur í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#). Senda skal skrár þessar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar.

126. gr. Viðurlög

Aðildarríki skulu, í samræmi við 1. kafla IV. þáttar í þessum bálki, sjá til þess að stjórnsluviðurlögum eða öðrum stjórnsluráðstöfunum, sem miða að því að binda endi á uppvís brot eða uppræta orsakir þeirra, sé beitt gagnvart eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi og blönduðum

[innlands fjármálafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða blandaðs eignarhaldsfélags, meðal annars með upplýsingaskiptum. Sama máli gegnir ef innlent váttryggingafélag eða annað fyrirtæki sem býður upp á fjárfestingarþjónustu sem er háð starfsleyfi er undir yfirráðum fjármálafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða blandaðs eignarhaldsfélags í öðru aðildarríki.](#)

1. mgr. 25. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. [61/2017](#):
Fjármálaeftirlitið skal hafa samstarf við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja um eftirlit með félögum innan fjármálasamsteypu.

109. gr. cc ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal, ef það fer með eftirlit á samstæðugrunni með samstæðu sem blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi stýrir en annað yfirvald telst eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar, sbr. 25. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. 61/2017, vinna náð með eftirlitsstjórnvaldinu á grundvelli skriflegs samkomulags. Sama máli gegnir ef Fjármálaeftirlitið telst eftirlitsstjórnvald fjármálasamsteypunnar en annað yfirvald fer með eftirlitið á samstæðugrunni.](#)

107. gr. j ffl.: [Fjármálaeftirlitið er bundið þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands við framkvæmd laga þessara. Fjármálaeftirlitið má aðeins nýta upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu og aflað er við framkvæmd laga þessara til að fullnægja eftirlitsskyldum sínum, þar á meðal við ákvörðun viðurlaga, og í dómsmálum varðandi athafnir eftirlitsins.](#)

109. gr. n ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA lista yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skv. 11. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 sem það hefur eftirlit með á samstæðugrunni.](#)

1. mgr. 10. gr. loef.: Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Inngangsmásl. 1. mgr. 110. gr. ffl.:
Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á

²¹⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

eignarhaldsfélögum, eða stjórnendum þeirra, sem brjóta ákvæði laga, reglna eða stjórnáskilnaða sem lögleiða þennan kafla.

hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:

110. gr. c ffl.: Fjármálaeftirlitinu er heimilt að víkja stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra eignarhaldsfélags á fjármálasviði, blandaðs eignarhaldsfélags og blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi frá störfum fyrir brot gegn ákvæðum XIII. kafla um eftirlit eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli kaflans.

127. gr. Mat á jafngildi samstæðueftirlits þriðju landa

1. Lögbæru yfirvöldin skulu, þegar stofnun þar sem móðurfélagið er stofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi með aðalskrifstofu sína í þriðja landi er ekki undir eftirliti á samstæðugrunni skv. 111. gr., meta hvort stofnunin eigi að sæta eftirliti á samstæðugrunni af hálfu eftirlitsyfirvalds í þriðja landi sem jafngildir því eftirliti sem fellur undir meginreglurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun og kröfurnar sem settar eru fram í 2. kafla í II. bálki í fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

1. másl. 1. mgr. 109. gr. k ffl.: Fjármálaeftirlitið skal, ef við á, meta hvort fjármálaafyrirtæki sem er dótturfélag fjármálaafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og heyrir ekki undir samstæðueftirlit lögbærs yfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu heyrir undir samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er jafngilt samstæðueftirliti samkvæmt lögum þessum.

Lögbæra yfirvaldið, sem bærir ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni ef þriðja undirgreinin gildi, skal framkvæma matið að beiðni móðurfélagsins eða einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi í Sambandinu eða að eigin frumkvæði. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld sem koma að málinu.

1. og 2. másl. 1. mgr. 109. gr. k ffl.: Fjármálaeftirlitið skal, ef við á, meta hvort fjármálaafyrirtæki sem er dótturfélag fjármálaafyrirtækis, eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og heyrir ekki undir samstæðueftirlit lögbærs yfirvalds á Evrópska efnahagssvæðinu heyrir undir samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er jafngilt samstæðueftirliti samkvæmt lögum þessum. Slíkt mat skal fara fram að beiðni móðurfélagsins, einhvers af eftirlitsskyldu aðilunum sem fengið hafa starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins.

2. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir því að evrópska bankanefndin veiti almennar leiðbeiningar um hvort líklegt sé að markmiðum með eftirliti á samstæðugrunni, eins og þau eru sett fram í þessum kafla, verði náð með eftirlitsfyrirkomulagi eftirlitsyfirvalda í þriðju löndum þegar um er að ræða stofnanir þar sem móðurfélagið hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi. Evrópska bankanefndin skal fara yfir allar slíkar leiðbeiningar og taka tillit til allra breytinga á eftirlitsfyrirkomulagi á samstæðugrunni sem slík lögbær yfirvöld beita. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðstoða framkvæmdastjórnina og evrópsku bankanefndina við að framkvæma þessi verkefni, þ.m.t. að meta hvort uppfæra skuli þessar leiðbeiningar.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Lögbæra yfirvaldið er annast matið, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skal taka tillit til allra þessara leiðbeininga. Þess vegna skal lögbæra yfirvaldið hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en það tekur ákvörðun.

3. Aðildarríki skulu, þegar slíkt jafngilt eftirlit er ekki fyrir hendi, beita ákvæðum þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) á stofnanir að breyttu breytanda eða heimila lögbærum yfirvöldum sínum að beita öðrum viðeigandi eftirlitsaðferðum til að ná markmiðum með eftirliti með stofnunum á samstæðugrunni.

Lögbæra yfirvaldið, sem myndi bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrunni, skal samþykkja þessar eftirlitsaðferðir að höfðu samráði við önnur lögbær yfirvöld sem málið varðar.

Lögbærum yfirvöldum er einkum heimilt að krefjast þess að komið sé á fót eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi sem hefur aðalskrifstofu sína í Sambandinu og beitt ákvæðum um eftirlit á samstæðugrunni gagnvart stöðu þess eignarhaldsfélags á fjármálasviði, sem hluta af samstæðu, eða stöðu stofnananna í blandaða eignarhaldsfélaginu í fjármálastarfsemi, sem hluta af samstæðu.

Eftirlitsaðferðunum er ætlað að ná markmiðum eftirlits á samstæðugrunni, eins og þau eru sett fram í þessum kafla og skal tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum sem málið varðar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni um þær.

3. másl. 1. mgr. 109. gr. k ffl.: [Við matið skal Fjármálaeftirlitið taka mið af leiðbeiningum frá evrópsku bankanefndinni og hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.](#)

1. másl. 2. mgr. 109. gr. k ffl.: [Telji Fjármálaeftirlitið að jafngilt samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki fyrir hendi skal það, í samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, haga eftirliti með fjármálafyrirtækinu þannig að markmiðum eftirlits á samstæðugrunni sé náð.](#)

1. másl. 2. mgr. 109. gr. k ffl.: [Telji Fjármálaeftirlitið að jafngilt samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki fyrir hendi skal það, í samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, haga eftirliti með fjármálafyrirtækinu þannig að markmiðum eftirlits á samstæðugrunni sé náð.](#)

2. másl. 2. mgr. 109. gr. k ffl.: [Fjármálaeftirlitið getur í því skyni krafist þess að komið verði á fót eignarhaldsfélagi á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélagi í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu sem falli undir samstæðueftirlit með fjármálafyrirtækinu.](#)

1. másl. 2. mgr. 109. gr. k ffl.: [Telji Fjármálaeftirlitið að jafngilt samstæðueftirlit eftirlitsaðila í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki fyrir hendi skal það, í samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld, haga eftirliti með fjármálafyrirtækinu þannig að markmiðum eftirlits á samstæðugrunni sé náð.](#)

3. másl. 2. mgr. 109. gr. k ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal tilkynna öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA um ráðstafanir skv. 4. og 5. másl.](#)

4. KAFLI: Eiginfjáraukar

I. Þáttur: Eiginfjáraukar

TILSKIPUN

128. gr. Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „verndunarauki“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að stofnun viðhaldi í samræmi við 129. gr.,
- 2) „sveiflujöfnunarauki fyrir hverja stofnun fyrir sig“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að stofnun viðhaldi í samræmi við 130. gr.,

INNLEIÐING

84. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki skal viðhalda eiginfjárauka sem nefnist verndunarauki.

85. gr. ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að](#)

<p>3) „eiginfjárouki á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að viðhaldið sé í samræmi við 4. mgr. 131. gr.,</p>	<p><u>fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjárouka sem nefnist sveiflujöfnunarauki.</u> 86. gr. ffl.: <u>Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem telst kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu skv. 86. gr. b skuli viðhalda eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu.</u></p>
<p>4) „eiginfjárouki á aðra kerfislega mikilvæga stofnun“: sá eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um að viðhaldið sé í samræmi við 5. mgr. 131. gr.,</p>	<p>86. gr. c ffl.: <u>Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem telst kerfislega mikilvægt á landsvísu skv. 86. gr. e skuli viðhalda eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu.</u></p>
<p>5) „eiginfjárouki vegna kerfisáhættu“: eiginfjárgrunnur sem krafa er gerð um, eða kann að vera gerð um, að stofnun viðhaldi í samræmi við 133. gr.,</p>	<p>1. mgr. 86. gr. g ffl.: <u>Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjárouka sem nefnist kerfisáhættuauki.</u></p>
<p>6) „samanlögð krafa um eiginfjárouka“: allt almennt eigið fé þáttar 1 sem krafist er til að uppfylla kröfurnar vegna verndunaraukans sem aukið er við með eftirfarandi, eftir því sem við á:</p>	<p>2. másl. 1. mgr. 83. gr. ffl.: Sé fjármálafyrirtæki skylt að viðhalda einum eða fleiri um þeirra eiginfjárouka sem kveðið er á um í 86. gr. b 86. gr. e þessum kafla myndar sú skylda samanlagða kröfu um eiginfjárouka</p>
<p>a) sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun fyrir sig,</p>	<p>---</p>
<p>b) eiginfjárouka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu,</p>	<p>---</p>
<p>an O-SII buffer;</p>	<p>---</p>
<p>c) eiginfjárouka á aðra kerfislega mikilvæga stofnun,</p>	<p>---</p>
<p>d) eiginfjárouka vegna kerfisáhættu,</p>	<p>---</p>
<p>7) „hlutfall sveiflujöfnunarauka“: það hlutfall sem stofnanir verða að beita til að reikna út sveiflujöfnunarauka og ákvarðað er í samræmi við 136. gr., 137. gr. eða af hálfu viðkomandi yfirvalds þriðja lands, eftir því sem við á,</p>	<p>Ekki innleitt sérstaklega (en fjallað um hlutfall sveiflujöfnunarauka í 85. gr. a ffl.).</p>
<p>8) „stofnun sem hefur landsbundið starfsleyfi“: stofnun sem hefur fengið starfsleyfi í aðildarríki sem ákveðið tilnefnt yfirvald ber ábyrgð á að ákvarða hlutfall sveiflujöfnunaraukans fyrir</p>	<p>Krefst ekki sérstakrar innleiðingar.</p>
<p>9) „eiginfjároukaviðmiðun“: viðmiðunarhlutfall eiginfjárouka reiknað út í samræmi við 1. mgr. 135. gr.</p>	<p>Krefst ekki sérstakrar innleiðingar.</p>
<p>[Stofnanir skulu ekki nota almennt eigið fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla samanlögðu kröfuna um eiginfjárouka, sem um getur í 6. lið fyrstu mgr. þessarar greinar, til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, viðbótarkröfurnar um eiginfjárgrunn sem lagðar eru á skv. 104. gr. a þessarar tilskipunar til að mæta annarri áhættu en hættunni á of mikilli vogun og leiðbeininguna sem tilkynnt er í samræmi við 3. mgr. 104. gr. b þessarar tilskipunar til að mæta annarri áhættu en hættunni á of mikilli vogun.</p>	<p>1. mgr. 83. gr. b ffl.: Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með þeim hætti því að nýta eigið fé skv. 86. gr. b — 86. gr. e til að mæta eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 4. mgr. 86. gr. sem er viðhaldið til að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárouka til að mæta: <u>1. Lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn skv. 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</u> <u>2. Kröfu um hærri eiginfjárgrunn skv. 1. tölul. 3. mgr. 107. gr. a, sem lögð er á til að mæta annarri áhættu en hættunni á of mikilli vogun.</u></p>

	3. Tilkynntu eiginfjáraálagi skv. 107. gr. b, sem er ætlað að mæta annarri áhættu en hættunni á of mikilli vogun.
Stofnanir skulu ekki nota almennt eigið fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla einn af þáttum samanlögðu kröfunnar um eiginfjárouka, til að uppfylla aðra viðeigandi þætti samanlögðu kröfunnar um eiginfjárouka.	2. mgr. 83. gr. b ffl.: Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með því að nýta eigið fé sem er viðhaldið til að uppfylla einstakan þátt samanlagðrar kröfu um eiginfjárouka til að mæta öðrum þætti samanlagðrar kröfu um eiginfjárouka.
Stofnanir skulu ekki nota almennt eigið fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla samanlögðu kröfuna um eiginfjárouka sem um getur í 6. lið fyrstu málsgreinar þessarar greinar, til að uppfylla áhættutengda þætti krafanna sem settar eru fram í 92. gr. a og b reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 45. gr. c og d tilskipunar 2014/59/ESB.] ²¹⁵	Varðar breytingar með tilskipun (ESB) 2019/879 sem hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn.
Kafli þessi gildir ekki um verðbréfafyrirtæki sem hafa ekki leyfi til að veita fjárfestingarþjónustuna sem skráð er í 3. ²¹⁶ og 6. ²¹⁷ lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB .	1. mgr. 83. gr. e ffl.: Kafli þessi gildir ekki um verðbréfafyrirtæki sem hafa ekki leyfi til viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning og sölutryggingar í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga, sbr. c- og f-lið 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.
129. gr. Krafa um að viðhalda verndunarauka	
1. Til viðbótar við almennt eigið fé þáttar 1 sem viðhaldið er til að uppfylla kröfunnar um eiginfjárgrunn sem settar eru fram í [a-, b- og c-lið 1. mgr.] ²¹⁸ 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðildarríki krefjast þess að stofnanir viðhaldi verndunarauka sem samanstandi af almennu eigin fé þáttar 1 sem jafngildir 2,5% af heildaráhættugrunni þeirra sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. þeirrar reglugerðar á eininga- og samstæðugrunni, eftir því sem við á, í samræmi við II. bálk fyrsta hluta þeirrar reglugerðar.	1. tölul. 1. mgr. 83. gr. b ffl.: [Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með þeim hætti því að nýta eigið fé skv. 86. gr. b — 86. gr. e til að mæta eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 4. mgr. 86. gr. sem er viðhaldið til að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjárouka til að mæta:] Lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn skv. 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. 83. gr. a ffl.: Til eiginfjárouka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. kafla I. bálks 2. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 84. gr. a. 84. gr. ffl.: Fjármálafyrirtæki skal viðhalda eiginfjárouka sem nefnist verndunarauki. 84. gr. a ffl.: Verndunarauki inn skal nema 2,5% af áhættugrunni, skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. 2. másl. 83. gr. d ffl.: Seðlabanki Íslands getur með reglum kveðið á um að öðrum eiginfjároukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á.

²¹⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²¹⁶ Viðskipti fyrir eigin reikning.

²¹⁷ Sölutrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli.

²¹⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðildarríki undanskilið lítil og meðalstór verðbréfafyrirtæki frá [að uppfylla]²¹⁹ kröfurnar sem settar eru fram í þeirri málsgrein, ef slík undanþága ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í því aðildarríki.

2. mgr. 83. gr. e ffl.: Verðbréfafyrirtæki er undanskilið skyldu til þess að viðhalda verndunar- og sveiflujöfnunarauka ef:
1. Ársverk fyrirtækisins eru færri en 250.
2. Ársvelta fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi er ekki meiri en jafnvirði 50 millj. evra í íslenskum krónum eða eignir samkvæmt ársreikningi eru ekki meiri en jafnvirði 43 millj. evra í íslenskum krónum.

[Ákvarðanir um beitingu undanþágunnar sem um getur í fyrstu undirgrein]²²⁰ skulu vera vel rökstuddar, innihalda útskýringu á því hvers vegna undanþágan ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkinu og innihalda nákvæma skilgreiningu á þeim litlu og meðalstóru verðbréfafyrirtækjum sem [á að undanskilja]²²¹.

Skilgreint í 2. mgr. 83. gr. e ffl.

Aðildarríki sem ákveða að beita [undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein skulu tilkynna Evrópska kerfisáætturáðinu um það. Evrópska kerfisáætturáðið skal án tafar framsenda slíkar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbæru og tilnefndu yfirvaldanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum.]²²²

Krefst ekki innleiðingar.

3. [Að því er varðar 2. mgr., skulu aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu þessarar greinar.]²²³ Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að farið sé að ffl. skv. 107. gr. ffl. og loef.

4. Að því er varðar 2. mgr., skal flokka verðbréfafyrirtæki sem lítil og meðalstór í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar [2003/361/EB](#)²²⁴ [...]²²⁵.

2. mgr. 83. gr. e ffl.: Verðbréfafyrirtæki er undanskilið skyldu til þess að viðhalda verndunar- og sveiflujöfnunarauka ef:
1. Ársverk fyrirtækisins eru færri en 250.
2. Ársvelta fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi er ekki meiri en jafnvirði 50 millj. evra í íslenskum krónum eða eignir samkvæmt ársreikningi eru ekki meiri en jafnvirði 43 millj. evra í íslenskum krónum.

5. [...]²²⁶

[5]²²⁷. Ef stofnun uppfyllir ekki að fullu kröfuna sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar skal hún háð takmörkunum á útgreiðslum skv. 2. og 3. mgr. 141. gr.

3. mgr. 86. gr. m ffl.: Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka er óheimil úthlutun skv. 2. mgr. umfram hámarksúthlutunarfjárhæð skv. 86. gr. n.

130. gr. Krafa um viðhald sértæks sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun

²¹⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²³ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²⁴ Þar segir í 1. mgr. 2. gr.: „The category of micro, small and medium-sized enterprises (SMEs) is made up of enterprises which employ fewer than 250 persons and which have an annual turnover not exceeding EUR 50 million, and/or an annual balance sheet total not exceeding EUR 43 million.“

²²⁵ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²⁶ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²⁷ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir viðhaldi sértækum sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun sem samsvarar heildaráhættugrunni þeirra sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), margfölduðum með vegna meðaltalinu á hlutföllum sveiflujöfnunarakans sem reiknuð eru út í samræmi við 140. gr. þessarar tilskipunar á eininga- og samstæðugrunni, eftir því sem við á, í samræmi við II. bálk í fyrsta hluta þeirrar reglugerðar. [Sá eiginfjáruki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1.]²²⁸

85. gr. ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjáruka sem nefnist sveiflujöfnunarauki.](#)

1. másl. 1. mgr. 85. gr. a ffl.: [Sveiflujöfnunarauki skal jafngilda áhættugrunni fjármálafyrirtækis skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 margfölduðum með vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka í þeim ríkjum þar sem útlánaáhættuskuldbindingar fyrirtækisins eru.](#)

2. másl. 83. gr. d ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum kveðið á um að öðrum eiginfjárukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á.](#)

83. gr. a ffl.: Til eiginfjáruka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. [2. kafla I. bálks 2. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013](#) 84. gr. a.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðildarríki undanskilið lítil og meðalstór verðbréfafyrirtæki frá [að uppfylla]²²⁹ kröfurnar sem settar eru fram í þeirri málsgrein, ef slík undanþága ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í því aðildarríki.

2. mgr. 83. gr. e ffl.: [Verðbréfafyrirtæki er undanskilið skyldu til þess að viðhalda verndunar- og sveiflujöfnunarauka ef: 1. Ársverk fyrirtækisins eru færri en 250. 2. Ársvelta fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi er ekki meiri en jafnvirði 50 millj. evra í íslenskum krónum eða eignir samkvæmt ársreikningi eru ekki meiri en jafnvirði 43 millj. evra í íslenskum krónum.](#)

[Ákvarðanir um beitingu undanþágunnar sem um getur í fyrstu undirgrein]²³⁰ skulu vera vel rökstuddar, innihalda útskýringu á því hvers vegna undanþágan ógnar ekki stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkinu og innihalda nákvæma skilgreiningu á þeim litlu og meðalstóru verðbréfafyrirtækjum sem [á að undanskilja]²³¹.

Skilgreint í 2. mgr. 83. gr. e ffl.

Aðildarríki sem ákveða að beita [undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein skulu tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um það. Evrópska kerfisáhætturáðið skal án tafar áframsenda slíkar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbæru og tilnefndu yfirvaldanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum.]²³²

Krefst ekki innleiðingar.

3. [Að því er varðar 2. mgr., skulu aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu þessarar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að farið sé að ffl. skv. 107. gr. ffl. og loef.

²²⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²²⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²³⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²³¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²³² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

greinar.]²³³ Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

4. Að því er varðar 2. mgr., skal flokka verðbréfafyrirtæki sem lítil og meðalstór í samræmi við tilmæli [2003/361/EB](#)²³⁴.

2. mgr. 83. gr. e ffl.: [Verðbréfafyrirtæki er undanskilið skyldu til þess að viðhalda verndunar- og sveiflujöfnunarauka ef:](#)
[1. Ársverk fyrirtækisins eru færri en 250.](#)
[2. Ársvelta fyrirtækisins samkvæmt ársreikningi er ekki meiri en jafnvirði 50 millj. evra í íslenskum krónum eða eignir samkvæmt ársreikningi eru ekki meiri en jafnvirði 43 millj. evra í íslenskum krónum.](#)

5. [...] ²³⁵

[5]²³⁶. Ef stofnun uppfyllir ekki að fullu kröfuna sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar skal hún háð takmörkunum á útgreiðslum skv. 2. og 3. mgr. 141. gr.

3. mgr. 86. gr. m ffl.: [Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjárauka er óheimil úthlutun skv. 2. mgr. umfram hámarksúthlutunarfjárhæð skv. 86. gr. n.](#)

131. gr. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir

1. Aðildarríki skulu tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir að greina, á samstæðugrunni, kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (G-SII) og, á einingar-, undirsamstæðu- eða samstæðugrunni, eftir því sem við á, aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII), sem fengið hafa starfsleyfi innan lögsögu þeirra. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið. Aðildarríki geta tilnefnt fleiri en eitt yfirvald.

1. másl. 1. mgr. 86. gr. b ffl.: [Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ákveður hvort fjármálafyrirtæki \[...\] skuli teljast, á samstæðugrunni, kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu.](#)

1. másl. 1. mgr. 86. gr. e ffl.: [Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ákveður hvort fjármálafyrirtæki skuli teljast, á einingar-, undirsamstæðu- eða samstæðugrunni, eftir því sem við á, kerfislega mikilvægt á landsvísu \[...\].](#)

D-liður 13. gr. sel.: [Verkefni fjármálastöðugleikanefndar eru að:] ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar [...] skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

[Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu vera eitthvert af eftirfarandi:

a) samstæða undir stjórn móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, eða

2. másl. 1. mgr. 86. gr. b ffl.: [Sama gildir um samstæðu undir stjórn móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu.](#)

b) stofnun sem er ekki dótturfélag móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB.

1. mgr. 86. gr. b ffl.: [Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands ákveður hvort fjármálafyrirtæki, sem ekki er dótturfélag móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu,](#)

²³³ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²³⁴ Þar segir í 1. mgr. 2. gr.: „The category of micro, small and medium-sized enterprises (SMEs) is made up of enterprises which employ fewer than 250 persons and which have an annual turnover not exceeding EUR 50 million, and/or an annual balance sheet total not exceeding EUR 43 million.“

²³⁵ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²³⁶ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

	móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, skuli teljast [...] kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu [...].
Aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir geta annað hvort verið stofnun eða samstæða undir stjórn móðurstofnunar í ESB, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB, blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB, móðurstofnunar í aðildarríki, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í aðildarríki.] ²³⁷	1. mgr. 86. gr. e ffl.: Fjármálastöðugleikaneftnd Seðlabanka Íslands ákveður hvort fjármálafyrirtæki skuli teljast [...] kerfislega mikilvægt á landsvísu [...]. Sama gildir um samstæðu undir stjórn móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði á Evrópska efnahagssvæðinu, blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu, móðurstofnunar í aðildarríki, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í aðildarríki eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.
2. Aðferðafræðin sem notuð er við tilgreiningu á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu byggir á eftirfarandi flokkum:	Inngangsmásl. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Mat skv. 1. mgr. skal taka mið af eftirfarandi viðmiðum [...]:
a) stærð samstæðunnar,	1. tölul. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Stærð samstæðunnar.
b) samtengingu samstæðunnar við fjármálakerfið,	2. tölul. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Samtengingu samstæðunnar við fjármálakerfið.
c) staðgöngu þjónustunnar eða fjármálalegra innviða sem samstæðan veitir,	3. tölul. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Hvort þjónustan eða fjármálalegu innviðir sem samstæða veitir séu í boði annars staðar.
d) því hversu margbrotin samstæðan er,	4. tölul. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Flækjustigi samstæðunnar.
e) starfsemi samstæðunnar sem nær yfir landamæri, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri milli aðildarríkja og milli aðildarríkis og þriðja lands.	5. tölul. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Starfsemi samstæðunnar yfir landamæri, þ.m.t. milli aðildarríkja og milli aðildarríkis og annars ríkis.
Allir flokkar skulu fá jafnt vægi og samanstanda af mælanlegum vísum.	Inngangsmásl. 2. mgr. 86. gr. b ffl.: Mat skv. 1. mgr. skal taka mið af eftirfarandi viðmiðum, sem skulu hvert hafa jafnt vægi og samanstanda af mælanlegum vísum:
Aðferðafræðin skal skila heildarstigafjölda fyrir hverja einingu, eins og um getur í 1. mgr., sem metin er, og gerir þar með kleift að tilgreina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og skipa þeim í undirflokk eins og lýst er í 9. mgr.	1. og 2. másl. 3. mgr. 86. gr. b ffl.: Fjármálastöðugleikaneftnd skal úthluta hverri einingu, sem hún ákveður að skuli teljast kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu, heildarstigafjölda á grundvelli viðmiða skv. 2. mgr. Nefndin skal raða einingunni í einn af a.m.k. fimm flokkum á grundvelli stigagjafarinnar.
[2a. Viðbótaraðferðafræði við auðkenningu á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu skal byggjast á eftirfarandi flokkum:	Krefst ekki sérstakrar innleiðingar (hefur ekki þýðingu umfram 2. mgr. fyrir EFTA-ríki).
a) flokkunum sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. þessarar greinar,	---
b) starfsemi samstæðunnar yfir landamæri, að undanskilinni starfsemi samstæðunnar í þáttökuaðildarríkjum eins og um getur í 4. gr.	---

²³⁷ Breytt með með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014.	
Hvor flokkur skal fá jafnt vægi og samanstanda af mælanlegum vísunum. Fyrir flokkana sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu vísarnir vera þeir sömu og samsvarandi vísar sem ákvarðaðir eru skv. 2. mgr.	---
Með viðbótaraðferðafræðinni við auðkenningu skal fyrir hverja einingu eins og um getur í 1. mgr. sem metin er, setja aukalega fram heildarstigafjölda sem lögbær eða tilnefnd yfirvöld geta byggt á þegar þau grípa til einnar af ráðstöfununum sem um getur í c-lið 10. mgr. ²³⁸	---
3. Tilgreina skal aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir í samræmi við 1. mgr. Kerfislegt mikilvægi skal metið á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:	Inngangsmásl. 2. mgr. 86. gr. e ffl.: Mat skv. 1. mgr. skal taka mið af a.m.k. eftirfarandi viðmiðum:
a) stærðar,	1. tölul. 2. mgr. 86. gr. e ffl.: Stærð.
b) mikilvægis fyrir efnahag Sambandsins eða viðkomandi aðildarríkis,	2. tölul. 2. mgr. 86. gr. e ffl.: Mikilvægi fyrir efnahag Evrópska efnahagssvæðisins eða Íslands.
c) umfangs starfsemi sem nær yfir landamæri,	3. tölul. 2. mgr. 86. gr. e ffl.: Umfangi starfsemi yfir landamæri.
d) samtengingar stofnunarinnar eða samstæðunnar við fjármálakerfið.	4. tölul. 2. mgr. 86. gr. e ffl.: Samtengingu fjármálafyrirtækisins eða samstæðunnar við fjármálakerfið.
Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópska kerfisáættaráðið, [gefa út] ²³⁹ viðmiðunarreglur, [í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010] ²⁴⁰ , eigi síðar en 1. janúar 2015 um viðmið til að ákvarða um skilyrðin fyrir beitingu þessarar málsgreinar í tengslum við matið á öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum. Í þessum viðmiðunarreglum skal taka tillit til alþjóðlegra ramma fyrir innlendar kerfislega mikilvægar stofnanir og séreinkenna innan Sambandsins og á landsvísu.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 86. gr. e ffl.).
[Að höfðu samráði við Evrópska kerfisáættaráðið skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar, eigi síðar en 31. desember 2020, um viðeigandi aðferðafræði við hönnun og kvörðun hlutfalla eiginfjáruka fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun.] ²⁴¹	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
4. Hver og ein kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu skal, á samstæðugrunni, viðhalda eiginfjáruka á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem skal samsvara undirflokknum sem henni er raðað í. Sá eiginfjáruki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1 og vera til viðbótar við það.	86. gr. ffl.: Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem telst kerfislega mikilvægt á alþjóðavísu skv. 86. gr. b skuli viðhalda eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu. 1. másl. 83. gr. d ffl.: Eiginfjáruka fyrir kerfisleg mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu skal viðhaldið á samstæðugrunni.

²³⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²³⁹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁴⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁴¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

5. Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið getur krafði sérhverja aðra kerfislega mikilvæga stofnun, á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, um að viðhalda eiginfjáruka fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun allt að [3]²⁴²% af heildaráhættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), að teknu tilliti til viðmiðanna fyrir auðkenninguna á annarri kerfislega mikilvægri stofnun. Sá eiginfjáruki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1 [...] ²⁴³.

1. og 2. másl. 86. gr. a ffl.: [Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu skal nema 1–3,5% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013. Hann skal vera 1% ef fyrirtæki er í lágsta flokki skv. 3. mgr. 86. gr. b og hækka línulega um a.m.k. hálf prósentustig fyrir hvern flokk þar fyrir ofan að 3,5%.](#)

83. gr. a ffl.: Til eiginfjáruka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. [2. kafla I. bóka 2. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013](#) 84. gr. a.

1. tölul. 1. mgr. 83. gr. b ffl.: [Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með ~~þeim hætti~~ því að nýta eigið fé skv. ~~86. gr. b~~ ~~86. gr. e~~ til að mæta eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli ~~4. mgr. 86. gr.~~ sem er viðhaldið til að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjáruka til að mæta:] [Lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn skv. 1. mgr. 92. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

86. gr. c ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki sem telst kerfislega mikilvægt á landsvísu skv. 86. gr. e skuli viðhalda eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu.](#)

2. másl. 83. gr. d ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum kveðið á um að öðrum eiginfjárukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á.](#)

1. másl. 1. mgr. 86. gr. d ffl.: [Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu skal nema 0–3% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

1. másl. 2. mgr. 86. gr. d ffl.: [Hlutfall eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu skal taka mið af því hversu kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki er á landsvísu, sbr. 86. gr. e.](#)

83. gr. a ffl.: Til eiginfjáruka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. [2. kafla I. bóka 2. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013](#) 84. gr. a.

²⁴² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁴³ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

[5a. Með fyrirvara um heimild [fastanefndar EFTA-ríkjanna]²⁴⁴ sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið krafði sérhverja aðra kerfislega mikilvæga stofnun, á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á, um að viðhalda eiginfjáruka fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem er hærri en 3% af heildaráhættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#). Sá eiginfjáruki skal samanstanda af almennu eigin fé þáttar 1.

2. málsl. 1. mgr. 86. gr. d ffl.: [Hlutfallið má þó vera hærra en 3% með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna.](#)

2. málsl. 83. gr. d ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum kveðið á um að öðrum eiginfjárukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á.](#)

83. gr. a ffl.: Til eiginfjáruka er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. [2. kafla I. bóls 2. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013](#). gr. a.

Evrópska kerfisáætturáðið skal, innan sex vikna frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 7. mgr., láta [fastanefnd EFTA-ríkjanna]²⁴⁵ í té álit á því hvort eiginfjárukinn fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun teljist tilhlýðilegur. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur einnig látið [fastanefnd EFTA-ríkjanna]²⁴⁶ í té álit sitt á eiginfjárukanum [...]²⁴⁷.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins og EFTA).

Innan þriggja mánaða frá framsendingu Evrópska kerfisáætturáðsins á tilkynningunni sem um getur í 7. mgr. til framkvæmdastjórnarinnar, skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til mats Evrópska kerfisáætturáðsins og Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar, ef við á, og ef hún er sannfærð um að eiginfjárukinn fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða í Sambandinu í heild sem myndar eða skapar hindrun fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins, samþykkja gerð sem heimilar lögbæra yfirvaldinu eða tilnefnda yfirvaldinu að samþykkja fyrirhugaða ráðstöfun.²⁴⁸

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins og EFTA).

6. Þegar lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið gerir kröfu um að eiginfjáruka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sé viðhaldið skal það uppfylla eftirfarandi:

a) eiginfjárukinn á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir skal ekki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.

2. málsl. 2. mgr. 86. gr. d ffl.: [Þess skal gætt að eiginfjárukinn hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða á Evrópska efnahagssvæðinu í heild sem hindra starfsemi innri markaðar Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

b) lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal endurskoða eiginfjárukann á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir að lágmarki árlega.

4. mgr. 86. gr. d ffl.: [Seðlabanki Íslands skal endurskoða a.m.k. árlega hlutfall eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu.](#)

²⁴⁴ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁴⁵ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁴⁶ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁴⁷ Fellt brott með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁴⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

7. Áður en eiginfjárouki fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun er ákvarðaður eða endurákvæðaður skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið tilkynna það [Evrópska kerfisáætturáðinu]²⁴⁹ einum mánuði fyrir birtingu ákvörðunarinnar sem um getur í 5. mgr. [og þremur mánuðum fyrir birtingu ákvörðunar lögbæra yfirvaldsins eða tilnefnda yfirvaldsins sem um getur í 5. mgr. a. Evrópska kerfisáætturáðið skal án tafar framsenda slíkar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, [or, in case of a notification from a competent or designated authority in an EFTA States, to the Standing Committee of the EFTA States,]²⁵⁰ Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbæru og tilnefndu yfirvaldanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum.]²⁵¹ Í slíkum tilkynningum skal eftirfarandi sett fram á ítarlegan hátt:

a) rökstuðningi fyrir því hvers vegna eiginfjároukinn á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir er talinn líklegur til að vera skilvirkur og hóflegur í því skyni að draga úr áhættu,

b) mati á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjároukanum á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar aðildarríkinu,

c) hlutfalli eiginfjárouka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem aðildarríkið vill setja.

8. Án þess að hafa áhrif á 133. gr. og 5. mgr. þessarar greinar, ef önnur kerfislega mikilvæg stofnun er dótturfélag annaðhvort kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu eða annarrar kerfislega mikilvægrar stofnunar, [sem er annað hvort stofnun eða samstæða undir stjórn móðurstofnunar í ESB]²⁵² og fellur undir eiginfjárouka fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun á samstæðugrunni, skal eiginfjároukinn sem gildir á eininga- eða undirsamstæðugrunni fyrir viðkomandi aðra kerfislega mikilvægu stofnun ekki fara yfir það sem er [læggra]²⁵³ af eftirfarandi:

[a) samtöluna á því hærra af hlutfalli eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu eða fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem gildir um samstæðuna á samstæðugrunni og 1% af heildaráættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og

1. másl. innleiddur með 1. og 2. másl. 86. gr. f fttl.: [Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáætturáðinu um fyrirhugaða setningu eða endurskoðun eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármála fyrirtæki á landsvísu. Tilkynningin skal send mánuði fyrir setningu eða endurskoðun, þó þremur mánuðum áður ef hlutfallið er hærra en 3%.](#)

2. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

3. másl. innleiddur með inngangshluta 3. másl. 86. gr. f fttl.: [Tilkynningin skal lýsa ítarlega:](#)

1. tölu. 3. másl. 86. gr. f fttl.: [Hvers vegna eiginfjároukinn er talinn líklegur til að draga úr þeirri áhættu sem honum er ætlað að mæta með skilvirkum og hóflegum hætti.](#)

2. tölu. 3. másl. 86. gr. f fttl.: [Mati á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjároukanum á innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

Nefnt í skýringum að byggist á upplýsingum sem eru Seðlabankanum aðgengilegar.

3. tölu. 3. másl. 86. gr. f fttl.: [Fyrirhuguðu hlutfalli eiginfjároukans.](#)

3. mgr. 86. gr. d fttl.: [Eiginfjárouki sem gildir á eininga- eða undirsamstæðugrunni fyrir kerfislega mikilvægt fjármála fyrirtæki á landsvísu sem er dótturfélag kerfislega mikilvægs aðila á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvægs aðila á landsvísu sem er fjármála fyrirtæki eða samstæða undir stjórn móðurstofnunar á Evrópska efnahagssvæðinu og ber að viðhalda eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvægt fjármála fyrirtæki á landsvísu á samstæðugrunni skal ekki vera hærri en samtala: \[...\]](#)

3. mgr. 86. gr. d fttl.: [...]

[1. Hlutfalls eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvægt fjármála fyrirtæki á alþjóðavísu eða fyrir kerfislega mikilvægt fjármála fyrirtæki á landsvísu sem gildir um samstæðuna, hvort sem hærra er.](#)

[2. 1% af áættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

²⁴⁹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵⁰ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021.](#)

²⁵¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵³ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

<p>b) 3% af heildaráhættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða hlutfallið sem framkvæmdastjórnin hefur heimilað að sé beitt á samstæðuna á samstæðugrunni í samræmi við 5. mgr. a þessarar greinar.]²⁵⁴</p>	<p>1. mgr. 86. gr. d ffl.: Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu skal nema 0–3% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Hlutfallið má þó vera hærra en 3% með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna.</p>
<p>9. Það skulu vera minnst fimm undirflokkar kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu. Lægstu mörkin og mörkin á milli hvers undirflokks skulu ákvörðuð út frá stigafjöldanum [í samræmi við aðferðafræðina við auðkenningu sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar]²⁵⁵. Stigamörkin milli aðliggjandi undirflokka skulu skýrt skilgreind og fylgja meginreglunni um stöðuga línulega aukningu kerfislegs mikilvægis milli hvers undirflokks sem leiðir til línulegrar aukningar á kröfu um viðbótarfjármagn í almennu eigin fé þáttar 1, að undanskildum [undirflokki fimm og sérhverjum öðrum hærri undirflokki sem bætt er við]²⁵⁶. Að því er varðar þessa málsgrein, ræðst kerfislegt mikilvægi af þeim væntu áhrifum sem erfiðleikar kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu hefur á alþjóðlega fjármálamarkaðinn. Úthluta skal lægsta undirflokknum eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem er 1% af heildaráhættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og skal eiginfjárukinn sem úthlutað er á hvern undirflokk hækka í þrepum um [a.m.k.]²⁵⁷ 0,5% af heildaráhættugrunninum sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. [þeirrar reglugerðar.]²⁵⁸ [...] ²⁵⁹</p>	<p>3. mgr. 86. gr. b ffl.: Fjármálastöðugleikanefnd skal úthluta hverri einingu, sem hún ákveður að skuli teljast kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu, heildarstigafjölda á grundvelli viðmiða skv. 2. mgr. Nefndin skal ráða einingunni í einn af a.m.k. fimm flokkum á grundvelli stigagjafarinnar. Nefndin getur þó ákveðið að færa einingu í hærri eða lægri flokk en leiðir af stigagjöfni ef hún telur það endurspegla betur kerfislegt mikilvægi hennar á alþjóðavísu.</p>
<p>10. Með fyrirvara um 1. til 9. mgr. [og með því að nota undirflokkana og stigamörkin sem um getur í 9. mgr.]²⁶⁰ getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, á grundvelli trausts eftirlitsmats:</p>	<p>86. gr. a ffl.: Eiginfjáruki fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu skal nema 1–3,5% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Hann skal vera 1% ef fyrirtæki er í lægsta flokki skv. 3. mgr. 86. gr. b og hækka línulega um a.m.k. hálf prósentsstig fyrir hvern flokk þar fyrir ofan að 3,5%. Hækkun frá og með fimmta flokki þarf þó ekki að vera línuleg.</p>
<p>10. Með fyrirvara um 1. til 9. mgr. [og með því að nota undirflokkana og stigamörkin sem um getur í 9. mgr.]²⁶⁰ getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, á grundvelli trausts eftirlitsmats:</p>	<p>3. másl. 3. mgr. 86. gr. b ffl.: Nefndin getur þó ákveðið að færa einingu í hærri eða lægri flokk en leiðir af stigagjöfni ef hún telur það endurspegla betur kerfislegt mikilvægi hennar á alþjóðavísu.</p>
<p>a) fært kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr lægri undirflokki í hærri undirflokk,</p>	<p>---</p>
<p>b) sett einingu eins og um getur í 1. mgr., sem hefur heildarstigafjölda [eins og um getur í 2. mgr.]²⁶¹ sem er undir stigamörkunum fyrir lægsta undirflokkinn, í þann undirflokk eða hærri undirflokk og þar með útnefnt hana sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu,</p>	<p>---</p> <p>Leiðir einnig af 1. og 2. mgr. 86. gr. b ffl., þar sem fram kemur að fjármálastöðugleikanefnd ákveði hvort eining teljist kerfislega mikilvæg á alþjóðavísu; matið á að taka mið af en ekki vera bundið við viðmiðin sem ráða stigagjöf.</p>
<p>[c] að teknu tilliti til sameiginlega skilameðferðarkerfisins, fært kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu úr hærri undirflokki niður í</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (hefur ekki sjálfstæða þýðingu gagnvart EFTA-ríkjum því þau falla ekki undir sameiginlega skilameðferðarkerfið).</p>

²⁵⁴ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵⁵ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵⁶ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵⁸ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁵⁹ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

lægri undirflokk á grundvelli viðbótarheildarstigafjöldans sem um getur í 2. mgr. a.²⁶²

11. [...] ²⁶³

12. Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal tilkynna [Evrópska kerfisáætturáðinu] ²⁶⁴ um nöfn kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og annarra kerfislega mikilvægra stofnana og um viðkomandi undirflokk sem hverri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu er úthlutað [...] ²⁶⁵. [...] ²⁶⁶. [Tilkynningin skal innihalda ýtarlegan rökstuðning fyrir því hvers vegna eftirlitsmati hafi eða hafi ekki verið beitt í samræmi við a-, b- og c-lið 10. mgr. Evrópska kerfisáætturáðið skal án tafar framsenda slíkar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar [or, in case of a notification from a competent or designated authority in an EFTA States, to the Standing Committee of the EFTA States.] ²⁶⁷ og Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar og birta nöfn þeirra opinberlega.] ²⁶⁸ Lögbæru yfirvöldin eða tilnefndu yfirvöldin skulu birta opinberlega undirflokkana sem hverri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu er úthlutað.

Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal endurskoða árlega auðkenninguna á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu og öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum og úthlutun kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu í viðkomandi undirflokk og tilkynna án tafar niðurstöðuna til kerfislega mikilvægu stofnunarinnar sem í hlut á [...] ²⁶⁹, til Evrópska kerfisáætturáðsins [sem framsenda skal niðurstöðuna til framkvæmdastjórnarinnar] ²⁷⁰ [or, in case of a notification from a competent or designated authority in an EFTA States, to the Standing Committee of the EFTA States.] ²⁷¹, og til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar. [Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal] ²⁷² birta opinberlega uppfærðan lista yfir auðkenndar kerfislega mikilvægar stofnanir og undirflokkinn sem hverri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu er úthlutað.

4. mgr. 86. gr. b ffl.: [Seðlabankinn skal birta og tilkynna viðkomandi einingum, Evrópska kerfisáætturáðinu og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um heiti kerfislega mikilvægra eininga á alþjóðavísu og þann flokk sem þau raðast í skv. 3. mgr. Tilkynningunni til Evrópska kerfisáætturáðsins skal fylgja ítarlegur rökstuðningur fyrir ákvörðun um færslu um flokk skv. 3. másl. 3. mgr.](#)

3. mgr. 86. gr. e ffl.: [Seðlabankinn skal birta og tilkynna viðkomandi einingum, Evrópska kerfisáætturáðinu og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um heiti kerfislega mikilvægra eininga á landsvísu.](#)

3. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

5. mgr. 86. gr. b ffl.: [Fjármálastöðugleikanefnd skal endurskoða a.m.k. árlega afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á alþjóðavísu og röðun þeirra í flokk skv. 3. mgr.](#)

4. mgr. 86. gr. e ffl.: [Fjármálastöðugleikanefnd skal endurskoða afmörkun á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum á landsvísu a.m.k. árlega.](#)

1. másl. 4. mgr. 86. gr. b ffl.: [Seðlabankinn skal birta og tilkynna viðkomandi einingum, Evrópska kerfisáætturáðinu og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um heiti kerfislega mikilvægra eininga á alþjóðavísu og þann flokk sem þau raðast í skv. 3. mgr.](#)

3. mgr. 86. gr. e ffl.: [Seðlabankinn skal birta og tilkynna viðkomandi einingum, Evrópska kerfisáætturáðinu og Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni um heiti kerfislega mikilvægra eininga á landsvísu.](#)

²⁶² Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶³ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶⁴ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶⁵ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶⁶ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶⁷ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021.](#)

²⁶⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁶⁹ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁷⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁷¹ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021.](#)

²⁷² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

13. [...] ²⁷³	1. mgr. 83. gr. c ffl.: Eigi bæði eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á alþjóðavísu og eiginfjárouki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki á landsvísu við skulu þeir ekki lagðir saman heldur skal aðeins sá hærri gilda.
14. [Ef samstæðu, á samstæðugrunni, ber að uppfylla kröfu um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu og eiginfjárouka fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun gildir hærri eiginfjároukinn.] ²⁷⁴	2. mgr. 83. gr. b ffl.: Óheimilt er að tvítelja eiginfjárliði með því að nýta eigið fé sem er viðhaldið til að uppfylla einstakan þátt samanlagðrar kröfu um eiginfjárouka til að mæta öðrum þætti samanlagðrar kröfu um eiginfjárouka.
15. [Ef stofnun fellur undir eiginfjárouka vegna kerfisáhættu sem ákvarðaður er í samræmi við 133. gr., skal sá eiginfjárouki vera tekin saman með eiginfjároukanum fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun eða eiginfjároukanum fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem beitt er í samræmi við þessa grein.] ²⁷⁵	2. mgr. 83. gr. c ffl.: Samanlagt hlutfall kerfisáhættuauka og eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki má ekki vera hærra en 5% af stofni skv. D–F-hluta þessa kafla nema með samþykki fastanefndar EFTA-ríkjanna.
[Ef samtala hlutfalls eiginfjároukans vegna kerfisáhættu, eins og það er reiknað út að því er varðar 10., 11. eða 12. mgr. 133. gr., og hlutfalls eiginfjároukans fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun eða hlutfalls eiginfjároukans fyrir kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu sem sama stofnun fellur undir, yrði hærri en 5%, skal málsmeðferðin sem sett er fram í 5. mgr. a í þessari grein gilda.] ²⁷⁶	[16. ...
[16. ...	[17. ...] ²⁷⁷
17. [...] ²⁷⁷	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
18. Að því er varðar þessa grein, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina aðferðafræðina sem lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal beita við að auðkenna [stofnun eða samstæðu undir stjórn] ²⁷⁸ móðurstofnunar í ESB, [...] ²⁷⁹ móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði í ESB eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í ESB sem kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu og sem tilgreina aðferðafræðina við skilgreininguna á undirflokkunum og úthlutunina á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu í undirflokkana á grundvelli kerfislegs mikilvægis þeirra, að teknu tilliti til allra alþjóðlega viðurkenndra staðla.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2014. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í [þessari grein] ²⁸⁰ ²⁸¹ í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 .	16. tölul. 1. mgr. 117. gr. b ffl.: [Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra

²⁷³ Felldur brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁷⁴ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁷⁵ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁷⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁷⁷ Felldir brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁷⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁷⁹ Felld brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁸⁰ Á að standa „málgrein“ (e. „paragraph“).

²⁸¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

[ákvæði laga þessara:\] 18. mgr. 131. gr. um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir.](#)

132. gr. [...] ²⁸²

133. gr. Krafa um að viðhalda eiginfjáruka vegna kerfisáhættu

1. Hvert aðildarríki getur innleitt eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem samanstendur af almennu eigin fé þáttar 1 fyrir fjármálageirann eða einn eða fleiri undirflokka þess geira, [á allar eða undirflokk áhættuskuldbindinga eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar] ²⁸³, til að koma í veg fyrir og draga úr þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem [...] ²⁸⁴ reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#) [og 130. og 131. gr. þessar tilskipunar] ²⁸⁵ ná ekki yfir, þ.e.a.s. hættu truflun á fjármálakerfinu sem gæti haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir fjármálakerfið og raunhagkerfið í tilteknu aðildarríki.

1. mgr. 86. gr. g ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjáruka sem nefnist kerfisáhættuauki.](#)

83. gr. a ffl.: Til eiginfjáruka er einungis heimilt að telja eiginfjárlíði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. [2. kafla I. bóls 2. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013](#) ~~gr. a.~~

2. mgr. 86. gr. g ffl.: [Í reglunum má takmarka skyldu til að viðhalda kerfisáhættuauka við einn eða fleiri flokka fjármálafyrirtækja.](#)

Fjallað um flokka áhættuskuldbindinga sem miðist við í 86. gr. i ffl.

1. másl. 2. mgr. 86. gr. h ffl.: [Hlutfall kerfisáhættuauka skal taka mið af kerfisáhættu sem er ekki mætt með reglugerð \(ESB\) nr. 575/2013 eða eiginfjárukum skv. C-, D- eða E-hlutum þessa kafla.](#)

[2. Stofnanir skulu reikna út eiginfjárukann vegna kerfisáhættu sem hér segir:

[formúla]

þar sem:

B_{SR} = eiginfjárukinn vegna kerfisáhættu,

r_T = hlutfall eiginfjárukans sem gildir um heildaráhættugrunn stofnunar,

E_T = heildaráhættugrunnur stofnunar sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

i = vísitalan sem tilgreinir undirflokk áhættuskuldbindinga eins og um getur í 5. mgr.,

r_i = hlutfall eiginfjárukans sem gildir um áhættugrunninn fyrir undirflokk áhættuskuldbindinga i , og

Leiðir af öðrum ákvæðum um kerfisáhættuauka.

²⁸² Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁸³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁸⁴ Fellt brott með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁸⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

<p>E_i = áhættugrunnur stofnunar fyrir undirflokk áhættuskuldbindinga í sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.²⁸⁶ [3]²⁸⁷. Að því er varðar 1. mgr. [þessarar greinar]²⁸⁸, skulu aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir að ákvarða eiginfjárukann vegna kerfisáhættu og að tilgreina [áhættuskuldbindingarnar og]²⁸⁹ undirflokka stofnana sem hann gildir um. Það yfirvald skal annaðhvort vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.</p>	<p>1. mgr. 86. gr. g ffl.: Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu sambykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjáruka sem nefnist kerfisáhættuauki.</p> <p>2. mgr. 86. gr. g ffl.: Í reglunum má takmarka skyldu til að viðhalda kerfisáhættuauka við einn eða fleiri flokka fjármálafyrirtækja.</p>
<p>[4. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, getur viðkomandi lögbært eða tilnefnt yfirvald, eftir því sem við á, krafið stofnanir um að viðhalda eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem samanstandi af almennu eigin fé þáttar 1 sem reiknaður er út í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, á einingar-, samstæðu- eða undirsamstæðugrunni, eftir því sem við á, í samræmi við II. bálk 1. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>	<p>Inngangsmásl. 86. gr. i ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að kerfisáhættuauki reiknist af einum eða fleiri eftirfarandi flokkum áhættuskuldbindinga:</p> <p>2. másl. 83. gr. d ffl.: Seðlabanki Íslands getur með reglum kveðið á um að öðrum eiginfjárukum skuli viðhaldið á samstæðu-, undirsamstæðu- eða einingargrunni, eftir því sem við á.</p> <p>83. gr. a ffl.: Til eiginfjáruka er einungis heimilt að telja eiginfjárlíði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 2. kafla I. bóls 2. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 84. gr. a.</p>
<p>5. Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu getur gilt um:</p>	<p>Inngangsmásl. 86. gr. i ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að kerfisáhættuauki reiknist af einum eða fleiri eftirfarandi flokkum áhættuskuldbindinga:</p>
<p>a) allar áhættuskuldbindingar í aðildarríkinu sem ákvarðar eiginfjárukann,</p>	<p>1. tölul. 86. gr. i ffl.: Allar áhættuskuldbindingar á Íslandi.</p>
<p>b) eftirfarandi geiratengdar áhættuskuldbindingar í aðildarríkinu sem ákvarðar eiginfjárukann:</p>	<p>2. tölul. 86. gr. i ffl.: Eftirfarandi tegundir áhættuskuldbindinga á Íslandi:</p>
<p>i. allar smásöluáhættuskuldbindingar vegna einstaklinga sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði,</p>	<p>A-liður 2. tölul. 86. gr. i ffl.: allar smásöluáhættuskuldbindingar vegna einstaklinga sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði.</p>
<p>ii. allar áhættuskuldbindingar vegna lögaðila sem eru tryggðar með veði í viðskiptahúsnæði,</p>	<p>B-liður 2. tölul. 86. gr. i ffl.: allar áhættuskuldbindingar vegna lögaðila sem eru tryggðar með veði í atvinnuhúsnæði.</p>
<p>iii. allar áhættuskuldbindingar vegna lögaðila að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í ii. lið,</p>	<p>C-liður 2. tölul. 86. gr. i ffl.: allar áhættuskuldbindingar vegna lögaðila að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í b-lið.</p>
<p>iv. allar áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í i. lið,</p>	<p>D-liður 2. tölul. 86. gr. i ffl.: allar áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga að undanskildum þeim sem tilgreindar eru í a-lið.</p>
<p>c) allar áhættuskuldbindingar í öðrum aðildarríkjum, með fyrirvara um 12. og 15. mgr.,</p>	<p>3. tölul. 86. gr. i ffl.: Allar áhættuskuldbindingar í öðrum aðildarríkjum.</p>

²⁸⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

²⁸⁷ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#) (og síðari málsgreinarnúmer í greininni).

²⁸⁸ Leiðrétt í [Stj. ESB L 20/1](#).

²⁸⁹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

	Fyrirvari um 12. og 15. mgr. leiðir af ákvæðum sem innleiða þær málsgreinar.
d) geiratengdar áhættuskuldbindingar, eins og þær eru tilgreindar í b-lið þessarar málsgreinar, í öðrum aðildarríkjum eingöngu svo mögulegt sé að viðurkenna hlutfall eiginfjárouka sem annað aðildarríki hefur ákvarðað í samræmi við 134. gr.,	4. tölul. 86. gr. i ffl.: Tegundir áhættuskuldbindinga skv. 2. tölul. í öðrum aðildarríkjum eingöngu svo mögulegt sé að viðurkenna hlutfall eiginfjárouka sem annað aðildarríki hefur ákvarðað í samræmi við 86. gr. i.
e) áhættuskuldbindingar í þriðju löndum,	5. tölul. 86. gr. i ffl.: Áhættuskuldbindingar í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.
f) undirflokkar einhverra af áhættuskuldbindingaflokkunum sem tilgreindir eru í b-lið.	6. tölul. 86. gr. i ffl.: Undirtegundir áhættuskuldbindinga skv. 2. tölul.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópska kerfisáhættaráðið, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 , eigi síðar en 30. júní 2020 um viðeigandi undirflokka áhættuskuldbindinga sem lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið getur beitt eiginfjárouka á vegna kerfisáhættu, í samræmi við f-lið 5. mgr. þessarar greinar.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins) (viðmiðunarreglna EBA er þó getið í athugasemdum við fyrirhugaða 86. gr. i ffl.).
7. Eiginfjárouki vegna kerfisáhættu skal gilda um allar áhættuskuldbindingar, eða undirflokk áhættuskuldbindinga eins og um getur í 5. mgr. þessarar greinar, allra stofnana, eða eins eða fleiri undirflokka þessara stofnana, sem yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis eru lögbær gagnvart í samræmi við þessa tilskipun og skal ákvarðaður í aðlögunarskrefum um 0,5 prósentustig eða margfeldi af því. Innleiða má mismunandi kröfur fyrir mismunandi undirflokka stofnana og áhættuskuldbindinga. Eiginfjároukinn vegna kerfisáhættu skal ekki vera til að mæta áhættu sem 130. og 131. gr. ná yfir.] ²⁹⁰	1. másl. 1. mgr. 86. gr. h ffl.: Kerfisáhættuauki skal nema 0–3% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða einstökum flokkum áhættuskuldbindinga skv. 86. gr. i. Inngangsmásl. 86. gr. i ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands má kveða á um að kerfisáhættuauki reiknist af einum eða fleiri eftirfarandi flokkum áhættuskuldbindinga: 2. mgr. 86. gr. g ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að kerfisáhættuauki reiknist af einum eða fleiri eftirfarandi flokkum áhættuskuldbindinga: 4. másl. 1. mgr. 86. gr. h ffl.: Hlutfallið skal vera margfeldi af 0,5 prósentustigum. 1. másl. 3. mgr. 86. gr. h ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um mismunandi hlutfall kerfisáhættuauka fyrir mismunandi flokka fjármálafyrirtækja og áhættuskuldbindinga. 1. másl. 2. mgr. 86. gr. h ffl.: Hlutfall kerfisáhættuauka skal taka mið af kerfisáhættu sem er ekki mætt með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða eiginfjároukum skv. C-, D- eða E-hlutum þessa kafla.
8. Þegar gerð er krafa um að eiginfjárouka vegna kerfisáhættu sé viðhaldið skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið fylgja eftirfarandi:	

²⁹⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

<p>a) eiginfjárukinn vegna kerfisáhættu hefur ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða í Sambandinu í heild, sem mynda eða skapa hindrun fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins,</p>	<p>2. málsl. 2. mgr. 86. gr. h ffl.: Þess skal gætt að kerfisáhættuaukinn hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða á Evrópska efnahagssvæðinu í heild sem hindra starfsemi innri markaðar Evrópska efnahagssvæðisins.</p>
<p>b) lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið skal endurskoða eiginfjárukann vegna kerfisáhættu að lágmarki annað hvert ár,</p>	<p>4. mgr. 86. gr. h ffl.: Seðlabankinn skal endurskoða hlutfall kerfisáhættuauka a.m.k. annað hvert ár.</p>
<p>[c) eiginfjárukann vegna kerfisáhættu á ekki að nota til að mæta áhættu sem 130. og 131. gr. ná yfir.]²⁹¹</p>	<p>1. málsl. 2. mgr. 86. gr. h ffl.: Hlutfall kerfisáhættuauka skal taka mið af kerfisáhættu sem er ekki mætt með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eða eiginfjárukum skv. C-, D- eða E-hlutum þessa kafla.</p>
<p>9. [Lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu fyrirfram um birtingu ákvörðunarinnar sem um getur í 13. mgr. Evrópska kerfisáhætturáðið skal án tafar framsenda slíkar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar[or, in the case of a notification from a competent authority or a designated authority in an EFTA State, to the Standing Committee of the EFTA States]²⁹², Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbærra og tilnefndra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja.</p>	<p>1. málsl. innleiddur með 1. málsl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um fyrirhugaða setningu eða endurskoðun kerfisáhættuauka.</p> <p>2. málsl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p>
<p>Ef stofnun sem eitt eða fleiri hlutföll eiginfjáruka vegna kerfisáhættu gilda um er dótturfélag móðurfélags með staðfestu í öðru aðildarríki, skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið einnig tilkynna hana yfirvöldunum í því aðildarríki.</p>	<p>1. og 2. málsl. 4. mgr. 86. gr. k ffl.: Ef fjármálafyrirtæki sem fyrirhugað er að skylda til að viðhalda kerfisáhættuauka er dótturfélag félags með staðfestu í öðru aðildarríki skal [...] Seðlabankinn [...] jafnframt senda tilkynningu skv. 1. mgr. til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki.</p>
<p>Ef hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu gildir um áhættuskuldbindingar í þriðju löndum skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, einnig tilkynna það Evrópska kerfisáhætturáðinu. Evrópska kerfisáhætturáðið skal án tafar framsenda slíkar tilkynningar til eftirlitsyfirvalda þessara þriðju landa.</p>	<p>1. málsl. innleiddur með 2. mgr. 86. gr. k ffl.: Í tilkynningunni skal greint frá því ef kerfisáhættuauki á að taka til áhættuskuldbindinga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.</p> <p>2. málsl. krefst ekki innleiðingar (lýtur að Evrópska kerfisáhætturáðinu).</p>
<p>Í slíkum tilkynningum skal eftirfarandi sett fram í smáatriðum:</p>	<p>Inngangsmásl. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Í tilkynningunni skal lýsa ítarlega:</p>
<p>a) þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan í aðildarríkinu,</p>	<p>1. tölul. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Kerfisáhættu á Íslandi.</p>
<p>b) ástæðurnar fyrir því að þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan ógnar stöðugleika fjármálakerfisins á landsvísu og réttlætir hlutfall eiginfjárukans vegna kerfisáhættu,</p>	<p>2. tölul. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Ástæðum þess að kerfisáhættu ógnar stöðugleika fjármálakerfisins á Íslandi og réttlætir hlutfall kerfisáhættuaukans.</p>
<p>c) rökstuðningurinn fyrir því hvers vegna eiginfjárukinn vegna kerfisáhættu er talinn vera líklegur til að vera skilvirkur og hóflegur til að draga úr áhættunni,</p>	<p>3. tölul. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Hvers vegna kerfisáhættuaukinn er talinn líklegur til að draga úr áhættunni með skilvirkum og hóflegum hætti.</p>

²⁹¹ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

²⁹² Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021.](#)

<p>d) mat á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af eiginfjárukanum vegna kerfisáhættu á innri markaðinn, byggt á upplýsingum sem eru aðgengilegar aðildarríkinu,</p>	<p>4. tölul. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Mati á líklegum jákvæðum og neikvæðum áhrifum af kerfisáhættuaukanum á innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.</p> <p>Tilgreint í skýringum að byggist á upplýsingum sem eru Seðlabankanum aðgengilegar.</p>
<p>e) hlutfall eða hlutföll eiginfjárukans vegna kerfisáhættu sem lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, hefur í hyggju að leggja á og áhættuskuldbindingarnar sem slík hlutföll skulu gilda um og stofnanirnar sem skulu falla undir slík hlutföll,</p>	<p>5. tölul. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Fyrirhuguðu hlutfalli eða hlutföllum kerfisáhættuauka, til hvaða áhættuskuldbindinga hann eigi að taka og hvaða fjármálafyrirtæki eigi að viðhalda honum.</p>
<p>f) ef hlutfall eiginfjárukans vegna kerfisáhættu gildir um allar áhættuskuldbindingar, rökstuðningur fyrir því hvers vegna yfirvaldið telur að með eiginfjárukanum vegna kerfisáhættu sé ekki verið að tvítaka virkni eiginfjárukans fyrir aðra kerfislega mikilvæga stofnun sem kveðið er á um í 131. gr.</p>	<p>6. tölul. 3. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Af hverju kerfisáhættuauki sem gildir um allar áhættuskuldbindingar tvítaki ekki virkni eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á landsvísu.</p>
<p>Ef ákvörðunin um hlutfall eiginfjárukans vegna kerfisáhættu hefur í för með sér lækkun eða enga breytingu á áður ákvörðuðu hlutfalli eiginfjáruka skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, eingöngu fara að þessari málsgrein.</p>	<p>2. og 3. másl. 1. mgr. 86. gr. h ffl.: Hlutfallið má þó, þegar ríkar ástæður eru til, vera hærra en 3% með samþykki ráðherra. Það má þó ekki vera hærra en 5% nema einnig sé aflað samþykkis fastanefndar EFTA-ríkjanna.</p>
<p>10. Ef ákvörðun eða endurákvörðun um hlutfall eða hlutföll eiginfjáruka vegna kerfisáhættu fyrir einhvern flokk eða undirflokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 5. mgr., sem falla undir einn eða fleiri eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, hefur ekki í för með sér samsett hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem er hærra en 3% fyrir einhverja af þessum áhættuskuldbindingum, skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, tilkynna það Evrópska kerfisáhætturáðinu í samræmi við 9. mgr. einum mánuði fyrir birtingu ákvörðunarinnar sem um getur í 13. mgr.</p>	<p>1. másl. 3. mgr. 86. gr. k ffl.: Ef hækka á kerfisáhættuauka þannig að hann verði hærri en 3% og allt að 5% skal í tilkynningunni óskað eftir álitum fastanefndar EFTA-ríkjanna.</p>
<p>Að því er varðar þessa málsgrein, skal viðurkenningin á hlutfalli eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem annað aðildarríki hefur ákvarðað í samræmi við 134. gr., ekki talin með að því er varðar 3% viðmiðunarmörkin.</p>	<p>1. og 2. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um fyrirhugaða setningu eða endurskoðun kerfisáhættuauka. Tilkynning skal send mánuði áður en Seðlabankinn birtir upplýsingar skv. 86. gr. I ef hlutfall kerfisáhættuaukans, að frátöldum kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki sem hefur verið viðurkenndur skv. 86. gr. j, er ekki hærra en 3%.</p>
<p>11. Ef ákvörðun eða endurákvörðun um hlutfall eða hlutföll eiginfjáruka vegna kerfisáhættu fyrir einhvern flokk eða undirflokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 5. mgr., sem falla undir einn eða fleiri eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, hefur í för með sér samsett hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem er hærra en 3% og allt að 5% fyrir einhverja af þessum áhættuskuldbindingum, skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu sem</p>	<p>2. másl. 1. mgr. 86. gr. k ffl.: Tilkynning skal send mánuði áður en Seðlabankinn birtir upplýsingar skv. 86. gr. I ef hlutfall kerfisáhættuaukans, að frátöldum kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki sem hefur verið viðurkenndur skv. 86. gr. j, er ekki hærra en 3%.</p>
<p>11. Ef ákvörðun eða endurákvörðun um hlutfall eða hlutföll eiginfjáruka vegna kerfisáhættu fyrir einhvern flokk eða undirflokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 5. mgr., sem falla undir einn eða fleiri eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, hefur í för með sér samsett hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem er hærra en 3% og allt að 5% fyrir einhverja af þessum áhættuskuldbindingum, skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu sem</p>	<p>1. másl. innleiddur með 1. másl. 3. mgr. 86. gr. k ffl.: Ef hækka á kerfisáhættuauka þannig að hann verði hærri en 3% og allt að 5% skal í tilkynningunni óskað eftir álitum fastanefndar EFTA-ríkjanna.</p> <p>2. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins og fastanefnd EFTA-ríkjanna í tilviki EFTA-ríkjanna).</p>

<p>ákvarðar þann eiginfjárouka óska eftir álitum [fastanefndar EFTA-ríkjanna]²⁹³ í tilkynningunni sem lögð er fram í samræmi við 9. mgr. [Fastanefnd EFTA-ríkjanna]²⁹⁴ skal veita álit sitt innan eins mánaðar frá viðtöku tilkynningarinnar.</p>	
<p>Ef álit [fastanefndar EFTA-ríkjanna]²⁹⁵ er neikvætt skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, í aðildarríkinu sem ákvarðar eiginfjároukann fara að álitinu eða gefa upp ástæður fyrir því að gera það ekki.</p>	<p>2. másl. 3. mgr. 86. gr. k ffl.: <u>Ef álit fastanefndarinnar er neikvætt skal Seðlabankinn fara eftir álitinu eða gefa upp ástæður fyrir því að gera það ekki.</u></p>
<p>Ef stofnun sem eitt eða fleiri hlutföll eiginfjárouka vegna kerfisáhættu gilda um er dótturfélag móðurfélags með staðfestu í öðru aðildarríki, skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið óska eftir tilmælum framkvæmdastjórnarinnar[or, in the case of a parent established in an EFTA State, by the Standing Committee of the EFTA States]²⁹⁶ og Evrópska kerfisáhætturáðsins í tilkynningunni sem lögð er fram í samræmi við 9. mgr.</p>	<p>1. másl. 4. mgr. 86. gr. k ffl.: <u>Ef fjármálafyrirtæki sem fyrirhugað er að skylda til að viðhalda kerfisáhættuauka er dótturfélag félags með staðfestu í öðru aðildarríki skal í tilkynningunni óskað eftir álitum Evrópska kerfisáhætturáðsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eða fastanefndar EFTA-ríkjanna ef félagið er með staðfestu í aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu.</u></p>
<p>Framkvæmdastjórnin[or the Standing Committee of the EFTA States, as the case may be,]²⁹⁷ og Evrópska kerfisáhætturáðið skal hvert um sig gefa tilmæli sín innan sex vikna frá viðtöku tilkynningarinnar.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins og fastanefnd EFTA-ríkjanna í tilviki EFTA-ríkjanna).</p>
<p>Ef yfirvöld dótturfélagsins og móðurfélagsins eru ósammála um hlutfall eiginfjároukans vegna kerfisáhættu og ef um er að ræða neikvæð tilmæli frá bæði framkvæmdastjórninni[or the Standing Committee of the EFTA States, as the case may be,]²⁹⁸ og Evrópska kerfisáhætturáðinu getur lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, vísað málinu til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. <u>1093/2010</u>. Ákvörðuninni um hlutfall eða hlutföll eiginfjároukans vegna kerfisáhættu fyrir þessar áhættuskuldbindingar skal frestað þar til Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun.</p>	<p>3. og 4. másl. 4. mgr. 86. gr. k ffl.: <u>Leggist kerfisáhætturáðið, framkvæmdastjórnin eða fastanefndin og yfirvöld móðurfélagsins gegn fyrirhuguðum kerfisáhættuauka getur Seðlabankinn vísað málinu til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á, og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Setningu reglna um viðkomandi áhættuskuldbindingar skal frestað meðan beðið er niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.</u></p>
<p>12. Ef ákvörðun eða endurákvörðun um hlutfall eða hlutföll eiginfjárouka vegna kerfisáhættu fyrir einhvern flokk eða undirflokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 5. mgr., sem falla undir einn eða fleiri eiginfjárouka vegna kerfisáhættu, hefur í för með sér samsett hlutfall eiginfjárouka vegna kerfisáhættu sem er hærra en 5% fyrir einhverja af þessum áhættuskuldbindingum, skal lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, sækja um heimild frá [fastanefnd EFTA-ríkjanna]²⁹⁹ áður en eiginfjárouki vegna kerfisáhættu kemur til framkvæmdar.</p>	<p>3. másl. 1. mgr. 86. gr. h ffl.: <u>Það má þó ekki vera hærra en 5% nema einnig sé aflað samþykkis fastanefndar EFTA-ríkjanna.</u></p>

²⁹³ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁹⁴ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁹⁵ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁹⁶ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁹⁷ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁹⁸ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

²⁹⁹ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

Evrópska kerfisáhætturáðið skal, innan sex vikna frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 9. mgr., láta framkvæmdastjórninni [or the Standing Committee of the EFTA States, as the case may be,]³⁰⁰ í té álit á því hvort eiginfjárukinn vegna kerfisáhættu teljist tilhlýðilegur. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einnig láta framkvæmdastjórninni í té álit sitt á þeim eiginfjáruka vegna kerfisáhættu í samræmi við 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Innan þriggja mánaða frá viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 9. mgr. skal [fastanefnd EFTA-ríkjanna]³⁰¹, að teknu tilliti til mats Evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, ef við á, og ef hún er sannfærð um að hlutfall eða hlutföll eiginfjárukans vegna kerfisáhættu hafi ekki í för með sér óhóflega skaðleg áhrif á allt eða hluta fjármálakerfis annarra aðildarríkja eða í Sambandinu í heild sem mynda eða skapa hindrun fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins, samþykkja [ákvörðun]³⁰² sem heimilar lögbæra yfirvaldinu eða tilnefnda yfirvaldinu, eftir því sem við á, að samþykkja fyrirhugaða ráðstöfun.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins og fastanefnd EFTA-ríkjanna í tilviki EFTA-ríkjanna).

13. Hvert lögbært yfirvald, eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, skal tilkynna um ákvörðunina eða endurákvörðunina um eitt eða fleiri hlutföll eiginfjáruka vegna kerfisáhættu með birtingu á viðeigandi vefsetri. Í þeirri birtingu skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

Inngangsl. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Seðlabanki Íslands skal birta á vef sínum eftirfarandi upplýsingar um ákvörðun eða endurskoðun á kerfisáhættuauka:](#)

a) hlutfall eða hlutföll eiginfjárukans vegna kerfisáhættu,

1. tölul. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Hlutfall kerfisáhættuauka.](#)

b) stofnanir sem eiginfjárukinn vegna kerfisáhættu gildir um,

2. tölul. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Fjármálafyrirtæki sem ber að viðhalda kerfisáhættuauka.](#)

c) áhættuskuldbindingarnar sem hlutfall eða hlutföll eiginfjárukans vegna kerfisáhættu gilda um,

3. tölul. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Áhættuskuldbindingar sem kerfisáhættuauki tekur til.](#)

d) rökstuðningur fyrir ákvörðun eða endurákvörðun um hlutfall eða hlutföll eiginfjárukans vegna kerfisáhættu,

4. tölul. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Rökstuðningur fyrir hlutfalli kerfisáhættuauka.](#)

e) frá hvaða degi stofnanir skulu beita ákvörðuninni eða endurákvörðuninni um eiginfjárukann vegna kerfisáhættu og

5. tölul. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Hvenær fjármálafyrirtækjum beri að viðhalda kerfisáhættuauka.](#)

f) heiti landanna þar sem áhættuskuldbindingar, sem eru í þessum löndum, eru viðurkenndar í eiginfjárukanum vegna kerfisáhættu.

6. tölul. 1. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Í hvaða löndum áhættuskuldbindingar sem kerfisáhættuauki miðast við eru.](#)

Ef birting upplýsinganna sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar gæti teflt í tvísýnu stöðugleika fjármálakerfisins skulu þær upplýsingar ekki teknar með í birtinguna.

2. mgr. 86. gr. 1 ffl.: [Rökstuðningur fyrir hlutfalli kerfisáhættuauka, sbr. 4. tölul. 1. mgr., skal ekki birtur ef það gæti teflt stöðugleika fjármálakerfisins í tvísýnu.](#)

³⁰⁰ Bætt við með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

³⁰¹ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

³⁰² Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

14. Ef stofnun uppfyllir ekki að fullu kröfuna sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar skal hún falla undir takmarkanir á útgreiðslum skv. 2. og 3. mgr. 141. gr.

3. mgr. 86. gr. m ffl.: [Fjármálafyrirtæki sem uppfyllir ekki samanlagða kröfu um eiginfjáruka er óheimil úthlutun skv. 2. mgr. umfram hámarksúthlutunarfjárhæð skv. 86. gr. n.](#)

Ef beiting takmarkanna á útgreiðslum leiðir til ófullnægjandi úrbóta á almennu eigin fé þáttar 1 stofnunarinnar í ljósi viðeigandi kerfisáhættu, geta lögbæru yfirvöldin gripið til viðbótarráðstafana í samræmi við 64. gr.

Leiðir af ákvæðum sem innleiða 64. gr.

15. Ef lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið, eftir því sem við á, ákvarðar eiginfjárukann vegna kerfisáhættu á grundvelli áhættuskuldbindinga í öðrum aðildarríkjum, skal ákvarða sama eiginfjáruka fyrir allar áhættuskuldbindingar sem eru innan Sambandsins, nema eiginfjárukinn sé ákvarðaður til að viðurkenna hlutfall eiginfjárukans vegna kerfisáhættu sem annað aðildarríki hefur ákvarðað í samræmi við 134. gr.]³⁰³

2. másl. 3. mgr. 86. gr. h ffl.: [Hlutfall kerfisáhættuauka fyrir áhættuskuldbindingar í öðrum aðildarríkjum skal þó vera hið sama fyrir öll aðildarríkin, nema þegar um er að ræða viðurkenningu á kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki skv. 86. gr. j.](#)

134. gr. Viðurkenning á hlutfalli eiginfjáruka vegna kerfisáhættu

1. Önnur aðildarríki geta viðurkennt hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem ákvarðað er í samræmi við 133. gr. og beitt því hlutfalli á stofnanir með landsbundið starfsleyfi fyrir áhættuskuldbindingar í aðildarríkinu sem ákvarðar hlutfallið.

1. mgr. 86. gr. j ffl.: [Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda kerfisáhættuauka vegna áhættuskuldbindinga í öðru aðildarríki sem samsvari hlutfalli kerfisáhættuauka sem viðkomandi ríki hefur ákveðið \[...\].](#)

2. Ef aðildarríki viðurkennir hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu fyrir stofnanir með landsbundið starfsleyfi [í samræmi við 1. mgr.]³⁰⁴, skulu þau tilkynna það til [Evrópska kerfisáhætturáðsins. Evrópska kerfisáhætturáðið skal án tafar framsenda slíkar tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og aðildarríkisins sem ákvarðar þetta hlutfall]³⁰⁵.

1. másl. innleiddur með 3. mgr. 86. gr. j ffl.: [Seðlabankinn skal tilkynna Evrópska kerfisáhætturáðinu um viðurkenningu á kerfisáhættuauka í öðru aðildarríki.](#)

2. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

3. Þegar tekin er ákvörðun um hvort viðurkenna eigi hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu [í samræmi við 1. mgr.]³⁰⁶, skal aðildarríki taka tillit til upplýsinganna sem aðildarríkið sem ákvarðar það hlutfall leggur fram í samræmi við [9.]³⁰⁷ eða 13. mgr. 133. gr.

1. mgr. 86. gr. j ffl.: [Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 86. gr. g má kveða á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda kerfisáhættuauka vegna áhættuskuldbindinga í öðru aðildarríki sem samsvari hlutfalli kerfisáhættuauka sem viðkomandi ríki hefur ákveðið telji Seðlabankinn það við hæfi að teknu tilliti til upplýsinga um kerfisáhættuaukann frá viðkomandi aðildarríki.](#)

[4. Ef aðildarríki viðurkenna hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu fyrir stofnanir með landsbundið starfsleyfi, getur sá eiginfjáruki vegna kerfisáhættu verið tekin saman með eiginfjárukanum vegna kerfisáhættu sem beitt er í samræmi við 133. gr., að því tilskildu að eiginfjárukarnir séu til að mæta ólíkri

2. mgr. 86. gr. j ffl.: [Kerfisáhættuauki skv. 1. mgr. bætist við kerfisáhættuauka skv. 86. gr. h ef þeim er ætlað að mæta hvor sinni áhættu. Ef þeim er ætlað að mæta sömu áhættu gildir einvörðungu hærrí kerfisáhættuaukinn.](#)

³⁰³ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³⁰⁴ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³⁰⁵ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³⁰⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³⁰⁷ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

áhættu. Ef eiginfjárukarnir eru til að mæta sömu áhættu skal eingöngu hærrí eiginfjárukinn gilda.]³⁰⁸ [5]³⁰⁹. Aðildarríki sem ákvarðar hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr. [þessarar tilskipunar]³¹⁰, getur beðið Evrópska kerfisáhætturáðið um að gefa út tilmæli eins og um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1092/2010](#), til eins eða fleiri aðildarríkja sem geta viðurkennt það hlutfall eiginfjárukans vegna kerfisáhættu.

4. mgr. 86. gr. j ffl.: [Seðlabankinn getur óskað eftir því að Evrópska kerfisáhætturáðið setji fram tilmæli skv. 16. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1092/2010 til eins eða fleiri aðildarríkja um að viðurkenna kerfisáhættuauka hér á landi.](#)

II. þáttur: Ákvörðun og útreikningur á sveiflujöfnunaraukum

TILSKIPUN	INNLEIÐING
<p>135. gr. Leiðbeiningar evrópska kerfisáhætturáðsins um ákvörðun á hlutföllum sveiflujöfnunarauka</p> <p>1. Evrópska kerfisáhætturáðið getur, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010, veitt yfirvöldum sem tilnefnd eru af aðildarríkjum skv. 1. mgr. 136. gr. leiðbeiningar um ákvörðun á hlutföllum sveiflujöfnunarauka, þ.m.t. eftirfarandi:</p> <p>a) meginreglur til að leiðbeina tilnefndum yfirvöldum þegar þau meta viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka, tryggja að yfirvöldin beiti traustri nálgun á viðkomandi þjóðhagslegar sveiflur og stuðla að traustri og stöðugri ákvarðanatöku í öllum aðildarríkjunum,</p> <p>b) almennar leiðbeiningar um:</p> <p>i. mat og útreikning á fráviki frá langtímaleitni hlutfalla útlána á móti vergri landsframleiðslu (e. GDP),</p> <p>ii. útreikning á eiginfjárukaviðmiðununum sem krafist er skv. 2. mgr. 136. gr.,</p> <p>c) leiðbeiningar um breytur, sem gefa vísbendingu um uppsöfnun áhættu í öllu kerfinu, í tengslum við tímabil óhóflegs útlánavaxtar í fjármálakerfi, einkum viðeigandi hlutfall útlána á móti vergri landsframleiðslu og frávik þess frá langtímaleitni, og um aðra viðkomandi þætti, þ.m.t. meðhöndlun efnahagsþróunar innan einstakra geira hagkerfisins, sem ættu að vera til grundvallar ákvörðunum tilnefndra yfirvalda um viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka skv. 136. gr.,</p> <p>d) leiðbeiningar um breytur, þ.m.t. eigindlegar viðmiðanir, sem gefa vísbendingu um að viðhalda, draga úr eða leggja með öllu af eiginfjárukann.</p> <p>2. Ef evrópska kerfisáhætturáðið gefur út tilmæli skv. 1. mgr. skal það taka tilhlýðilegt tillit til mismunarins á milli aðildarríkja og einkum sérstakra eiginleika aðildarríkja sem eru með lítil og opin hagkerfi.</p>	<p>Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).</p> <p>---</p>

³⁰⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

³⁰⁹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#) (og síðari málsgreinarnúmer í greininni).

³¹⁰ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

3. Ef evrópska kerfisáhætturáðið hefur gefið út tilmæli skv. 1. mgr. skal það endurskoða þau og uppfæra, ef nauðsyn krefur, í ljósi reynslunnar af því að ákvarða eiginfjáruka samkvæmt þessari tilskipun eða þróunar á alþjóðlega samþykktum venjum.

136. gr. Ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna opinbert yfirvald eða stofnun („tilnefnt yfirvald“) sem ber ábyrgð á að ákvarða hlutfall sveiflujöfnunarauka að því er það aðildarríki varðar.

85. gr. ffl.: [Seðlabanki Íslands getur með reglum sem hann setur að undangengnu samþykki fjármálastöðugleikanefndar kveðið á um að fjármálafyrirtæki skuli viðhalda eiginfjáruka sem nefnist sveiflujöfnunarauki.](#)

2. Hvert tilnefnt yfirvald skal reikna út fyrir hvern ársfjórðung eiginfjárukaviðmiðun til viðmiðunar við ákvörðun á hlutfalli sveiflujöfnunarauka í samræmi við 3. mgr. Hlutfall eiginfjárukaviðmiðunarinnar skal endurspegla, á marktækan hátt, lánsfjársvæifluna og áhættuna sem stafar af óhóflegum útlánavexti í aðildarríkinu og taka tilhlýðilegt tillit til sérstakra eiginleika þjóðarbúsins. Hún skal byggjast á fráviki hlutfalls útlána á móti vergri landsframléiðslu frá langtímaleitni þess, meðal annars með tilliti til:

4. mgr. 85. gr. a ffl.: [Hlutfall sveiflujöfnunarauka skal taka mið af sveiflutengdri kerfisáhættu. Við mat á henni skal litið til skuldaveiflu, einkum frávíks hlutfalls skulda af vergri landsframléiðslu frá langtímaleitni, áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda á Íslandi og annarra viðeigandi þátta. Tekið skal tillit til sérkenna íslensks efnahags.](#)

a) vísbendingar um vöxt útlána innan þeirrar lögsögu og einkum vísbendingar sem endurspeglar breytingar á hlutfalli veittra útlána í viðkomandi aðildarríki á móti vergri landsframléiðslu,

5. mgr. 85. gr. a ffl.: [Seðlabankinn skal a.m.k. ársfjórðungslega endurskoða hlutfall sveiflujöfnunarauka.](#)

b) hvers kyns annarra leiðbeininga sem evrópska kerfisáhætturáðið viðheldur í samræmi við b-lið 1. mgr. 135. gr.

2. másl. 4. mgr. 85. gr. a ffl.: [Við mat á henni \[sveiflutengdri kerfisáhættu\] skal litið til skuldaveiflu, einkum frávíks hlutfalls skulda af vergri landsframléiðslu frá langtímaleitni, áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda á Íslandi og annarra viðeigandi þátta.](#)

3. [Hvert tilnefnt yfirvald skal á ársfjórðungsgrundvelli meta styrkleika sveiflukenndrar kerfisáhættu og hversu viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunaraukans er fyrir aðildarríki þess og, ef þörf krefur, ákvarða eða aðlaga hlutfall sveiflujöfnunaraukans. Þegar það er gert skal tilnefnda yfirvaldið taka tillit til:]³¹¹

3. tölul. 109. gr. u ffl.: [\[Fjármálaeftirlitið skal\] Kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum, tilmælum og viðvörðunum sem \[...\] Evrópska kerfisáhætturáðið gefur út skv. 16. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 1093/2010 \[...\].](#)

4. mgr. 85. gr. a ffl.: [Hlutfall sveiflujöfnunarauka skal taka mið af sveiflutengdri kerfisáhættu. Við mat á henni skal litið til skuldaveiflu, einkum frávíks hlutfalls skulda af vergri landsframléiðslu frá langtímaleitni, áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda á Íslandi og annarra viðeigandi þátta. Tekið skal tillit til sérkenna íslensks efnahags.](#)

5. mgr. 85. gr. a ffl.: [Seðlabankinn skal a.m.k. ársfjórðungslega endurskoða hlutfall sveiflujöfnunarauka.](#)

a) eiginfjárukaviðmiðunar, sem reiknuð er út í samræmi við 2. mgr.,

2. másl. 4. mgr. 85. gr. a ffl.: [Við mat á henni \[sveiflutengdri kerfisáhættu\] skal litið til skuldaveiflu, einkum frávíks hlutfalls skulda af vergri landsframléiðslu frá langtímaleitni, áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda á Íslandi og annarra viðeigandi þátta.](#)

³¹¹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

<p>b) allra núverandi leiðbeininga sem evrópska kerfisáætturáðið viðheldur í samræmi við a-, c- og d-lið 135. gr. og öll tilmæli sem evrópska kerfisáætturáðið hefur gefið út um ákvörðun á hlutfalli eiginfjárauka,</p>	<p>3. tölul. 109. gr. u ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal Kappkosta að fara eftir viðmiðunarreglum, tilmælum og viðvörðunum sem [...] Evrópska kerfisáætturáðið gefur út skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 [...].</p>
<p>c) annarra breyta sem tilnefnda yfirvaldið telur viðeigandi til að taka á sveiflukennndri kerfisáættu.</p>	<p>1. másl. 4. mgr. 85. gr. a ffl.: Hlutfall sveiflujöfnunarauka skal taka mið af sveiflutengdri kerfisáættu.</p>
<p>4. Hlutfall sveiflujöfnunarauka, sett fram sem hlutfall af fjárhæð heildaráættugrunns stofnana sem bera útlánaáættu í því aðildarríki reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal vera á milli 0% og 2,5%, kvarðað í stig sem eru 0,25 prósentustig eða margfeldi af 0,25 prósentustigum. Í rökstuddum tilvikum getur tilnefnt yfirvald, á grundvelli athugananna sem settar eru fram í 3. mgr., ákvarðað hlutfall sveiflujöfnunarauka sem er hærra en 2,5% af fjárhæð heildaráættugrunns sem reiknuð er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í þeim tilgangi sem settur er fram í 2. mgr. 140. gr. þessarar tilskipunar.</p>	<p>3. mgr. 85. gr. a ffl.: Sveiflujöfnunarauki vegna áhættuskuldbindinga hér á landi skal almennt nema 0–2,5% af áættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en má þó vera hærri ef áættuþættir sem liggja til grundvallar mati á gildi sveiflujöfnunarauka gefa tilefni til. Hlutfallið skal vera margfeldi af 0,25 prósentustigum.</p>
<p>5. Ef tilnefnt yfirvald ákvarðar hlutfall sveiflujöfnunarauka hærri en núll í fyrsta sinn, eða ef tilnefnt yfirvald hækkar ríkjandi hlutfall sveiflujöfnunarauka eftir það, skal það einnig ákvarða frá hvaða degi stofnanirnar skulu beita hækkaða eiginfjárukanum í þeim tilgangi að reikna út hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir viðkomandi stofnun. Sú dagsetning skal ekki vera síðar en 12 mánuðum eftir daginn sem tilkynnt er um ákvörðun um hærri eiginfjáruka í samræmi við 7. mgr. Ef dagsetningin er fyrir en 12 mánuðum eftir að tilkynnt er um hækkun á eiginfjárukanum skal færa rök fyrir skemmri frest fyrir beitingu á grundvelli sérstakra aðstæðna.</p>	<p>1. mgr. 85. gr. d ffl.: Hækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi eigi síðar en tólf mánuðum eftir birtingu upplýsinga um hækkunina. Hækkunin skal ekki taka gildi innan tólf mánaða nema óvenjulegar aðstæður réttlæti það.</p> <p>2. másl. 2. mgr. 85. gr. e ffl.: Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.</p>
<p>6. Ef tilnefnt yfirvald lækkar gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka, hvort sem það er lækkað í núll eða ekki, skal það einnig ákvarða viðmiðunartímabil þar sem ekki er vænst neinnar hækkunar á eiginfjárukanum. Þó skal viðmiðunartímabilið ekki vera bindandi fyrir tilnefnda yfirvaldið.</p>	<p>3. mgr. 85. gr. e ffl.: Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er lækkað skal greint frá tímabili sem ekki er áætlað að hlutfallið hækki og rökstuðningi fyrir þeirri áætlun. Áætlunin er þó ekki bindandi.</p> <p>Áréttað í skýringum að eigi við hvort sem er lækkað niður í núll eða ekki.</p>
<p>7. Hvert tilnefnt yfirvald skal [ársfjórðungslega birta a.m.k. eftirfarandi upplýsingar á vefsetri sínu]³¹²:</p>	<p>Inngangsmásl. 1. mgr. 85. gr. e ffl.: Seðlabanki Íslands skal birta á vef sínum eftirfarandi upplýsingar samhliða ákvörðun eða endurskoðun á sveiflujöfnunarauka:</p>
<p>a) gildandi hlutfall sveiflujöfnunaraukans,</p>	<p>1. tölul. 1. mgr. 85. gr. e ffl.: Gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka.</p>
<p>b) hlutfallið útlán á móti VLF sem á við og frávik þess frá langtímaleitni,</p>	<p>2. tölul. 1. mgr. 85. gr. e ffl.: Viðeigandi hlutfall skulda af vergri landsframleiðslu og frávik þess frá langtímaleitni.</p>
<p>c) leiðbeininguna um eiginfjáruka sem reiknaður er út í samræmi við 2. mgr.,</p>	<p>3. tölul. 1. mgr. 85. gr. e ffl.: Mat á þáttum skv. 4. mgr. 85. gr. a sem ákvörðun sveiflujöfnunarauka styðst við.</p>

³¹² Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

d) rökstuðning fyrir því hlutfalli eiginfjáráuka,	4. tölul. 1. mgr. 85. gr. e ffl.: Rökstuðning fyrir hlutfalli sveiflujöfnunarauka.
e) ef hlutfall eiginfjáráuka er hækkað, frá hvaða degi stofnanir skulu beita því hækkaða hlutfalli eiginfjáráuka í þeim tilgangi að reikna út sértækan sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun,	1. másl. 2. mgr. 85. gr. e ffl.: Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er hækkað skal koma fram hvenær hækkunin taki gildi.
f) ef dagsetningin sem um getur í e-lið er innan 12 mánaða eftir [birtingardaginn] ³¹³ samkvæmt þessari málsgrein, tilvísun í sérstakar aðstæður sem réttlæta skemmri frest hvað varðar beitinguna	2. másl. 2. mgr. 85. gr. e ffl.: Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.
g) ef hlutfall eiginfjáráuka er lækkað, viðmiðunartímabilið sem ekki er vænst neinnar hækkunar á hlutfalli eiginfjáráuka, ásamt rökstuðningi fyrir því tímabili.	3. mgr. 85. gr. e ffl.: Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er lækkað skal greint frá tímabili sem ekki er áætlað að hlutfallið hækki og rökstuðningi fyrir þeirri áætlun. Áætlunin er þó ekki bindandi.
Tilnefnd yfirvöld skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að samræma tímasetningu þeirrar [birtingar] ³¹⁴ .	Nefnt í athugasemdum við 85. gr. e ffl.
Tilnefnd yfirvöld skulu tilkynna um [hverja breytingu] ³¹⁵ á hlutfalli sveiflujöfnunaraukans og um [tilskildu] ³¹⁶ upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a-til g-lið [fyrstu undirgreinar] ³¹⁷ , til Evrópska kerfisáætturáðsins. Evrópska kerfisáætturáðið skal birta á vefsetri sínu öll slík hlutföll eiginfjáráuka sem tilkynnt eru og tengdar upplýsingar.	1. másl. innleiddur með 85. gr. f ffl.: Seðlabanki Íslands skal tilkynna Evrópska kerfisáætturáðinu um breytingar á hlutfalli sveiflujöfnunarauka. Tilkynningunni skulu fylgja upplýsingar skv. 85. gr. e. 2. másl. krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
137. gr. Viðurkenning á hlutföllum sveiflujöfnunarauka sem eru umfram 2,5%	
1. Hinum tilnefndu yfirvöldunum er heimilt, þegar tilnefnt yfirvald, í samræmi við 4. mgr. 136. gr., eða viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað hlutfall sveiflujöfnunarauka umfram 2,5% af fjárhæð heildaráættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , að viðurkenna það hlutfall eiginfjáráuka til að stofnanir, sem hafa landsbundið starfsleyfi, geti reiknað út sveiflujöfnunarauka.	2. másl. 1. mgr. 85. gr. a ffl.: Ekki ber þó að margfalda með hærra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáættuskuldbindinga í öðru ríki þar sem hlutfallið er hærra en 2,5%, sbr. þó 85. gr. b. 1. mgr. 85. gr. b ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um að fjármálafyrirtæki skuli við útreikning á sveiflujöfnunarauka margfalda með hærra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáættuskuldbindinga í ríki þar sem hlutfallið er hærra en 2,5%.
2. Ef tilnefnt yfirvald viðurkennir, í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, hlutfall eiginfjáráuka umfram 2,5% af fjárhæð heildaráættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal það tilkynna um það með birtingu á vefsetri sínu. Í tilkynningunni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:	1. og 2. másl. 2. mgr. 85. gr. b ffl.: Seðlabankinn skal birta á vef sínum upplýsingar um viðurkenningu á hlutfalli yfir 2,5%. Birtar skulu upplýsingar um a.m.k. [...].
a) gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka,	2. másl. 2. mgr. 85. gr. b ffl.: [...] hvert hlutfallið sé og.
b) aðildarríkið eða þriðju löndin þar sem það gildir,	2. másl. 2. mgr. 85. gr. b ffl.: [...] ríkið þar sem það gildir.

³¹³ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³¹⁴ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³¹⁵ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³¹⁶ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³¹⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

c) frá hvaða degi stofnanirnar, sem hafa starfsleyfi í aðildarríki tilnefnda yfirvaldsins, verða að beita hækkuðu hlutfalli eiginfjáráuka í þeim tilgangi að reikna út sveiflujöfnunarauka, ef hlutfall eiginfjáráuka er hækkað,

3. másl. 2. mgr. 85. gr. b ffl.: [Ef viðurkenningin felur í sér að hlutfall sveiflujöfnunarauka hækkar skal koma fram hvenær hækkunin taki gildi.](#)

d) tilvísun í sérstakar aðstæður sem réttlæta skemmri frest að því er varðar beitingu, ef dagsetningin sem um getur í e-lið er minna en 12 mánuðum eftir dag tilkynningarinnar samkvæmt þessari málsgrein.

4. másl. 2. mgr. 85. gr. b ffl.: [Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.](#)

138. gr. Tilmæli evrópska kerfisáhætturáðsins um hlutföll sveiflujöfnunarauka í þriðju löndum

Evrópska kerfisáhætturáðið getur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1092/2010](#), gefið út tilmæli til tilnefndra yfirvalda um viðeigandi hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir áhættuskuldbindingar vegna viðkomandi þriðja lands þegar:

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

a) viðkomandi yfirvald þriðja lands („viðkomandi yfirvald þriðja lands“) hefur ekki ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land sem ein eða fleiri stofnanir Sambandsins bera útlánaáhættu gagnvart,

b) evrópska kerfisáhætturáðið álitur að hlutfall sveiflujöfnunarauka, sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað og birt fyrir þriðja land, sé ófullnægjandi til að vernda stofnanir Sambandsins með viðeigandi hætti fyrir hættunni á óhóflegum útlánavexti í viðkomandi landi, eða þegar tilnefnt yfirvald tilkynnir evrópska kerfisáhætturáðinu að það álíti hlutfall eiginfjáráukans ófullnægjandi í þeim tilgangi.

139. gr. Ákvörðun tilnefndra yfirvalda um hlutföll sveiflujöfnunarauka í þriðju löndum

1. Þessi grein gildir án tillits til þess hvort evrópska kerfisáhætturáðið hafi gefið út tilmæli til tilnefndra yfirvalda eins og um getur í 138. gr.

Krefst ekki sérstakrar innleiðingar.

2. Við þær aðstæður sem um getur í a-lið 138. gr. getur tilnefnda yfirvaldið ákvarðað hlutfall eiginfjáráuka sem stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi skulu beita til að reikna út sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun fyrir sig.

1. másl. 1. mgr. 85. gr. c ffl.: [Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga fjármálafyrirtækja í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

3. Tilnefndu yfirvaldi er heimilt, þegar viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land, að ákvarða annað hlutfall eiginfjáráuka fyrir það þriðja land til að stofnanir, sem hafa landsbundið starfsleyfi, geti reiknað út hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir sig, ef þau telja með réttmætum hætti að hlutfall eiginfjáráuka, sem viðkomandi yfirvald þriðja lands ákvarðar, sé ekki fullnægjandi til að vernda stofnanir Sambandsins með viðeigandi hætti fyrir hættunni á óhóflegum útlánavexti í viðkomandi landi.

2. másl. 1. mgr. 85. gr. c ffl.: [Hafi viðkomandi ríki þegar ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áhættuskuldbindinga í því ríki getur Seðlabankinn þó ekki kveðið á um annað hlutfall nema Seðlabankinn telji hlutfallið í viðkomandi ríki ekki fullnægjandi til að vernda fjármálafyrirtæki gegn áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda í ríkinu.](#)

Þegar valdheimildunum samkvæmt fyrstu undirgrein er beitt skal tilnefnda yfirvaldið ekki ákvarða hlutfall sveiflujöfnunarauka sem er undir því sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað, nema það hlutfall eiginfjáráuka sé hærra en 2,5%, sett fram sem hlutfall af fjárhæð heildaráhættugrunns

3. másl. 1. mgr. 85. gr. c ffl.: [Seðlabankinn skal ekki mæla fyrir um lægra hlutfall en gildir í viðkomandi ríki nema hlutfallið í ríkinu sé hærra en 2,5%.](#)

reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 , fyrir stofnanir sem bera útlánaáættu í viðkomandi þriðja landi.	
Evrópska kerfisáætturáðinu er heimilt að veita tilmæli um slíkar ákvarðanir til að ná fram samræmi ákvarðana um eiginfjáruka fyrir þriðju lönd.	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
4. Ef tilnefnt yfirvald ákvarðar hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land skv. 2. eða 3. mgr. sem hækkar gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka skal tilnefnda yfirvaldið ákvarða frá hvaða degi stofnanir, sem hafa landsbundið starfsleyfi, skulu beita þeim eiginfjáruka til að reikna út hlutfall eiginfjáruka fyrir viðkomandi stofnun. Dagsetningin skal ekki vera síðar en 12 mánuðum frá deginum þegar tilkynnt er um ákvörðun um hlutfall eiginfjáruka í samræmi við 5. mgr. Ef dagsetningin er fyrir en 12 mánuðum eftir að tilkynnt er um hlutfall eiginfjáruka skal færa rök fyrir skemmri fresti fyrir beitingu á grundvelli sérstakra aðstæðna.	1. másl. leiðir af ákvæði um gildistöku reglna. 2. og 3. másl. innleiddur með 1. mgr. 85. gr. d ffl.: Hækkun á sveiflujöfnunarauka skal taka gildi eigi síðar en tólf mánuðum eftir birtingu upplýsinga um hækkunina. Hækkunin skal ekki taka gildi innan tólf mánaða nema óvenjulegar aðstæður réttlæti það.
5. Tilnefnd yfirvöld skulu birta á vefsetrum sínum allar ákvarðanir um hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land skv. 2. eða 3. mgr. og skulu eftirfarandi upplýsingar koma þar fram:	1. og 2. másl. 2. mgr. 85. gr. c ffl.: Seðlabankinn skal birta á vef sínum upplýsingar um ákvörðun hlutfalls skv. 1. mgr. Birtar skulu upplýsingar um a.m.k. [...].
a) hlutfall sveiflujöfnunarauka og þriðja landið sem það gildir um,	2. másl. 2. mgr. 85. gr. c ffl.: [...] hlutfallið og ríkið sem það gildir um [...].
b) rökstuðningur fyrir það hlutfall eiginfjáruka,	2. másl. 2. mgr. 85. gr. c ffl.: [...] og rökstuðningur fyrir hlutfallinu.
c) frá hvaða degi stofnanirnar skulu beita hækkuðum eiginfjáruka til að reikna út sveiflujöfnunarauka fyrir sig, þegar hlutfall eiginfjáruka er ákvarðað yfir núll í fyrsta sinn eða hann aukinn,	3. másl. 2. mgr. 85. gr. c ffl.: Ef hlutfall sveiflujöfnunarauka er hækkað skal koma fram hvenær hækkunin taki gildi.
d) tilvísun í sérstöku aðstæðurnar sem réttlæta skemmri frest að því er varðar beitingu, ef dagsetningin sem um getur í c-lið er minna en 12 mánuðum eftir birtingardag ákvörðunarinnar samkvæmt þessari málsgrein.	4. másl. 2. mgr. 85. gr. c ffl.: Ef hækkun á að taka gildi innan tólf mánaða skal greint frá þeim óvenjulegu aðstæðum sem réttlæta það, sbr. 1. mgr. 85. gr. d.
140. gr. Útreikningur á hlutföllum sveiflujöfnunarauka	
1. Hlutfall sveiflujöfnunarauka skal vera vegið meðaltal hlutfalla sveiflujöfnunarauka, sem gilda innan lögsögunnar þar sem viðkomandi lánaáættur stofnana eru staðsettar eða er beitt að því er varðar þessa grein á grundvelli 2. eða 3. mgr. 139. gr.	1. másl. 1. mgr. 85. gr. a ffl.: Sveiflujöfnunarauki skal jafngilda áættugrunni fjármálaþyrirtækis skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 margfölduðum með vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka í þeim ríkjum þar sem útlánaáættuskuldbindingar fyririrtækisins eru.
	1. og 2. másl. 1. mgr. 85. gr. c ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áættuskuldbindinga fjármálaþyrirtækja í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Hafi viðkomandi ríki þegar ákvarðað og birt hlutfall sveiflujöfnunarauka vegna áættuskuldbindinga í því ríki getur Seðlabankinn þó ekki kveðið á um annað hlutfall nema Seðlabankinn telji hlutfallið í viðkomandi ríki ekki fullnægjandi til

<p>Aðildarríki skulu krefjast þess að stofnanir beiti á hvert og eitt gildandi hlutfall sveiflujöfnunarauka, við útreikning á vegnu meðaltali sem um getur í fyrstu undirgrein, heildarkröfu sinni um eiginfjárgrunn vegna útlánaáhættu sem ákvörðuð er í samræmi við þriðja hluta í II. og IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem tengist viðeigandi útlánaáhættu á viðkomandi yfirráðasvæði, deilt með heildarkröfu sinni vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem tengist allri viðeigandi útlánaáhættu stofnunarinnar.</p>	<p>að vernda fjármálafyrirtæki gegn áhættu sem stafar af óhóflegum vexti skulda í ríkinu.</p> <p>1. másl. 2. mgr. 85. gr. a ffl.: Vægi hvers ríkis í vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka skal jafngilda hlutfalli eiginfjárfrafna til fjármálafyrirtækis skv. II. og IV. bálki í 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vegna útlánaáhættuskuldbindinga í viðkomandi ríki af eiginfjárkröfum til fyrirtækisins vegna allra útlánaáhættuskuldbindinga þess.</p>
<p>2. Ef tilnefnt yfirvald ákvarðar, í samræmi við 4. mgr. 136. gr., hlutfall sveiflujöfnunarauka sem er hærra en 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðildarríki tryggja að eftirfarandi hlutföll eiginfjáruka gildi um viðeigandi útlánaáhættu í aðildarríki tilnefnda yfirvaldsins („aðildarríki A“) vegna útreiknings sem krafist er skv. 1. mgr., þ.m.t., ef við á, vegna útreiknings á þeim þætti sem tengist samanlögðu eigin fé þeirrar stofnunar sem um er að ræða:</p>	
<p>a) stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi skulu beita því hlutfalli eiginfjáruka sem er umfram 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns,</p>	<p>3. mgr. 85. gr. a ffl.: Sveiflujöfnunarauki vegna áhættuskuldbindinga hér á landi skal almennt nema 0–2,5% af áhættugrunni skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 en má þó vera hærri ef áhættuþættir sem liggja til grundvallar mati á gildi sveiflujöfnunarauka gefa tilefni til. Hlutfallið skal vera margfeldi af 0,25 prósentustigum.</p>
<p>b) stofnanir sem hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem er 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur ekki viðurkennt hlutfall eiginfjáruka yfir 2,5% í samræmi við 1. mgr. 137. gr.,</p>	<p>1. mgr. 85. gr. a ffl.: Sveiflujöfnunarauki skal jafngilda áhættugrunni fjármálafyrirtækis skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 margfölduðum með vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka í þeim ríkjum þar sem útlánaáhættuskuldbindingar fyrirtækisins eru. Ekki ber þó að margfalda með herra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáhættuskuldbindinga í öðru ríki þar sem hlutfallið er hærra en 2,5%, sbr. þó 85. gr. b.</p>
<p>c) stofnanir, sem hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki, skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem tilnefnda yfirvaldið í aðildarríki A hefur ákvarðað ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur viðurkennt hlutfall eiginfjáruka í samræmi við 1. mgr. 137. gr.</p>	<p>1. mgr. 85. gr. b ffl.: Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um að fjármálafyrirtæki skuli við útreikning á sveiflujöfnunarauka margfalda með herra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáhættuskuldbindinga í ríki þar sem hlutfallið er hærra en 2,5%.</p>
<p>3. Ef hlutfall sveiflujöfnunaraukans, sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað fyrir þriðja land, er hærra en 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns reiknaðri út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu aðildarríki tryggja að eftirfarandi hlutföll eiginfjáruka gildi um viðeigandi útlánaáhættu í því þriðja landi vegna útreiknings sem krafist er skv. 1. mgr., þ.m.t. og ef við á, vegna</p>	

útreiknings á þeim þætti sem tengist samanlögðu eigin fé umræddrar stofnunar:

a) stofnanir skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem er 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur ekki viðurkennt hlutfall eiginfjáráuka yfir 2,5% í samræmi við 1. mgr. 137. gr.,

1. mgr. 85. gr. a ffl.: [Sveiflujöfnunarauki skal jafngilda áhættugrunni fjármálafyrirtækis skv. 3. mgr. 92. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 margfölduðum með vegnu meðaltali hlutfalls sveiflujöfnunarauka í þeim ríkjum þar sem útlánaáhættuskuldbindingar fyrirtækisins eru. Ekki ber þó að margfalda með herra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáhættuskuldbindinga í öðru ríki þar sem hlutfallið er herra en 2,5%, sbr. þó 85. gr. b.](#)

b) stofnanir skulu beita hlutfalli sveiflujöfnunarauka sem viðkomandi yfirvald þriðja lands hefur ákvarðað ef tilnefnda yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem þær hafa starfsleyfi, hefur viðurkennt hlutfall eiginfjáráuka í samræmi við 1. mgr. 137. gr.

1. mgr. 85. gr. b ffl.: [Í reglum Seðlabanka Íslands skv. 85. gr. má kveða á um að fjármálafyrirtæki skuli við útreikning á sveiflujöfnunarauka margfalda með herra hlutfalli en 2,5% vegna útlánaáhættuskuldbindinga í ríki þar sem hlutfallið er herra en 2,5%.](#)

4. Viðeigandi lánaáhætta skal innihalda alla flokka áhættuskuldbindinga, aðra en þá sem um getur í a- til f-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), sem falla undir:

Inngangshluti 2. másl. 2. mgr. 85. gr. a ffl.: [Til áhættuskuldbindinga samkvæmt þessari grein skal telja alla flokka áhættuskuldbindinga, aðra en þá sem um getur í a-f-lið 112. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013, sem eru háðir:](#)

a) kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu samkvæmt þriðja hluta II. bóls þeirrar reglugerðar,

1. tölu. 2. másl. 2. mgr. 85. gr. a ffl.: [Eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu skv. II. bóli 3. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013.](#)

b) kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna sértækrar áhættu skv. 2. kafla IV. bóls þriðja hluta þeirrar reglugerðar eða aukinnar vanskila- og tilfærsluáhættu skv. 5. kafla IV. bóls þriðja hluta þeirrar reglugerðar, ef áhættuskuldbindingin er í veltubók,

2. tölu. 2. másl. 2. mgr. 85. gr. a ffl.: [Eiginfjárkröfum vegna sértækrar áhættu skv. 2. kafla IV. bóls 3. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 eða aukinnar vanskila- og tilfærsluáhættu skv. 5. kafla IV. bóls 3. hluta sömu reglugerðar, enda sé áhættuskuldbinding í veltubók.](#)

c) kröfur vegna eiginfjárgrunns skv. 5. kafla II. bóls þriðja hluta þeirrar reglugerðar, ef áhættuskuldbindingin er verðbréfun.

3. tölu. 2. másl. 2. mgr. 85. gr. a ffl.: [Eiginfjárkröfum skv. 5. kafla II. bóls 3. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013, enda sé áhættuskuldbinding í formi verðbréfunar.](#)

5. Stofnanir skulu tilgreina landfræðilega staðsetningu viðkomandi lánaáhættu í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla sem samþykktir eru í samræmi við 7. mgr.

Leiðir af stjórnvaldsfyrirmælum sem innleiða tæknilegu eftirlitsstaðlana.

6. Að því er varðar útreikninginn sem krafist er skv. 1. mgr.:

a) hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir aðildarríki skal gilda frá þeim degi sem tilgreindur er í upplýsingunum sem birtar eru í samræmi við e-lið 7. mgr. 136. gr. eða c-lið 2. mgr. 137. gr. ef áhrifin af þeirri ákvörðun leiða til hækkunar á hlutfalli eiginfjáráukans,

Leiðir af gildistökuákvæði reglna um sveiflujöfnunarauka.

b) með fyrirvara um c-lið skal hlutfall sveiflujöfnunarauka fyrir þriðja land gilda 12 mánuðum eftir daginn sem viðeigandi lögbært yfirvald þriðja lands tilkynnti um breytingu á hlutfalli eiginfjáráuka, án tillits til þess hvort viðkomandi yfirvald geri kröfu um að stofnanir sem hafa staðfestu í viðkomandi þriðja landi um að beita

143. gr. Almennar kröfur um upplýsingagjöf

1. Lögbær yfirvöld skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) texta laga, reglugerða og stjórnsýslureglna og almennar leiðbeiningar sem aðildarríki þeirra hafa samþykkt á sviði varfærnisreglna,

b) hvernig unnt er að nýta þá valkosti og svigrúm sem er að finna í löggjöf Sambandsins,

c) almennar viðmiðanir og aðferðafræði sem þau nota í úttektinni og matinu sem um getur í 97. gr., [þ.m.t. viðmiðin fyrir beitingu meðalhófsreglunnar eins og um getur í 4. mgr. 97. gr.]³⁴⁵,

d) tölfræðileg gagnasöfn um lykilþætti við framkvæmd rammans um varfærnisefirlit í hverju aðildarríki, þ.m.t. fjöldi og eðli eftirlitsráðstafana sem eru gerðar í samræmi við a-lið 1. mgr. 102. gr og stjórnsýsluviðurlaga sem beitt er í samræmi við 65. gr., með fyrirvara um ákvæðin sem sett eru fram í II. þætti í 1. kafla VII. bóls þessarar tilskipunar og 54.³⁴⁶ og 58.³⁴⁷ gr. tilskipunar [2004/39/EB](#).

2. Upplýsingarnar, sem birtar eru í samræmi við 1. mgr., skulu vera fullnægjandi til þess að unnt sé að gera markvissan samanburð á aðferðunum sem lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja hafa tileinkað sér. Upplýsingarnar skulu birtar á sameiginlegu sniði og uppfærðar reglulega. Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar á rafrænu sniði á einum stað.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða snið, uppbyggingu, innihaldslista og árlega birtingardagsetningu upplýsinganna sem skráðar eru í 1. mgr.

Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. janúar 2014.

INNLEIÐING

Inngangsmásl. 1. mgr. 107. gr. i ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal reglubundið birta á vef sínum:](#)

1. tölul. 1. mgr. 107. gr. i ffl.: [Lög, stjórnvaldsfyrirmæli og leiðbeiningar sem varða varfærniskröfur.](#)

2. tölul. 1. mgr. 107. gr. i ffl.: [Upplýsingar um hvernig valkostir og svigrúm í varfærnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins er nýtt.](#)

3. tölul. 1. mgr. 107. gr. i ffl.: [Almenn viðmið og aðferðafræði sem það styðst við vegna könnunar- og matsferlis, þ.m.t. viðmið um hvernig gætt sé meðalhófs.](#)

4. tölul. 1. mgr. 107. gr. i ffl.: [Tölfræði um framkvæmd varfærnisreglna, þar á meðal um fjölda og tegund stjórnsýsluviðurlaga og annarra eftirlitsúrræða vegna brota.](#)

Áréttað í skýringum að birting verði að taka mið af reglum um þagnarskyldu og upplýsingaskipti.

Inngangsmásl. 1. mgr. 107. gr. i ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal reglubundið birta á vef sínum:](#)

Fyrirmæli um tiltekið form og samanburðarhæfni leiða af tæknilegum framkvæmdarstöðlum skv. 3. mgr.

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

³⁴⁵ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

³⁴⁶ Nú 76. gr. tilskipunar [2014/65/ESB](#), um markaði fyrir fjármálagerninga, um þagnarskyldu.

³⁴⁷ Nú 81. gr. tilskipunar [2014/65/ESB](#), um markaði fyrir fjármálagerninga, um upplýsingaskipti.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja [tæknilegu framkvæmdastaðlana](#), sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#).

18. tölul. 117. gr. b ffl.: [\[Seðlabanki Íslands setur reglur til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 3. mgr. 143. gr. um almennar kröfur um upplýsingagjöf.](#)

144. gr. Sértaekar kröfur um upplýsingagjöf

1. Að því er varðar fimmta hluta reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) skulu lögbær yfirvöld birta eftirfarandi upplýsingar:

Inngangsmásl. 2. mgr. 107. gr. i ffl.: [Fjármálaeftirlitið skal í tengslum við 5. hluta reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 birta á vef sínum:](#)

a) almennar viðmiðanir og aðferðafræði sem samþykkt er til að fylgjast með því að farið sé að 405.–409. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

1. tölul. 2. mgr. 107. gr. i ffl.: [Almenn viðmið og aðferðafræði sem það styðst við til að hafa eftirlit með því að farið sé að 405.–409. gr. reglugerðarinnar.](#)

b) samandregna lýsingu á niðurstöðu eftirlits yfirvalda og lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar eru í tilvikum þegar ákvæðum 405.–409. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) er ekki fylgt, tilgreinda á ársgrundvelli, með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í öðrum þætti 1. kafla VII. bálks.

2. tölul. 2. mgr. 107. gr. i ffl.: [Árlega samantekt á eftirliti og ráðstöfunum vegna brota gegn 405.–409. gr. reglugerðarinnar.](#)

2. Lögbært yfirvald aðildarríkis er beitt undanþágunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) skal birta eftirfarandi upplýsingar:

Inngangsmásl. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [Ef Fjármálaeftirlitið veitir móðurfélagi undanþágu skv. 3. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 9. gr. reglugerðar \(ESB\) nr. 575/2013 skal það birta á vef sínum:](#)

a) viðmiðanirnar sem beitt er til að ákvarða að eða ekki séu fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda,

1. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [Viðmiðanir sem það styðst við til að ákvarða að ekki séu fyrir hendi eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda.](#)

b) fjölda móðurstofnana sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og fjölda þeirra sem eiga dótturfélag í þriðja landi,

2. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [Fjöldi móðurfélaga sem njóta undanþágu og fjöldi þeirra sem eiga dótturfélag í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

c) á samanteknu formi fyrir viðkomandi aðildarríki:

Inngangsmásl. 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [Samantekt um:](#)

i. heildarfjárhæð eiginfjárgrunns á samstæðugrundvelli hjá móðurstofnun í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), sem er á hendi dótturfélaga í þriðja landi,

A-liður 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [heildarfjárhæð eiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

ii. hlutfall heildareiginfjárgrunns á samstæðugrundvelli hjá móðurstofnun í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi,

B-liður 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [hlutfall heildareiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.](#)

iii. hlutfall heildareiginfjárgrunns sem kafa er gerð um skv. 92. gr. þeirrar reglugerðar, á

C-liður 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: [hlutfall heildareiginfjárgrunns sem er krafist skv. 92. gr.](#)

<p>samstæðugrunni móðurstofnunar í aðildarríki, sem hefur ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi.</p>	<p>reglugerðarinnar á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.</p>
<p>3. Lögbæra yfirvaldið sem beitir undanþágunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal birta allt eftirfarandi:</p>	<p>Inngangsmásl. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: Ef Fjármálaeftirlitið veitir móðurfélagi undanþágu skv. 3. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal það birta á vef sínum:</p>
<p>a) viðmiðanirnar sem beitt er til að ákvarða að ekki séu neinar verulegar eða fyrirséðar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda,</p>	<p>1. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: Viðmiðanir sem það stýðst við til að ákvarða að ekki séu fyrir hendi eða fyrirséðar neinar verulegar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skulda.</p>
<p>b) fjölda móðurstofnana er hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fjölda þeirra sem eiga dótturfélög í þriðja landi,</p>	<p>2. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: Fjöldi móðurfélaga sem njóta undanþágu og fjöldi þeirra sem eiga dótturfélög í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins</p>
<p>c) á samanteknu formi fyrir viðkomandi aðildarríki:</p>	<p>Inngangsmásl. 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: Samantekt um:</p>
<p>i. heildarfjárhæð eiginfjárgrunns móðurstofnana, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og er á hendi dótturfélaga í þriðja landi,</p>	<p>A-liður 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: heildarfjárhæð eiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins</p>
<p>ii. hlutfall heildareiginfjárgrunns móðurstofnana, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og er í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi,</p>	<p>B-liður 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: hlutfall heildareiginfjárgrunns á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.</p>
<p>iii. hlutfall heildareiginfjárgrunns sem krafa er gerð um skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hjá móðurstofnunum, sem hafa ávinning af nýtingu réttarins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar, í formi eiginfjárgrunns á hendi dótturfélaga í þriðja landi.</p>	<p>C-liður 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. i ffl.: hlutfall heildareiginfjárgrunns sem er krafist skv. 92. gr. reglugerðarinnar á samstæðugrunni hjá móðurfélagi sem nýtur undanþágu sem er á hendi dótturfélaga í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins</p>

IX. BÁLKUR: FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

TILSKIPUN

145. gr. Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 148. gr., um eftirfarandi:

- nánari útlistun skilgreininga sem eru settar fram í 3. gr. og 128. gr. til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar,
- nánari útlistun skilgreininga sem eru settar fram í 3. gr. og 128. gr. svo að taka megillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar tilskipunar,
- samræmingu hugtaka og afmörkun skilgreininga sem eru settar fram í 3. gr. í samræmi við síðari lagasetningar um stofnanir og skyld mál,

INNLEIÐING

1. tölul. 1. mgr. 117. gr. a ffl.: [\[Ráðherra setur reglugerð til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 145. gr. um framseldar gerðir.](#)

d) leiðréttingu fjárhæða sem um getur í 1. mgr. 31. gr. til að taka tillit til breytinga á evrópskri vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Evrópusambandsins birtir hana, í samræmi við og á sama tíma og breytingarnar eru gerðar skv. 7. mgr. 4. gr. tilskipunar [2002/92/EB](#),

e) viðbót við efnið í upptalningunni sem um getur í 33. og 34. grein og birt er í I. viðauka eða breyting á orðalagi í henni vegna þróunar á fjármálamörkuðum,

f) tilgreiningu á sviðunum sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum um, eins og talið eru upp í 50. gr.,

g) breytingu á ákvæðunum sem sett eru fram í 76.–88. gr. og 98. gr. til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum (einkum nýrra fjármálaafurða) eða á reikningsskilastöðlum eða kröfum, sem taka mið af löggjöf Evrópusambandsins, eða með tilliti til samleitni eftirlitsaðferða,

h) frestun birtingarskyldu í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 89. gr. ef skýrsla framkvæmdastjórnarinnar, sem lögð er fram samkvæmt fyrstu undirgrein þeirrar málsgreinar, tilgreinir veruleg neikvæð áhrif,

i) breytingar á viðmiðununum, sem settar eru fram í 1. mgr. 23. gr., með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.

146. gr. Framkvæmdargerðir

[Í]³⁴⁸ samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 147. gr. [skal samþykkja]³⁴⁹ breytingu á stofnfjárfjárhæðinni sem mælt er fyrir um í 12. gr. og IV. bálki, til að taka tillit til þróunar í efnahags- og peningamálum, [með framkvæmdargerð]³⁵⁰.

7. mgr. 14. gr. ffl.: [Ráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum samkvæmt þessari grein með reglugerð til samræmis við undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 146. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.](#)

14. mgr. 14. gr. a ffl.: [Ráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum samkvæmt þessari grein með reglugerð til samræmis við undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í 146. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB.](#)

2. tölul. 1. mgr. 117. gr. a ffl.: [\[Ráðherra setur reglugerð til að innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir með stoð í eftirtöldum ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, með síðari breytingum, og útfæra ákvæði laga þessara:\] 146. gr. um framkvæmdargerðir.](#)

147. gr. Evrópska bankanefndin

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

³⁴⁸ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³⁴⁹ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

³⁵⁰ Breytt með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB.](#)

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku bankanefndarinnar við samþykkt framkvæmdargerða. Nefndin skal vera nefnd í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.	
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.	
148. gr. Beiting framsals	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.	
2. Framsal valds, sem um getur í 145. gr., skal veitt til óákveðins tíma frá 17. júlí 2013.	
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 145. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.	
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu samtímis.	
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 145. gr., skal því aðeins öðlast gildi að hvorki Evrópuþingið né ráðið hafi haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Framlengja skal tímabil þetta um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.	
149. gr. Andmæli gegn tæknilegum eftirlitsstöðlum	Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).
Hafi framkvæmdastjórnin samþykkt tæknilegan eftirlitsstaðal samkvæmt þessari tilskipun, sem er sams konar og frumvörpin að tæknilega eftirlitsstaðlinum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fram, skulu Evrópuþingið og ráðið hafa einn mánuð frá tilkynningardegi til að andmæla þeim tæknilega eftirlitsstaðli. Framlengja skal þetta tímabil um einn mánuð að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 , má framlengja tímabilið, þegar Evrópuþingið og ráðið geta mótmælt þeim tæknilega eftirlitsstaðli, eftir því sem við á, um einn mánuð.	

X. BÁLKUR: BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2002/87/EB

TILSKIPUN	INNLEIÐING
150. gr. Breytingar á tilskipun 2002/87/EB	

Ákvæðum 21. gr. a tilskipunar [2002/87/EB](#) er breytt sem hér segir:

- a) í 2. mgr. falli a-liður brott,
- b) í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Til að tryggja samræmda beitingu útreikningsaðferðanna sem tilteknar eru í II. hluta I. viðauka við þessa tilskipun, í tengslum við 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) og 1. mgr. 228. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#), en án þess að hafa áhrif á 4. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, gera drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum að því er varðar 2. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar.

Evrópska eftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fimm mánuðum fyrir umsóknardaginn sem um getur í 1. mgr. 309. gr. tilskipunar [2009/138/EB](#).

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. [1093/2010](#), reglugerð (ESB) nr. [1094/2010](#) og reglugerð (ESB) nr. [1095/2010](#), eftir því sem við á.“

3. mgr. 32. gr. laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, nr. [61/2017](#): Til að útfæra nánar ákvæði laga þessara setur Fjármálaeftirlitið reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum og eftirlitsstöðlum sameiginlegrar nefndar evrópsku eftirlitsstofnananna.

XI. BÁLKUR: UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI: Umbreytingarákvæði um eftirlit með stofnunum sem neyta staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu

TILSKIPUN	INNLEIÐING
151. gr. Gildissvið	
1. Ákvæði þessa kafla skulu gilda í stað 40., 41., 43., 49., 50. og 51. gr. fram að deginum sem krafan um lausafjárþekju tekur gildi í samræmi við [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem inniheldur] ³⁵¹ framselda gerð sem samþykkt er skv. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 .	Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir upptöku reglugerðar (ESB) 2015/61 í EES-samninginn).
2. Til að tryggja að upptaka á fyrirkomulagi eftirlits með lausafjárstöðu sé í fullu samræmi við þróun á samræmdum reglum um lausafjárstöðu skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 145. gr., sem frestar dagsetningunni sem um getur í 1. mgr. um allt að tvö ár, ef samræmdar reglur um lausafjárstöðu hafa ekki verið teknar upp í Sambandinu vegna þess að alþjóðlegir staðlar um eftirlit með lausafjárstöðu hafa ekki verið samþykktir á deginum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.	Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við).
152. gr. Upplýsingaskylda	Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir upptöku reglugerðar (ESB) 2015/61 í EES-samninginn).
Gistiaðildarríki geta vegna hagskýrslugerðar krafist þess að allar lánastofnanir sem hafa útibú á	

³⁵¹ Bætt við samkvæmt [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019](#).

yfiráðasvæði þeirra gefi lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkjunum reglulega skýrslu um starfsemi sína í gístiaðildarríkjunum.

Gístiaðildarríki geta, þegar þau inna af hendi skyldur sínar samkvæmt 156. gr. þessarar tilskipunar, krafist þess að útibú lánastofnana í öðrum aðildarríkjum veiti sömu upplýsingar og krafist er af innlendum lánastofnunum í þessum tilgangi.

153. gr. Ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu gera í tengslum við starfsemi sem stunduð er í gístiaðildarríkinu

1. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríki skulu krefjast þess, komist þau að raun um að lánastofnun sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfiráðasvæði þess fer ekki eftir lagaákvæðum sem það aðildarríki hefur sett til beitingar ákvæðum þessarar tilskipunar og tekur til valdheimilda lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu, að lánastofnunin sem hlut á að máli bæti fyrir það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

2. Lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu ber að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu hafi hlutaðeigandi lánastofnun ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu við fyrsta tækifæri gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að lánastofnun sem hlut á að máli bæti fyrir það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

4. Haldi hlutaðeigandi lánastofnun áfram að brjóta lög þau sem um getur í 1. mgr. og í gildi eru í gístiaðildarríkinu þrátt fyrir ráðstafanir sem heimaaðildarríkið gerir eða vegna þess að þær reynast ófullnægjandi eða þar sem ekki er kveðið á um þær í hlutaðeigandi aðildarríki, þá getur gístiaðildarríkið, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu þar um, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot og, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, hindrað að lánastofnunin hefji frekari starfsemi á yfiráðasvæði þess. Aðildarríki skulu tryggja að á yfiráðasvæðum þeirra sé hægt að birta lánastofnunum skjöl sem eru nauðsynleg vegna þessara ráðstafana.

154. gr. Varúðarráðstafanir

Í bráðatilvikum er lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkis heimilt að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að vernda hagsmuni innstæðueigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta áður en málsmeðferðin í 153. gr. er framkvæmd. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

hlut eiga að máli um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri.

Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja, ákveðið að viðkomandi aðildarríki skuli breyta þessum ráðstöfunum eða afturkalla þær

155. gr. Ábyrgð

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

1. Varfærniseftirlit með stofnun, þar með talið með starfsemi sem hún annast samkvæmt 33. og 34. gr., skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar sem fela lögbærum yfirvöldum gistaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir eftirlit á samstæðugrunni samkvæmt þessari tilskipun

3. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki skulu því, við almenn skyldustörf sín, taka áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra hlutaðeigandi aðildarríkja til athugunar með viðeigandi hætti, einkum í neyðarástandi, að teknu tilliti til aðgengilegra upplýsinga á tilteknum tíma.

156. gr. Eftirlit með lausafjárstöðu

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

Gistaðildarríki skulu áfram bera ábyrgðina á eftirliti með lausafjárstöðu útibúa lánastofnana í samvinnu við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins meðan beðið er frekari samræmingar.

Gistaðildarríki bera áfram fulla ábyrgð á ráðstöfunum sem felast í framkvæmd peningamálastefnu þeirra með fyrirvara um nauðsynlegar ráðstafanir til að efla peningakerfi Evrópu.

Í slíkum ráðstöfunum skal ekki gera ráð fyrir mismunun eða takmörkunum gagnvart lánastofnu

157. gr. Samstarf um eftirlit

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

Lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu hafa náð samstarf um eftirlit með starfsemi stofnana er hafa starfsemi, einkum útibú, í einu eða fleiri aðildarríkjum öðru en því þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Þau skulu láta hvert öðru í té allar þær upplýsingar um stjórnun og eigendur þessara stofnana sem að gagni gætu komið við eftirlit og könnun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu, auk allra upplýsinga sem gætu auðveldað eftirlit með slíkum stofnunum, einkum með tilliti til lausafjárstöðu, gjaldfærni, innstæðutrygginga, takmarkana á stórum áhættuskuldbindingum, stjórnsýslu- og bókhaldsaðferða og innri eftirlitskerfa.

158. gr. Mikilvæg útibú

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

1. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríki geta lagt fram beiðni hjá eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli, þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. gilda, eða hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis um að útibú stofnunar, annað en verðbréfafyrirtæki sem fellur undir 95. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#), skuli teljast mikilvægt.

2. Í þeirri beiðni skulu koma fram ástæður þess að telja skuli útibúið mikilvægt með sérstöku tilliti til eftirfarandi:

a) hvort markaðshlutdeild útibús að því er varðar innlán er meiri en 2% í gístiaðildarríki,

b) líklegra áhrifa tímabundinnar stöðvunar eða lokunar á starfsemi stofnunar á kerfislæga lausafjárstöðu og greiðslu-, stöðustofnunar- og uppgjörskerfi í gístiaðildarríkinu,

c) stærðar og mikilvægis útibúsins með tilliti til fjölda viðskiptavina innan banka- eða fjármálakerfis gístiaðildarríkis.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis og gístiaðildarríkis og, eftirlitsaðili á samstæðugrundvelli þegar ákvæði 1. mgr. 112. gr. eiga við, skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að ná sameiginlegri niðurstöðu um það hvort útibú teljist mikilvægt.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða innan tveggja mánaða frá móttöku beiðni samkvæmt fyrstu undirgrein skulu lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins taka eigin ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um það hvort útibú skuli teljast mikilvægt. Við ákvörðunartökuna skulu lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins taka tillit til allra skoðana og fyrirvara eftirlitsaðila á samstæðugrundvelli eða lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis.

Þær ákvarðanir sem um getur í öðrum og þriðja undirlið skulu settar fram í skjali ásamt fullnægjandi rökstuðningi, þær sendar viðkomandi lögbærum yfirvöldum, áhrif þeirra viðurkennd og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja skulu beita þeim.

Það að útibú sé tilgreint sem mikilvægt skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu láta lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkis, þar sem mikilvægt útibú er stofnsett, í té þær upplýsingar sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 117. gr. og leysa af hendi þau verkefni sem um getur í c-lið 1. mgr. 112. gr. í samvinnu við lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins.

4. Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verða vör við neyðarástand, eins og um getur í 1. mgr. 114. gr., skulu þau, eins fljótt og auðið er, vara þau yfirvöld við sem um getur í 4. mgr. 58. gr. og 1. mgr. 59. gr.

5. Þegar 116. gr. gildir ekki skulu lögbær yfirvöld er hafa eftirlit með stofnun, sem er með mikilvæg útibú í öðrum aðildarríkjum, koma á fót og veita formennsku samstarfshópi eftirlitsaðila til þess að stuðla að töku sameiginlegrar ákvörðunar um hvort útibú sé tilgreint sem mikilvægt skv. 2. mgr. þessarar greinar og upplýsingaskiptum skv. [50]³⁵². gr. Stofnun og starfsemi samstarfshópsins skal byggjast á skriflegum samþykktum sem, að höfðu samráði við hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, eru ákvarðaðar af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ákveða hvaða lögbæru yfirvöld taka þátt í fundi eða starfsemi samstarfshóps.

6. Í ákvörðun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal tekið tillit til mikilvægis þeirrar eftirlitsstarfsemi sem fyrirhuguð er eða samræma skal að því er varðar þau yfirvöld, einkum hugsanlegra áhrifa á stöðugleika fjármálakerfis í hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 3. mgr. 155. gr., og skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

7. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins fyrirfram um skipulag þess háttar funda, meginumræðuefni þeirra og þá starfsemi sem taka skal til athugunar. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal einnig tilkynna öllum aðilum samstarfshópsins tímanlega um aðgerðir sem framkvæmdar eru á þessum fundum, eða ráðstafanir sem gerðar eru.

159. gr. Vettvangseftirlit

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við eftir [upptöku](#) reglugerðar (ESB) [2015/61](#) í EES-samninginn).

1. Gistiaðildarríki skulu mæla svo fyrir, þegar stofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki annast starfsemi í gegnum útibú, að lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins sé heimilt að skoða sjálf, eða fyrir milligöngu milliliðs, á staðnum þær upplýsingar sem um getur í 50. gr., eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu um það fyrir fram.

2. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins er einnig heimilt að grípa til þeirra aðferða sem kveðið er á um í 118. gr. í því skyni að framkvæma vettvangseftirlit með útibúum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríkinu til að koma á staðinn og hafa eftirlit með útibúum sem stofnuð eru á yferráðasvæði þeirra þegar þau rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

***[1. KAFLI A: Umbreytingarákvæði um eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi]*³⁵³**

³⁵² Leiðrétt í [Stjt. ESB 20/1](#).

³⁵³ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

TILSKIPUN**[159. gr. a Umbreytingarákvæði um samþykki á eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi**

Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem þegar eru til staðar þann [the date of entry into force of Decision of the EEA Joint Committee No 383/2021 of 10 December 2021]³⁵⁴ skulu sækja um samþykki í samræmi við 21. gr. a fyrir [a date designated under national law, within a maximum of two years of the entry into force of Decision of the EEA Joint Committee No 383/2021 of 10 December 2021]³⁵⁵. Ef eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sækir ekki um samþykki fyrir [the date designated under national law]³⁵⁶ skal gera viðeigandi ráðstafanir skv. 6. mgr. 21. gr. a.

Á umbreytingartímabilinu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar skulu lögbær yfirlit búa yfir öllum nauðsynlegum eftirlitsheimildum, sem veittar eru með þessari tilskipun, að því er varðar eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem falla undir samþykki í samræmi við 21. gr. a í tilgangi samstæðueftirlits.]³⁵⁷

INNLEIÐING

Krefst ekki innleiðingar (heimildarákvæði gagnvart EFTA-ríkjunum).

2. KAFLI: Umbreytingarákvæði fyrir eiginfjáráuka**TILSKIPUN****160. gr. Umbreytingarákvæði fyrir eiginfjáráuka**

1. Grein þessi breytir kröfunum í 129. og 130. gr. á umbreytingartímabili frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.

2. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016:

a) skal verndunaraukinn vera almennt eigið fé þáttar 1 sem er jafnt 0,625% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

b) skal sveiflujöfnunaraukinn ekki vera meiri en 0,625% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknaðar eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

3. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2017:

INNLEIÐING

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við).

³⁵⁴ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

³⁵⁵ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

³⁵⁶ Breytt með [ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021](#).

³⁵⁷ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

a) skal verndunaraukinn vera almennt eigið fé þáttar 1 sem er jafnt 1,25% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

b) skal sveiflujöfnunaraukinn ekki vera meiri en 1,25% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknaðar eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

4. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018:

a) skal verndunaraukinn vera almennt eigið fé þáttar 1 sem er jafnt 1,875% af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#),

b) skal sveiflujöfnunaraukinn ekki vera meiri en 1,875 % af samtölu áhættuveginna áhættuskuldbindinga stofnunarinnar sem reiknuð eru út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#).

5. Krafan um áætlun um verndun eigin fjár og takmörkun á úthlutun sem um getur í 141. og 142. gr. gildir á umbreytingartímabilinu frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018 ef stofnanir uppfylla ekki samanlögðu kröfuna um eiginfjáruka með tilliti til krafanna sem settar eru fram í 2.–4. mgr. þessarar greinar.

6. Aðildarríkjum er heimilt að setja skemmra umbreytingartímabil en tilgreint er í 1.–4 mgr. og koma verndunaraukann og sveiflujöfnunaraukann þar með í framkvæmt frá 31. desember 2013. Ef aðildarríki ákvarðar skemmra umbreytingartímabil skal það upplýsa viðkomandi aðila, þ.m.t. framkvæmdastjórnina, evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og viðkomandi samstarfshópa eftirlitsaðila, til samræmis við það Önnur aðildarríki geta viðurkennt slíkt styttra umbreytingartímabil. Ef annað aðildarríki viðurkennir slíkt skemmra umbreytingartímabil skal það upplýsa framkvæmdastjórnina, evrópska kerfisáhætturáðið, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og viðkomandi samstarfshópa eftirlitsaðila til samræmis við það.

7. Ef aðildarríki setur skemmra umbreytingartímabil fyrir sveiflujöfnunaraukann skal skemmra tímabilið aðeins gilda vegna útreiknings stofnana, sem hafa starfsleyfi í aðildarríkinu sem tilnefnda yfirvaldið ber ábyrgð á, á sveiflujöfnunaraukanum.

3. KAFLI: Lokaákvæði

TILSKIPUN

161. gr. Endurskoðun og skýrslugjöf

INNLEIÐING

Krefst ekki innleiðingar (snýr að stofnunum Evrópusambandsins).

1. Framkvæmdastjórnin skal annast reglubundna endurskoðun á framkvæmd þessarar tilskipunar til að tryggja að beiting hennar valdi ekki greinilegri mismunun lánastofnana á grundvelli rekstrarforms þeirra að lögum eða fyrirkomulagi eignarhalds

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. júní 2016 og í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á, um ákvæði um starfskjör í þessari tilskipun og í reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#), eftir endurskoðun og með tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi og einkum með tilliti til:

a) skilvirkni þeirra, framkvæmd og framfylgd, þ.m.t. tilgreiningar á öllum glufum sem geta myndast vegna beitingu meðalhófsreglunnar á þessi ákvæði,

b) áhrifanna af því að fara að meginreglunni í g-lið 1. mgr. 94. gr. varðandi:

i. samkeppnishæfni og fjármálastöðugleika og

ii. allt starfsfólk sem starfar í raun og á staðnum í dótturfélögum sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og móðurfélaga sem hafa staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Endurskoðun sú skal einkum taka til athugunar hvort meginreglan, sem sett er fram í g-lið 1. mgr. 94. gr., ætti að gilda áfram um starfsfólk sem fellur undir i. lið b-liðar fyrstu undirgreinar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, frá 2014 og í samstarfi við Evrópsku trygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, birta skýrslu sem gerð er tvisvar á ári og inniheldur greiningu á því að hvaða marki lög aðildarríkis vísa til utanaðkomandi lánshæfismats í eftirlitsskyni og þeim skrefum sem aðildarríki taka til að draga úr slíkum tilvísunum. Í þessum skýrslur skal gera grein fyrir því hvernig lögbæru yfirvöldin uppfylla skyldur sínar skv. 1. og 3. mgr. 77. gr. og b-lið 79. gr. Í þessum skýrslum skal einnig gera grein fyrir því hve mikil samleitni er í eftirliti hvað það varðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu 108. og 109. gr. og leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt viðeigandi tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2016, endurskoða og gefa skýrslu um árangur sem næst skv. 11. mgr. 109. gr., þ.m.t. hvort viðeigandi þyki að setja viðmiðanir varðandi fjölbreytni, með tilliti til allrar viðkomandi þróunar innan Sambandsins og á alþjóðavettvangi, og leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

6. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, hafa samráð við Evrópska

kerfísáhætturáðið, Evrópsku bankaefirlitsstofnunina, Evrópsku tryggingaog lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og aðra viðeigandi aðila um skilvirkni fyrirkomulags við upplýsingaskipti samkvæmt þessari tilskipun, bæði við venjulegar aðstæður og á erfiðum tímum.

7. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 31. desember 2015, endurskoða og gefa skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. [575/2013](#) um samstarf Sambandsins og aðildarríkja við þriðju lönd. Skýrslan skal tilgreina öll svið sem þarfnast frekari þróunar að því er varðar samstarf og upplýsingaskipti. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal birta skýrsluna á vefsetri sínu.

8. Þegar Evrópska bankaefirlitsstofnunin tekur á móti umboði frá framkvæmdastjórninni skal hún kanna hvort aðilar á fjármálamarkaði, sem lýsa því yfir að þeir stundi starfsemi sína í samræmi við íslamskar meginreglur um bankastarfsemi, falli með fullnægjandi hætti undir þessa tilskipun og reglugerð (ESB) nr. [575/2013](#). Framkvæmdastjórnin skal taka skýrslu Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar til endurskoðunar og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til Evrópuþingsins og ráðsins ef við á.

9. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 1. júlí 2014, skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um notkun lánastofnana á og ávinningi lánastofnana af lánafyrirgreiðslu til lengri tíma frá seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu og sambærilegum stuðningsráðstöfunum í formi fjármögnunar frá seðlabanka. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. desember 2014, á grundvelli þeirrar skýrslu og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um notkun lánastofnana á og ávinningi lánastofnana af þessum endurfjármögnunaraðgerðum og fjármögnunarstuðningsráðstöfunum fyrir lánastofnanir sem hafa starfsleyfi í Sambandinu, ásamt tillögu að nýrri löggjöf um beitingu slíkra endurfjármögnunaraðgerða og fjármögnunarstuðningsráðstafana ef við á.

[10. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2023, endurskoða og skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmdina og beitinguna á eftirlitsheimildunum sem um getur í j- og l-lið 1. mgr. 104. gr.]³⁵⁸

162. gr. Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2013.

Krefst ekki innleiðingar.

³⁵⁸ Bætt við með 1. gr. [tilskipunar \(ESB\) 2019/878, um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB](#).

Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá og með [1. janúar 2014]³⁵⁹.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Ef gögnin, sem fylgja tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir sem aðildarríki leggja fram, eru ekki fullnægjandi til að meta að fullu hvort lögleiðingarákvæðin séu í samræmi við tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar getur framkvæmdastjórnin, að beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með það í huga að framkvæma verkefni sín samkvæmt reglugerð (ESB) nr. [1093/2010](#), eða að eigin frumkvæði, krafist þess að aðildarríki veiti nákvæmari upplýsingar um lögleiðingu og framkvæmd þeirra ákvæða og þessarar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir 1.mgr. gilda ákvæði 4. kafla VII. bóls frá og með 1. janúar 2016.

3. Í lögum og stjórnáskilum, sem nauðsynleg eru til að fara að g-lið 1. mgr. 94. gr., skal þess krafist að stofnanir beiti meginreglunum, sem þar er mælt er fyrir um, á launagreiðslur fyrir veitta þjónustu eða verk, frá árinu 2014 og áfram, hvort sem þær eru til greiðslu á grundvelli samnings sem gerður er fyrir eða eftir [1. janúar 2014³⁶⁰].

Áréttað í skýringum við fyrirhugaða 57. gr. b ffl.

4. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnáskilum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríki skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skuli sett fram.

1. másl. innleiddur með 117. gr. ffl.: Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins [...] [2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum](#) [...].

2. og 3. másl. eiga ekki við í íslenskum rétti.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 131. gr. frá og með 1. janúar 2016. Aðildarríki skulu framkvæma 4. mgr. 131. gr. frá 1. janúar 2016 með eftirfarandi hætti:

Krefst ekki innleiðingar (á ekki lengur við).

a) 25% af eiginfjárukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2016,

b) 50% af eiginfjárukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2017,

c) 75% af eiginfjárukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2018, og

d) 100% af eiginfjárukanum á kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu, ákvarðaður í samræmi við 4. mgr. 131. gr., árið 2019.

³⁵⁹ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 208/73](#).

³⁶⁰ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 208/73](#).

6. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 133. gr. frá og með [1. janúar 2014 ³⁶¹].	Krefst ekki innleiðingar.
163. gr. Niðurfelling	---
Tilskipanir 2006/48/EB og 2006/49/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2014. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka við þessa reglugerð og í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013 .	
164. gr. Gildistaka	---
Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	
165. gr. Viðtakendur	---
Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna	

I. VIÐAUKI: SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM ER HÁÐ GAGNKVÆMRI VIÐURKENNINGU

TILSKIPUN	INNLEIÐING
1. Viðtaka innlána og annars fjár til endurgreiðslu.	1. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: [Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða getur tekið til eftirfarandi þátta ³⁶² .] Móttöku innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, þar með talin, m.a.: neytendalán, lánsamningar sem varða fasteignir, kröfukaup, með endurkröfurétti eða án, rekstrarlán (þar á meðal kröfukaup með afslætti).	2. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Útlánastarfsemi, m.a.: a. neytendalána, b. langtíma veðlána fasteignalána , c. kröfukaupa og kaupa skuldaskjala og d. viðskiptalána.
3. Fjármögnunarleiga.	3. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Fjármögnunarleigu.
4. Greiðsluþjónusta eins og hún er skilgreind í [3. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366] ³⁶³ .	4. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Greiðsluþjónustu samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.
5. Útgáfa og umsýsla vegna annarra greiðsluáferða (t.d. ferðaávísana og bankaávísana) að því marki sem slík starfsemi fellur ekki undir 4. lið.	5. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Útgáfu og umsýslu greiðsluskjala, svo sem ferðatékka og víxla.
6. Ábyrgðir og skuldbindingar.	6. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Að veita ábyrgðir og tryggingar lánsloforð.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptavina með eitthvað af eftirfarandi:	7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Viðskipta fyrir eigin reikning eða fyrir <u>reikning</u> viðskiptavina <u>á</u> með:
a) peningamarkaðsgerninga (ávísanir, víxla, innlánsstyrki o.s.frv.),	A-liður 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.).

³⁶¹ Leiðrétt í [Stjt. ESB L 208/73](#).

³⁶² Í A-hluta V. kafla ffl. kemur fram að fjármálafyrirtæki frá öðrum EES-ríkjum megi veita þjónustu hér á landi sem lög in taka til.

³⁶³ Breytt með 113. gr. [tilskipunar 2015/2366, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum](#).

b) erlendan gjaldeyri,	B-liður 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: erlendan gjaldeyri.
c) staðlaða framvirka samninga og valrétti,	C-liður 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: staðlaða framvirka samninga og valskiptarétti (vilnanir).
d) gengis- og vaxtabréf,	D-liður 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: gengisbundin bréf og vaxtabréf.
e) framseljanleg verðbréf.	E-liður 7. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: verðbréf.
8. Þátttaka í verðbréfaútboðum og þjónustustarfsemi tengd þeim.	8. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustu starfsemi viðskipta sem tengjast slíkum útboðum.
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um fjármagnsskipan, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.	9. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Ráðgjafar til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls fjármagnsskipan , áætlanagerð og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.	10. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Peningamiðlunar.
11. Stýring eignasafna og tengd ráðgjöf.	11. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Eignastýringar og ráðgjafar.
12. Varsla og umsýsla verðbréfa.	12. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Vörslu og umsýslu verðbréfa.
13. Upplýsingar um láns hæfi.	13. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Upplýsinga um lánstraust (láns hæfi).
14. Útleiga geymsluhólfa.	14. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Útleigu geymsluhólfa.
15. Útgáfa rafeyris.	15. tölul. 1. mgr. 20. gr. ffl.: Útgáfu rafeyris.
Þjónustan og starfsemin sem kveðið er á um í A- og B-þætti I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB ³⁶⁴ er háð gagnkvæmri viðurkenningu í samræmi við þessa tilskipun þegar hún vísar til fjármálagerninganna sem kveðið er á um í C-þætti I. viðauka þeirrar tilskipunar.	III. kafli laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021 , um starfsemi á milli aðildarríkja. 4. mgr. 20. gr. ffl.: Viðskiptabankar, sparisjóðir sem uppfylla ákvæði með stofnframlag skv. 21. mgr. 14. gr. og lánaþyrirtæki geta haft hafa heimildir til fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga viðskipta með verðbréf skv. 25. gr.

³⁶⁴ Vísar nú í A- og B-þætti I. viðauka [tilskipunar 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga](#).